



MARTA MARÍA FRIÐRIKSDÓTTIR

*Klæðist fötum eftir systur sína og vinkonu*

• tíska

**ALLT** Í MIÐJU BLAÐSINS






SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

*Ávallt reiðubúið að koma til aðstoðar*

Sérblað Slysavarnafélagsins Landsbjargar

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG



KRISTÍN OG EIRÍKUR

*Kynlífið gerði kraftaverk*

Kynlífspar Kananns er hamingjusamt

FÓLK 58





# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

5. nóvember 2009 — 262. tölublað — 9. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000



**FIMMTUDAGUR**

**Stórafmæli félagsheimila**

Haldið upp á fimmtíu og sextíu ára afmæli félagsheimila í Flóahreppi.

TÍMAMÓT 32





**Saga frá Suður-Afríku**

„Einhliða réttlæti sigurvegarans tryggir hvorki iðrun né fyrirgefningu og ekki heldur uppgjör við liðna tíð," skrifar Þorvaldur Gylfason.

Í DAG 24





**Einar vísar veginn**

Hvíta bókin Einars Más lofuð í Danmörku.

FÓLK 50



**Málið blásið upp**

Logi Geirsson segist ekki hafa verið svikinn til þess að kaupa verðlausar fasteignir.

ÍÞRÓTTIR 52




**VEÐRIÐ Í DAG**




**HÆGUR VINDUR** víða á landinu í dag. Skúrir á Vestfjörðum en annars úrkomulítið. Suðvestanlands verður bjart með köflum.

VEÐUR 4

# Lagt til að löggæsla verði flutt frá ríkislögreglustjóra

**Fækkun yfirmanna í lögreglunni, breyting á embætti ríkislögreglustjóra og fækkun lögregluembætta er kjarninn í tillögum starfshóps dómsmálaráðherra. Greinargerð hópsins hefur verið kynnt í ríkisstjórn.**

**LÖGGÆSLA** Lögregluembættum verður fækkað úr fimmtán í níu, embætti ríkislögreglustjóra verður stjórnsýslustofnun og yfirmönnum í lögreglu verður fækkað verulega, nái tillögur starfshóps dómsmálaráðuneytisins fram að ganga. Þær miða að því að ná fram hagræðingu og sparnaði hjá lögreglunni í landinu.

Ragna Árnadóttir dómsmála- og mannréttindaráðherra, sem skipaði starfshópinn, hefur kynnt ríkisstjórn greinargerð hópsins um sameiningu lögregluembætta í landinu, svo og skýrslu embættis ríkislögreglustjóra um skilgreiningu á grunnþjónustu lögreglunnar. Starfshópurinn leggur einnig til að yfirstjórn lögregluembætta verði skilin frá sýslumannsembættum. Farið verði yfir verkefni embættis ríkislögreglustjóra með það fyrir augum að embættið verði fyrst og fremst stjórnsýslustofnun með því að færa löggæsluverkefni til stækkaðra lögregluembætta. Einnig verði skoðað hvort hagkvæmt kunni að vera að fela einstökum embættum önnur verkefni lögreglunnar á landsvísu. Í nýju lögregluembættunum verði gert ráð fyrir færri yfirmönnum.

Embættum ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans á Suðurnesjum og lögreglustjórans á höfuðborgarsvæðinu verður samkvæmt tillögunum gert að ráðast í sams konar endurskoðun á fjölda yfirmanna í sínu skipulagi.

Starfshópurinn staðsetur ekki hin nýju lögregluumdæmi að öðru leyti en því að þau verði á Suðurnesjum, Vesturlandi, Norðurlandi, Austurlandi og Suðurlandi, auk höfuðborgarsvæðisins. Hópurinn telur eðlilegt að þeir sem nú starfa sem lögreglustjórar njóti forgangs til áframhaldandi stjórnunarstarfa.

Starfshópurinn bendir á að nú séu liðlega þrír lögreglumenn á hvern stjórnanda í lögreglunni. Ekki sé óvarlegt að reikna með því að almennir starfsmenn geti verið um tíu á hvern stjórnanda, sem þýði umtalsverða fækkun stjórnenda.

Hópurinn leggur til að nemendur Lögregluskólans fái einungis laun meðan þeir eru í starfsnámi. Að öðru leyti fjármagni þeir nám sitt með námslánum eins og aðrir nemendur. Til þessa hefur Lögregluskólinn greitt lögreglunemum laun á lokaönn í skólanum en hún er bóknámsönn.

Hópurinn gerir ráð fyrir að nýtt skipulag lögregluembættanna taki gildi 1. apríl 2010.

**jss@frettabladid.is**



**MÁLSVERÐURINN UNDIRBÚINN** Rúmlega 480 máltíðir voru útbúnar hjá Mæðrastyrksnefnd Reykjavíkur í gær. Máltíðirnar eru í hvítum plastpokum og samanstanda af ýmist fiski eða kjötmeti og kartöflum. Þá fylgir brauðmeti með hverri máltíð, mjólk, ávextir og kex. Ragnhildur G. Guðmundsdóttir, formaður Mæðrastyrksnefndar Reykjavíkur, segir matarskömmtunum hafa fjölgað samfellt frá haustinu 2007.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áslaug Dröfn Sigurðardóttir:

## Farðaði fyrir Forbrydelsen

**FÓLK** Áslaug Dröfn Sigurðardóttir, hárgreiðslu- og förðunarfræðingur, og eiginmaður hennar, Steffen Wiederman, komu bæði að gerð danska sakamálaþáttarins Forbrydelsen.

Önnur þáttaröð er nú sýnd í Danmörku við fáheyrðar vinsældir. Áslaug hljóp í skarðið vegna veikinda. - fgg / sjá síðu 58

Yfirlit Ríkisendurskoðunar:

## Frambjóðendur brjóta landslög

**STJÓRNMÁL Nær fjörutíu frambjóðendur til síðustu alþingiskosninga brjóta lög um fjármál stjórnmálasamtaka með því að skila ekki inn fjárhagslegum upplýsingum vegna framboðsins.**

**Ríkisendurskoðun hefur ekki ákveðið hvenær brugðist verði við þessu.** - kóþ / sjá síðu 4

Eftirlitsstofnun EFTA skoðar hugsanleg brot tengd peningamarkaðssjóðunum:

## Skoða sex mál tengd hruninu

**STJÓRNSÝSLA** „Við erum að skoða mörg mál sem varða hugsanlega ríkisaðstoð. Þar á meðal eru mál tengd peningamarkaðssjóðum bankanna," segir Per Sanderud, forseti stjórnar Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA).

Sanderud og aðrir starfsmenn ESA funduðu í gær með íslenskum ráðamönnum um ýmis álitamál, þar af um sex sem tengjast hruni fjármálakerfisins. Þá tengjast önnur mál gömlu íslensku bönkunum sem erlendir kröfuhafar hafa sent inn í tengslum við setningu neyðarlaganna.

Fundað verður aftur í dag. Starfsmenn ESA koma hingað til lands einu sinni á ári og fara þá með ráðamönnum yfir gögn sem tengjast þeim álitamálum sem til skoðunar eru hjá ESA.

Fjögur fjármálafyrirtæki sem ráku eigin peningamarkaðssjóði kvörtuðu til ESA í vor en þau telja samkeppnisbrot hafa verið framið þegar stóru bankarnir þrír keyptu skuldabréf úr peningasjóðum sínum í október í fyrra. Bankarnir voru í ríkiseigu þegar þeir keyptu bréfin.

Erfitt er að meta hvenær niðurstöðu er að vænta, að sögn Sanderuds. **- jab**


BÓKA-MARKAÐUR

Fræðirit fyrir fróðleiksfúsa er í Skeifunni 3. Opið kl. 10-18. 30-70% afsláttur.

Hið íslenska bókmenntafélag

sími 588-9060



sbarro

18 tommu pönnupizza með 2 áleggstegundum

1990 kr.

Risa pizza

Stjörnutorgi Kringlunni og Suðurlandsbr. 46 • www.sbarro.is • sími: 517 7750







**SPURNING DAGSINS**



*Bjarni, er verið að kála ykkur?*

„Nei, en það er verið að stuða okkur."

Garðyrkjubændur eru ósáttir við hátt rafmagnsverð og létu óánægju sína í ljós fyrir utan Alþingishúsið í fyrradag. Bjarni Jónsson er formaður Sambands garðyrkjubænda.

Töf á afhendingu dómsgerða réð dómi Hæstaréttar:

# Dæmdum nauðgara sleppt

**DÓMSMÁL** Karlmanni, sem dæmdur var í sumar fyrir hrottalega nauðgun, var sleppt að gengnum dómi Hæstaréttar í gær. Hæstiréttur sneri þar með við úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur, sem úrskurðað hafði manninn í gæsluvarðhald þar til dómur í máli hans gengi í Hæstarétti, ekki þó lengur en til 22. desember.

Maðurinn var dæmdur í fjögurra og hálfs árs fangelsi í júlí í sumar fyrir að nauðga ölvaðri konu með hrottalegum hætti í húsasundi við Trönuhraun í Hafnarfirði. Hann áfrýjaði dómnum til Hæstaréttar.

Konan sem fyrir árásinni varð var mjög illa leikin og hlaut fjölmarga alvarlega áverka á líkama og höfði. Eftir árásina greindi sálfræðingur hana þannig að hún hefði orðið fyrir áfalli og kynferðislegu ofbeldi. Henni hefði liðið mjög illa, verið mjög hrædd og sýnt mjög alvarleg streitueinkenni.

Í dómi Hæstaréttar segir að Ríkissaksóknari hafi þegar í júlí óskað eftir dómsgerðum í máli mannsins. Þær hafi ekki verið komnar að hálfum fjórða mánuði liðnum. Því hafi ekki verið hægt að dagsetja mál mannsins til munnlegs málflutnings í Hæstarétti. Drátturinn sé óháfilegur og því ekki komist hjá því að fella gæsluvarðhaldsúrskurð héraðsdóms úr gildi. Hæstiréttur dæmdi mannin hins vegar í farbann til 22. desember. - jss



**HÆSTIRÉTTUR** Sneri úrskurði héraðsdóms við.

Héraðsdómur Reykjaness:

# Mansalsmenn áfram inni

**DÓMSMÁL Héraðsdómur Reykjaness úrskurðaði í dag sexmenninga sem setið hafa inni vegna rannsóknar lögreglu á mansali og skipulagðri glæpastarfsemi í áframhaldandi gæsluvarðhald til 11. nóvember.**

**Lögreglustjórinn á Suðurnesjum hafði lagt fram kröfu um að mennirnir sex, fimm Litháar og einn Íslendingur, yrðu úrskurðaðir í áframhaldandi gæsluvarðhald í allt að tvær vikur.**

**Héraðsdómur féllst á gæsluvarðhaldskröfurnar en markaði gæsluvarðhaldinu skemmri tíma hjá öllum mönnunum.** - jss

Hárgreiðslufólk gefur vinnu:

# Styrkja félag karla með krabbamein

**HJÁLPARSTARF Allur ágóði af klippingu og litun renna til Framfarar, félags karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli á styrktardegi hárgreiðslustofunnar 101 hárhönnun sem haldinn verður á morgun.**

**„Við ákváðum það fyrir nokkru að styrkja gott málefni með því að gefa vinnu okkar. Við höfðum fylgst með söfnunum til handa langveikum börnum og konum með brjóstakrabbamein en fannst vanta að sjónum væri beint að körlum," segir Sigurbjörg Sandra Olgeirsdóttir, einn eigenda stofunnar. „Við höfum sett markið á þrjúhundruð þúsund en svo verðum við bara að sjá hvernig bókast."**

**Sigurbjörg segir vel koma til greina að halda sams konar dag á hverju ári og skorar á aðrar hárgreiðslustofur að gera slíkt hið sama.** - ve



**Á VALHALLARSTÍG** Umgengnin á lóð Ágústs Guðmundssonar í þjóðgarðinum við Þingvallavatn er mjög slæm að sögn formanns Þingvallanefndar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Hrunið skilur eftir úrgang í þjóðgarði

**Fleiri tonn af grjóti sem sprengd voru úr klöppinni við Þingvallavatn árið 2007 liggja enn á viðkvæmum gróðri við hálfkarað sumarhús Ágústs Guðmundssonar í Bakkavör. Framkvæmdir hafa legið niðri frá því í hruninu í fyrrahaust.**

**UMHVERFISMÁL** Gróður í friðlandi þjóðgarðsins við Þingvallavatn liggur undir skemmdum á sumarhúsalóð Ágústs Guðmundssonar við Þingvallavatn.

Ágúst, sem kenndur er við fyrirtækið Bakkavör og eignarhaldsfélagið Existu, keypti lítið sumarhús úr timbri á Valhallarstíg í apríl 2006. Bústaðurinn var síðan rifinn á árinu 2007 og framkvæmdir hafnar við tvöfalt stærra steinsteypt hús sem nú hefur staðið hálfkarað frá því að fjármálakerfi landsins hrundi í byrjun október í fyrra og framkvæmdir stöðvuðust. Síðan hefur mikill úrgangur, meðal annars mörg tonn af grjóti sem Ágúst lét sprengja úr klöppinni á landinu, legið í stórum pokum ofan á viðkvæmum gróðri á lóðinni.

Álfheiður Ingadóttir, formaður nýrrar Þingvallanefndar sem tók við í haust, segir aðspurð að nefndin hafi ítrekað stuggað við Ágústi vegna frágangsins á lóðinni.

„Ég held að menn viti svo sem alveg af hverju þessi viðkomandi einstaklingur hefur ekki haldið áfram byggingarframkvæmdum. Hitt er annað mál að umgengni á byggingarstað er mjög slæm og hlýtur að koma til kasta nefndarinnar að skoða hvernig hægt er að bregðast við því," segir Álfheiður og minnir á að mikill styr hafi staðið um framkvæmdina, meðal annars vegna þess að notuð var þyrla við efnisflutninga.

Endurbygging hefur staðið yfir á tveimur öðrum lóðum við Valhallarstíg. Meðal annars á lóð Lauga ehf. sem er í eigu Björns Leifssonar og Hafdísar Jónsdóttur í World Class og lóð hjónanna Boga Pálssonar, fyrrverandi forstjóra Toyota, og Sólveigar Dóru Magnúsdóttur.

Þingvallanefnd hefur að sögn Álfheiðar ekki samþykkt útgáfu neinna nýrra byggingarleyfa í þjóðgarðinum frá því eftir alþingiskosningarnar síðasta vor. Öll slík mál eru nú í endurskoðun hjá Þingvallanefnd. gar@frettabladid.is



**ÁGÚST GUÐMUNDSSON**



**ÁLFHEIÐUR INGADÓTTIR**

Sérlega hættuleg líkamsárás:

# Kærði ákvörðun um framsal

**DÓMSMÁL** Karlmaður frá Srí Lanka hefur kært ákvörðun dómsmálaráðuneytisins um framsal til Þýskalands til héraðsdóms. Framsalið er til fullnustu refsidóms sem maðurinn hlaut í Þýskalandi fyrir sérstaklega hættulega líkamsárás. Hann er búinn að afplána hluta refsingar. Hann hefur dvalið hér á landi í sumar, en framsalsbeiðni kom fram undir haust.

Maðurinn hlaut dóm hér á landi í júní. Þá var hann dæmdur í eins mánaðar fangelsi fyrir skjalafals, eftir að hann kom hingað á fölsuðum skilríkjum. Héraðsdómur mun úrskurða um hvort orðið verður við framsali. - jss

Nýjung við Háskólann:

# Internet og hiti í strætóskýli

**SAMGÖNGUR Strætóskýlið hjá Þjóðminjasafninu og Háskóla Íslands við Hringbraut hefur nú verið upphitað og upplýst.**

**„Ný byltingarkennd tækni er notuð til að glæða það lífi með rafmagnaðri ljósadýrð auk þess sem þráðlaust net er í skýlinu í boði Símans. Má með sanni segja að hér hafi gamall draumur ræst en kaldir og slæptir stúdentar hafa um árabil látið sig dreyma um upphitað skýli á þessum stað," segir í tilkynningu frá Orkusölunni um breytta strætóskýlið sem var tekið í notkun í gær.** - gar



**FISKUR** Sjávarafurðir eru tæpur helmingur af öllum útflutningi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Mjög hagstæð vöruskipti:

# Jákvæð í fjórtán mánuði

**VIÐSKIPTI** Vöruskipti voru hagstæð um 16,4 milljarða króna í október, samkvæmt bráðabirgðatölum Hagstofunnar.

Útflutningur nam 47 milljörðum króna í mánuðinum en innflutningur 30,6 milljörðum króna.

Hagfræðideild Landsbankans bendir á að vöruskiptajöfnuður hafi nú verið jákvæður í fjórtán mánuði samfleytt og þetta sé annar mesti afgangurinn sem sést hafi í einum mánuði. Hann var meiri í desember í fyrra þegar vöruskipti voru hagstæð um 24,2 milljarða króna.

Deildin áréttar að taka beri mánaðarlegum tölum um vöruskipti með fyrirvara og horfa fremur á meðaltal til lengri tíma, svo sem til þriggja mánaða. Vöruskipti voru hagstæð um 10,7 milljarða króna að meðaltali á mánuði síðastliðna þrjá mánuði. - jab

**VINNUMARKAÐUR**

**Tvær hópuppsagnir**

Vinnumálastofnun bárust tilkynningar um tvær hópuppsagnir í október. Alls var 34 sagt upp. Um er að ræða fyrirtæki í mannvirkjagerð og ástæðan sem gefin er upp er verkefnaskortur.

Rannsókn á skattsvikum í tengslum við erlend greiðslukort:

# Úttektirnar námu á annað hundrað milljónum króna

**LÖGREGLUMÁL** Úttektir á erlend greiðslukort hér á landi, sem nú eru til rannsóknar hjá efnahagsbrotadeild Ríkislögreglustjóra vegna skattsvika, nema samtals á annað hundrað milljónum króna.

Skattrannsóknarstjóri sendi efnahagsbrotadeildinni fjórtán kærur. Nítján manns hafa verið boðaðir í skýrslutöku í kjölfar húsleita á fjórtán heimilum og í fimm fyrirtækjum vegna rannsóknarinnar.

Málið snýst um að hópur Íslendinga hafi notað erlend greiðslukort til að greiða fyrir vörur og þjónustu hér á landi. Jafnframt hafi verið um úttektir úr hraðbönkum að ræða. Úttektirnar hafi verið greiddar með tekjum sem ekki hafi verið gefnar upp til skatts hér og þar með sé um skattsvik að ræða. Kortin eru flest skráð í Lúxemborg. Flest höfðu verið notuð í um ár, en sum í allt að tvö ár.

Skattrannsóknastjóri sendi efnahagsbrotadeild einungis þau mál þar sem tekist hafði að hafa uppi á notendum með því að hafa samband við seljendur vöru og þjónustu. Samkvæmt upplýsingum Fréttablaðsins er meðal annars um að ræða athafnafólk úr byggingariðnaði og útgerð, auk fleiri sviða athafnalífsins. - jss



**GREIÐSLUKORT** Skattrannsóknarstjóra tókst að hafa uppi á eigendum erlendra korta sem notuð voru til kaupa á vörum og þjónustu.




FRÉTTABLAÐIÐ/AP

**DREPTU ÞIG SARKOZY** Áletrun á spjaldi í mótmælum í París 22. október vegna ótryggs atvinnuástands í Frakklandi.

Sveitarstjórnarkosningar:

# Frakkar kjósa í mars á næsta ári

**FRAKKLAND, AP** Sveitarstjórnarkosningar fara fram í Frakklandi 14. og 21 mars næstkomandi.

Kosningarnar eru sagðar fyrsti prófsteinninn á stöðu UMP, flokks Nicolas Sarkozy, frá kjöri hans til forseta árið 2007. Vinstriflokkar höfðu yfirburðasigur árið 2004, með meirihluta í 20 af 22 kjördæmum.

Sarkozy er með meirihluta á þingi, en sveitarstjórnarkosningarnar eru sagðar gefa vísbendingu um vinsældir hans og slá tóninn fyrir pólitíska baráttu í forsetakosningunum 2012. Forsetinn hefur ekki enn lýst yfir framboði á ný. - óká




**Mán til mið** 10–18.30, **fim** 10–21, **fös** 10–19, **lau** 10–18, **sun** 13–18 | Sími 517 9000

Komdu í heimsókn

## GENGIÐ 04.11.2009

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 124,34 | 124,94 |
| Sterlingspund | 205,54 | 206,54 |
| Evra | 183,5 | 184,52 |
| Dönsk króna | 24,654 | 24,798 |
| Norsk króna | 21,72 | 21,848 |
| Sænsk króna | 17,608 | 17,712 |
| Japanskt jen | 1,3676 | 1,3756 |
| SDR | 197,47 | 198,65 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR

222,9019

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nýja Kaupþing vill litlu sem engu svara um Haga og 1998:

# Reynir fyrst við Jón Ásgeir

**EFNAHAGSMÁL** Nýja Kaupþing mun reyna í þaula að semja við eigendur 1998, eignarhaldsfélags Haga, um endurskipulagningu fyrirtækisins áður en leitað verður til annarra mögulegra fjárfesta.

Þetta er samkvæmt þeirri meginreglu bankans að eiga samstarf við eigendur og stjórnendur fyrirtækja í vandræðum, vegna endurskipulagningar lána, og að skoða hvort eigendurnir geti komið með nýtt fjármagn.

Frést hefur af hópi fjárfesta sem hyggst gera tilboð í sextíu prósenta hlut í Högum. Fréttablaðið hefur reynt síðustu daga að fá upplýsingar frá Finni Sveinbjörnssyni, bankastjóra Kaupþings, um þetta og um málefni 1998.

Blaðið spurði meðal annars hvort leitað hefði verið til annarra fjárfesta en þeirra sem áður áttu 1998/Haga, um að færa fjármagn í endurreist fyrirtæki. Því var svarað með framangreindum hætti.

Bankinn svarar hins vegar ekki hvort hagkvæmt gæti verið að skipta fyrirtækinu upp og selja í hlutum, eða hvort fyrirtæki og einstaklingar sitji við sama borð við skuldaniðurfellingu.

Bankinn vísar í verklagsreglur og útgefna yfirlýsingu um að ekkert hafi verið afskrifað hjá 1998, að eigendur fyrirtækisins njóti engrar sérmeðferðar og að upplýsingar sem borist hafi í fjölmiðlum séu úr lausu lofti gripnar. **- kóþ**



**FINNUR SVEINBJÖRNSSON** Bankastjórinn hefur sætt ámæli fyrir að ætla að láta eigendur 1998 fá stóran hluta í Högum fyrir tiltölulega lítið fé.

Suður-Waziristan í Pakistan:

## Ráðist á hersveitir talibana

**PAKISTAN, AP** Um 40 vígamenn talibana hafa fallið síðustu daga í hörðum bardögum við pakistanska herinn í Suður-Waziristan við landamæri Pakistans og Afganistans. Þar af féllu tíu í hörðum götubardögum í borginni Ladha, einu af þremur helstu vígjum talibana og hryðjuverkasamtakanna Al Kaída í héraðinu.

Undanfarnar vikur hafa hersveitir ríkisstjórnarinnar ráðist gegn sveitum talibana í Suður-Waziristan og þrengt að talibönum, sem hafa verið allsráðandi innan héraðsins. Vígamenn talibana hafa hefnt með hryðjuverkaárásum víða um Pakistan. **- pg**

Kvikmyndagerðarmenn:

## Mótmæla niðurskurði til kvikmynda

**MENNING** Stjórn Félags kvikmyndagerðarmanna mótmælir fyrirhuguðum niðurskurði fjárveitinga til Kvikmyndamiðstöðvar Íslands.

Með niðurskurðinum skemmist margra ára uppbyggingarstarf og hann dragi niður í íslenskum röðdum á erlendum vettvangi.

Bent er á í tilkynningu frá félaginu að niðurskurður hjá Kvikmyndamiðstöð nemi 34 prósentum en á öðrum sviðum menningar fimm til sjö prósentum: „Munurinn er svo mikill að ætla mætti að sláttarvilla hefði slæðst inn.“

Hver króna í kvikmyndagerð skili fjórum til sex krónum til ríkisins, þar af komi helmingur frá útlöndum. **- kóþ**

Bankasýsla ríkisins:

## Sextán vilja vera forstjóri

**STJÓRNSÝSLA Sextán hafa sótt um stöðu forstjóra Bankasýslu ríkisins, en umsóknarfrestur rann út 2. nóvember. Þau eru:**

**Birgir Örn Gunnarsson, Conor Byrne, Elín Jónsdóttir, Gísli Jafetsson, Guðmundur Franklín Jónsson, Halldór Eiríkur S. Jónhildarson, Ingólfur Guðmundsson, Ingólfur V Guðmundsson, Íris Björk Pétursdóttir, Jakobína Ingunn Ólafsdóttir, Jóhannes Ágústsson, Már Wolfgang Mixa, Ólafur Örn Ingólfsson, Viðar Kárason og Vilhjálmur Bjarnason.**

**Nafn eins umsækjanda vantar á listann, sem barst blaðinu í gærkvöldi. Bankasýslan ætlar að leiðrétta tilkynninguna í dag.** **- kóþ**

# Nærri fjörutíu frambjóðendur til Alþingis brjóta lög

**37 frambjóðendur til Alþingis eru enn brotlegir við lög um fjármál stjórnmálasamtaka og hafa ekki skilað upplýsingum um kostnað við framboð til Ríkisendurskoðunar. Stofnunin bíður með að kæra til lögreglu.**

**STJÓRNMÁL** Alls 37 frambjóðendur til síðustu alþingiskosninga áttu enn eftir að skila upplýsingum um kostnað við framboð sitt til Ríkisendurskoðunar í gær.

Samkvæmt upplýsingum frá Ríkisendurskoðun brjóta þessir frambjóðendur því lög um fjármál stjórnmálasamtaka, en slík brot geta numið allt að sex ára fangelsi, séu þau framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Samkvæmt lögunum er hverjum frambjóðanda sem eyðir meira en 300 þúsund krónum í framboðið skylt að skila inn fjárhagslegu uppgjöri. Hinum sem eyða minna er skylt að skila inn einfaldri yfirlýsingu um það.

Frambjóðendurnir hafa haft riflega hálfs árs frest til skilanna og Ríkisendurskoðun hefur ítrekað skilafrestinn, sem var til 23. október. Þá hafa sumir fjölmiðlar fjallað um þetta mál síðustu vikur, og um skilin hingað til.

Meðal þeirra sem ekki höfðu skilað inn upplýsingunum í gær eru Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, og Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins. Einnig Jórunn Frímannsdóttir, borgarfulltrúi Sjálfstæðisflokks.

Nítján frambjóðendur VG höfðu engum upplýsingum skilað og ellefu frambjóðendur Sjálfstæðisflokks.

Fimm frambjóðendur Frjálslynda flokksins og tveir frá Samfylkingu höfðu heldur ekki skilað upplýsingum.

Þegar skilafrestur rann út 25. október áttu hátt í níutíu eftir að skila. Þeim hefur því fækkað mjög.

### HAFA ENN EKKI SKILAÐ UPPLÝSINGUM UM KOSTNAÐ

**D, Sjálfstæðisflokkur (11):**
Árni Árnason, Reykjanesbæ.
Árni Johnsen, Vestmannaeyjum.
Bergþór Ólason, Akranesi.
Gunnólfur Lárusson, Búðardal.
Haukur Þór Hauksson, Garðabæ.
Jórunn Frímannsdóttir, Reykjavík.
Kjartan Þ. Ólafsson, Selfossi.
Sigríður Andersen, Reykjavík.
Sigurlaug Hanna Leifsdóttir, Akureyri.
Þorvaldur Hrafn Yngvason, Reykjavík.
Þórður Guðjónsson, Akranesi.

**F, Frjálslyndi flokkurinn (5):**
Guðjón Arnar Kristjánsson, Ísafirði.
Guðni Halldórsson, Borgarnesi.
Ragnheiður Ólafsdóttir, Akranesi.
Sigurður Hallgrímsson, Skagaströnd.
Sigurjón Þórðarson, Sauðárkróki.

**S, Samfylkingin (2):**
Pétur Tyrfingsson, Reykjavík.
Valgerður Halldórsdóttir, Hafnarfirði.

**V, Vinstri græn (19):**
Andrés Rúnar Ingason, Selfossi.
Arnór Pétursson, Hafnarfirði.
Fida Abu Libdeh, Reykjanesbæ.
Guðbergur Egill Eyjólfsson, Akureyri.
Heimir Björn Janusarson, Reykjavík.
Hörður Þórisson, Reykjavík.
Jórunn Einarsdóttir, Vestmannaeyjum.
Jósep B. Helgason, Akureyri.
Kári Gautason, Vopnafirði.
Mireya Samper, Kópavogi.
Paul Nikolov, Reykjavík.
Sigurður I. Björnsson, Hvammstanga.
Sigurjón Einarsson, Noregi.
Úlfur Björnsson, Hveragerði.
Trausti Aðalsteinsson, Húsavík.
Þorsteinn Bergsson, Egilsstöðum.
Þorvaldur Þorvaldsson, Reykjavík.
Þórbergur Torfason, Höfn.
Þórður Arnfinnsson, Keflavík.

Lárus Ögmundsson, skrifstofustjóri hjá Ríkisendurskoðun, segir enn óákveðið hvenær stofnunin kæri eftirlegukindurnar.

„Í sjálfu sér munum við halda þessari skrá opinni fyrst um sinn þannig að við uppfærum hana ef okkur berast skil, en auðvitað kemur að því að við lokum henni og þá stendur upp á okkur hvað við gerum við svörtu sauðina,“ segir hann. Lárus á þó ekki von á því að á það reyni, fólkið hljóti að skila um síðir.

klemens@frettabladid.is



**ALÞINGI** 281 af 318 frambjóðendum hafa skilað inn upplýsingum til Ríkisendurskoðunar. Þar af hafa 43 skilað inn fjárhagslegu uppgjöri, sem þýðir að þeir eyddu meira en 300 þúsund krónum í framboð til alþingiskosninga. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR




FLÓRA ÍSLANDS

Nú fer fáanlegum eintökum fækkandi af þessum glæsilega grip.

Tryggðu þér eintak í tíma.

CRYMOGEA
– fegurðin býr í bókum

Barónsstíg 27 | 511 0910 | crymogea@crymogea.is | www.crymogea.is


## VEÐURSPÁ



**Ingibjörg Karlsdóttir**
Veðurfréttamaður

**ÁTAKALÍTIÐ** Það verður átakalítið veður á landinu í dag en svo verður nokkur breyting þar á. Það bætir í vind og úrkomu og má búast við strekkingsvindi sums staðar á landinu á morgun með úrkomu víða um land.



**Á MORGUN**
Stekkingur NV-lands og með S-ströndinni.

**LAUGARDAGUR**
Dregur úr vindi.

| HEIMURINN | |
|---|---|
| Alicante | 19° |
| Basel | 9° |
| Berlín | 9° |
| Billund | 7° |
| Eindhoven | 11° |
| Frankfurt | 9° |
| Friedrichshafen | 8° |
| Gautaborg | 6° |
| Kaupmannahöfn | 9° |
| Las Palmas | 25° |
| London | 12° |
| Mallorca | 20° |
| New York | 11° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 2° |
| París | 11° |
| San Francisco | 18° |
| Stokkhólmur | 6° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

# KRAKKADAGAR
## Í Smáralind



5.–8. nóvember

©Disney

**HITTU ANDRÉS ÖND Á LAUGARDAGINN**

**313 SPORTBÍLL ANDRÉSAR TIL SÝNIS Í VETRARGARÐINUM**

**TÍSKUSÝNINGAR OG SPENNANDI TILBOÐ**

Allir barnaskór
**20% afsláttur**
Kangaroos, Viking og Esprit.
DEBENHAMS



Leikföng og spil
**20% afsláttur**
DEBENHAMS



Kjóll
**2.990**
name it



Jakkaföt, skyrtur
**20% afsláttur**
af jakkafötum, skyrtum og bindum í barnadeild.
DEBENHAMS



Silkikjóll
**9.990 kr.**
Stærðir 11 til 16 ára.
DEBENHAMS



Vesti
**3.690**
name it



Skyrtur
**2.995 kr.**
Kjólar frá
**4.995 kr.**
Zink



Joggingbuxur
**frá 1.499 kr.**
facebook.com/adamsiceland
adamskids



smárar
**25% AFSLÁTTUR Á ÖLLUM BARNAFÖTUM ALLA HELGINA**

ENNEMM / SÍA / NM39583

**Opið til kl. 21 í dag**

**SMÁRALIND – BETRI LEIÐ TIL AÐ VERSLA**
**Verslanir opnar:** mán-mið 11-19, fim 11-21, fös 11-19
lau 11-18 og sun 13-18 / www.smaralind.is / 528 8000

Smáralind

KJÖRKASSINN



*Á að selja garðyrkjubændum raforku á stóriðjuverði?*

| | |
|---|---|
| Já | 84,4% |
| Nei | 15,6% |

SPURNING DAGSINS Í DAG:

*Líst þér vel á hugmyndir um framkvæmdir við Landspítala?*

Segðu skoðun þína á Vísi.is — vísir

Nokkrir þingmenn hafa breytt upplýsingum í hagsmunaskráningu á vef Alþingis:

# Árni síðastur til að skrá sig

**ALÞINGI** Árni Johnsen, þingmaður Sjálfstæðisflokks, tilkynnti Alþingi á þriðjudag að hann hefði enga fjárhagslega hagsmuni sem þyrfti að skrá á vef þingsins.

Árni er þar með síðasti þingmaðurinn til að lýsa slíku yfir, en um miðjan júní höfðu allir þingmenn orðið við beiðni forsætisnefndar þingsins um að skrá hagsmuni sína eða lýsa því yfir að engir hagsmunir væru til staðar.

Einhverjar breytingar hafa orðið á högum annarra þingmanna. Ásmundur Helgason, sem hefur umsjón með þessari skráningu þingmanna fyrir hönd Alþingis, segir að nýverið hafi verið send út áminning um að breytingar sem kölluðu á breytta skráningu ætti að tilkynna innan mánaðar. Í kjölfarið hefðu nokkrir þingmenn gert breytingar á yfirlýstri stöðu sinni.

Reglurnar, sem hvetja alla þingmenn til að gera grein fyrir fjárhagslegum hagsmunum sínum, tóku gildi í maí. Fyrir lok nóvember á að vera búið að endurskoða þær, meðal annars með tilliti til þess hvort binda eigi þær í lög. Yfirlýsingin er aðgengileg á síðu hvers þingmanns. **- kóþ**



**ÁRNI JOHNSEN** Þingmaður Sjálfstæðisflokksins lýsti því yfir við blaðið í júní að hann hefði enga hagsmuni að skrá og því hefði hann ekki skráð sig á vef Alþingis. Nú hefur hann skráð að hann hafi enga hagsmuni að skrá. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Færri gista á hótelum:

## Gistinætur færri en í fyrra

**FERÐAÞJÓNUSTA** Gistinóttum á hótelum í september í ár fækkaði um 2 prósent miðað við sama tíma í fyrra, úr 122.500 í 120.500. Þetta kemur fram í tölum Hagstofu Íslands. Gistinóttum fækkaði í öllum landshlutum, nema á Suðurlandi og höfuðborgarsvæðinu.

Gistinætur útlendinga á hótelum eru svipaðar á milli ára, en hjá Íslendingum fækkaði þeim um 8 prósent. Fyrstu níu mánuði ársins er fjöldi gistinátta svipaður og í fyrra. Athygli er vakin á því að hér er einungis átt við gistinætur á hótelum sem eru opin allt árið, ekki gistiheimilum eða hótelum sem opin eru hluta ársins. **- kóþ**

Rætt við Aung San Suu Kyi:

## Vilja bæta samskipti þjóðanna

**MYANMAR, AP Kurt Campell, aðstoðarutanríkisráðherra Bandaríkjanna, hitti Aung San Suu Kyi, leiðtoga stjórnarandstöðunnar í Myanmar í gær og ræddi við hana í tvær klukkustundir á hóteli þar í landi í gær.**



AUNG SAN SUU KYI

**Kyi, sem er 64 ára, hefur verið í stofufangelsi meira og minna í fjórtán ár. Hún hlaut friðarverðlaun Nóbels árið 1991.**

**Campell er hæstsetti ráðamaður frá Bandaríkjunum til að heimsækja Myanmar frá 1995 en heimsóknin er liður í bættum samskiptum bandarískra stjórnvalda við yfirvöld í Myanmar.**

**Á ferð sinni hitti Campell meðal annars Thein Sein, forsætisráðherra herforingjastjórnarinnar sem hefur verið við völd síðastliðin 47 ár.** **- jab**

Myndavélum stolið úr búð:

## Tilkynnt um þrjú innbrot

**LÖGREGLUMÁL** Þrjú innbrot voru tilkynnt til lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í gærmorgun. Brotist var inn í Sjónvarpsmiðstöðina í Síðumúla um klukkan tvö um nótt, en ekki liggur fyrir hvort einhverju var stolið þaðan. Maður var handtekinn í kjölfarið grunaður um innbrotið.

Þá var brotist inn í verslun Europris í Hafnarfirði og komust þjófarnir undan með myndavélar úr versluninni. Þjófarnir eru ófundnir. Einnig voru brotnar rúður í vinnuskúrum við Smáralind, en svo virðist sem engu hafi verið stolið þaðan. **- sh**

# Ráku eigin banka á Íslandi vegna hagstæðra skatta

**Móðurfyrirtæki Daily Mail rekur fjögur dótturfyrirtæki á Íslandi. Lágir skattar löðuðu fyrirtækið að landinu. Lögfræðingur fyrirtækisins býst við því að starfseminni ljúki fljótlega hér á landi.**

**SKATTAR.** Breska fjölmiðlasamsteypan Daily Mail and General Trust plc. hefur undanfarin ár rekið fjögur íslensk dótturfélög, sem hafa annast lánveitingar milli félaga innan samsteypunnar. Umsvifin nema milljörðum króna árlega. Hagstætt skattaumhverfi fyrirtækja hefur laðað fyrirtækin að landinu. Ársreikningar þeirra benda til að þau séu að undirbúa að flytjast úr landi í kjölfar efnahagshrunsins, segir löggiltur endurskoðandi sem gluggaði í ársreikninga þeirra fyrir Fréttablaðið.

Uppbygging þessara dótturfélaga er þannig að fyrirtækið DMG Atlantic, sem er breskt félag, er skráður eigandi íslenska félagsins DMG Holdings. DMG Holdings virðist hafa það hlutverk að halda utan um eignarhald og greiða skatta DMG félaganna hér á landi. DMG Holdings á Íslandi var í 8. sæti yfir þá lögaðila sem greiða hæstan tekjuskatt á Íslandi í ár, eða rúmar 160 milljónir króna. Dótturfélögin eru DMG Finance, sem er aftur skráður eigandi í DMG Lending og DMG Investments. DMG Finance hefur rúmlega 1,2 milljarða Bandaríkjadala, eða um 150 milljarða íslenskra króna, í hlutafé, og DMG investmenst hefur 129 milljarða japanskra jena, eða um 180 milljarða króna í skráð hlutafé. DMG Lending var afskráð hér á landi 21. september sl.

Baldvin Björn Haraldsson, sem hefur verið lögfræðingur DMG hér á landi og setið í stjórn tveggja félaganna, segir að starfsemin hafi ekki verið önnur en sú að hingað hafi borist fjármunir sem eru notaðir til þess að fjármagna lán til annarra félaga í samstæðunni. Hagstæðir skattar hafi laðað starfsemina að landinu. Umsvifin ráðist af aðstæðum innan samstæðunnar hverju sinni.

„Það má segja að þeir hafi stofnað banka hérna til þess að lána til tengdra aðila og spara sér skattgreiðslur,“ segir löggiltur endurskoðandi sem gluggaði í ársreikninga félaganna fjögurra fyrir Fréttablaðið. „Hugmyndin með lækkun fjármagnstekjuskatta á sínum tíma var að fá hingað fyrirtæki af þessu tagi.“

Endurskoðandinn segir að ársreikningarnir sýni að eitt félaganna sé breskur skattþegn frá 1. apríl 2008. Það sé vísbending um að til standi að draga úr starfseminni hér á landi og komi ekki á óvart í ljósi efnahagsaðstæðna og hugmynda um að hækka skatta á fyrirtæki. peturg@frettabladid.is




**DAILY MAIL** Breska götublaðið er rekið af alþjóðlegu stórfyrirtæki sem stofnaði keðju fyrirtækja á Íslandi til þess að stunda lánveitingar innan samstæðunnar. NORDICPHOTOS/AFP

### STÓRFYRIRTÆKI

Daily Mail and General Trust plc í Bretlandi er móðurfyrirtæki fjölmiðla á borð við breska götublaðið Daily Mail, ITN-sjónvarpsstöðina í Bretlandi, viðskiptavefinn euromoney.com og vefsvæðin thisislondon.co.uk, auk fjölmargra annarra dagblaða, sjónvarps- og útvarpsstöðva í Bretlandi, Bandaríkjunum, Ástralíu og í Austur-Evrópu.

### SKATTALEGAR ÁSTÆÐUR

„Þessi fyrirtæki eru hér af skattalegum ástæðum, þau greiða minni skatta en ef þau væru í Bretlandi,“ segir Baldvin Björn Haraldsson, hdl., sem á sæti í stjórnum DMG Lending og DMG Investments á Íslandi. Hann segir að starfsemi DMG fyrirtækjanna á Íslandi snúist um lánveitingar milli fyrirtækja innan DMG-samstæðunnar.

Baldvin Björn segist ekki vilja nota orðið „aflandsfélög“ um þessa starfsemi, það orð hafi á sér neikvætt yfirbragð, tengt því að verið sé að leyna eignarhaldi og skjóta undan peningum. Svo sé alls ekki í tilvikum þessara félaga enda sé eignarhaldið skráð og allar upplýsingar aðgengilegar. Félögin hafi einfaldlega tekið til starfa hér til þess að nýta sér hagstætt skattaumhverfi í kjölfar skattalækkana og tvísköttunarsamninga.

Hann segist búast við að DMG-félögin hætti starfsemi fljótlega „af ástæðum sem varða móðurfélagið“ en hvað sem því líður sé enginn vafi á því að félög af þessu tagi hverfi frá landinu ef skattar á fyrirtæki verða hækkaðir í samræmi við það sem nú er í umræðunni.

Baldvin Björn segir að fyrir utan miklar skatttekjur hafi íslenskt samfélag þann hag af starfsemi eins og þessari að hún skapi tekjur fyrir ýmsar þjónustugreinar.

VÍK
vettlingar
Stærðir: XS-XL
Verð: 5.700 kr.



Léttir og liprir Power stretch® hanskar.
66°

HEIÐMÖRK
húfa
WOOLMARK
Verð: 5.500 kr.



Klæðafrí ull
Handprjónuð dömu húfa úr 100% Merino ull.
66°

VIÐEY
húfa
WOOLMARK
Verð: 5.800 kr.



Handprjónuð herra húfa með vindþéttu eyrnabandi að innan.
Einnig fáanleg í svörtu, gráu og hvítu.
66°

ÓDÝRT Í HAGKAUP

ÓDÝRT Í HAGKAUP

OPIÐ til 20 alla daga

# 1/2 LAMBASKROKKUR
AF NÝSLÁTRUÐU




- Heilt lambalæri
- 1/2 hryggur, langskorinn
- Frampartur sagaður í súpukjöt
- Heil slög

1/2 LAMBA SKROKKUR
795 kr/kg.




LÍNUÝSA FROSIN
779 kr/kg.




ÞORSKFLÖK FROSIN
799 kr/kg.

24 Hagkaup OPIÐ ALLAN sólarhringinn Skeifan & Garðabær

Gildir á meðan birgðir endast.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

## VEISTU SVARIÐ?



1 *Hver veifaði íslenskri agúrku í ræðustól Alþingis?*

2 *Við hvaða skóla í Reykjavík var ný skólalóð tekin í notkun á mánudag?*

3 *Hvaða Íslendingur leikur í myndinni Prince of Persia?*

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 58

Hvíta húsið segir kosningatap á þriðjudag ekki sýna veika stöðu Obama:

# Langþráður sigur repúblikana

**BANDARÍKIN, AP** Demókratar töpuðu ríkisstjórakosningum í Virginíu og New Jersey, sem haldnar voru í gær. Robert Gibbs, fréttafulltrúi Bandaríkjaforseta, sagði þetta tap samt ekki segja neitt um stöðu Baracks Obama, því kosningarnar hefðu snúist að mestu um innanríkismálefni.

Repúblikanar voru hins vegar hæstánægðir með sigrana, eftir að hafa misst bæði forsetaembættið á síðasta ári og meirihluta á þjóðþinginu í Washington árið 2006.

Michael Steele, flokksformaður repúblikana, sagði úrslitin sýna að flokkurinn væri kominn á skrið á ný, hann hefði fundið rödd sína.

Demókratar gátu hins vegar huggað sig við að ná þingsæti í New York-ríki af repúblikönum.

Í Maine urðu síðan óvænt úrslit þegar kosið var um lög um hjónaband samkynhneigðra. Ríkisstjórinn og helstu leiðtogar ríkisþingsins voru fylgjandi lögunum, og áhrifamestu fjölmiðlar í ríkinu studdu þau einnig, en allt kom fyrir ekki: kjósendur felldu málið.

Tillögur um að leyfa hjónaband samkynhneigðra hafa nú verið bornar undir kjósendur í 31 ríki Bandaríkjanna, og alls staðar verið felldar. Baráttumenn fyrir réttindum samkynhneigðra höfðu vonast til þess að þeirri þróun yrði snúið við í Maine. **- gb**



**VONBRIGÐI Í MAINE** Þau gátu ekki leynt vonbrigðum sínum eftir að kjósendur í Maine felldu lög um hjónaband samkynhneigðra. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Dæmdur skattsvikari:

## Hafði áður hlotið dóma

**DÓMSMÁL** Karlmaður sem dæmdur var í héraðsdómi í fyrradag í fimmtán mánaða fangelsi og til að greiða 93 milljónir króna í sekt vegna skattsvika hefur áður hlotið aðra dóma, meðal annars vegna brota á lögum um atvinnuréttindi útlendinga.

Málið snerti þrjú fyrirtæki, SK Smáverk ehf., Eystrasaltsviðskipti ehf. og Perluna ehf. Með úrskurði Héraðsdóms Reykjavíkur 23. nóvember 2005 var Perlan ehf. úrskurðuð gjaldþrota. Félagið var stofnað um rekstur trésmiðju og tengdan rekstur, inn- og útflutning, heildsölu og smásölu og rekstur fasteigna og lánastarfsemi. **- jss**

Alþingismenn á ferðalagi:

## Forseti Alþingis fundar í Brussel

**STJÓRNMÁL** Forseti Alþingis, þingmenn og starfsmenn Alþingis funduðu í gær með fulltrúum Evrópusambandsins í Brussel í Belgíu.

Í tilkynningu kemur fram að Ásta R. Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hafi ætlað að hitta Jerzy Buzek, forseta Evrópuþingsins. Þá yrði fundað með Gabriele Albertini, formanni utanríkismálanefndar Evrópuþingsins, Cristian Dan Preda, framsögumanni nefndarinnar um umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu, og fleiri nefndarmönnum.

Með Ástu í för eru Árni Þór Sigurðsson, formaður utanríkismálanefndar, og Ragnheiður E. Árnadóttir þingmaður, auk starfsfólks þingsins, Þorsteins Magnússonar, Stígs Stefánssonar og Jörundar Kristjánssonar. **- óká**

Gagnrýnir ríkisstjórn Karzai í Afganistan harðlega:

# Hefur sóað kröftum og lífi hersveita

**AFGANISTAN, AP** Hamid Karzai mun ekki takast að hemja spillingu í Afganistan. Ríkisstjórn hans hefur sóað kröftum og lífi hersveita bandalagsríkjanna undanfarin ár og mistekist að koma á fót stofnunum sem geta sinnt þörfum afgönsku þjóðarinnar.

Þetta sagði Abdullah Adullah, fyrrverandi utanríkisráðherra landsins, í gær eftir að tilkynnt var að hætt hefði verið við seinni umferð forsetakosninganna í landinu. Kjósa átti milli Karzais og Abdullahs, sem hlutu flest atkvæði í fyrri umferð kosninganna.



**HAMID KARZAI** Abdullah Abdullah, fyrrum forsetaframbjóðandi, segir að ríkisstjórn Karzai muni ekki geta hamið spillinguna í Afganistan.

Abdullah segir að með þeirri ólögmætu ákvörðun að lýsa Karzai réttkjörinn forseta hafi verið settur viðeigandi endapunktur á ferli sem hefði verið löglaust frá upphafi til enda. Fimm breskir hermenn féllu í Helmand-héraði í fyrradag þegar afganskur lögreglumaður skaut á breska hersveit. **- pg**




**FRAMKVÆMDIN** Hönnunar- og teiknivinna er ekki fullbúin og ljóst er að framkvæmdin verður minni í sniðum en fyrst var lagt upp með. Á kortinu sjást þau svæði sem fyrirhuguð eru undir nýbyggingar.

# Framkvæmd fyrir fimmtíu milljarða

**Viljayfirlýsing var í gær undirrituð um aðkomu lífeyrissjóða að fjármögnun nýs Landspítala. Verkefnið kostar 51 milljarð króna og mun skapa 2.644 ársverk. Byggingin verður 66 þúsund fermetrar.**

**FRAMKVÆMDIR** Fulltrúar tuttugu lífeyrissjóða skrifuðu undir viljayfirlýsingu við heilbrigðisráðuneytið, fyrir hönd ríkisvaldsins, í gær, um nýjan Landspítala. Hún felur í sér að sjóðirnir koma að fjármögnun og undirbúningi við byggingu nýs spítala. Sjóðirnir tuttugu eru með 83,22 prósent af heildareignum íslenskra lífeyrissjóða.

Um mikla framkvæmd er að ræða, en heildarkostnaður við nýbygginguna verður um 33 milljarðar króna. Þar við bætist áætlaður kostnaður við ýmsan búnað spítalans, sjö milljarðar króna, og kostnaður við endurbygginguna eldra húsnæðis, um ellefu milljarðar króna. Samtals nemur kostnaður við verkefnið því 51 milljarði króna.

Nýbyggingin verður alls 66 þúsund fermetrar í þremur meginhlutum. Hönnunarvinna hefst á næsta ári og skapar störf fyrir arkitekta og hönnuði. Framkvæmdir hefjast á síðari hluta ársins 2011 og standa fram á árið 2016. Meginþungi verkefnisins verður árin 2013 til 2015, en reiknað er með að framkvæmdin skapi 2.644 ársverk.

Arnar Sigurmundsson, formaður Landssamtaka lífeyrissjóða, sagðist við undirritunina ánægður með aðkomu sjóðanna að verkefninu. Þeir hefðu sannfærst um að dýrara væri fyrir samfélagið að gera ekki neitt og þess í stað yrði ráðist í framkvæmdir við nýjan spítala. Gæta þyrfti hins vegar að því að ávöxtunarkrafa sjóðanna yrði uppfyllt. Í því ljósi nefndi Arnar aðkomu sjóðanna að Hvalfjarðargöngunum, en þau væru ein besta fjárfesting lífeyrissjóðanna fyrr og síðar. Lífeyrissjóðirnir væru fullsæmdir af því að fjárfesta líka í heilbrigðisskapandi starfsemi.



**SKRIFAÐ UNDIR** Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra og Arnar Sigurmundsson, formaður Samtaka lífeyrissjóða, við undirskriftina. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Álfheiður Ingadóttir heilbrigðisráðherra sagði samkomulagið táknræna yfirlýsingu um að Íslendingar ætluðu sér að eiga áfram heilbrigðiskerfi í fremstu röð. Hún lýsti sérstakri ánægju með aðkomu lífeyrissjóða á landsbyggðinni; hún sýndi að spítalinn yrði þjóðareign. Lífeyrissjóðirnir sýndu framsýni og samfélagslegan skilning.

Heilbrigðisráðherra lýsti því yfir að hún hefði skipað verkefnastjórn yfir framkvæmdina. Gunnar Svavarsson, fyrrverandi alþingismaður, verður formaður stjórnarinnar.

Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra sagði framkvæmdina koma á réttum tíma, nú væri lag að skapa störf.

**kolbeinn@frettabladid.is**




Þjónustu- og þekkingarmiðstöð fyrir blinda, sjónskerta og daufblinda einstaklinga er til húsa á 5. hæð í Hamrahlíð 17, Reykjavík. Þar er opið alla virka daga kl. 9–16. Tímapantanir og upplýsingar í síma 54 55 800 hjá ráðgjöfum, augnlækni og sjónfræðingum. Nánari fróðleikur á **www.midstod.is**

ÍSLENSKA SIA.IS SIO 47631 11/09



## LUKKUPOTTUR

*Grand Rómantík á Grand hótel*

*Lúxus gistipakkar á Hótel Glym*

*Sushi námskeið hjá Nítjándu*

*...auk vinninga frá Garðheimum og öðrum samstarfsaðilum*

# KÓSÍ
# KONUKVÖLD Í GARÐHEIMUM

## FIMMTUDAGINN 5. NÓVEMBER FRÁ 19.00 TIL 22.00

## FRÍTT INN!



KYNNIR KVÖLDSINS
**HELGA BRAGA**

**20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM Í VERSLUN**
FRÁ KL. 19:00 - 22:00

- *Tískusýning: Íslenskir hönnuðir taka völdin! Anna Kristín, Ásdís, Inga Björk, Kristín Þ. og Sólveig S.*
- *Jóla- og aðventuskreytingar – Blómaskreytar Garðheima sýna nýjar línur fyrir jólin 2009.*
- *Sushi smakk frá Veisluturninum*
- *Allar konur fá gjafapoka með hinu einstaka Epsom baðsalti*
- *Kynningar, smakk, tilboð og margt fleira!*

GARÐHEIMAR
heimur skemmtilegra hluta og hugmynda
Stekkjabakka 6 - sími 540 3300 - www.gardheimar.is

**SAMSTARFSAÐILAR KONUKVÖLDSINS ERU:**



**KVEIKT Á KERTUM** Síkhar á Indlandi kveikja á kertum í gullna hofinu í Amritsar þegar 540 ár voru liðin frá fæðingu hins helga manns Sri Guru Nanak Dev. NORDICPHOTOS/AFP

Bergur Sigurðsson:

## Ráðinn til þingflokks VG

**ALÞINGI** Bergur Sigurðsson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri þingflokks Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs. Hann hóf störf um mánaðamótin.



**BERGUR SIGURÐSSON**

Bergur er umhverfisefnafræðingur frá Háskólanum í Osló og hefur síðastliðin þrjú ár starfað sem framkvæmdastjóri Landverndar. Þar áður starfaði hann við heilbrigðiseftirlit á Suðurnesjum.

Bergur tekur við starfinu af Drífu Snædal, framkvæmdastjóra flokksins, sem jafnframt hefur haft umsjón með málefnum þingflokksins. - sh

# Íslenska bankakerfið fær falleinkunn hjá Fitch

**Ekkert land fær hæstu einkunn í hálfsársmati Fitch á styrk fjármálageirans. Íslands skrapar botninn í matinu. Fitch leitar að trúverðugleika eftir of góðar einkunnir í uppsveiflunni, segir háskólaprófessor.**

**EFNAHAGSMÁL** „Þessi matsfyrirtæki hafa lengi legið undir ámæli fyrir að hafa verið of jákvæð gagnvart bönkunum í mestu uppsveiflunni. Því er skiljanlegt að þau vilji fara í hina áttina nú. Matið má því skoða að hluta sem tilraun Fitch til að verða sér úti um trúverðugleika á kostnað íslenskra banka. Þeir liggja vel við höggi,“ segir Þórólfur Matthíasson, prófessor við hagfræðideild Háskóla Íslands, um falleinkunn íslenska bankakerfisins.

Það er alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch sem gefur bankakerfinu þessa afleitu einkunn, eða BSI E. Á botninum eru tólf lönd, þar á meðal Víetnam. Ekki er útilokað að fleiri lönd bætist á hann á næstu skýrslu, að mati Fitch. Þar koma helst til greina Aserbaídsjan, Hvíta-Rússland, Eistland og Litháen.

Í næsta flokki fyrir ofan Ísland eru Írland og Belgía með einkunnina BSI D.

Meirihluti landa með þróað hagkerfi lenda ýmist í flokki B eða C. Enginn vermir efsta flokk. Ástralía, Hong Kong og Kanada komast þó næst því.

Matsfyrirtækið segir í skýrslu sinni að þótt engin breyting hafi orðið frá fyrra mati sé of snemmt að segja til um hvort nú dragi úr kerfisáhættu fjármálakerfisins. Sérstaklega er bent á hægan útlánavöxt bankageirans. Hann hefur að meðaltali dregist saman um 2,5 prósent á árinu frá í fyrra. Þetta er engu að síður jákvætt frá í fyrra en þá drógust útlán saman um fimmtán prósent milli ára. Þetta segir Fitch vísbendingar um að stöðugleiki sé að færast yfir fjármálaheiminn og séu fá alvarleg hættumerki í loftinu.

Þórólfur segir margt ógert í bankakerfinu. „Það er ekki enn búið að hreinsa upp úr bankakerfunum. Í sumum tilvikum er ekki vitað hvað leynist í þeim. Enn kunna því erfið mál að vera eftir,“ segir hann. - jab



**LÍTIÐ AÐ GERA Í BANKANUM** Alþjóðlega matsfyrirtækið Fitch segir of snemmt að segja til um hvort farið sé að draga úr kerfisáhættu fjármálakerfisins. Áhersla er lögð á hægan útlánavöxt bankanna. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

## FENGU TOPPEINKUNN 2007

Matsfyrirtækið Fitch gaf gömlu íslensku bönkunum þremur toppeinkunn í tvígang árið 2007. Fyrsta einkunn skilaði sér í hús í febrúar en hin í október.

Í seinni skýrslu matsfyrirtækisins um bankana sagði meðal annars að þeir hefðu minnkað þörf sína fyrir skuldabréfafjármögnun og náð tökum á lausafjárstöðu sinni, svo sem með aukinni innlánastarfsemi frá einstaklingum og fyrirtækjum.

Greint er frá nokkrum mun á innlánastarfsemi bankanna en sérstaklega tekið fram að Landsbankinn hafi náð góðum árangri með Icesave-innlánsreikningum sínum í Bretlandi.

Á sama tíma hafði undirmálslánakreppan látið á sér kræla í Bandaríkjunum.

Fitch taldi bankana hafa nægt lausafé til að standa af sér tólf mánaða tímabil án aðgangs að fjármagnsmörkuðum. Í byrjun október, tæpu ári eftir útgáfu matsins, hafði ríkið tekið bankana yfir.




orkusalan
Draumastrætóskýli
við Hringbraut
Stúdentar láta drauminn rætast með hjálp Orkusölunnar
Til hamingju stúdentar! Loksins er draumastrætóskýlið ykkar tilbúið. Upphitað og upplýst með nýju og fersku rafmagni frá Orkusölunni og búið þráðlausu neti frá Símanum.
Stúdentaráð Háskóla Íslands og Orkusalan hafa tekið höndum saman og sérútbúið strætóskýlið við Þjóðminjasafnið. Nú getið þið yljað ykkur þar í vetur. Húrra!
www.orkusalan.is
SHÍ
Síminn
AFA JCDecaux Ísland
Kaffitár
FÍTON / SÍA
Orkusalan | 422 1000 | Bíldshöfða 9 | 110 Reykjavík



**FORVITNI** Hún gat ekki stillt sig um að kíkja aðeins inn fyrir sundskýluna á þessari styttu, sem ástralski listamaðurinn Paul Trefry nefnir „Litinn týndan snáða“. NORDICPHOTOS/AFP

Verðkönnun ASÍ sýnir verð á vörum oftast ódýrast í Bónus en dýrast í 10-11:

# Nær 300 prósenta verðmunur á rauðum eplum

**NEYTENDUR** Mestur munur er á verði á ávöxtum og grænmeti í nýrri verðkönnun ASÍ. Í þeim vöruflokki er verðmunur að meðaltali um eða yfir 100 prósent. Mestur var hann á rauðum eplum sem reyndust ódýrust í Nettó á 129 krónur kílóið en dýrust í 10-11 á 499 krónur kílóið, munurinn eru 287 prósent.

Verðmunur á drykkjarvörum er oftast á bilinu 90–110 prósent, mestur verðmunur er á ódýrasta fáanlegu 500 ml léttólínu sem kostar 79 kr. í Bónus en 179 kr. í 10-11, mismunurinn er 127 prósent.

Ef skoðaðar eru kjötvörur kemur í ljós að verðmunurinn er oftast á bilinu 60–70 prósent. Mestur verðmunur er á ferskum kjúklingabringum, þær eru ódýrastar í Nettó á kr. 1.399 en dýrastar í 10-11 á 3.199 kr./kg. sem er 129 prósenta verðmunur.

Könnunin var gerð hinn 27. október síðastliðinn af verðlagseftirliti ASÍ. Oftast er ódýrasta vöruverðið hjá Bónus, eða í 49 skipti af 70 vörutegundum sem kannaðar voru. 10-11 var oftast með hæsta vöruverðið, eða í 35 skipti. Bent er á að ekki reyndist unnt að mæla verð á 21 vörutegund í 10-11 þar sem þær voru ekki fáanlegar í versluninni.

Í könnuninni var skráð niður hilluverð vöru, en þegar afsláttur var gefinn skýrt til kynna var skráð afsláttarverð. Skráð var kílóverð á vöru til þess að auðvelda verðsamanburð. **- sbt**

### MIKILL VERÐMUNUR Á EINSTÖKUM VÖRUM**

**Könnunin var gerð í eftirtöldum verslunum: Bónus Akureyri, Krónunni Vestmannaeyjum, Nettó Akureyri, Hagkaupum Skeifunni, Fjarðarkaupum Hólshrauni, Nóatúni, Hringbraut 121, Samkaup – Úrvali Egilsstöðum, Ellefu ellefu Vestmannaeyjum, 10-11 Borgartúni og Samkaup Strax, Suðurveri.**

| VARA | DÝRAST* | ÓDÝRAST* | VERÐMUNUR |
|---|---|---|---|
| brauð | 470 (Samkaup-Strax) | 189 (Bónus) | 149% |
| Ota haframjöl | 778 (10-11) | 392 (Bónus) | 99% |
| Kjúklingabringur | 3.199 (10-11) | 1399 (Nettó) | 129% |
| Pasta | 578 (10-11) | 198 (Bónus) | 192% |
| Brún hrísgrjón | 793 (Nóatún) | 198 (Bónus) | 300% |
| Rauð epli | 499 (10-11) | 129 (Nettó) | 287% |

*Kílóverð

**Nánari upplýsingar á www.asi.is






Fjármál Dalabyggðar:

## Tólf milljóna króna afgangur á rekstri

**DALABYGGÐ** Endurskoðuð fjárhagsáætlun Dalabyggðar gerir ráð fyrir 12,1 milljónar króna afgangi á rekstri sveitarfélagsins í ár. Um 49 milljóna króna viðsnúningur hefur orðið á rekstrinum frá því fjárhagsáætlun var samþykkt með 37 milljóna króna halla.

Samkvæmt áætluninni verða heildartekjur sveitarfélagsins 673 milljónir en heildargjöldin 661 milljón.

Að sögn Gríms Atlasonar sveitarstjóra hefur verið gripið til mikilla aðhaldsaðgerða í öllum rekstrarþáttum, sem hafa skilað þessum árangri, auk þess sem samdráttur í tekjum vegna efnahagsástandsins hefur ekki orðið jafnmikill og upphafleg áætlun gerði ráð fyrir.

**SAMFÉLAGSMÁL**

### Fjöldi í Snorraverkefni

Nú hafa alls 159 ungmenni komið frá Norður-Ameríku til Íslands á vegum svokallaðs Snorraverkefnis. Það var fyrst sett á laggirnar 1998 og er ætlað að auka tengsl Íslendinga við fólk af íslenskum ættum í Kanada og Bandaríkjunum og skapa þannig grundvöll fyrir auknum samskiptum. Þetta kemur fram á vef sveitarfélagsins Árborgar.



**AFHENTU GRÆNAR VEKJARAKLUKKUR** Yvo de Boyer, framkvæmdastjóri loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna, sem er maðurinn í jakkafötunum á myndinni, fékk í gær afhenta græna vekjaraklukku frá baráttusamtökum sem vilja minna á að tímann sé að renna út. NORDICPHOTOS/AFP

# Loftslagsviðræður á síðasta snúningi

**Forsætisráðherra Svíþjóðar segir útilokað að bindandi samkomulag náist á loftslagsráðstefnunni í Kaupmannahöfn í næsta mánuði. Ban Ki-moon segir öllu skipta að viðræðurnar skili árangri.**

**SPÁNN, AP** Fulltrúar Afríkuríkja vilja að auðug ríki útskýri hvernig þau hugsi sér að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda, náist um það bindandi samkomulag á loftslagsráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Kaupmannahöfn í næsta mánuði.

Óttast er að ekkert verði úr slíku samkomulagi. Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, sagði í gær engar líkur á því að fyrir áramót næðist neitt samkomulag sem fæli í sér lagalega skuldbindingu, eins og Evrópuríki hafa barist fyrir.

Lars Løkke Rasmussen, forsætisráðherra Danmerkur, sagði hins vegar erfitt að koma viðræðum af stað á ný ef samkomulag næðist ekki áður en fresturinn til þess rennur út í desember.

Fulltrúar frá 192 ríkjum sitja þessa dagana á Spáni bak við luktar dyr við að berja saman samkomulagsdrög sem leggja megi fyrir ráðstefnuna í desember. Fundarhöld féllu niður á þriðjudag þegar fulltrúar Afríkuríkja gengu út til að leggja áherslu á kröfur sínar um að auðugu ríkin leggi meira af mörkum.

„Ég hef ekki séð neinar raunverulegar vísbendingar um að þau ætli að auka metnað sinn,“ sagði Lumumba Di-Aping, fulltrúi frá Súdan, sem er formaður samninganefndar 135 þróunarríkja, þar á meðal Afríkuríkjanna fimmtíu. „Við þurfum að sjá hvað gerist.“

Fundarhöldin héldu þó áfram í gær, þegar auðugu ríkin hófu að gera grein fyrir því hvort samdrætti í losun yrði náð með því að draga raunverulega úr losuninni eða hvort þau ætluðu að kaupa sér losunarkvóta.

Þróunarlönd krefjast þess að iðnríkin dragi á næsta áratugi undanbragðalaust úr losun um fjörutíu prósent, frá því sem var árið 1990, til þess að draga úr því tjóni sem loftslagsbreytingar geta valdið víðs vegar um jörðina.

Ban Ki-moon, framkvæmdastjóri Sameinuðu þjóðanna, segir öllu skipta að þessar viðræður skili árangri svo samkomulag náist á ráðstefnunni í desember. Ef ekkert sé að gert muni ástandið versna.

„Fólksflutningar verða vegna meiri öfga í veðurfari, svo sem langvarandi þurrka, fárviðris og skógarelda,“ sagði Ban á Grikklandi í gær, þar sem hann ræddi við blaðamenn.

gudsteinn@frettabladid.is




# Ný MacBook



## MacBook 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
250GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi
Þráðlaust WiFi netkort (801.11n), Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðuending
Aðeins 2,13 kg

**Verð: 199.990.-**

Nýr snertiflötur
Sterkbyggðari umgjörð
Bjartari skjár (LED-baklýstur)
Allt að 7 klst rafhlöðuending

## MacBook Pro 13”

2,26GHz Intel Core 2 Duo
2GB innra minni
160GB harður diskur
NVIDIA GeForce 9400M 256MB skjákort
Innbyggð iSight vefmyndavél
Tvö USB 2.0 tengi, eitt FireWire 800, ein SD kortarauf
Þráðlaust WiFi netkort, Bluetooth
Allt að 7 klst rafhlöðu ending
Aðeins 2,04 kg



**Verð: 239.990.-**

## Nýr iPod nano

Nýtt: innbyggð videoupptaka
Nýtt: FM- útvarp
Stærri skjár
2000-4000 lög / 8-16 klst. video
USB snúra og heyrnartól



**Verð frá: 39.990,-**



### Já, getur keyrt Windows

og fer létt með það...

Sífellt fleiri kjósa tölvur frá Apple og nú eru engar afsakanir eftir þar sem tölvurnar geta keyrt hvaða hugbúnað sem er. Verðið ætti heldur ekki að hindra því Apple-tölvur eru orðnar ódýrari en aðrar PC-tölvur af sambærilegum gæðum.



### iLife ‘09

Stafrænn lífsstíll að hætti Apple sem inniheldur iPhoto, iMovie, GarageBand, iWeb og iDVD. iLife gerir Mac-notendum kleyft að skapa ótrúlegustu hluti og halda utan um ljósmyndir og hreyfimyndir á einfaldan máta. Að búa til fallegar heimasíður, ljósmyndabækur og kvikmyndir er leikur einn.



### Frí Apple námskeið

Varstu að kaupa þér Apple tölvu eða langar þig að læra meira? Þá getur þú kíkt á námskeið í Apple búðina að Laugavegi 182 og lært eitthvað nýtt.

**Námskeiðin eru án endurgjalds í allan vetur**
og þú þarft ekki að skrá þig, bara mæta.

Nánar um dagsetningu og tíma:
**www.apple.is/fraedsla**

**Apple búðin** | www.icemac.is
Sími: 512-1300 | **Opnunartími:**
Laugavegi 182 | Mán. til fös. 10-18 og lau. 12-16

Með fyrirvara um prentvillur og verðbreytingar.

Rödd skynseminnar

# Sumir láta sig
# um gamla tím
# það var engin



Fiton/SÍA FI031099

# dreyma a þegar samkeppni.



**Heilbrigð samkeppni** er nauðsynleg og neytendum alltaf til góða. Í næstum sjö ár hefur **Iceland Express** boðið ferðalöngum **samkeppnishæft verð** og gert þeim sem eru í ferðahug kleift að gera **verðsamanburð** og velja **hagkvæmustu og þægilegustu** leiðina hverju sinni.

**Virk samkeppni, gott verð og góð þjónusta – það er þannig sem við hjá Iceland Express hugsum það.**




**Bókaðu núna!**

## » Evrópa frá:

# 14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

## » Bandaríkin frá:

# 24.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum.

# Iceland Express

með ánægju

## „ORÐRÉTT“

*Það gekk líka svo ljómandi vel síðast*

**„Ég tel mikilvægt að skrá bankana strax á markað eftir að kröfuhafar hafa tekið við þeim.“**

ÞÓRÐUR FRIÐJÓNSSON, FORSTJÓRI KAUPHALLARINNAR.
Markaðurinn, 4. nóvember.

*Hversu frábærar eru þær þá?*

**„Við erum með frábærar skyttur sem hitta bara ekki. Þeir urðu ekki lélegir bara á einni nóttu og það er ljóst að vandamálið er í hausnum á mönnum.“**

FRIÐRIK RAGNARSSON, ÞJÁLFARI GRINDAVÍKUR.
Fréttablaðið, 4. nóvember.

# tilveran
*nær og fjær*

**HVAÐ ER AÐ FRÉTTA?** DRÍFA HJARTARDÓTTIR FYRRVERANDI ÞINGMAÐUR

## *Það er sannarlega líf eftir Alþingi*



„Það er allt gott að frétta af mér og hér er allt á fullu,“ segir Drífa Hjartardóttir.

Drífa sat á þingi fyrir Sjálfstæðisflokkinn en starfar nú fyrir hann á öðrum vettvangi sem formaður Landssambands sjálfstæðiskvenna. „Ég hef verið í pólitík alla mína hunds- og kattartíð og líkar það vel. Ég er mjög ánægð með að geta starfað áfram að þessu án þess að vera kjörinn fulltrúi. Það er svo sannarlega líf eftir Alþingi.“

Drífa býr á Keldum á Rangárvöllum en vinnur í Valhöll og hefur því aðstöðu í Reykjavík. Helgunum eyðir hún alltaf í sveitinni. Það er mikið að gera hjá henni þessa dagana, sveitarstjórnarkosningar nálgast og landssambandið vinnur að markmiði sínu.

„Markmið okkar er að fjölga konum í pólitík og ég starfa að því innan flokks sem utan. Núna er ég í því að hvetja konur áfram og vinna að framgangi þeirra innan flokksins. Við erum einnig í þverpólitísku starfi, konur í öllum flokkum, að vinna að framgangi kvenna í stjórnmálum.“

Drífa segir misjafnt hvernig valið verði á lista flokksins fyrir sveitarstjórnarkosningarnar; í sumum kjördæmum hefur þegar verið ákveðið að halda prófkjör. „Við erum meira í hvatningarstarfi en að skipta okkur af því. Við hvetjum konur til þátttöku í pólitík því hún skiptir máli. Það er nóg að gera í því og svo sit ég í hinum og þessum nefndum. Það er ágætt meðan það er einhver eftirspurn eftir manni.“

**TUNGUTAK**

## *Sýknt og heilagt*

**Fyrr á öldum nutu hvíldardagar meiri virðingar en nú. Laugardagar voru hinir upprunalegu hvíldardagar þar sem Guð almáttugur var talinn hafa skapað himin og jörð á sex dögum en hvílst á hinum sjöunda, laugardegi. Síðar fengu sunnudagar einnig að teljast helgir dagar, þegar menn skyldu hvílast og sinna átrúnaði. Jafnvel var lögð refsing við því að vinna um helgar.**

**Virkir dagar voru hins vegar sýknir sem kallað var, þannig að ekki var refsivert að vinna á þeim dögum. Af því er dregið orðatiltækið „sýknt og heilagt“, sem merkir einfaldlega bæði á virkum dögum og um helgar. - mt**

Menntasvið Reykjavíkurborgar ræðst í umferðaröryggisátak:

# Börn fá gefins endurskinsvesti



**SKRÍTINN KARL** Borgarfulltrúinn Kjartan Magnússon, formaður menntaráðs, tróð sér í endurskinsvesti í barnastærð í tilefni dagsins. Nemendur í Melaskóla vissu vart hvaðan á þau stóð veðrið. FRÉTTABLAÐIÐ / STEFÁN

**UMFERÐ** Í vikunni mun öllum grunnskólabörnum í fyrsta til þriðja bekk í Reykjavík verða færð endurskinsvesti að gjöf frá borginni. Um er að ræða stærsta umferðaröryggisátak sem ráðist hefur verið í í þágu skólabarna í borginni, að því er segir í tilkynningu.

Börnum í Melaskóla voru afhent vestin með hjálp lögreglunnar með viðhöfn í gærmorgun. Þau klæddu sig í vestin og prófuðu þau síðan með því að ganga yfir götu í fylgd lögreglu.

Tilgangur átaksins er að auka notkun endurskinsvesta og endurskinsmerkja meðal ungra barna, og eru þau hvött til að nota vestin á leið til og frá skóla og við önnur tækifæri svo þau sjáist betur í skammdeginu.

Segir í tilkynningu að hægt sé að auka öryggi í umferðinni margfalt með því að nota endurskinsvesti og -merki. Börn með endurskinsmerki sjáist fimm sinnum fyrr en ella.

Gjöfin er liður í umferðaröryggisátaki sem menntaráð Reykjavíkurborgar samþykkti á hundraðasta fundi sínum fyrir skemmstu. Í tengslum við það verður fræðsla um umferðaröryggi efld og leitast við að sá þáttur verði meira áberandi í skólastarfi en verið hefur.

Borgin ræðst í átakið í samvinnu við lögregluna, Umferðarstofu og SAMFOK. - sh



**UNNUR GUÐRÚN** Heilbrigt líferni snýst ekki endilega um að gjörbreyta lífsstíl sínum heldur að bæta úr því sem fyrir er. FRÉTTABLAÐIÐ/

# Heilbrigt líferni þarf ekki að vera meinlætalíf

**Út er komin bókin Bragð í baráttunni – matur sem vinnur gegn krabbameini. Bókin hefur að geyma ítarlega umfjöllun um ýmis hráefni í matargerð sem talið er að geti unnið gegn myndun krabbameina, og gómsætar uppskriftir sem auðvelt er að fara eftir.**

Bókin er eftir Richard Béliveau, prófessor í lífefnafræði við Quebec-háskóla í Montreal í Kanada. „Hann leiddist út í rannsóknir á mataræði í tengslum við krabbamein fyrir tilviljun,“ segir Unnur Guðrún Pálsdóttir, sjúkraþjálfi sem hefur unnið með Krabbameinsfélaginu Krafti. Hún er að auki sælkeri mikill og hefur gert uppskriftunum í bókinni góð skil. „Béliveau til mikillar furðu fór hann að sjá mikinn árangur af því að nota visst mataræði í meðferð gegn krabbameini. Hann og fleiri lögðust því í enn frekari rannsóknir og þær ber allar að sama brunni: það eru afgerandi vísbendingar byggðar á vísindalegum grunni um að mataræði virki í baráttunni gegn krabbameini.“

Unnur Guðrún bendir á að mataræði Íslendinga sverji sig í ætt við matarvenjur á Vesturlöndum. „Þær eru í rauninni hannaðar til að mynda krabbamein og aðra lífsstílstengda sjúkdóma, enda er tíðni krabbameina hér á landi með því hæsta sem gerist í heiminum. Vissulega skipta erfðir máli, en okkur hættir til að gera of mikið úr áhrifum þeirra. Við getum haft áhrif á hvernig gen okkar tjá og við berum ábyrgð á því að lifa þannig lífsstíl að genin sýni frekar styrkleika sinn en veikleika.“



**GÓMSÆTAR UPPSKRIFTIR** Unnur Guðrún segir að þumalputtareglan sé að nötur inn komi úr plönturíkinu, ekki dýraríkinu.

Og hvað eigum við þá að leggja okkur til munns? „Við getum sagt að þumalputtareglan sé að borða mat – ekki tilbúið duft og pillur,“ segir Unnur Guðrún. „Að grunni til á maturinn að koma úr plönturíkinu en ekki dýraríkinu; við eigum að borða litla skammta frekar en stóra, og maturinn á að vera hreinn og óunninn og heita sínum réttum nöfnum. Ef hráefnið heitir flóknum fræðilegum nöfnum eða jafnvel tölustöfum erum við líklega ekki á réttri leið.“

Unnur Guðrún segir það geta farið vel saman að vera sælkeri og borða hollt. „Heilbrigt líferni þarf ekki að vera meinlætalíf. Bókin fjallar fyrst og fremst um hvernig við getum bætt matinn sem við borðum, frekar en það sem á að forðast. Ef maður pantar pitsu má til dæmis bæta spínati við á hana.

Bókin leggur með öðrum orðum áherslu á hið jákvæða: að við getum alltaf lagt eitthvað af mörkum og þurfum ekki endilega að gjörbreyta lífsstíl okkar þótt við tökum upp heilbrigðari lífshætti.“

bergsteinn@frettabladid.is





11. - 15. mars 2010
Búdapest
Heimsborgin glæsilega

**Express ferðir** bjóða frábæra 5 daga ferð með **beinu flugi** til Búdapest. Um er að ræða langa helgi þar sem sögu og menningu borgarinnar verða gerð góð skil - og ekki spillir einstaklega **hagstætt verðlag** í Ungverjalandi.



*Fararstjórarnir **Lilja Hilmarsdóttir** og **Þórarinn Sigurbergsson** eru þaulreynd í faginu og gjörþekkja borgina.*

**Verð á mann í tvíbýli**
**88.700 kr.**

**Innifalið:** Flug með sköttum, gisting á 4* hóteli með morgunverði á Hotel Mercure Korona 4* í hjarta borgarinnar í fjórar nætur og íslensk fararstjórn. Skoðunarferðir ekki innifaldar.

**Fimmtudagur 11. mars**
Farþegar komnir inn í miðbæ um hádegisbil og frjáls dagur eftir það. Mikið er um frábær veitingahús í nágrenni við hótelið.

**Föstudagur 12. mars**
Skoðunarferð um borgina og henni gerð góð skil. Farið á alla mest spennandi og markverðustu staði borgarinnar. Ferð sem enginn má missa af.

**Laugardagur 13. mars**
Gönguferð um hluta Pest þar sem m.a. verður gengið um Gyðingahverfið, slóðir Franz Liszt og farið á elsta kaffihús borgarinnar. Þægileg og áhugaverð gönguferð.

**Sunnudagur 14. mars**
Frjáls dagur en einnig í boði að fara í siglingu á Dóná.

**Mánudagur 15. mars**
Á brottfarardegi verður ekki farið út á völl fyrr en síðdegis. Farþegum stendur tvennt til boða, að vera í borginni fram að brottför eða fara út á hina frægu Sléttu og heimsækja einstakan búgarð. Ógleymanlegt og alltaf mikið fjör.

*Fyrirspurnir og nánari upplýsingar:*
www.expressferdir.is
info@expressferdir.is
Sími 590 0100

Express ferðir
*Ferðaskrifstofa í eigu Iceland Express*


Fyrsta byssan þín ?
Gott úrval - Gott verð - Góð kjör
Norinco JW15 A. 22 lr. riffill
Boltalás og 10 skota magasín. Ásettur og grófstilltur Norconia 6x40 sjónauki. Tilboðsverð aðeins 46.900 stgr.
Savage Mark II BTVS. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Ryðfrítt þungt hlaup. Límtrésskefti með "thumbhole" Einnig fáanlegur í vinstri handar útgáfu. Accutrigger. Verð aðeins 99.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 17.149 á mánuði.
Savage Mark II FV. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Svart plastskefti og þungt hlaup. Accutrigger.
Verð aðeins 64.900. Veldu um 5% staðgreiðslu afslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 11.141 á mánuði.
Savage Mark II BV. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Blámað þungt hlaup. Brúnt límtrésskefti. Accutrigger.
Verð aðeins 89.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 15.433 á mánuði.
Savage Mark II XP Camo. 22 lr. riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Mossy Oak Brush Camo. Accutrigger. Ásettur og grófstilltur 4x32 sjónauki.
Verð aðeins 99.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 17.149. á mánuði.
Savage 93 R17 XP Camo. 17 HMR riffill
Boltalás og 5 skota magasín.
Real Tree Snow Camo. Accutrigger. Ásettur og grófstilltur 3-9x40 sjónauki. Verð aðeins 99.900. Veldu um 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar raðgreiðslur í allt að 6 mánuði. Aðeins 17.149 á mánuði.
Stoeger P350 Synthetic
Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.
Fullt verð 72.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 12.515 á mánuði vaxtalaust.
Escort MarineGuard
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Fastþrengd. Framsigti á hlaupi.
Fullt verð 62.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 10.798 á mánuði vaxtalaust.
Stoeger P350 Camo
Pumpulás. Einhver vinsælasta byrjendabyssan undanfarin ár. Tekur öll skot. 26" hlaup, snúningsbolti. Byggð á hönnun Benelli Nova. 3 þrengingar.
Fullt verð 79.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 13.716 á mánuði vaxtalaust.
Optima Silver Select
Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Valin hnota í skeftum, bakslagsdempari, útdragari og skiftanlegar þrengingar. Einn gikkur og val á milli hlaupa.
Fullt verð 129.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 22.299 á mánuði vaxtalaust.
Stoeger SP312
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 26" hlaup. Fastþrengd.
Fullt verð 65.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.Aðeins 11.313 á mánuði vaxtalaust.
Escort Fieldhunter
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 59.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 10.283 á mánuði vaxtalaust.
Escort MarineHunter
Pumpulás. Tekur 2 ¾" og 3" skot. Ólarfestingar og skeftishallaplötur fylgja. Skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 69.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða.Aðeins 11.999 á mánuði vaxtalaust.
Optima B12
Yfir / Undir tvíhleypa. Tekur 2 ¾" og 3" skot. 28" hlaup. Hnotuskefti. Útdragari og skiftanlegar þrengingar.
Fullt verð 96.900. Veldu 5% staðgreiðsluafslátt eða vaxtalausar afborganir til 6 mánaða. Aðeins 16.634 á mánuði vaxtalaust.
3% lántökugjald er innifalið í mánaðagreiðslu
Munið vinsælu gjafabréfin okkar
Sportúðin - Krókhálsi 5 - 517 8050 - Veiðihornið - Síðumúla 8 - 568 8410 - veidihornid.is - sportbudin.is

## FRÉTTASKÝRING: Árið 2010 er eyrnamerkt baráttu við fátækt

### 16 prósent Evrópubúa eru undir fátæktarmörkum:

# Nýju ríkin skera sig úr

Eurobarometer, skoðanamælir Evrópusambandsins, er könnun sem framkvæmd hefur verið reglulega allt frá árinu 1973. Í tilefni baráttuárs gegn fátækt og félagslegri einangrun á næsta ári voru þeir nærri 27 þúsund íbúar Evrópusambandsins spurðir sérstaklega út í þau mál.

Könnunin árið, sem stóð frá 28. ágúst til 17. september, náði eingöngu til Evrópusambandslanda, jafnvel þótt Ísland og Noregur taki þátt í baráttuárinu gegn fátækt. Hér að neðan getur því bara á að líta viðhorf íbúa þjóða í Evrópusambandinu til fátæktar í landi sínu, þótt ef til vill megi álykta að Ísland og Noregur séu einhvers staðar á pari við Dani og Svía hvað viðhorfin varðar. Fram kemur hins vegar að íbúar nýjustu ríkja ESB skera sig úr í því hvað fátækt þykir mikið vandamál þar, en Danir hafa minnstar áhyggjur af málinu. **- óká**

### MYNDIR ÞÚ SEGJA AÐ FÁTÆKT Í ÞÍNU LANDI SÉ...?










**Á RÁÐSTEFNU** Vladimir Spidla, framkvæmdastjóri félags- og atvinnumála ESB, (í pontu) segir að með því að tileinka árið 2010 baráttunni við fátækt sé ætlunin að vekja athygli á sameiginlegri ábyrgð allra við að takast á við vandamálið. Hann segir yfirstandandi efnahagsþrengingar ekki mega trufla baráttuna og telur þær raunar hafa gert gott í að efla áherslu á grunngildi og samstöðu. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

# Vilja að fátækt heyri sögunni til

**Algjörri fátækt, þar sem fólk á ekki til hnífs og skeiðar, er hægt að útrýma. Annað gildir um hlutfallslega fátækt. Evrópusambandið tileinkar næsta ár baráttunni við fátækt og félagslega einangrun.**

Nærri þrír fjórðu íbúa Evrópu líta svo á að fátækt sé útbreitt vandamál í landi þeirra. Níu af hverjum tíu vilja að stjórnvöld bregðist þegar við. Þetta er meðal niðurstaðna reglulegrar viðhorfskönnunar Evrópusambandsins (ESB) sem kynnt var nýverið í Brussel.

Evrópusambandið kynnti um leið að næsta ár verði tileinkað baráttunni gegn fátækt og félagslegri einangrun. Þátt taka ríki Evrópusambandsins auk Íslands og Noregs.

Á ráðstefnunni kom fram að Manuel Barroso, forseti framkvæmdastjórnar, hafi ætlað að mæta, en var svo upptekinn á leiðtogafundi í næsta húsi. Hann sendi hins vegar vídeóskilaboð þar sem hann áréttaði að baráttan við fátækt væri forgangsmál hjá sambandinu. Hann benti á að 78 milljónir Evrópubúa væru undir fátæktarmörkum, eða 16 prósent íbúa álfunnar. Nægði 8 prósentum ekki að hafa vinnu til að komast út úr fátækt.

Fólk telst undir fátæktarmörkum sem hefur 60 prósent af miðgildi ráðstöfunartekna fjölskyldna í landinu. Fólk sem er undir því tekjumarki líður skort í samanburði við aðra í landinu og nýtur ekki sömu tækifæra. „Fátækt er vandamál heimsins alls og við megum ekki láta efnahagskreppu hins þróaða heims trufla aðstoð okkar við þróunarlönd. Mynda þarf bandalag í baráttunni við fátækt, jafnt innan Evrópu sem utan," sagði Barroso.



**FINTAN FARRELL Í PONTU** Írinn Finn Farrell, framkvæmdastjóri EAPN, þekkir fátækt af eigin raun og segir mikilsvert að draga ekki upp bara upp þá mynd af fátækum að þar sé fólk með vandamál, heldur af fólki sem leitar lausna. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

Fintan Farrell, framkvæmdastjóri EAPN, evrópskra baráttusamtaka gegn fátækt, lagði í máli sínu áherslu á að baráttan gegn fátækt væri mannréttindabarátta. „Við eigum að líta málið sömu augum og baráttuna gegn þrælahaldi," segir hann og bendir á að fátækt fólk njóti ekki sömu réttinda og aðrir. „Vandinn er kerfisbundinn, en ekki bara bundinn við einstaklinga," segir hann.

Opinber vefur baráttuársins er www.2010againstpoverty.eu.



FRÉTTASKÝRING
ÓLI KRISTJÁN ÁRMANNSSON
olikr@frettabladid.is

## FJÖLMIÐLAR, FÁTÆKT OG FÉLAGSLEG EINANGRUN

Evrópusambandið bauð fjölmiðlafólki víðs vegar úr álfunni að taka þátt í námskeiði og ráðstefnu í tengslum við Evrópuárið 2010 gegn fátækt og félagslegri einangrun. Átaksárinu verður hleypt af stokkunum með viðhöfn í Madrid á Spáni 21. janúar næstkomandi.

Námskeið og fyrirlestrar fóru fram í Brussel í Belgíu, en tilgangurinn var bæði að kynna átaksár ESB og vekja fjölmiðlafólk til umhugsunar um hvernig fjallað væri um fátækt og hvort fjölmiðlar hefðu hlutverki að gegna í baráttunni.

Bretar hafa gert rannsóknir á birtingarmynd fátæktar í fjölmiðlum og þeim hindrunum sem orðið geta á vegi þeirra sem fjalla um málið. Á vinnustofu þar sem sérfræðingar lýstu reynslu sinni sagði William Crawley, fréttamaður BBC á Írlandi, að fátækt yrði jafnan útundan í fjölmiðlum. Reynslan sýni að oft sé ekki nema klórað í yfirborðið. Þá skorti á að raunveruleg dæmi séu dregin fram og talað við fólk sem málið snertir og brenna vilji við að fréttir um fátækt snúist meira og minna um tölfræði. Undir þetta tók annað fjölmiðlafólk og töldu margir hætt við að fordómar í garð þeirra sem á einhvern hátt hafa orðið undir í lífsbaráttunni kunni að lita fréttaflutning. **- óká**



**FRÉTTAMAÐUR BBC** William Crawley, fréttamaður BBC, stýrði umræðum í málstofu um fátækt fyrir síðustu helgi. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ

# Hagkvæmar lausnir

með áherslu á rekjanleika, auðveldan aðgang og gegnsæi.

SYSTEMS One®
www.onesystems.is

**OneRecords**

OneRecords® er öflug lausn sem auðveldar fyrirtækjum og sveitarfélögum halda utan um mál sem eru í gangi á hverjum tíma. Stjórnendur hafa yfirsýn yfir gang mála innan fyrirtækisins og notendur geta á einfaldan máta sótt lista yfir þau mál sem þeir bera ábyrgð á.

**OneCrm**

OneCrm® er hagkvæm lausn sem auðveldar fyrirtækjum að bæta þjónustu við viðskiptavini sína. Í OneCrm® er hægt að sjá allar upplýsingar um viðskiptavini á einum stað, hvort sem um ræðir samskipti og skjöl eða t.d. fjárhags- legar upplýsingar úr ERP kerfum.

**OnePortal**

OnePortal® er vefgátt sem gerir fyrirtækjum og sveitar- félögum kleift að veita íbúum þjónustu allan sólahringinn, allt árið um kring. Rafrænir innri ferlar eru tengdir við þjónustugátt fyrir t.d. íbúa eða viðskipta- vini, þar sem þeir geta afgreitt sig sjálfa á sjálfvirkan máta með innsendingu umsókna og erinda á vefnum.

**OneQuality**

Gæðastjórnun á stóran þátt í góðum árangri fyrirtækja. OneQuality® er lausn sem auðveldar allt vinnferli við útgáfu og utanumhald gæðahand- bókar og skjala.

**OneWorkSpace**

Með OneWork- Space® getur þú búið til þitt eigið verkefnasvæði innanhúss eða verkefnavef á örfáum mínútum og hefur möguleika á að leyfa aðgang verktaka og fleiri aðila inn á læst verkefnasvæði eða vef. Þetta sparar mikinn tíma í samstarfs- verkefnum.

**OneTime**

OneTime® er tíma- skráningarkerfi sem heldur utan um tíma sem fer í einstök mál, verkefni, og verkefna- flokka, t.d. eftir tegundum viðskiptavina. OneTime er því kjörið fyrir þá sem að vilja fá betra yfirlit og átta sig á því í hvað tíminn fer.

OpenOffice.org

OneSystems kerfiseiningarnar byggja á Microsoft™ tækni og viðmóti sem öllum er tamt að nota.
OneSystems styður einnig OpenOffice, opinn og ókeypis hugbúnað.

Þróunarstefna OneSystems styður Moreq2, kröfur evrópulanda um gagnsæi, rekjaleika og öryggi.

MoReq2

OneSystems bjóða heildarlausn í skjalamálum fyrirtækja og sveitarfélaga og þjónustu við viðskiptavini og íbúa þeirra

# Forritari Microsoft™ hugbúnaðarþróun

## Hæfniskröfur:

- Háskólamenntun - til dæmis tölvunar-, eða kerfisfræði.
- Kjarngóð reynsla og þekking á Microsoft umhverfinu.
- Reynsla af hugbúnaðarþróun í Microsoft umhverfinu (.NET/ASP) og MS SQL.
- Lágmark tveggja ára reynsla af forritun.
- Reynsla af vefforritun.
- Áhugi og færni í að tileinka sér nýjungar á sviði hugbúnaðarþróunar.

OneSystems Ísland ehf. leitar að öflugum starfsmann í fjölbreytt verkefni á sviði Microsoft lausna. Mikilvæg er að viðkomandi hafa góða reynslu af forritun og þróun í Microsoft umhverfi (.NET/ASP).
Starfsfólk fyrirtækisins vinnur í framsæknum hópi besta UT-fólks landsins. Gerð er krafa um sjálfstæð og öguð vinnubrögð og þroskaða samskiptahæfileika.
Í boði eru góð laun fyrir réttan einstakling og spennandi verkefni hjá ört vaxandi fyrirtæki.

Umsóknarfrestur er til hádegis 19. nóvember 2009

SYSTEMS One®
built on Microsoft® technology

Nánari upplýsingar
veitir Ingimar Arndal, framkvæmdastjóri OneSystems (one@onesystems.is) og á www.onesystems.is

sími: +354 660 8551 | fax: +354 588 1057
www.onesystems.is | one@onesystems.is

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS

# GOTT VERÐ Í BÓNUS

**1598**
BÓNUS FROSNAR KJÚKLINGALUNDI
MERKT VERÐ 1998 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR **1598 kr.kg.**

**698**
MÓA HEILL GRILLAÐUR KJÚKLINGUR *(KALDUR)*
CA 1250 GR **698 kr stk.**

**1598**
KJÖRFUGL FERSKAR BRINGUR
**1598 kr.kg.**

**1598**
BÓNUS FERSKAR KJÚLINGABRINGUR
**1598 kr.kg.**

**598**
KJÖRFUGL FERSKUR HEILL KJÚKLINGUR
**598 kr.kg.**

**1998**
ALI FERSKAR KJÚKLINGABRINGUR
**1998 kr.kg.**

**198**
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAVÆNGIR
**198 kr.kg.**

**598**
ALI FERSK KJÚKLINGALÆRI **598 kr.kg.**

**559**
FERSKIR UNGNAUTAHAMBORGARAR 4 STK M.BRAUÐI
MERKT VERÐ 798 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **559 kr.**

**998**
BÓNUS FROSNIR KJÚKLINGAMOLAR 1 KG
**998 kr.**

**1049**
Í.N FERSKT UNGNAUTAHAKK
MERKT VERÐ 1498 KR.KG. 30% AFSLÁTTUR **1049 kr.kg.**

**159**
BÓNUS KJARNABRAUÐ 500 GR **159 kr.**

**298**
DAN CAKE RÚLLUTERTUR 3 TEG. 400 GR **298 kr.**

**298**
BÓNUS KLEINUR
15 STK **298 kr.**

**698**
FILIPPO BERIO ÓLÍFUOLÍA
*500+250 ML*
**698 kr.**

BÓNUS BÝÐUR BETUR VISA

AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
GOTT VERÐ Í BÓNUS
398
K.F FROSIÐ SPARHAKK
MERKT VERÐ 498 KR.KG. 20% AFSLÁTTUR 398 kr.kg.
398
K.F NÝTT KJÖTFARS
398 kr.kg.
KJARNAFÆÐI
2099
K.F KOFAREYKT ÚRBEINAÐ HANGILÆRI
MERKT VERÐ 2998 KR.KG. 30%. AFSLÁTTUR 2099 kr.kg.
VINSÆLASTA HANGIKJÖTIÐ Í BÓNUS.
Egils
MALTEXTRAKT
98
MALT Í DÓS 33 CL 98 kr.
Andrex
998
ANDREX WC PAPPÍR 12 RÚLLUR 998 kr.
129
RÓFUR ÍSLENSKAR 129 kr.kg.
498
K.S FROSIÐ LAMBASÚPUKJÖT
1.FLOKKUR HAUSTSLÁTRUN 2008
MERKT VERÐ 664 KR.KG. 25% AFSLÁTTUR 498 kr.kg.
998
K.S FROSIÐ LAMBLÆRI
Í POKA
998 kr.kg.
HAUSTSLÁTRUN 2008
Egils
APPELSÍN
PEPSI
PEPSI MAX
129
PEPSI - PEPSI MAX -EGILS APPELSÍN 1. LTR. 129 kr.
268
K.S FROSIN LAMBASVIÐ
MERKT VERÐ 298 KR.KG. 10% AFSLÁTTUR 268 kr.kg.
BÓNUS BÝÐUR BETUR
VISA
AFGREIÐSLUTÍMI: FIMMTUDAGUR 12.00 -18.30

**Neysla á léttvíni miðað við sölu**
> Magn 1.000 lítrar




HEIMILD: HAGSTOFA ÍSLANDS.

# neytendur
*hagur heimilanna*

**NEYTANDINN:** SIGMAR B. HAUKSSON

## *Stígvél á tíföldu verði og bilaður bíll*



„Verstu kaupin voru þegar ég keypti amerískan bíl sem ég átti í hálft ár og var eiginlega bilaður alveg frá því ég keypti hann,“ segir Sigmar B. Hauksson, formaður Skotveiðifélags Íslands og matgæðingur með meiru.

„Á endanum kostaði þessi bíll mig mun meira en ég nokkurn tíma borgaði fyrir hann á sínum tíma. Hann var ekki bara venjulega bilaður heldur var hann alltaf og stöðugt bilaður. Svo bara dó hann og var aldrei notaður framar. Ég man að maðurinn sem seldi mér bílinn var alveg óhemjulega glaður og vinkaði mér þegar ég ók burtu,“ minnist Sigmar þessa ómögulega bíls.

„Bestu kaupin voru hins vegar gúmmístígvél sem ég keypti fyrir um tuttugu árum. Ég man ekki hvað þau kostuðu en þegar ég fór að borga kostuðu þau tífalt meira en ég hélt því ég hafði misreiknað mig um eitt núll. Ég kunni ekki að hætta við þarna í búðinni svo ég lét mig hafa það og keypti stígvélin,“ rifjar Sigmar upp.

„Ég hafði miklar efasemdir um þetta og brá ónotalega þegar ég sá Vísareikninginn en þetta reyndust einhver bestu kaup sem ég hef gert því ég á þessi stígvél enn og það sér ekki á þeim. Ég er búinn að nota þau alveg gríðarlega mikið í stangveiði og skotveiði og gleðst jafnan þegar ég fer í þau.“

## GÓÐ HÚSRÁÐ
### CAPPUCCINO ÁN FLÓUNARSTÚTS



■ *Jón Gestur Sörtveit*

„Ef menn vilja búa til cappuccino en eiga ekki espressovél með flóunarstút þá kann ég eitt ráð sem virkar,“ segir Jón Gestur Sörtveit, ráðgjafi hjá Atómstöðinni og áhugamaður um kaffi. „Það er að hella upp á bragðmikið kaffi, svona 30 millilítra, og skella svo svona 30 til 40 millilítrum af fjörmjólk í tvær mínútur í örbylgju í plastíláti, þannig að hún brenni ekki. Svo er mjólkin stífþeytt með písk og hellt úr í kaffið, og þá ertu kominn með cappuccino.“ Jón Gestur segir fjörmjólkina virka betur en aðrar tegundir því hún þeytist best.

Flugfélög hugsanlega sek um að villa vísvitandi um fyrir viðskiptavinum sínum:

# Erfitt að bera tilboðin saman

**NEYTENDUR** Ekki er útilokað að flugfélög í Noregi séu sek um að villa um fyrir neytendum við útreikninga á sköttum og öðrum gjöldum sem leggjast ofan á fargjöldin. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu sem unnin er af evrópskum vinnuhópi sem stýrt er af umboðsmanni neytenda í Noregi og var kynnt í Ósló í fyrradag.

Í skýrslunni segir að rannsóknir sýni að meira en helmingur þeirra gjalda sem flugfélög kalli skatta og aðrar greiðslur séu í raun rekstrarkostnaður. Það geti villt um fyrir neytendum, sem telji fargjöldin ódýr. Þá mun hafa komið í ljós að þau mörgu og mismunandi hugtök sem notuð eru til að lýsa sköttum og öðrum greiðslum gera neytendum ákaflega erfitt að bera saman tilboð flugfélaga.

Mælt er með því að heildarverð fyrir fargjald skuli ávallt koma fram og að gjaldið skuli sett saman úr þremur kostnaðarliðum, það er fargjaldi, flugvallarsköttum og ríkissköttum. Önnur óhjákvæmileg gjöld eins og eldsneytisálag, innritunargjöld og þess háttar eiga að vera innifalin í fargjaldinu.

Í rannsókninni fyrir gerð skýrslunnar var upplýsingum safnað um 281 flug hjá 24 leiðandi flugfélögum á 34 stórum flugvöllum víðs vegar um Evrópu. Meðal þeirra voru Icelandair og Iceland Express en upplýsinga var aflað frá Flugstöð Leifs Eiríkssonar. - jab



**VÉL FRÁ ICELANDAIR** Iceland Express og Icelandair tóku þátt í rannsókn á verðlagningu flugmiða. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI




# Sýrurnar éta glerunginn

**Vatn er ekki bara vatn. Sumir vatnsdrykkir eru hættulegir tannheilsunni, en aðrir skaðlausir með öllu. Neytendur kunna ekki alltaf að greina þar á milli.**

Gosdrykkjaframleiðendurnir Vífilfell og Ölgerðin hafa síðustu misseri sett á markað hverja nýjungina á fætur annarri til þess að svala þörf okkar fyrir svaladrykki.

Neytendur átta sig ekki alltaf á því að sumir bragðbættu vatnsdrykkirnir, svo sem Kristall plús og Eðaltoppur, eru með álíka mikið sýruinnihald og gosdrykkir og ávaxtasafar, sem þýðir að þeir geta valdið glerungseyðingu.

Fjallað var um þessi mál á ráðstefnunni Heilsan og innkaupakarfan, sem heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands efndi til í síðustu viku. Þar voru meðal annars kynntar nýjar rannsóknir á sýrustigi vatnsdrykkjanna.

Samkvæmt þeim rannsóknum er sýrustig nýju bragðbættu vatnsdrykkjanna yfirleitt á bilinu 2,5 til 3,5. Þetta er svipað og sýrustigið í öðrum gosdrykkjum, ávaxtasöfum, íþróttadrykkjum og orkudrykkjum.

„Það er synd að þessu sé stillt upp sem hollustudrykkjum,“ segir Inga B. Árnadóttir, forseti tannlæknadeildar Háskóla Íslands, sem hefur sérstaklega áhyggjur af tannheilsu barna og unglinga.

Gamla sódavatnið er hins vegar hættulaust, og sömu sögu er að segja um gamla Toppinn og Kristalinn, jafnvel þótt til dæmis epla- eða sítrónubragði sé bætt út í.

Andri Þór Guðmundsson, forstjóri Ölgerðarinnar, segir að Kristall plús og hinir bragðbættu vatnsdrykkirnir hafi verið sérstaklega þróaðir með hollustu í huga handa fólki sem vildi losa sig við sykurinn.

„Við bjuggum til þennan drykk sem millistig fyrir fólk sem fannst stökkið í Kristal kannski of stórt af því að það vantaði fyllingu í bragðið. Þessi drykkur er hannaður til að vera hollur í alla staði.“

Frá sjónarhóli tannverndar er það hins vegar sítrónusýran sem er varhugaverð, því þótt sykurinn vanti og viðbættu vítamínin séu holl veldur sýran glerungseyðingu.

„Við viljum fyrst og fremst benda fólki á að kynna sér innihaldið og gera sér grein fyrir því hvað efnin í þessum drykkjum geta gert,“ segir Hólmfríður Guðmundsdóttir, tannlæknir hjá Lýðheilsustöð.

Hún bendir einnig á að í raun sé drykkjumynstrið hættulegast, ekki endilega drykkirnir sjálfir.

„Þetta er mikið háð því hversu ört fólk er að drekka þetta. Það tekur munnvatnið 20-25 mínútur að hlutleysa sýrustigið í munninum, þannig að hættulegast er ef fólk er að súpa á flöskunum allan daginn á nokkurra mínútna fresti.“

gudsteinn@frettabladid.is


**HÓLMFRÍÐUR GUÐMUNDSDÓTTIR** Yfirverkefnisstjóri hjá Lýðheilsustöð hvetur fólk til að kynna sér innihald bragðbættu vatnsdrykkjanna. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**VARHUGAVERÐIR HOLLUSTUDRYKKIR** Þótt Kristall sport og Eðaltoppur séu meinhollir drykkir stafar tönnunum hætta af.



ÁRMANN ÞORVALDSSON
ÆVINTÝRA EYJAN
UPPGANGUR OG ENDALOK FJÁRMÁLAVELDIS
Einfaldlega skyldulesning fyrir Íslendinga
Steingrímur Sævarr Ólafsson – Pressunni
Áhugaverð og skemmtileg bók sem kom mér á óvart – heiðarleg og opinská
Kolbrún Bergþórsdóttir – Kiljunni
Fyndin bók og skyldulesning fyrir þá sem vilja hafa skoðanir á útrásinni
Mikael Torfason – Tvíhöfða
Góð bók – spennandi og einstaklega skýr. Mjög skemmtileg aflestrar
Michael Ridpath – breskur metsölu-rithöfundur
BÓKAFÉLAGIÐ

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er auðvelt skotmark.

## Skálkaskjólið

JÓN KALDAL SKRIFAR

Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er vinsælt skotmark þessa dagana. Helst er að skilja að þessi alþjóðlega stofnun sé stór hluti af þeim vanda sem þjóðin glímir við.

Gagnrýnin spannar allt sviðið, frá vinstri til hægri, enda liggur sjóðurinn vel við höggi. Saga hans hingað til er ekki beinlínis vörðuð glæsilegum sigrum og fáir eru til varnar.

Þeir sem vilja hins vegar gera sjóðinn að blóraböggli við núverandi aðstæður eru á miklum villigötum.

Efnahagsáætlunin sem var endurskoðuð og afgreidd í síðustu viku í Washington er höfundarverk þriggja stjórnmálaflokka. Ríkisstjórn Sjálfstæðisflokks og Samfylkingar lagði grunn að áætluninni síðastliðið haust og undir hana skrifuðu, fyrir hönd ríkisins, þáverandi fjármálaráðherra og þáverandi formaður bankastjórnar Seðlabankans, báðir meðlimir í Sjálfstæðisflokknum.

Þessa áætlun gerði Vinstrihreyfingin - grænt framboð að sinni þegar hún settist í ríkisstjórn fyrr á þessu ári. Að auki blessaði Framsóknarflokkurinn áætlunina með stuðningi sínum við minnihlutastjórn þeirra flokka sem náðu meirihluta í kosningum í vor.

Efnahagsáætlunin er sem sagt íslensk í húð og hár. Engu að síður er enn verið að blaðra um að þetta sé áætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og hamast á honum fyrir verk sem aðrir bera ábyrgð á.

Staðreyndir málsins eru þær að Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn er ein af þeim stoðum sem íslensk stjórnvöld hafa fengið til að styðja við efnahagsáætlun sína.

Ef Ísland kýs svo er hægt að kveðja sjóðinn og afþakka aðstoð hans strax í dag. Hvaða úrræði væru þá í boði er á huldu. Fyrrverandi og núverandi stjórnarandstæðingar töldu lausnina vera að finna í Noregi. Það reyndist mikill misskilningur. Norðmenn höfðu engan áhuga á að lána okkur nema í samfloti við aðrar þjóðir og Alþjóðagjaldeyrissjóðinn.

Skýringin á því áhugaleysi var ekki þrýstingur Breta og Hollendinga vegna Icesave, eins og hefur verið vinsæl söguskýring á drætti endurskoðunar efnahagsáætlunarinnar í Washington. Kristin Halvorsen, fjármálaráðherra Noregs, orðaði ástæðuna skorinort þegar hún sagði að Íslendingar yrðu að axla ábyrgð á þeirri frjálshyggjutilraun sem stjórnvöld hefðu ráðist í að gera.

Það hefur verið dapurlegt að fylgjast með því hversu margir hafa verið tilbúnir að hjóla í Alþjóðagjaldeyrissjóðinn. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa í þeim málflutningi skákað í skjóli ábyrgðarleysisins sem felst í því að vera ekki lengur við völd. Innan ríkisstjórnarflokkanna reyndist sjóðurinn aftur á móti hentug fjarvistarsönnun fyrir stjórnleysinu sem ríkti í þeirra röðum vegna Icesave-málsins.

Í báðum tilfellum er á ferðinni ákveðin tegund af afneitun á ábyrgð. Annars vegar á eigin gjörðum, hins vegar á því að stýra landinu.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Jón Kaldal *jk@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Hin áttin

Efnt hefur verið til „nýrrar“ Keflavíkurgöngu að undirlagi Einars Bárðarsonar ofurumba. Tilgangurinn er sá að vekja athygli á bágu atvinnuástandi á Suðurnesjum. Þótt gangan beri sama nafn og Keflavíkurgöngur þær sem herstöðvaandstæðingar þrömmuðu á árum áður, er hún öllu styttri að þessu sinni – gengið verður frá Vogum og að Kúagerði. Í kynningu á uppátækinu hefur hins vegar verið lögð á það all nokkur áhersla að í hinni nýju Keflavíkurgöngu verði gengið í „hina áttina“ ekki þá sem herstöðvarandstæðingar fóru. Hér hefði einhver þurft að dusta rykið af sögubókunum, því herstöðvarandstæðingar gengu ávallt frá Vellinum og til Reykjavíkur.



### Maraþonmaðurinn

Frumkvæði ofurumbans hefur þó þegar hvatt aðra til dáða, til dæmis hernaðarandstæðinginn Stefán Pálsson, sem hefur einsett sér að hlaupa maraþon. „Mér sýnist að skynsamleg lengd á þessu hlaupi mínu verði úr Norðurmýrinni meðfram Öskjuhlíð, niður í Nauthólsvík og til baka. Innblásturinn er fenginn frá fólkinu sem ætlar að ganga Keflavíkurgöngu um helgina – milli Vogaafleggjarans og Kúagerðis!“



### Ekkert einelti

Fréttablaðið greindi frá því í vikunni í að Gestur Guðjónsson, formaður kjördæmasambands Framsóknarflokksins í Reykjavík, hefði látið af trúnaðarstörfum fyrir flokkinn, af ótta við baktal og róg af hálfu stuðningsmanna Óskars Bergssonar.

Á fundi borgarráðs á þriðjudag var samþykkt tillaga um átak gegn einelti. Í hópi flutningsmanna var Óskar Bergsson.

**bergsteinn@frettabladid.is**

# Saga frá Suður-Afríku



ÞORVALDUR GYLFASON

**Í DAG** | Friður, sátt og sannleikur

Þegar Nelson Mandela var kjörinn forseti Suður-Afríku 1994, einsetti hann sér að stilla til friðar milli hvíta minni hlutans í landinu og svarta meiri hlutans. Að loknum sigri Afríska þjóðarráðsins (AÞR), flokks Mandela, í frjálsum kosningum 1994 hefði AÞR með 63 prósent atkvæða á bak við sig getað myndað sterka meirihlutastjórn. Mandela og félagar hans kusu heldur að rétta fram sáttahönd og mynda stjórn með Þjóðarflokknum, sem fékk 20 prósent atkvæða. Þjóðarflokkurinn hafði náð völdum 1948 fyrir tilstilli lítils nasistaflokks og hafði æ síðan stjórnað landinu með harðri hendi og hafði meira að segja haldið úti dauðasveitum og sigað þeim á andstæðinga sína úr AÞR auk margvíslegra annarra glæpa og mannréttindabrota. Mandela gerði Willy de Klerk, formann Þjóðarflokksins, að varaforseta sínum, en de Klerk hafði unnið sér það til ágætis að bola P. W. Botha, forhertum, óhefluðum og heilsulausum forseta landsins og flokksbróður sínum, frá völdum og tekið við stjórn landsins af honum. De Klerk hafði ennfremur tekizt að telja flokksmenn sína og hvíta minni hlutann (tíu prósent af mannfjöldanum) á nauðsyn þess að afnema lögbannið gegn AÞR, leysa Mandela og aðra pólitíska fanga úr haldi og semja við AÞR um nýja stjórnarskrá. Þannig gátu kosningarnar 1994 farið fram í friði og spekt. Þjóðarflokkurinn hvarf úr stjórninni 1996 og lognaðist út af.

### Máttur fyrirgefningarinnar

Fyrirgefningar- og sáttastefna Nelsons Mandela vakti deilur meðal samherja hans í AÞR. Þeim fannst sumum hann leggja meiri rækt við að halda hvítu illvirkjunum í Þjóðarflokknum góðum en við að rétta hlut svarta minni hlutans, sem hafði farið alls á mis af völdum minni hlutans. Mandela var á öðru máli líkt og erkibiskupinn í Höfðaborg, Desmond Tútú, sem hafði einnig háð harða baráttu gegn aðskilnaðarstefnunni. Þeir félagarnir litu svo á, að friður, sátt og traust milli kynþáttanna væru forsenda þess, að takast mætti að bæta þann skaða, sem aðskilnaðarstjórnin hafði valdið svarta meiri hlutanum, og byggja upp framgangsríkt og friðsælt samfélag. Ellegar myndi hvíti minni hlutinn hefja borgarastyrjöld. Mandela og Tútú höfnuðu kröfum um réttarhöld yfir meintum glæpamönnum líkt og í Nürnberg 1945-49, þar sem stríðsglæpamenn nasista voru margir dæmdir til dauða eða fangavistar. Einhliða réttlæti sigurvegarans tryggir hvorki iðrun né fyrirgefningu og ekki heldur uppgjör við liðna tíð. Mandela, Tútú og samherjar þeirra vildu heldur gera upp fortíðina með því að bjóða mönnum að játa sakir sínar fyrir sérstakri Sannleiks- og sáttanefnd gegn skilyrðislausri sakaruppgjöf. Síðan mætti höfða dómsmál gegn þeim, sem ekki þekktust boðið. Sannleikurinn væri engin trygging fyrir sáttum, en fullar sættir væru óhugsandi nema sannleikurinn væri leiddur í ljós. Án uppgjörs myndu sárin aldrei gróa.

### Sannleiks- og sáttanefndin

Þjóðarflokkurinn fordæmdi hugmyndina um sannleiks- og sáttanefnd og varaði við „nornaveiðum“. De Klerk og flokkur hans töldu, að nefndin myndi ýfa upp gömul sár og horfa fram hjá hryðjuverkum AÞR. Þeir mæltu með alhliða sakaruppgjöf. Innan AÞR heyrðust raddir um skaðabótakröfur á hendur hvíta minni hlutanum, sem hafði rakað saman auði í krafti aðskilnaðarstefnunnar. Mandela bauð málamiðlun: Sannleiks- og sáttnefndin myndi fjalla eingöngu um gróf mannréttindabrot, en ekki um rangsleitni aðskilnaðarstefnunnar að öðru leyti. Desmond Tútú var falið að stýra nefndinni. Í fyrstu virtist enginn ætla að gefa sig fram, og þá brast stíflan. Ein fimm manna dauðasveit ríkisstjórnarinnar steig fram og játaði á sig sextíu morð. Fleiri komu í kjölfarið. Nefndinni tókst að svipta hulunni af því, sem allir vissu: Dauðasveitirnar voru ekki einn og einn lögreglumaður, sem sást ekki fyrir og gekk of langt líkt og Þjóðarflokkurinn hélt fram, heldur voru þær meðvitaður og markviss hluti stjórnarstefnunnar eftir 1980. Þeir Þjóðarflokksmenn, sem þóttust ekki vita um ódæðisverkin eða vildu ekki vita um þau, urðu nú að horfast í augu við sannleikann. Það var kjarni málsins. Hlutverk nefndarinnar var öðrum þræði að tryggja, að vitnisburðirnir fyrir nefndinni rötuðu inn í kennslubækurnar og þjóðarsöguna. Það tókst.

Skömmu áður en nefndin skilaði skýrslu sinni 1998, sýndi hún textann nokkrum þeirra, sem helzt komu við sögu. Willy de Klerk og Thabo Mbeki, þá varaforseti landsins og síðan forseti 1999-2009, brugðust báðir ókvæða við og reyndu að fá Hæstarétt til að stöðva birtingu skýrslunnar. Hvað gerði Tútú? Frestaði hann útgáfu skýrslunnar? Nei, hann greindi blaðamönnum innan lands og utan frá viðbrögðum de Klerks og Mbekis og innsiglaði með því móti útgáfu skýrslunnar á tilskildum tíma.

# Hlutabréfamarkaður fyrir sprotafyrirtæki

**UMRÆÐAN**

Magnús Orri Schram skrifar um sprotafyrirtæki



MAGNÚS ORRI SCHRAM

Nýlega var lagt fram á Alþingi stjórnarfrumvarp sem veitir einstaklingum og fyrirtækjum skattafrádrátt frá tekjum vegna kaupa á hlutabréfum í sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum. Til að uppfylla skilyrði um nýsköpun þurfa fyrirtækin að fá vottun hjá Rannís um nýnæmi starfsemi þeirra. Frumvarpið leysir vonandi úr læðingi eitthvað af því fjármagni sem nú liggur í bankakerfinu og styrkt gæti vaxtarbrodda atvinnulífsins. Hér er að einhverju leyti verið að endurvekja gamla skattaafsláttinn til hlutabréfakaupa en beina honum þó eingöngu til nýsköpunarfyrirtækja. Einn hængur er hins vegar á – aðeins lítill hluti almennings þekkir til sprotafyrirtækjanna sem um ræðir og nauðsynlegt er að einhver ábyrgist fjárhagsupplýsingar þeirra.

En þar leynast sóknarfæri fyrir Kauphöllina. Mikilvægt er að Kauphöllin útbúi „hlutabréfamarkað“ ætlaðan fyrir minni nýsköpunarfyrirtæki. Þessi fyrirtæki eru lítil og geta ekki uppfyllt skilyrði til að gerast fullgildir meðlimir í Kauphöll. Með vottun frá Rannís og aðstoð frá Kauphöll væri hins vegar unnt að búa til sérstakan markað – þar sem mótaður væri miðlægur vettvangur fyrir almenning til að fjárfesta í hlutabréfum á nýjan leik og það í helstu vaxtarbroddunum í íslensku atvinnulífi. Um leið yrði okkar helstu vaxtarsprotum veitt tækifæri til að sækja sér langþrátt fjármagn til uppbyggingar.

*Höfundur er alþingismaður.*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**MENNING:** Páll Baldvin Baldvinsson fulltrúi ritstjóra *pbb@frettabladid.is* **VIÐSKIPTARITSTJÓRI:** Óli Kr. Ármannsson *olikr@markadurinn.is* **HELGAREFNI:** Anna Margrét Björnsson *amb@frettabladid.is* og Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



GOÐI

40% afsláttur

GRÍSAHRYGGUR
m/puru
**839** kr/kg
~~1.398 kr/kg~~

# *Frábær verð!*

GRÍSAKÓTELETTUR
hunangsgljáðar.
**1.199** kr/kg
~~1.998 kr/kg~~



40% afsláttur



37% afsláttur

GRÍSABÓGUR
sneiddur, frosinn
**440** kr/kg
~~699 kr/kg~~

GOÐI



30% afsláttur

KRYDDAÐ LAMBALÆRI
**1.399** kr/kg
~~1.998 kr/kg~~

KJÖTSEL

30% afsláttur



KJÖTSEL
BAYONNESKINKA
**1.329** kr/kg
~~1.898 kr/kg~~



EKTAFISKUR-RÉTTIR, FRYSTIVARA
plokkfiskur, ýsubollur og kjúklingasúpa
**598** kr/pk.



SPAR KAFFIPÚÐAR, 36 stk.
regular, dark roast og extra dark roast
**495** kr/pk.
~~589 kr/pk.~~

FÓTBOLTAMYNDIRNAR FÁST HJÁ OKKUR!





KEYPTU 2 stk. OG FÁÐU
MILDAN MORGUNSAFA FRÍTT

JARÐARBER, 200g
**199** kr/askjan
~~398 kr/askjan~~



50% afsláttur

www.markhonnun.is

Birt með fyrirvara um prentvillur

Tilboðin gilda 5. - 8. nóvember eða meðan birgðir endast

Skráðu þig á póstlistann á **www.netto.is**

Mjódd - Salavegi - Hverafold - Akureyri - Höfn - Grindavík - Reykjanesbær

nettó
*Ódýrt fyrir heimilið!*

# Samfélagið og skólinn

**UMRÆÐAN**
Oddný Sturludóttir skrifar um skólamál


ODDNÝ STURLUDÓTTIR

Gæði skólastarfs eru mælikvarði á gæði samfélags. Gott samfélag býr yfir góðum skólum. Skólum þar sem börn fá notið sinna styrkleika, þar sem þeim líður vel og ná færni og árangri í námi sínu. Skólum þar sem börn og unglingar þroska félagslega hæfileika sína og efla með sér lýðræðislega og gagnrýna hugsun. En skólinn er aldrei eyland og börn mótast ekki nema að litlu leyti í skólastofum. Skólinn er ávallt spegilmynd samfélagsins.

Í alþjóðlegum samanburði koma íslenskir grunnskólanemendur bæði vel og illa út. Við megum vera stolt af því hvað nemendum líður vel og hvað þeir telja umsjónarkennarann sinn sinna sér vel, það má lesa úr niðurstöðum PISA. En árangur fer þverrandi í mörgum fögum, m.a. lestri og náttúruvísindum. Það er verulegt áhyggjuefni. Stærsta áskorunin í stefnumótun menntamála er áhugaleysi nemenda en niðurstöður rannsókna segja okkur að mörgum íslenskum börnum leiðist í skólanum. Sýnt hefur verið fram á að áhugi ungra drengja á skólanámi dalar mjög mikið á fyrstu árum skólagöngunnar og mun meira en hjá drengjum í öðrum löndum.

**Hvað er til ráða?**
Áhugaleysi barna verður ekki til í skólastofunni, áhugaleysi barna á námi endurspeglast því miður í áhugaleysi samfélagsins. Það hefur viðgengist of lengi að um nám, starf kennarans og skóla almennt sé ekki talað af mikilli virðingu. Foreldrar eru auðlind í skólastarfi og skólarnir mega gera stórátak í að opna dyr sínar fyrir þessum helstu bandamönnum sínum. Margir foreldrar taka virkan þátt og eru sannir bandamenn skólanna en við foreldrar ættum öll sem eitt að gera stórátak í að taka það hlutverk okkar alvarlega. Hefur þú talað neikvætt um skóla barnsins þíns og starfið sem þar fer fram? Hefur þú talað neikvætt um kennara barnsins þíns svo barnið heyri eða tekið undir neikvætt tal barnsins í garð skólans eða kennarans? Slík skilaboð auka ekki virðingu og áhuga barna á námi. Rýnum til gagns og tökum þátt í skólastarfinu á uppbyggilegum nótum. Ekki er hægt að undanskilja þátt fjölmiðla hér; áhugaleysi samfélagsins á menntamálum endurspeglast kannski hvað gleggst í fátæklegri fjölmiðlaumfjöllun um menntamál. Þörf er á krefjandi skólapólitískri umræðu víðar en í háskólasamfélaginu.

**Bjart framundan**
Nú hafa orðið miklar breytingar á íslensku samfélagi og gjarnan spurt: Hvað höfum við lært af kreppunni? Margar breytinganna eru neikvæðar: atvinnuleysi, tekjutap og erfið skuldastaða heimilanna. Þessi veruleiki blasir við okkur í dag en í ofanálag hefur ójöfnuður á Íslandi aukist stórlega undanfarinn áratug. Hátekjufólki var hlíft við skattahækkunum en höggvið í lág- og millitekjufólk. Sú skuggalega þróun hefur valdið ójöfnuði og breikkað bilið milli ríkra og fátækra. Í samfélagi ójafnaðar fá sumir gæðamenntun – og aðrir ekki. Jöfnuður í íslensku skólakerfi er eitt hið dýrmætasta sem við eigum, og af þeirri braut megum við ekki snúa.

En jákvæðar breytingar eru margar. Nýleg og vönduð rannsókn sýnir fram á að börnum og unglingum líður betur í kreppunni, neysla vímugjafa dregst sífellt saman, bóklestur eykst og margt bendir til þess að árangur í ýmsum námsgreinum, m.a. læsi, sé að aukast. Foreldrar taka ríkari þátt í skólastarfi og hafa rýmri tíma. Neysluhyggjan er á undanhaldi, eftirsókn eftir vindi minnkar.

**Lærum við af reynslunni?**
Mun okkur takast að byggja upp samfélag sem setur menntun og menningaruppeldi á oddinn, virðir gildi samstöðu og samhjálpar og styður við mikilvægustu stofnanir samfélagsins, skólana? Sjaldan er sú góða vísa of oft kveðin að ein sterkasta vísbendingin um árangur og líðan barna í skólum er áhugi og viðhorf foreldra til skólastarfsins, sem og gæði samverustunda barna og foreldra. Velferð barna er sameiginlegt verkefni fjölskyldna og skóla. Einungis í sameiningu getum við breytt samfélaginu til hins betra. Einungis í sameiningu getum við skapað börnunum okkar framúrskarandi menntun sem eykur alhliða árangur þeirra og gerir þau að hamingjusömum og sterkum manneskjum. Þegar kreppunni lýkur og við spyrjum hvert annað hvað við lærðum vona ég að við getum sagt með stolti að við settum börnin í forgang og að þau verði full sjálfstrausts og vel menntuð fyrir þá framtíð sem bíður þeirra.

*Höfundur er borgarfulltrúi.*

# Er plús mínus?

**UMRÆÐAN**
Þórólfur Matthíasson skrifar um lántökukostnað


ÞÓRÓLFUR MATTHÍASSON

Margt skrítið hefur verið sagt um lán og lántökukostnað síðustu mánuðina. Sumir þeirra sem taka þátt í opinberri umræðu um þau mál virðast hafa þann tilgang helstan að rugla fólk í ríminu og koma af stað misskilningi. Nú síðast er ruglað saman verðinu sem greitt er fyrir þjónustu lánastofnana og magni þeirrar þjónustu sem seld er.

Skoðum það á eftir, en skoðum fyrst viðskipti Arnars og Birgis við leigusala.

Gefum okkur að Arnar leigi 100 fm íbúð í eitt ár en Birgir leigi jafn stóra íbúð í 10 ár. Báðir borga 50 þúsund krónur í leigu á mánuði. Heildarleigugjald Arnars verður 600 þúsund krónur, heildarleigugjald Birgis verður 6 milljónir króna. Allt er það eðlilegt og engum dytti í hug að saka leigusalann um að vera dýrseldari á þjónustuna við Birgi en Arnar.

Gefum okkur að Anna og Birna taki báðar 1 milljónar króna óverðtryggt lán. Vextir eru 5% og greiðist árlega eftirá. Höfuðstóll greiðist í einu lagi í lok lánstímans (svona lán eru stundum kölluð kúlulán).

Lán Önnu er til 1 árs og lán Birnu er til 10 ára. Við lok fyrsta ársins greiðir Anna 50 þúsund krónur í vexti og höfuðstólinn til baka, samtals 1.050.000 krónur. Birna greiðir 50.000 krónur og síðan 50.000 krónur um hver áramót. Að 10 árum liðnum greiðir hún 50.000 krónur í vexti auk höfuðstólsins. Samtals hefur Birna fengið 1 milljón og greitt 1,5 milljónir meðan Anna hefur fengið 1 milljón og greitt 1 milljón og 50 þúsund krónur. Er þá ekki lán Birnu 10 sinnum dýrara en lán Önnu? Svarið er nei. Þann tíma sem þær nutu sömu þjónustu hjá lánveitanda sínum greiddu þær nákvæmlega sömu upphæð fyrir þá þjónustu, 50 þúsund krónur fyrir að hafa 1 milljón króna að láni í eitt ár. Það að Birna ákvað að kaupa þjónustuna 9 árum lengur en Anna breytir nákvæmlega engu um þá staðreynd. Að þessu leytinu til er enginn munur á því að leigja íbúð og að leigja peninga. Í báðum tilvikum ræðst upphæð heildargreiðslunnar af mánaðarleigunni og lengd leigutímans, eins og eðlilegt er.

Í kjölfar bankahruns og samdráttar í atvinnu standa nú margir einstaklingar og mörg heimili í þeim sporum að eiga í erfiðleikum með að greiða lán sín niður jafn hratt og áætlað var þegar lánin voru upphaflega tekin. Þessum aðilum stendur nú til boða að breyta lánum sínum. Í raun er verið að bjóða þeim að kaupa meiri þjónustu á óbreyttum kjörum. Er það hagstætt eða óhagstætt? Það fer eftir því hvaða aðra möguleika viðkomandi lánþegi hefur. Ef hann getur fengið ódýrara fjármagn annars staðar á hann að sjálfsögðu að notfæra sér það. Ef aðrir lántökumöguleikar eru dýrari er hagstætt að að taka greiðslujöfnunartilboði stjórnvalda. Þeir sem eru í vafa um hvað sé þeim hagstæðast ættu að leita ráða hjá fagfólki, verkalýðsfélögum, lífeyrissjóðum, Íbúðalánasjóði eða Ráðgjafastöð heimilanna. Lánþegar sem eiga í greiðsluvanda ættu ekki að leita ráða hjá lýðskrumurum og hálfpólitískum lukkuriddurum. Þeir virðast vilja fá sem flesta með sér fram af hengifluginu.

*Höfundur er prófessor í hagfræði við Háskóla Íslands.*




# Hópþrýstingur er einelti

**UMRÆÐAN**
Guðrún Snorradóttir skrifar um einelti


GUÐRÚN SNORRADÓTTIR

Bestu ár lífsins eru í framhaldsskóla. Þetta hafa margir heyrt og það er oftast mikil tilhlökkun að loknum grunnskóla að hefja nám í nýjum skóla og komast á næsta skólastig. Ábyrgðin eykst og horft er til nýrra viðfangsefna og nýrra ævintýra. Það á líka að vera gleðiefni að takast á við nám sem viðkomandi hefur sjálfur valið sér. Félagslíf framhaldsskóla er gjarnan sveipað miklum ljóma og hefur oft áhrif á val nemenda um skóla. Ungt fólk hefur mikla þörf fyrir að koma saman og skemmta sér og á að eiga kost á góðu og heilbrigðu félagslífi.

Í framhaldsskólum er stærsti hluti nemenda undir lögaldri varðandi áfengisnotkun. Það þarf að ná tvítugsaldri til að mega kaupa og nota áfengi. Félagslíf í framhaldsskólum ætti því að vera án allra vímuefna en er því miður ekki svo. Þeir sem hefja nám í framhaldsskólum og foreldrar þeirra eru oft á tíðum grunlausir um þá drykkju sem fram fer hjá framhaldskólanemendum. Nemendur verða fyrir hópþrýstingi án þess að gera sér grein fyrir því. Þessi hópþrýstingur er ekkert annað en einelti. Þeir sem vilja skemmta sér án áfengis fá ekki frið til þess. Þessi tegund eineltis hefur ekki verið í umræðunni.

Það er ekki af innri þörf sem nemendur á fyrsta ári í framhaldsskóla byrja að drekka. Það er vegna þess að þeir hafa heyrt það frá eldri ungmennum að þeir eigi að byrja að drekka á þessum aldri og séu jafnvel skrítnir ef þeir drekka ekki. Þeir verða fyrir einelti. Því miður eru sumir foreldrar á þessari skoðun líka og kaupa jafnvel áfengi fyrir börn sín.

Með hátterni okkar fullorðnu erum við að taka þátt í þessum hópþrýstingi án þess kannski að átta okkur á því. Við fullorðna fólkið verðum að hætta að taka þátt í eineltinu. Eineltinu að styðja hópþrýsting og þröngva þannig fjölda ungmenna til að hefja notkun áfengis löngu áður en þau hafa löngun og leyfi til. Það er nefnilega hópur ungmenna sem vill skemmta sér án áfengis en fer í felur.

Við eigum með öllu að tryggja réttindi þeirra sem vilja skemmta sér án áfengis á þeim aldri sem þeim er ætlað að vera án áfengis. Það á að vera svo sjálfsagt að fylgja lögum varðandi notkun áfengis að við eigum að vera hissa ef einhver brýtur lögin en ekki ef einhver heldur þau. Við þurfum að sameinast um það viðhorf og þá ákvörðun að fylgja eftir þeim lögum og reglum sem við höfum sjálf sett okkur. Að standa saman og senda sömu skilaboð er það sem skiptir máli. Með því gefum við ungu fólki frelsi til að vera án áfengis, tóbaks og annarra vímugjafa. Það er okkar, hinna fullorðnu, að létta af unga fólkinu þeim hópþrýstingi að eiga að drekka áður en það hefur aldur til.

Unglingar vilja vera án áfengis, þeir vilja lífsgæði, leyfum þeim það, sýnum þeim stuðning og kennum þeim að skemmta sér á heilbrigðan hátt.

*Höfundur er landsfulltrúi UMFÍ.*


Hreint og klárt,
gott verð fyrir alla - alltaf
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
LILA salerni með setu
14.800
Innbyggður kassi kr. 12.450
VEMAR blöndunartæki
4.890
VEMAR eldhús blöndunartæki
6.990
Sturtuhorn 80 x 80 cm
24.800
VEMAR eldhúskrani
4.890
VitrA vegghengt salerni með hæglokandi Omiks setu
25.800
VEMAR blöndunartæki há, í borð
11.900
Gólfsalerni með stút í vegg
24.900
Seta innifalin í verði
Uppselt! Kemur í næstu viku!
AE sturtusett (handtæki og barki ekki innifalin)
27.890
OVA handlaug 35x45 cm
3.900
VEMAR blöndunartæki
8.490
LAILA handlaug á borð
9.900
20 cm sturtuhausar
6.995
Sturtuhaus, barki og festing
3.490
FULYA handlaug 55 cm
5.900
Postulínshlíf yfir tengingar kr. 2.590,-
LAILA handlaug 55 cm
4.900
Sturtuhaus, barki og stöng
4.900
Við auglýsum ekki verð frá..
Reykjavík Klettháls 7. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 9-16
Suðurnes Fuglavík 18. Opið virka daga kl. 8-18
Akureyri Furuvellir 15. Opið virka daga kl. 8-18, laugard. 10-14
Húsavík Garðarsbraut 50.
Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN
MÚRBÚÐIN
– Afslátt eða gott verð?
Sími 412 2500 - sala@murbudin.is - www.murbudin.is
Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarksverði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!

# Heildartök á stjórn efnahagsmála

**UMRÆÐAN**
Jóhanna Sigurðardóttir skrifar um efnahagsmál

Nýtt skipurit forsætisráðuneytisins öðlaðist gildi þann 1. október síðastliðinn. Við endurskipulagninguna var m.a. litið til annarra Norðurlanda og þá einkum Danmerkur. Í forsætisráðuneytum í Noregi, Svíþjóð, Finnlandi og Danmörku eru ekki sérstakar efnahagsskrifstofur og efnahagsmál eru ekki skilgreind sérstaklega á ábyrgðarsviði forsætisráðherra í þessum löndum.

Finnski sérfræðingurinn Karlo Jännäri gagnrýndi í ítarlegri skýrslu sinni til íslenskra stjórnvalda að efnahagsmál heyrðu undir of marga aðila hér á landi. Hann lagði til að efnahagsmál yrðu færð undir eitt ráðuneyti. Niðurstaðan varð að færa það hlutverk til eflds viðskiptaráðuneytis sem ber nú heitið efnahags- og viðskiptaráðuneyti. Með þeirri breytingu gefst tækifæri til þess að endurskipuleggja starfsemi allra sem áður fjölluðu um efnahagsmál á vettvangi ríkisins. Í fámennri og smárri stjórnsýslu er afar mikilvægt að samræma þessi verkefni. Efnahagsskrifstofa forsætisráðuneytisins og efnahagsskrifstofa fjármálaráðuneytisins hafa verið sameinaðar í efnahags- og viðskiptaráðuneytinu og Seðlabankinn, Hagstofan og Fjármálaeftirlitið heyra nú undir efnahags- og viðskiptaráðherrann. Áður var ábyrgð efnahagsmála dreifð á þrjá ráðherra og það gafst því miður ekki vel.


JÓHANNA SIGURÐARDÓTTIR

**Efnahagsmál forgangsmál**

Forsætisráðuneytið mun fyrst og fremst sinna forystu- og samræmingarhlutverki innan stjórnarráðsins í heild sinni samkvæmt nýju skipulagi og verkstjórnarhlutverk þess verður eflt umtalsvert. Umfjöllun um efnahagsmál, stöðu mála og eftirfylgni verður meðal forgangsmála innan forsætisráðuneytisins. Í samræmi við það er í nýju skipulagi forsætisráðuneytisins sett á fót ráðherranefnd um efnahagsmál og samskipti við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og gildandi efnahagsáætlun, undir forystu forsætisráðherra. Nefndin starfar samkvæmt sérstökum reglum og hittist á vikulegum fundum og fer yfir stöðu helstu verkefna á sviði efnahagsmála. Í nefndinni eru forsætisráðherra, fjármálaráðherra og efnahags- og viðskiptaráðherra. Nefndin kallar eftir atvikum á sinn fund aðra ráðherra og hagsmunaaðila, s.s. Samband íslenskra sveitarfélaga, aðila vinnumarkaðarins og fulltrúa viðskiptalífsins.

**Fjórar nýjar ráðherranefndir**

Auk ráðherranefndar um efnahagsmál hafa verið settar á fót í forsætisráðuneytinu ráðherranefndir um ríkisfjármál, Evrópumál og jafnréttismál. Skipulag þessara nefnda er aðgengilegt á heimasíðu forsætisráðuneytisins http://www.forsaetisraduneyti.is/raduneyti/skipurit/ og munu þær starfa samkvæmt formföstu skipulagi og á föstum fundum á sama hátt og ríkisstjórnin. Forsætisráðherra mun þannig hafa glögga yfirsýn og áhrif á þessum veigamiklu málefnasviðum og jafnframt nýta í hverju máli fagþekkingu sem liggur í einstökum ráðuneytum og stofnunum þeirra. Þannig eflist þekking og starfsemi fyrst og fremst á hverju fagsviði fyrir sig en ekki á sérstakri fámennri einingu innan forsætisráðuneytisins. Með þessu nýja skipulagi er jafnframt m.a. mætt gagnrýni í nýútkominni greinargerð starfsmanna Alþjóðagjaldeyrissjóðsins þar sem smæð íslenskra stofnana er gagnrýnd.

**Bætt úr ágöllum**

Ísland hefur allt frá um 1980 verið í hópi hagsælustu þjóða heims og efnisleg lífsgæði verið mikil. Efnislegum gæðum var þó misskipt og fór misskiptingin ört vaxandi í löngum aðdraganda banka- og gjaldeyriskreppunnar haustið 2008 þegar hugmyndum nýfrjálshyggjunnar var sleppt lausum af helmingaskiptastjórn Sjálfstæðisflokks og Framsóknarflokks. Hluti hinna efnislegu gæða var fjármagnaður með lánsfé og viðskiptahalli þjóðarbúsins var svo mikill og langvarandi að harðri lendingu efnahagslífsins hafði verið spáð um árabil. Það er því ekki að ófyrirsynju sem „útrásartíminn“ svokallaði hefur fremur verið kenndur við óráðsíu en raunverulega hagsæld eins og bent er á í Íslandi 2009, stöðuskýrslu Félagsvísindastofnunar og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands. Þjóðin geldur nú fyrir þróun undanfarinna ára með viðamiklum bakreikningum. Um það verður ekki deilt að margt brást hér í stjórn efnahagsmála á löngum tíma í aðdraganda hrunsins. Ástæður þess má meðal annars rekja til þess að of margir aðilar voru að fást við stjórn þeirra án þess að heildarábyrgð væri ljós. Nú hefur verið bætt úr því og mótaður grundvöllur til þess að ná heildartökum á stjórn efnahagsmála innan stjórnarráðsins og stjórnsýslunnar. Almenningur á heimtingu á því.

*Höfundur er forsætisráðherra.*

# Skoðanabann, tjáningarbann og hlustunarbann?

**UMRÆÐAN**
Vilhjálmur Egilsson skrifar um atvinnumál

Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands hafa að undanförnu fengið á sig mikla áróðursherferð. Gert er mikið úr því að þessir aðilar vinnumarkaðarins séu ekki kjörnir á Alþingi og eigi því ekki að skipta sér af störfum ríkisstjórnarinnar og Alþingis. Þessi áróðursherferð tengist sérstaklega andstöðu Samtaka atvinnulífsins við áætlanir um nýja séríslenska skatta, orku-, umhverfis- og auðlindagjöld, sem hafa sett fjárfestingaráform í orkufrekri atvinnustarfsemi í uppnám.


VILHJÁLMUR EGILSSON

Nú hefur ríkisstjórnin sett fram fjárlagafrumvarp og helstu forsendur þess eru m.a. að fjárfestingar í álverunum í Straumsvík og Helguvík og tilheyrandi virkjana- og línuframkvæmdir fari í fullan gang. Ennfremur hangir uppbygging gagnavera og annarrar orkufrekrar starfsemi, s.s. sólarkísilframleiðslu, á því að uppbygging orkuframleiðslu og orkudreifingar stöðvist ekki.

Verði ekkert af þessum stóru fjárfestingum í atvinnulífinu verður ekki einungis mun meira atvinnuleysi en nú er miðað við, þúsundir fá ekki vinnu og mörg fyrirtæki lognast útaf, heldur dregst landsframleiðslan aftur verulega saman og tekjuöflun ríkisins sömuleiðis. Það er ávísun á ennþá meiri skattahækkanir og frekari niðurskurð.

Samtök atvinnulífsins eru hvorki í ríkisstjórn né á Alþingi heldur eru þau langstærstu samtök fyrirtækja í landinu, smárra sem stórra. Hlutverk SA er að gera kjarasamninga við verkalýðsfélögin og vinna að bættum starfsskilyrðum alls atvinnulífsins. Við gerð kjarasamninga koma starfsskilyrði atvinnulífsins óhjákvæmilega til umfjöllunar því að þau marka þann grunn sem launahækkanir til starfsfólks fyrirtækja hvíla á.

Hingað til hefur það verið talið jákvætt að ríkisstjórnir eigi gott samstarf við Samtök atvinnulífsins, Alþýðusamband Íslands og aðra hlutaðeigandi vegna þeirra breytinga sem eru á döfinni vegna starfsskilyrða fyrirtækja og hags fólksins í landinu. Venjulega hafa ríkisstjórnir talið sig hafa þau sameiginlegu markmið með aðilum vinnumarkaðarins að bæta starfsskilyrði fyrirtækja og möguleika þeirra til að skapa ný störf og hækka laun.

Áróðursherferðin núna gegn bæði Samtökum atvinnulífsins og Alþýðusambandi Íslands gengur hins vegar út á að andstaða gegn óskynsamlegum skattahækkunum sem koma í veg fyrir fjárfestingar og aukna atvinnu sé ólýðræðisleg og sérstök þjónkun við tiltekin fyrirtæki. Samt er ljóst að stóraukið atvinnuleysi, gjaldþrot fyrirtækja og frekari skattahækkanir munu bitna á öllum almenningi og öllum fyrirtækjum.

Þau stórfyrirtæki sem hætta við að fjárfesta á Íslandi hafa nóg tækifæri annars staðar í heiminum. Reyndar er samkeppni um að fá þessi fyrirtæki til annarra landa en Íslands. Þau þurfa ekkert á Íslandi að halda vegna sinnar starfsemi eða vaxtar. Ef ríkisstjórnin fælir þau frá með sköttum sem eru gegn anda eða bókstaf þeirra fjárfestingarsamninga sem gerðir hafa verið við þau verður framtíðaruppbygging þessara fyrirtækja í öðrum löndum og seglin verða dregin saman hér á landi.

Samtök atvinnulífsins hafa þá skyldu gagnvart öllum fyrirtækjum á Íslandi að benda á skaðsemi þess að fæla burt erlenda fjárfesta og hafa atvinnu af fólki og verkefni af fyrirtækjum.

Þess vegna andmæla Samtök atvinnulífsins þeim áróðri að þau eigi að fara í skoðanabann og tjáningarbann í þessu máli.

En ætlar ríkisstjórnin að fallast á að fara í hlustunarbann vegna þessa máls?

*Höfundur er framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.*

# Nýsköpun varðar veginn

**UMRÆÐAN**
Steingrímur J. Sigfússon skrifar um nýsköpun


STEINGRÍMUR J. SIGFÚSSON

Efnahagshrunið hefur með heldur óþægilegum hætti kennt okkur mikilvægi þess að marka og framfylgja efnahagsstefnu til lengri tíma. Auk þess að sporna við óhóflegum lántökum, halda verðbólgu í skefjum, viðhalda stöðugum gjaldmiðli og lágum vöxtum þarf slík stefna að stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi. Þannig eykst sveigjanleiki hagkerfisins og auðveldara verður að bæta þann skaða sem orðið hefur sem og að bregðast við þeim áföllum sem kunna að skella á okkur í framtíðinni.

Veturinn fram undan verður erfiður en þegar horft er lengra fram veginn er ljóst að þar liggja mörg tækifæri sem geta, ef þau eru nýtt á réttan hátt, stuðlað að sterkara og sjálfbæru hagkerfi. Þrátt fyrir að mikil áhersla sé nú á stórframkvæmdir í umræðu um efnahags- og atvinnuuppbyggingu er ljóst að til lengri tíma litið skipta aðrir hlutir meira máli.

Það er almennt viðurkennt á meðal hagfræðinga að nýsköpun skiptir sköpum þegar kemur að því að auka velferð almennings, fjölga störfum og auka samkeppnishæfni landa. Í samstarfsyfirlýsingu ríkisstjórnarinnar er lögð áhersla á uppbyggingu fjölbreytts atvinnulífs og þar er nýsköpun lykilatriði. Þannig sýna kannanir að vel helmingur af samanlagðri þjóðarframleiðslu Evrópulanda kemur frá litlum og meðalstórum fyrirtækjum. Allt að 70% nýrra starfa í hinu almenna atvinnulífi verða til í nýjum smáfyrirtækjum eða litlum eða meðalstórum fyrirtækjum í vexti.

Til þess að nýsköpun geti þrifist og dafnað þarf að skapa þeim sem að henni starfa góð skilyrði. Í þeim tilgangi hafa nú verið lögð fram frumvörp á Alþingi sem ætlað er að bæta starfsumhverfi sprota- og nýsköpunarfyrirtækja. Frumvörpin fela í sér lagalega umgjörð um nýsköpunarstarfsemi og breytingu á skattalegum atriðum til að skapa hvata fyrir nýsköpun og þróun í bæði nýjum og rótgrónum fyrirtækjum. Vonir standa til að af leiði umtalsverð fjölgun starfa við rannsóknir og þróunarstarf innan íslenskra fyrirtækja.

Allir þeir er þekkja til nýsköpunar og frumkvöðlastarfsemi vita að ótal hindranir eru í vegi fyrir því að árangur náist jafnvel þó að sú hugmynd sem lagt er af stað með líti vænlega út. Það er einlæg von mín að með þessum aðgerðum sé ríkisstjórn og Alþingi að koma þannig til móts við frumkvöðlastarfsemi að verulegur árangur náist. Ef vel tekst til mun kraftmikil nýsköpun varða veginn við endurreisn íslensks efnahagslífs og leggja grunn að fjölgun starfa og stöðugu og framsæknu hagkerfi til langrar framtíðar. Oft var þörf en nú er nauðsyn.

*Höfundur er fjármálaráðherra.*





66 rósir á ári fyrir Aukakrónur

Þú getur keypt ilmandi rauða rós á sex daga fresti hjá **Blómaverkstæði Binna, Blómalist eða Sjafnarblómum Selfossi** fyrir Aukakrónurnar sem safnast þegar þú notar A-kortið þitt – eða eitthvað annað sem þig langar í hjá samstarfsaðilum Aukakróna.*

Sæktu um A-kort á **www.aukakronur.is**

AUKAKRÓNUR | landsbankinn.is | 410 4000

Landsbankinn

* M.v. 150 þúsund kr. innlenda veltu á mánuði, þ.a. 1/3 hjá samstarfsaðilum. / Sjá nánar á www.aukakronur.is.

NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-2080. ENNEMM / SÍA / NM39316

# Vinsælustu heimilistækin á frábæru verði

OPIÐ til 20 alla daga

Öll raftæki fást í Smáralind, minna úrval í öðrum verslunum

Dantax



**Dantax ferðatæki** RR303RAUTT
- Ferðatæki með útvarpi og geislaspilara
- FM/AM útvarp
- Topp CD spilari
- 2 hátalarar
- Loftnet

7.990kr FRÁBÆRT VERÐ

KYNNINGARVERÐ 19.990kr
Verð áður 22.990



**Wassermaxx sódavatnstæki**
WassermaxxST
- Einfalt í notkun
- Bæði 1L og 0.5L flöskur fylgja
- Hægt að fá bragðefni
- Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
- Litur: Stál

KYNNING
í Skeifunni föstudag kl. 15
í Smáralind laugardag kl. 13

KYNNINGARVERÐ 14.990kr
Verð áður 19.990



**Wassermaxx sódavatnstæki**
WassermaxxHV
- Einfalt í notkun
- Fylgir með bæði 1L og 0.5L flöskur
- Hægt að fá bragðefni
- Kolsýruhylki dugar fyrir allt að 60L
- Litur: Hvítt

Ariete



**Ariete pizzaofn** DC090300AR0
- Flottur 1000w pizzaofn með snúnings platta
- Steinplatti sem gefur betri hitun og bragð
- Má líka nota til að hita upp
- Tíma- og hitastillingar
- Hægt að fylgjast með í gegnum glugga á lokinu

17.990kr FRÁBÆRT VERÐ

Ariete



**Ariete heilsugrill** DC191100AR0
- 1000w heilsugrill
- Hitastillir
- Ljós lýsir þegar grillið er orðið heitt
- Efri hlutinn aðlagast í hæðina
- Non-Stick - Auðvelt í þrifum

9.990kr FRÁBÆRT VERÐ

exido



**Exido brauðrist** 243032
- 950w
- Hólf fyrir 2 sneiðar
- 7 hitastillingar
- Endurhitun og afþýðing
- Mylsnubakki

4.990kr FRÁBÆRT VERÐ

Melissa



**Melissa hárblásari**
635100
- Hárblásari 2200w
- 2 hraða- og 3 hitastillingar
- Cool shot (kaldur blástur)
- Með Ionization: hindrar rafmagnað hár og þurrkar hraðar hárið
- Ofhitavörn
- 2 fylgihlutir air concentrator og diffuser

3.490kr FRÁBÆRT VERÐ

Melissa



**Melissa hárklippur**
638147
- Öflugar hárklippur
- Riðfrítt stálblað
- Skæri, greiða, hreinsibursti og olía fylgja
- Þrír kampar fylgja fyrir mismunandi lengdir: 6mm, 9mm og 13mm

3.990kr FRÁBÆRT VERÐ

Melissa



**Melissa sléttujárn** 635107
- Svartar keramík plötur
- Betri hitadreifni
- PTC Heater - Fljótt að hitna
- Hámarkshiti: 200°C

2.490kr FRÁBÆRT VERÐ

Gildir til 12. nóvember eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Vísar Lenín leiðina?

**UMRÆÐAN**

Höskuldur Þórhallsson skrifar um stóriðju



HÖSKULDUR ÞÓRHALLSSON

Í umræðunni að undanförnu hafa málefni stóriðjunnar komið mjög við sögu og þjóðhagsleg þýðing hennar fyrir samfélagið. Stóriðjufyrirtækin eru fjögur hér á landi, Alcan í Straumsvík, Elkem á Grundartanga, Fjarðaál við Reyðarfjörð og Norðurál á Grundartanga. Ekki þarf að deila um það að stóriðjan er mikilvæg og varanleg kjölfesta í atvinnu- og efnahagslífi þjóðarinnar, hún skapar bæði fjölmörg og vel launuð störf og gríðarmiklar útflutningstekjur. Fyrirtækin eru langstærstu og stöðugustu kaupendur raforku og kringum þau hefur byggst upp annar iðnaður um allt land.

Í öllum tilvikum hefur stóriðjan glætt atvinnulíf í nærsamfélagi sínu og stækkað atvinnusvæðin. Samkvæmt skýrslu Hagfræðistofnunar HÍ frá því í sumar og vistuð er á Netinu, hefur t.d. íbúum á Vesturlandi fjölgað um 25 prósent frá árinu 1977 er uppbygging hófst með járnblendiverksmiðjunni á Grundartanga. Síðan hefur álver bæst við. Samkvæmt sömu skýrslu voru íbúar á Austurlandi árið 2003 ríflega 12 þúsund. Þeim hefur fjölgað um rúmlega 1.300 vegna áhrifa af starfsemi Fjarðaáls.

### 40% útflutningstekna

Á Íslandi eru framleidd um tvö prósent þess áls sem framleitt er í heiminum. Hlutur áliðnaðarins af verðmæti vöruútflutnings frá landinu var um 40 prósent 2008 og um 29 prósent af heildarútflutningstekjunum, sem er ívið meira en verðmæti sjávarafurða. Í nýrri skýrslu OECD um íslensk efnahagsmál er gert ráð fyrir að hagvöxtur taki smám saman við sér 2010, enda sé þá gert ráð fyrir að veruleg stóriðjuáform komist í gang, eins og segir í skýrslunni. Með öðrum orðum: stórframkvæmdirnar eru að mati Efnahags- og framfarastofnunarinnar meðal forsenda þess að hér verði hagvöxtur á ný.

*Fyrirtækin í landinu eru því forsenda þess að kreppunni ljúki. Því sætir andúð þingmanna Samfylkingar og Vinstri grænna í garð atvinnulífsins, einkum stóriðjunnar, mikilli furðu.*

### Eftirsótt vel launuð störf

Íslensku álverin hafa alla tíð greitt starfsfólki sínu almennt hærri laun en kveðið er á um í almennum kjarasamningum enda eru þau og hafa alltaf verið eftirsóttir vinnustaðir með litla starfsmannaveltu. Í skýrslu Hagfræðistofnunar kemur fram að meðallaun á landinu öllu árið 2005 voru tæpar þrjár milljónir króna. Á sama tíma voru þau á bilinu fjórar til 4,5 milljónir króna, eða 33-50 prósentum hærri í áliðnaði. Meðallaunin eru samkvæmt Hagfræðistofnun svipuð og að meðaltali hjá þeim sem starfa við fiskveiðar eða í veitustarfsemi. Aðeins fjármálaþjónustan greiddi hærri meðallaun en álverin árið 2005 eða 5,1 milljón króna og það var nota bene fyrir hrun. Laun í fjármálaþjónustu hafa lækkað síðan. Að teknu tilliti til ýmissa áhrifaþátta segir Hagfræðistofnun að gera megi ráð fyrir að starfsfólk álveranna hafi að jafnaði 20 til 40 prósent hærri laun en það gæti haft annars staðar.

### Þúsundir starfa

Fram hefur komið að á álverslóðinni við Reyðarfjörð starfa um 700 manns, 450 hjá álverinu sjálfu og aðrir 250 í fullu starfi á vegum ýmissa verktaka, en alls starfa hjá stóriðjufyrirtækjunum fjórum, beint og óbeint, um tvö þúsund manns. Þá eru ótalin störf þeirra aðila sem hafa fulla atvinnu beinlínis vegna starfsemi fyrirtækjanna. Hagfræðistofnun segir að alls megi áætla að kaup álfyrirtækjanna þriggja á innlendri vöru og þjónustu árið 2008 hafi numið um 25 milljörðum króna, innlendar launagreiðslur um 10 milljörðum króna og opinber gjöld til ríkis og sveitarfélaga um 2,5 milljörðum króna.

### Álver á Bakka

Mikill meirihluti íbúa í Þingeyjarsýslum og á Norðurlandi áttar sig á þessum tölum og bláköldum veruleikanum. Það er fyrst og fremst hans vegna sem vonir eru bundnir við álver á Bakka við Húsavík. Þar með nýttist líka sú umhverfisvæna orka sem er til staðar í héraðinu og nýta má til að skapa meira en eitt þúsund störf. Slíkt myndi glæða atvinnulífið á öllu Norðurlandi. Heimamenn hafa skoðað fjölda annarra kosta og velt við mörgum steinum. Álver var niðurstaðan og stjórnvöldum ber að aðstoða við þá atvinnuuppbyggingu sem hagkvæmust er fyrir héraðið í stað þess að leggja steina í götu heimamanna. Að sama skapi mættu aðilar vinnumarkaðarins ásamt samtökum atvinnulífs og iðnaðar aðstoða í baráttunni af meiri krafti.

### Stöndum vörð um grunnstoðirnar

Íslenska þjóðin stendur frammi fyrir miklum vanda. Ekkert verður henni til bjargar nema að hér fái þrifist öflug atvinnustarfsemi sem skapar tekjur til að standa straum af okkar dýrmæta velferðarkerfi. Fyrirtækin í landinu eru því forsenda þess að kreppunni ljúki. Því sætir andúð þingmanna Samfylkingar og Vinstri grænna í garð atvinnulífsins, einkum stóriðjunnar, mikilli furðu. Gamalkunn slagorð frá byrjun síðustu aldar virðast hafa gengið í endurnýjun lífdaga því nú eru þeir, sem vilja flýta fyrir lokum þjóðarkreppunnar með því að treysta grunn atvinnulífsins, sakaðir um að gæta einungis hagsmuna stórfyrirtækjanna, „fjármagnsins og auðvaldsins“ gegn hagsmunum þjóðarinnar. Lenín hljómar í eyrum á ný. Okkur sem viljum standa vörð um hið norræna velferðarkerfi sem hefur byggst upp á síðasta áratug er hins vegar fyrirmunað að skilja hvernig það á að geta þrifist verði grunnstoðunum kippt undan því. Ef Lenín á að vísa ríkisstjórninni veginn út úr kreppunni – þá er þjóðin fyrst í vanda!

*Höfundur er alþingismaður.*



Dekk á frábæru verði
Í HAGKAUP

**Fólksbíladekk**

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 165/70R13 | 8,799 kr. | 9,999 kr. |
| 175/70R13 | 8,999 kr. | 10,199 kr. |
| 175/70R14 | 10,799 kr. | 11,999 kr. |
| 185/70R14 | 11,999 kr. | 13,199 kr. |
| 175/65R14 | 9,999 kr. | 11,199 kr. |
| 185/65R14 | 10,999 kr. | 12,199 kr. |
| 185/65R15 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |
| 195/65R15 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |
| 205/65R15 | 14,999 kr. | 16,199 kr. |
| 185/60R14 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |
| 205/55R16 | 13,999 kr. | 15,199 kr. |
| 195/50R15 | 12,999 kr. | 14,199 kr. |

**Sendibíladekk**

| Stærðir | Ónegld | Negld |
|---|---|---|
| 195/70R15C | 16,999 kr. | 18,199 kr. |
| 225/70R15C | 19,999 kr. | 21,999 kr. |
| 205/65R16C | 20,999 kr. | 22,199 kr. |
| 215/65R16C | 21,999 kr. | 23,199 kr. |

TILBOÐ Á UMFELGUN
FYRIR VIÐSKIPTAVINI HAGKAUPS
fólksbíll 4.900.- • jepplingur 5.900.-
VDO Borgardekk • Borgartúni 36 (Bakvið Cabin hótel)
VDO Borgardekk Fljót og góð þjónusta
50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár



**KATE MOSS** kynnir nú nýja kjólalínu sína sem kemur í verslanir Topshop von bráðar, í tæka tíð fyrir jólin. Áhugasamir geta einnig keypt kjólana í gegnum vefsíðuna www.topshop.com




**Sölufulltrúi Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473



pompea



Lyfja Lágmúla býður til kynningar á Pompea sokkabuxum 5-6 nóvember frá 13.00-17:00

Kaupauki fylgir öllum sokkabuxum

Tilboðið gildir frá 5-12 nóvember

Verið velkomin!

LYFJA






Eirberg

**Rodalon®**

– alhliða hreingerning og sótthreinsun

- Fyrir baðherbergi og eldhús
- Eyðir lykt úr íþróttafatnaði
- Vinnur gegn myglusveppi
- Fjarlægir óæskilegan gróður
- Eyðir fúkka úr tjöldum

Fæst í apótekum

www.eirberg.is • 569 3100 • Stórhöfða 25






Lín Design, gamla sjónvarpshúsið Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is




FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Marta María í uppáhaldskjólnum sínum sem systir hennar saumaði á hana í sumar.

# Í fötum eftir systur sína, frænku og vinkonu

**Lögfræðineminn Marta María Friðriksdóttir er yfir sig ánægð með kjólinn sem systir hennar saumaði á hana í sumar. Hún klæðist helst eingöngu kjólum og pilsum en fer í buxur um það bil þrisvar á ári.**

„Þetta er uppáhaldskjóllinn minn í augnablikinu. Ingibjörg systir mín saumaði og hannaði hann á mig í sumar og það tók hana ekki nema tvo daga," segir Marta María kát í bragði. Hún segir systur sína sannan listasmið þegar komi að saumaskap. „Ég er alltaf að biðja hana um að sauma á mig kjóla en hún getur sest niður og saumað á sjálfa sig kjól á hálfum degi," segir Marta, sem gaf systur sinni að mestu frjálsar hendur með hönnun kjólsins. „Ég kom þó með hugmyndir sem hún vann út frá."

Í hárinu er Marta María með fallega spöng með blómi. „Þessa bjó hún Silja vinkona mín til en hún hefur verið að leika sér að því að búa til hárskraut og skartgripi," segir Marta, sem hefur notið góðs af áhugamáli vinkonu sinnar. „Hún hefur gefið mér ýmislegt, bæði hárskraut, hálsmen og föt sem hún hefur hannað."

Þá eru það sokkarnir, hvaðan eru þeir ættaðir? „Einni frænku minni þykir einstaklega leiðinlegt að sitja aðgerðalaus, þannig að hún prjónar sokka fyrir framan sjónvarpið á kvöldin," svarar Marta og bætir við að frænkan góða framleiði nánast sokka sem hún gefi síðan til vina og vandamanna. „Sokkarnir eru ótrúlega þægilegir í vetrarkuldanum," segir hún enda þarf hún að vera vel búin þegar hún veður snjó og slabb á háskólasvæðinu en Marta stundar nú nám á þriðja ári í lögfræði við Háskóla Íslands.

*solveig@frettabladid.is*


# Fyrst og fremst í heilsudýnum



Svefn & heilsa ★★★★★

6 mán. vaxtalausar greiðslur

Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga kl. 12.00 - 18.00 – laugardaga 12.00 - 16.00

www.svefn.is

**SONIA RYKIEL** hefur hannað undirfatalínu fyrir verslanir H&M. Nýlega voru birtar fyrstu auglýsingarnar fyrir línuna og er ljóst að Rykiel hefur sett sitt mark á hinn tælandi undirfatnað.




# Oddhvöss skjóta upp kollinum

**Sala á brjóstahöldum líkt og Marilyn Monroe og Jane Russel gerðu fræg á sjötta áratugnum hefur aukist eftir nýlegar tískusýningar.**


Af tískusýningu Jean Paul Gaultier nýlega.

Oddhvassar skálar voru áberandi á brjóstahöldum á tískusýningum Jean Paul Gaultier og Louise Goldin nýlega. Í kjölfarið jókst sala brjóstahalda með slíkum skálum hjá undirfataverslunum í Bretlandi eftir því sem fram kemur á fréttavefnum www.telepraph.co.uk

Brjóstahöld af þessari gerð komust í tísku á sjötta áratugnum þegar konur á borð við Marilyn Monroe og Jane Russel klæddust þeim. Undirstrikar slíkur nærfatnaður kvenlegar línur sem virðast einnig eiga upp á pallborðið í dag. Töldu sumir viðmælendur Telegraph að áherslur á kvenlegar línur skytu yfirleitt upp kollinum í kjölfar kreppu. Þannig hefðu brjóstahöldin umtöluðu sprottið upp í kjölfar hörmunga seinni heimsstyrjaldarinnar. Þá birtust þau að nýju þegar Madonna klæddist slíkum frá Jean Paul Gaultier. Það var stuttu eftir Wall Street áfallið árið 1987.

Nú þegar efnahagurinn víða um heim virðist vera að ná sér á strik eftir hrunið eru oddhvössu skálarnar enn á ferð, nú á tískusýningum Jean Paul Gaultier og Louise Goldin.


Marilyn Monroe.












Sigurbjörgu Söndru Olgeirsdóttur og Halldóru Hörpu Ómarsdóttur langar að leggja góðu málefni lið. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Styrkja karla með krabbamein

**Starfsmenn hárgreiðslustofunnar 101 Hárhönnun munu gefa vinnu sína á morgun og rennur allur ágóði af klippingu og litun til Framfarar, félags karla sem hafa greinst með krabbamein í blöðruhálskirtli.**

Styrktardagur verður haldinn á hárgreiðslustofunni 101 Hárhönnun á morgun 6. nóvember og mun allur ágóði af klippingum og litun renna óskiptur til Framfarar, félags karla sem hafa greinst með blöðruhálskirtilskrabbamein.

„Við ákváðum það fyrir nokkru að styrkja gott málefni með því að gefa vinnu okkar. Við höfðum fylgst með söfnunum til handa langveikum börnum og konum með brjóstakrabbamein en fannst vanta að sjónum væri beint að körlum. Ég hafði því samband við Krabbameinsfélag Íslands og var bent á Framför, en blöðruhálskirtilskrabbamein er eitt algengasta krabbameinið meðal karla,“ segir Sigurbjörg Sandra Olgeirsdóttir ein af þremur eigendum stofunnar.

En hvernig mun söfnunin fara fram? „Við munum bóka eins og venjulega en greiðslan sem viðskiptavinir inna af hendi rennur til Framfarar. Þeir sem panta tíma þennan dag eru því að leggja góðu málefni lið.“

Sandra segir að lítið mál hafi verið að fá starfsfólk stofunnar til að gefa vinnu sína. „Við erum sex fagmenn og tveir nemar og ríkir mikil gleði og spenna. Við höfum sett markið á þrjú hundruð þúsund en svo verðum við bara að sjá til hvernig bókast. Við verðum með venjulegan opnunartíma en ef mikið bókast þá er allt eins víst að við vinnum lengur.“


Allur ágóði af klippingu og litun mun renna óskiptur til Framfarar.

Sandra segir vel koma til greina að halda sams konar styrktardag á hverju ári og skorar á aðrar hárgreiðslustofur að gera slíkt hið sama. 101 Hárhönnun er til húsa á Skólavörðustíg 8 og síminn er 551 3130.

*vera@frettabladid.is*





Glæsilegt svart pífupils.



Hugmyndaauðgi hönnuðanna er mikil.



# Tískuvika í Kína

**Tískuvika stendur yfir í Peking í Kína frá 2. nóvember til 10. nóvember. Þar sýna nærri 70 tískuhönnuðir hvað ber hæst í tísku næsta sumars.**

Bæði innlendir og erlendir tískuhönnuðir tóku þátt í tískuvikunni í Kína en markaðurinn fyrir falleg föt þar í landi fer ört vaxandi með aukinni efnishyggju.

Hér gefur að líta nokkra af þeim kjólum sem sýndir voru á fyrsta degi tískuvikunnar og ljóst að fjölbreytnin ræður ríkjum auk þess sem hönnuðir eru ekki hræddir við litadýrð. *- sg*

Fallegt fiðrildi á kínverskum tískupalli.



Fallega kóngablár kjóll með gylltu skrauti.



Íburðarmiklir og fagrir kjólar sem minna á gamla tíma.

## 66°Norður sífellt þekktara

BUXUR FRÁ 66° NORÐUR ERU EFSTAR Á BLAÐI Í UMFJÖLLUN OUTSIDE MAGAZINE UM VETRARVÖRUR.

Í nýjasta tölublaði tímaritsins Outside – Buyers Guide voru 293 vetrarvörur prófaðar og eru buxurnar Glymur Shoftshell frá 66°Norður þar efstar á blaði. Þar segir að buxurnar séu töff og meðal annars upplagðar í skíðaferðina og útileguna. Enn fremur segir að þær séu vindheldar og haldi viðkomandi þurrum og heitum við hvaða aðstæður sem er.

„Við verðum alltaf jafn ánægð með umfjöllun sem þessa og erum þessu vitanlega sammála en efnið í buxunum er bæði teygjanlegt og slitsterkt ásamt því að vera vatnsfráhrindandi og 98 prósent vindhelt," segir Helga Viðarsdóttir, markaðsstjóri 66°Norður. „Merkið er nú fáanlegt í tuttugu löndum og er alltaf að verða þekktara en það má í raun segja að það sé farið að lifa sjálfstæðu lífi," bætir hún við.

Outside Magazine er eitt stærsta útivistartímarit Bandaríkjanna en það er gefið út mánaðarlega í 687.916 eintökum. *- ve*



Buxurnar þykja töff og upplagðar í skíðaferðina.

MYND/66°NORÐUR


RÝMUM FYRIR NÝJUM VÖRUM

4 DAGAR - 4 VERÐ

500- 1000- 1500- 2000-

FIMMTUDAG, FÖSTUDAG, LAUGARDAG OG SUNNUDAG

DÖMU OG HERRA- SKÓR, FATNAÐUR OG FYLGIHLUTIR




DIESEL - SPARKZ - KILLAH - MALENE BIRGER - MISS SIXTY - BUNKER - G-STAR - PART TWO - ACNE - NÜMPH - MAO - ENERGIE
BULLBOXER - 4-YOU - INWEAR - FORNARINA - BRONX - SENDRA - SOLID JEANS - AGAIN AND AGAIN - OG FULLT AF FLEIRI MERKJUM

ÓTRÚLEGT VERÐ Á FLOTTRI MERKJAVÖRU

OUTLET 10
+++ merki fyrir minna +++
FAXAFENI 10 - s. 578 7977

OPIÐ
FIM - FÖS 11 - 18
LAUGARDAG 11 - 18
SUNNUDAG 12 - 17



Í lok fimmtándu aldar voru langflestir karlmannaskór með ferkantaðri tá. Tískuna kynnti Karl VIII. af Frakklandi. Færri vissu að hann var í slíkum skóm til að fela það að hann var í reynd með sex tær á öðrum fæti.

heimild: af netinu



Myndin af Cörlu Bruni var tekin af ljósmyndaranum Michel Comte. NORDICPHOTOS/AFP

# Nakin Carla Bruni boðin upp í París

**Nektarmynd af frönsku forsetafrúnni Cörlu Bruni Sarkozy verður boðin upp í París.**

Nektarmyndina tók franski ljósmyndarinn Michel Comte af Cörlu Bruni meðan hún starfaði sem ljósmyndafyrirsæta. Hún er nú til sýnis í Piasa-sýningarsalnum í París en ætlunin er að bjóða myndina upp 20. nóvember næstkomandi hjá uppboðshúsinu Drouot.

Myndina átti þýskur safnari og er hún metin á 6.000 til 9.000 evrur eða á 1,1 til 1,6 milljónir króna. Önnur mynd af frú Sarkozy eftir sama ljósmyndara var seld í fyrra á 91 þúsund dollara eða ellefu milljónir króna hjá uppboðshúsinu Christie's í New York.

## ÚR HÁBORG TÍSKUNNAR

Bergþór Bjarnason skrifar frá París



# Ullarstríð í vetrarbyrjun

Þegar vetur gengur í garð hefst tímabil kasmírullarinnar sem þykir allri ull betri hvað varðar mýkt og hlýju. Þeir sem ekki þola grófa ull eins og af blessaðri sauðkindinni lofa kasmírullina í bak og fyrir. Flest fínu tískuhúsin bjóða upp á kasmírullarpeysur, kjóla og jafnvel yfirhafnir og víst er að dýrustu flíkurnar geta hlaupið á þúsundum evra. Sífellt fleiri tískuhús fara nú þá leið að láta framleiða í Kína, sem þykir ekki alltaf fínt, en sumir sveigja fram hjá því að gefa upp framleiðslulandið með því að láta sauma flíkurnar saman í öðrum löndum, til dæmis á Ítalíu. Þannig komast tískuhúsin sum hver upp með að nota ódýrt vinnuafl í Asíu án þess að upplýsa kaupandann um það.

Það eru þó önnur merki en stóru tískuhúsin sem eru hvað vinsælust þegar kasmír er annars vegar. Éric Pompard hefur í tuttugu og sjö ár framleitt kasmírullarpeysur fyrir dömur og herra úr ullarþræði frá Mongólíu og á hverju ári eru fjölmargar nýjungar í boði. Þráðurinn er aldrei samsettur og því er flíkin úr einum þræði frá upphafi til enda. Þessar peysur þykja í meðallagi dýrar, um 525 evrur peysan. Annað merki, Zadig & Voltaire spilar meira upp á tískuna, til dæmis með því að sauma á ranghverfunni og skilja spottana eftir til að gefa frjálslegt yfirbragð eða þá með frumlegri litun á ullinni, myntugrænni, rauðri eða andablárri og á sumar peysur eru saumaðir semelíusteinar. Verðið er á milli 250-450 evrur og upp í 800 evrur í lúxusútgáfu.

Ítalska fyrirtækið Loro Piana er þó líklega flottasti sérfræðingurinn á þessu sviði og býður viðskiptavinum meðal annars upp á að prjóna peysur eftir máli, allt eftir smekk viðkomandi og því hvernig flík fer best, stutt eða síð, víð eða þröng svo eitthvað sé nefnt. Hjá Loro Piana nálgast verðið þúsund evrur á peysu.

Nýlega skaust svo nýtt fyrirtæki inn á markaðinn og virðist vera að vinna ullarstríðið fyrir þennan vetur, í það minnsta hjá þeim eru eru á höttunum eftir áhugaverðu verði. Þetta er japanska fyrirtækið Uniglo sem opnaði á dögunum 2.150 fermetra stórverslun stutt frá Garnier-óperunni þar sem að Zara og H&M hafa verið nær einráð. Reyndar stutt frá Haussmann-búlvarði þar sem hin frægu magasín Parísar er að finna. Í verslun Uniglo er hægt að fá peysur frá um 40 evrum upp í um 80 og hver flík er framleidd í átján litum svo það ætti að vera hægt að finna eitthvað fyrir alla. Uniglo hefur slegið rækilega í gegn frá opnuninni 1. október en þetta er sjötta stærsta fataframleiðslukeðja í heimi og allar vörunar eru „made in Japan" meðal annars úr frumlegum efnum sem hvergi sjást annars staðar.

*bergb75@free.fr*

# Góðar fréttir úr herbúðum Prada

**Feginleiki og gleði ríkir í herbúðum Prada á Ítalíu þar sem uppsögnum starfsmanna var frestað.**

Eftirspurn eftir vor- og sumarlínu tískufyrirtækisins 2010 er mun meiri en gert var ráð fyrir. Þannig hefur uppsögnum starfsmanna, sem ganga áttu í gildi fljótlega, verið frestað.

Prada sendi starfsmönnum sínum bréf fyrr í vikunni þar sem forsvarsmenn þess sögðu geta tilkynnt það með gleði að markaðurinn virtist vera að jafna sig að einhverju leyti eftir mikla niðursveiflu. Og vonandi væri þetta byrjunin á nýrri uppbyggingu. Ekki bera allir sig jafnvel en kollegar þeirra hjá Versace í Mílanó gera ráð fyrir miklum niðurskurði og segjast í augnablikinu ekki sjá annað en að framleiðsla þeirra muni dragast saman á næsta ári.

*- jma*



Prada fór í niðurskurðaraðgerðir vegna mikillar niðursveiflu í tískuheiminum en sér nú fram á betri tíma.

## Afi tískuljósmyndunar látinn

IRVING PENN MYNDAÐI FRANSKAR FYRIRSÆTUR OG HEIMSKUNNAR PERSÓNUR.



Einn frægasti tísku- og portrettljósmyndari allra tíma, Irving Penn, lést á mánudag, 92 ára að aldri.

Margar bækur með verkum Penns hafa komið út og Metropolitan safnið í New York hefur oftsinnis sýnt ljósmyndir hans. Frægastur var hann fyrir að mynda frönsk módel sem og heimskunn andlit úr alþjóðlega menningarlífinu. Penn vann lengi fyrir franska Vogue og á óteljandi forsíður tímaritsins í gegnum tíðina.

*- jma*

Eitt af verkum Irvings Penn, portrett af leikskáldinu John Osborne.

Fallega jólaskeiðin frá Ernu
Verð 14.900,-
ERNA
sími 552 0775

White-Westinghouse
- amerísk gæða heimilistæki
Þvottavél Topphlaðin - 10 kg -
Þurrkari - 10 kg -
RAFVÖRUR
DALVEGI 16c · 201 KÓPAVOGI
SÍMI 568 6411 · RAFVORUR@RAFVORUR.IS

www.gabor.is
Gabor
Skór & töskur
Sérverslun með
Gabor
xena
FÁKAFENI 9
(við hliðina á ísbúðinni)
Sími: 553 7060
Opið mánud-föstud. 11-18
& laugard. 11-16

• Gelneglur á hendur og fætur
• Kvöldförðun
• Brúðarförðun
LCN
Arndís Helga Ólafsdóttir
Nagla og förðunarfræðingur
Andorra • Strandgötu 32 • 220 Hfj. • Sími: 693-2272

FLOTT Í VETUR...
með Slendertone
NÝTT
dömu/herra belti
Flex kr. 22.900,-
Flex Max kr. 27.900,-
System kr. 33.900,-
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
www.hreysti.is

Frábær vara á góðu verði
Heilstæðar kremlínur fyrir þig
• Q10 fyrir húð sem er að byrja að eldast
• Lift- fyrir eldri húð
• Margar nýjungar í boði
DeBa
Sölustaðir: Apótek og snyrtivörudeildir

vísir.is
„...ég sá það á vísi"

# neyðarkall

FIMMTUDAGUR 5. NÓVEMBER 2009

## Forvitni skilyrði

**Hundar hafa rækilega sannað gildi sitt í leitun og björgun mannslífa.**

SÍÐA 4





FRÉTTABLAÐIÐ

LEIÐARI

# Neyðarkall björgunarsveitanna

Í gegnum aldirnar hefur íslenska þjóðin þurft að takast á við þau óblíðu náttúruöfl sem reglulega minna á sig með ýmsu móti hér á landi. Náttúruhamfarir hafa dunið yfir þjóðina og munu án efa gera í ókominni framtíð. Óveður bresta á, jarðskjálftar dynja yfir án fyrirvara, snjóflóð og aurskriður falla og eldgos verða sem í sumum tilfellum valda stórflóðum úr jöklum landsins. Við Íslendingar erum svo uppteknir í hraða hins daglega lífs að náttúruhamfarirnar virðast koma okkur stöðugt á óvart. Slysin gera ekki heldur boð á undan sér, en þrátt fyrir það vitum við að þau munu eiga sér stað í framtíðinni. Við vitum einnig að fólk kemur til með að týnast jafnt í byggð sem í óbyggð án þess að hægt sé að henda reiður á yfirstandandi aðstæðum og ástæðum. Til þess að bregðast við afleiðingum slíkra atburða höfum við Íslendingar komið okkur upp kerfi af viðbragðsaðilum, sem hver um sig sérhæfir sig í þeim störfum sem upp kunna að koma. Við höfum einnig komið okkur upp almannavarnakerfi, en innan þess er leitast við að samhæfa og skipuleggja viðbrögð og aðgerðir.



Sigurgeir Guðmundsson, formaður Slysavarnafélagsins Landsbjargar.

Viðbragðsaðilar á Íslandi, þar með taldar björgunarsveitir, gegna hér veigamiklu hlutverki hver á sínu sviði. Mannafli og tækjakostur hinna opinberu viðbragðsaðila er takmarkaður og af þeim sökum verður þjóðin einnig að reiða sig á viðbragð sjálfboðaliðasamtaka eins og Slysavarnafélagið Landsbjörg og aðildareiningar þess. Sömu sögu er að segja þegar miklar slysfarir eiga sér stað, og eða þegar fólk týnist eða lendir í stórfelldum vandræðum á ferðalögum jafnt á landi sem á sjó.

Eins og alþjóð veit hefur Slysavarnafélagið Landsbjörg yfir að ráða liðlega 3.000 björgunarsveitarmönnum (sjálfboðaliðum), sem eru reiðubúnir til að svara útkalli hvenær sem er á sólarhringnum alla daga vikunnar. Það er sama hvort heldur um er að ræða náttúruhamfarir, óveður eða þegar þarf að fara til leitar að einstaklingum sem eru týndir á heiðum uppi, þá eru sjálfboðaliðar félagsins ætíð reiðubúnir að bregðast við og koma til aðstoðar. Um 100 björgunarsveitir félagsins eru staðsettar vítt og breitt um landið, en staðsetning þeirra skiptir miklu máli og eykur öryggi. Í björgunarsveitum félagsins eru vel þjálfaðir einstaklingar, sem eru sérhæfðir til þess að bregðast við hinum ýmsu aðstæðum sem mæta þeim í útköllum. Menntun björgunarsveitarmanna og þjálfun er kostnaðarsöm en hún er afar mikilvæg. Björgunarsveitirnar eiga góðan og verðmætan tækjakost, sem þær þurfa að viðhalda og æfa sig í að fara með. Allur rekstur björgunarsveitanna er því bæði viðamikill og dýr. Björgunarsveitarmenn gera meira en að mennta sig og stunda æfingar. Þeir vinna einnig að fjáröflunum af ýmsu tagi hver með sinni einingu. Ein slík fjáröflun stendur nú fyrir dyrum, það er frá 5. til 8. nóvember. Í því verkefni snúum við hlutverkinu við. Nú eru það björgunarsveitir landsins, sem senda „neyðarkall" sitt til þín. Við leggjum traust okkar á þig, lesandi góður, að þú bregðist við neyðarboðinu með því að kaupa „neyðarkall" björgunarsveitanna af björgunarsveitarmanninum sem þú hittir dagana 5. til 8. nóvember næstkomandi. Um leið viljum við þakka þér fyrir veittan stuðning á liðnum árum.



**Útgefandi:** Slysavarnafélagið Landsbjörg, Skógarhlíð 14, 105 Reykjavík Sími: 570 5900 | **Netfang:** skrifstofa@landsbjorg.is **Vefsíða:** www.landsbjorg.is
**Ritstjóri:** Ólöf Snæhólm Baldursdóttir **Ábyrgðarmaður:** Kristinn Ólafsson
**Umsjónarmaður auglýsinga:** Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is Sími: 512 5411
**Forsíðumynd:** Vilhelm Gunnarsson






Hundruð tóku þátt í aðgerðinni þegar Sigríði var bjargað ofan af Skessuhorni eftir slys í mars síðastliðnum. Hér sést Sigríður á börum björgunarmanna.

# Á þeim líf mitt að þakka

**Hundruð björgunarsveitarmanna tóku þátt í að koma Sigríði Sigurðardóttur til bjargar þegar hún slasaðist á Skessuhorni í mars síðastliðnum. Sigríður hvetur alla til að styðja við bakið á starfsemi Slysavarnafélagsins Landsbjargar.**



Sigríður er byrjuð að klífa fjöll aftur eftir slysið á Skessuhorni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM/

„Starfið sem björgunarsveitirnar vinna er ómetanlegt. Ég hef aldrei náð að þakka þeim almennilega fyrir allt sem þær gerðu fyrir mig, því þetta er auðvitað ómetanlegt," segir Sigríður Sigurðardóttir lyfjatæknir, handverkskona og starfsmaður í Grafarvogskirkju. Þegar Sigríður lenti í ógöngum á fjallinu Skessuhorni í Borgarfirði varð samstillt átak björgunarsveita til þess að koma henni særðri á sjúkrahús.

Sigríður fór með tíu félögum sínum í fjallgönguklúbbnum Toppförum upp á Skessuhorn, ásamt Jóni Gauta Jónssyni, reyndum fjallaleiðsögumanni. Veðrið tók að versna þegar leið á ferðina, en hópurinn var við öllu búinn. „Á leiðinni niður tók að hvessa. Við vorum í beinni röð, og skyndilega kom sterk vindhviða aftan á mig. Ég missti jafnvægið og datt. Ég reyndi að stöðva mig með ísexi en það tókst ekki, höfuðið rakst í grjót og ég hentist eina 150 metra niður hlíðina, þar til ég rak höfuðið í stein og missti meðvitund. Jón Gauti leiðsögumaður tók á rás og náði að stöðva mig áður en ég fór fram af hamrabelti, en það hefði orðið mjög hátt fall."

Sigríður var talsvert meidd eftir slysið og síðar komu í ljós sprunga og blæðing í höfuðkúpu hennar, og rifinn vöðvi í læri. Ekki var í myndinni að hún kæmist niður fjallið í þessu ástandi, og hlúðu félagar hennar því að henni meðan beðið var eftir hjálp.

Helgi Tómas Hall hjá Hjálparsveit skáta í Reykjavík var einn þeirra sem tóku þátt í björgunaraðgerðinni. Alls komu hundruð manna að björguninni úr öllum sex sveitunum af höfuðborgarsvæðinu auk margra í nágrenni slysstaðarins. Hann man vel eftir björguninni. „Veðrið var mjög vont í fyrstu en slotaði þegar á leið. Einnig var töluverð snjóflóðahætta á fjallinu sem auðveldaði ekki hlutina. Til að mynda náði þyrlan ekki að lenda uppi á fjallinu, svo við urðum að slaka Sigríði í línu niður bratta hlíðina í nokkrum áföngum," segir Helgi.

Sigríður var svo hífð upp í þyrlu Landhelgisgæslunnar þegar niður fjallið var komið og hún flutt á sjúkrahús, þar sem hún dvaldi í viku. Helgi segir aðgerðina hafa tekist mjög vel miðað við umfang verkefnisins. „Það krefst mikillar skipulagningar að undirbúa björgunaraðgerð sem svona margir taka þátt í. Það mætti segja að þessi aðgerð á Skessuhorni sé gott dæmi um hversu sér á parti íslenskar björgunarsveitir eru, og hversu vel þær eru undirbúnar til að takast á við umhverfi sitt."

Fyrst eftir slysið sór Sigríður þess eið að fara aldrei framar á fjöll. „En núna er ég orðin nokkuð brött og klíf mín fjöll eins og venjulega. Ég hvet alla til að styðja við bakið á Landsbjörgu, því björgunarsveitirnar vinna mjög þarft og óeigingjarnt starf," segir Sigríður, sem hefur þegar keypt Neyðarkallinn.

*- kg*




Fyrsta björgunarþyrlan.



Fyrsta björgunarskipið.

# Stór og mikil saga að baki

Nú eru tíu ár síðan Slysavarnafélag Íslands og Landsbjörg sameinuðust svo til varð Slysavarnafélagið Landsbjörg í núverandi mynd. Undir hatti félagsins eru allar björgunarsveitir og slysavarnadeildir landsins auk þess sem víða eru reknar öflugar unglingadeildir.

Saga félagsins og fyrirrennara þess nær þó töluvert lengra aftur í tímann, fyrsta björgunarsveitin var stofnuð í Vestmannaeyjum árið 1918 og Slysavarnafélag Íslands var stofnað árið 1928. Í byrjun beindist starfsemin nær eingöngu að sjónum en áður en starfsemi SVFÍ tók að gæta að ráði drukknuðu að minnsta kosti um 70 manns á ári hverju.

Afrek þessa félagsskapar eru mikil og mörg. Fyrsta björgunarskipið, fyrsta björgunarþyrlan, Tilkynningaskylda íslenskra skipa og Slysavarnaskóli sjómanna eru aðeins örfá þeirra framfaraspora sem Slysavarnafélagið Landsbjörg og móðurfélög þess hafa stigið landsmönnum til heilla. Starfsemin hefur alla tíð haft það meginmarkmið að koma í veg fyrir slys og bjarga mannslífum og verðmætum.

# Stöndum saman vörð um Ísland

Starfsfólk N1 um allt land er mjög stolt af því að fyrirtækið sé einn helsti samstarfsaðili Slysavarnafélagsins Landsbjargar. N1 og Landsbjörg eiga það sameiginlegt að standa vaktina á meira en 100 stöðum og teygja sig hringinn í kringum landið.

**N1 þakkar félagsmönnum Slysavarnafélagsins fyrir ánægjulegt samstarf og fyrir óeigingjarnt starf í þágu þjóðarinnar.**




Fíton/SÍA

# Endurspegla ólík störf björgunarsveitamanna

Neyðarkall björgunarsveitanna er nú seldur fjórða árið í röð en salan fer fram fyrstu helgina í nóvember og hefst á morgun. Teiknarinn Margrét Laxdal hefur teiknað karlinn frá upphafi og tekur hann breytingum frá ári til árs.

„Karlinn er framleiddur í Kína og eftir að hafa sent út einfaldar teikningar fengum við í fyrstu karl sem var með bandspotta í stað fótleggja. Næsta hugmynd var öllu sætari og lendingin varð frekar grófur plastkall með talstöð. Á fyrsta karlinn vantaði hins vegar nef og var hann nokkuð sviplaus en karlarnir hafa verið í stöðugri þróun síðan, segir Margét. Annar neyðarkarlinn var í björgunarvesti, sá þriðji kona með ísexi og bakpoka og karlinn í ár er með leitarhund og lukt. „Við reynum að hafa karlana fjölbreytta og láta þá endurspegla þau margvíslegu störf sem björgunarsveitarmenn taka sér fyrir hendur. Skemmtilegur orðaleikur býr að baki neyðarkallinum en engu að síður var ákveðið að búa til neyðarkonu enda starfar fjöldi kvenna í björgunarsveitum.“

Margrét bendir á að neyðarkallarnir séu strax farnir að hafa söfnunargildi og segir marga vilja eiga þá alla. Um helgina munu sjálfboðaliðar björgunarsveitanna bjóða kallinn til sölu við helstu verslanir um allt land. Hann kostar 1.500 og er stefnan tekin á að selja 40.000 stykki líkt og í fyrra.

*- ve*



FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Margrét með karlana fjóra sem hún segir strax hafa öðlast söfnunargildi.






Ásgeir ásamt tíkinni Píla og Kristín með hundinn Kút, sem er af tegundinni border collie. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Forvitnir vinnuþjarkar

**Leitar- og sporhundar hafa sannað gildi sitt við leit að mönnum og björgun mannslífa síðustu ár.**

Í Slysavarnafélaginu Landsbjörg starfa tvær sveitir sem standa að þjálfun hunda. Leitarhundar Slysavarnafélagsins Landsbjargar og Björgunarhundasveit Íslands. Þá starfar innan Björgunarsveitar Hafnarfjarðar sérstök sporhundadeild. Að sögn þeirra Kristínar Sigmarsdóttur, formanns Leitarhunda Slysavarnafélagsins Landsbjargar, og Ásgeirs R. Guðjónssonar, í Björgunarsveit Hafnarfjarðar, hefur margoft sýnt sig að sveitirnar eru mesta þarfaþing.

„Leitarhundar hafa verið notaðir í svona eitt til tvo útköll á mánuði eða yfirleitt í tuttugu útköll á ári, mest á sumrin og haustin þegar veiðitímabilið stendur yfir,“ segir Kristín og Ásgeir bæta við að árangurinn af notkun hunda sé mikill. „Sporhundum, sem eru langt í frá eins margir og leitarhundar, hefur tekist að bjarga 89 mannslífum frá því þeir voru teknir í notkun árið 1960. Og hundarnir fara með í útköll um land allt ef þess gerist þörf.“

Kristín rifjar upp sögu þar sem hundar skiptu höfuðmáli í björgunaraðgerðum. „Á aðfangadag árið 2005 fundu hundarnir mann sem hafði farið fáklæddur af heimili sínu og ekki skilað sér aftur heim. Hann var mjög kaldur og hrakinn þegar hann fannst þannig að þetta var spurning um nokkrar mínútur. Það er alfarið hundunum að þakka að hann fannst.“

Áður en lengra er haldið biður blaðamaður um að munurinn á leitar- og sporhundum sé útskýrður aðeins. Kristín verður fyrri til svars. „Okkar hundar eru þjálfaðir í að taka loftlyktina í víðavangs-, snjóflóða-, rústa- og vatnaleit á afmörkuðu svæði.“ Ásgeir bendir á að eins og heitið gefi til kynna reki sporhundar slóð tiltekinna manna og þurfi að glíma við margar hindranir, til að mynda erfið veðurskilyrði, tíma og staðsetningu.

Ólíkar hundategundir veljast að þeirra sögn í störfin. Blóðhundar eru hæfastir til að verða sporhundar þar sem þeir hafa þrefalt næmara lyktarskyn á við aðra hunda, en vinnuþjarkar eins og scheffer, border collie og labrador þykja vel til þess fallnir að verða leitarhundar. „Svo er algjört skilyrði að hundarnir séu forvitnir að eðlisfari,“ segir Ásgeir og bæði skella upp úr.

Þau segja gríðarlegri vinnu og tíma varið í að þjálfa hverja skepnu; leitarhunda þarf að þjálfa í allt að þrjú ár og sporhunda upp í tvö ár og það eftir að þeir hafa verið fluttir inn með miklum tilkostnaði frá Bandaríkjunum. Enginn hundur sé fluttur inn sem uppfylli ekki ströngustu skilyrði. „Mikil vinna bíður svo hverrar skepnu, æfingar, útköll og fleira og því slitna hundarnir fljótt, en við gætum þess að þeir hvílist inn á milli,“ segir Kristín og bætir við með áherslu: „En þótt margt sé ólíkt í starfi sveitanna eru markmiðin þó ætíð þau sömu: að bjarga mannslífum.“

*- rve*






# Apótekið þitt

í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.






*Reykjavíkur Apótek er sjálfstætt starfandi apótek sem leggur áherslu á persónulega þjónustu og hagstætt verð. Apótekið er í gamla Héðinshúsinu við Seljaveg 2.*

**Frí heimsendingarþjónusta til eldri borgara og öryrkja.**

**AFGREIÐSLUTÍMI**
9–18:30 virka daga
10–16:00 laugardaga

**Reykjavíkur Apótek**

Seljavegur 2 | Sími: 511-3340 | Fax: 511-3341 | www.reyap.is | reyap@reyap.is

# Reynslan nýtist í starfi

Sum fyrirtæki styðja Slysavarnafélagið Landsbjörg með því að leyfa fólki sem hjá þeim starfar að taka þátt í aðgerðum. Eitt þeirra er Arctic trucks. Þar er Hallveig Andrésdóttir starfsmannastjóri.

„Stefna okkar hefur verið sú að leyfa björgunarsveitarmönnum sem hér vinna að fara í útköll þegar þörfin er brýn. Hér eru alltaf einhverjir úr þeirra röðum enda samrýmist vinnan hér vel áhugamáli þeirra því Arctic trucks er þjónustufyrirtæki sem vinnur að lausnum fyrir fólk með áhuga á jeppum og ferðalögum.“

Hallveig segir tvo reynda björgunarsveitarmenn hjá Arctic trucks eins og er, Baldur Gunnarsson og Gísla Jónsson. „Baldur fór í stóra leit nýlega en Gísli er á leiðinni á Suðurskautslandið annað árið í röð. Hann er þar á slóðum sem aldrei hafa verið eknar fyrr og reynsla hans úr björgunarsveitarstarfinu í að forðast sprungur, finna leiðir og leysa vandamál sem koma upp nýtist mjög vel í þeim aðstæðum. Þannig að þetta skilar sér allt.“ *- gun*



**Starfsmannastjórinn Hallveig í Arctic trucks segir starfsmenn fá leyfi til að fara í útköll þegar þörfin sé brýn.** FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Leit að týndu fólki er mun meira byggð á vísindum en flestir gera sér grein fyrir.**

# Aðgerðir björgunarsveita

**Óeigingjarnt starf björgunarsveita er vel þekkt, en hversu umfangsmikið er þetta starf í raun og veru?**

Að meðaltali leysa björgunarsveitirnar um fjögur verkefni á hverjum degi eða um 1.400 verkefni á ári. Reiknað hefur verið út að á bak við hverja stund í útkalli eru tólf stundir í annarri vinnu, svo sem þjálfun, æfingum, fjáröflun og viðhaldi tækja og búnaðar.

Þegar rætt er um fjölda útkalla munar mestu um óveðursútköll sem fylgja haust- og vetrarveðrum en ekki er óalgengt að sveitirnar sinni upp undir 100 verkefnum, bæði stórum sem smáum, þegar þau ganga yfir landið.

Björgunarskip og bátar Slysavarnafélagsins Landsbjargar sinna um 100 beiðnum um aðstoð á hverju ári og björgunarsveitir sem staðsettar eru á hálendinu á sumrin tæplega 1.000. Sú tala er þó ekki inni í fjölda aðgerða. Einnig er mikið um að björgunarsveitir séu kallaðar út til að aðstoða ferðalanga sem hafa fest bíla sína á fjallvegum eða utan alfaraleiðar, sem og á heiðum landsins að vetri til.

Leit að týndu fólki skipar einnig stóran sess í starfi björgunarsveita. Leitaraðgerðir eru um 20 til 30 á hverju ári. Eðli þessara útkalla hefur breyst undanfarin ár og fyrir því eru nokkrar ástæður. Ferðafólki sem kýs að ferðast utan alfaraleiðar hefur fjölgað mikið, jafnvel þar sem er að finna erfiðustu aðstæðurnar. Hefur þessi þróun sett pressu á björgunarsveitir þar sem meiri líkur eru á að fólk lendi í aðstæðum sem það ræður ekki við auk þess sem sveitirnar verða að vera betur búnar en áður til að komast allt það sem ferðalangar komast og helst aðeins lengra. Betri fjarskipti hafa líka sín áhrif því fólk getur kallað eftir hjálp þegar það lendir í ógöngum og þá í flestum tilfellum er það einnig með staðsetningu sína á hreinu. Gerir það björgunarsveitum auðveldara fyrir að þurfa ekki að hefja björgunarstarfið á því að leita að fólkinu. Tölfræðin segir okkur að 75 prósent þeirra sem týndir eru finnast innan tólf tíma og 50 prósent innan þriggja tíma útkalli.

Þetta hefur orðið til þess að leitaraðgerðum hefur fækkað þrátt fyrir að fjöldi aðgerða hafi aukist. Stórum leitaraðgerðum hefur þó ekki fækkað og má segja að það sé ein stór leit á hverju ári. Þessar leitir standa oft í marga daga og hafa stórar aðgerðir, eins og leit að tveimur Þjóðverjunum í Öræfajökli 2008, tekið yfir 10.000 vinnustundir. Fjölmargar leitaraðgerðir koma aldrei fyrir almenningssjónir, um þær er ekki fjallað í fjölmiðlum og björgunarsveitarmenn tala ekki um þær vegna aðstæðna hinna týndu. Sem betur fer finnast langflestir sem leitað er að heilir á húfi, eða 76 prósent. Slasaðir eru um níu prósent af týndum, tólf prósent eru látnir og þrjú prósent finnast aldrei eða utan eðlilegs leitartíma.





Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Skólastarf um borð í skipi

Þúsundir landsmanna láta sig ekki vanta í vöfflukaffi Slysavarnadeildar kvenna í Reykjavík um borð í skólaskipinu Sæbjörgu á hátíð hafsins og sjómannadaginn. Margir hafa velt því fyrir sér hvaða starfsemi fari fram um borð í skipinu sem er vel merkt Slysavarnafélaginu Landsbjörg en þar er Slysavarnaskóli sjómanna til húsa.

Nú eru tæp 25 ár síðan skólinn tók til starfa en markmið hans eru að er að halda námskeið fyrir starfandi og verðandi sjómenn um öryggis- og björgunarmál og annast öryggis- og slysavarnafræðslu fyrir nemendur í skipstjórnar- og vélstjórnarnámi.



**Mikið er um verklegar æfingar á námskeiðum Slysavarnaskóla sjómanna.** MYND/HILMAR SNORRASON

Þó 25 ár sé ekki langur tími þá hefur starfsemi skólans markað tímamót í öryggismálum sjómanna. Slysum hefur fækkað en á síðasta ári fórst enginn atvinnusjómaður við störf sín en slíkt hafði ekki gerst frá því skráningar hófust. Þennan góða árangur af starfseminni má fyrst og fremst þakka sjómönnunum sjálfum sem hafa tileinkað sér þá forvarnarþætti sem lögð er mikil áhersla á. Ekki má heldur gleyma þeim ótal aðilum sem hafa stutt starfsemi skólans í gegnum árin sem og stjórnvöldum. Starfsemi Slysavarnaskólans er í margt frábrugðin hefðbundnum skólum en hún fer fram um borð í skipi sem gefur nemandanum sömu tilfinningu og ef hann væri í sinni daglegu vinnu til sjós. Með skipi er einnig hægt að ferðast með námskeiðin á hafnir landsins og hefur núverandi og fyrrverandi skólaskip skólans komið inn á allar skipgengar hafnir landsins til námskeiðahalds. Á fimm ára fresti þurfa allir sjómenn að fara í endurmenntun í öryggismálum og með símenntun á þessu sviði horfum við fram á veginn að sjómennsku verði ein öruggasta atvinnugrein landsins.



Samkvæmt Slysaskrá Íslands eru 75 prósent slysa hjá eldri borgurum heima- og frítímaslys. NORDICPHOTOS/GETTY

# Heimsóknir til eldri borgara

Á síðasta ári tók Garðabær stórt skref í átt að auknu öryggi eldri borgara í sveitarfélagi sínu með því að bjóða upp á öryggisheimsóknir til allra bæjarbúa 75 ára og eldri í samvinnu við Slysavarnafélagið Landsbjörg. Verkefnið er upprunnið hjá einni af slysavarnadeildum félagsins og hefur síðan verði eflt og boðið sveitarfélögum og var Kópavogur það sveitarfélag sem reið á vaðið.

Samkvæmt Slysaskrá Íslands eru 75 prósent slysa hjá eldri borgurum heima- og frítímaslys. Um 18 prósent þeirra sem slasast, slasast það alvarlega að þeir þurfa að leggjast inn á sjúkrahús og sumir þeirra eiga aldrei afturkvæmt af stofnunum eftir það. Algengustu heimaslysin hjá þessum aldurshópi eru fallslys í svefnherbergjum eða setustofu. Flest eru tengd þáttum sem auðvelt er að laga, eins og hálum gólfum, lélegri lýsingu og lausum mottum. Þessir þættir eru meðal þeirra fjölmörgu atriða sem skoðuð eru í heimsóknunum og ef íbúar vilja er bætt úr öryggisatriðunum í heimsókninni.

**● INNFLUTNINGUR Á SJÚKRAGÖGNUM** Slysavarnafélagið Landsbjörg hefur verið í fararbroddi í sölu sjúkrakassa og sjúkrabúnaðar í mörg ár. Sjúkrakassar félagsins eru á fjölda vinnustaða, heimila og sumarhúsa um land allt.

Félagið hefur kappkostað að hafa aðeins til sölu viðurkenndar vörur, enda er val á sjúkrakössum og innihald þeirra meðal annars byggt á margra ára reynslu þeirra félaga úr björgunarsveitum félagsins sem sinnt hafa skyndihjálparkennslu.

Nýverið var fyrirkomulagi um sölu á sjúkrakössum og sjúkrabúnaði breytt þannig að öll sala og þjónusta er nú í höndum Sjúkrakassaþjónustunnar ehf. Vörur frá fyrirtækinu má einnig fá á skrifstofu Slysavarnafélagsins Landsbjargar.




# Slysavarnadeildir

Slysavarnadeildir voru stofnaðar vegna tíðra sjóslysa í upphafi síðustu aldar og hafa verið starfandi allar götur síðan. Með árunum hafa verkefnin breyst. Í dag eru þau margbreytileg og fara í raun eftir þörfinni í hverju byggðarlagi fyrir sig.

Deildirnar hafa löngum lagt áherslu á slysavarnir barna og byrja margar þeirra strax við fæðingu barns með því að senda foreldrum nýburagjöf með bæklingi félagsins, Er öryggi barna tryggt á þínu heimili? Þær fylgja því svo eftir úti í umferðinni með hjóladögum og könnunum á öryggisbúnaði barna í bílum sem hefur skilað þeim árangri að einungis þrjú prósent barna eru laus í bílum í dag, frá því að vera 32 prósent þegar kannanirnar voru fyrst gerðar fyrir fjórtán árum.

Störf deildanna eru fjölbreytt og skemmtileg og eru áhugasamir hvattir til að hafa samband við deildina í sínu byggðarlagi til að athuga hvort þarna sé ekki rétti starfsvettvangurinn til að gefa af sér í þjóðfélaginu.



Störf deildanna eru fjölbreytt og skemmtileg.






● **ENDURSKINSMERKI** Slysavarnafélagið Landsbjörg og félagseiningar þess hafa í mörg ár stuðlað að aukinni notkun almennings á endurskinsmerkjum, meðal annars með því að gefa endurskinsmerki. Með notkun endurskinsmerkja er hinn almenni vegfarandi að auka öryggi sitt til muna, hann sést fimm sinnum fyrr þegar hann lendir í ljósgeisla bíls miðað við þann sem er ekki með endurskin. Best er að velja fatnað sem er með endurskini á. Ef endurskin er ekki til staðar á fatnaðinum þarf að hafa laus endurskinsmerki á sér. Endurskinsmerkin þurfa að vera þannig staðsett að ljósgeisli frá bíl falli á þau hvort sem bíllinn kemur á móti eða aftan að vegfaranda. Allar nánari upplýsingar á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar, það er að segja á www.landsbjorg.is.




**Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar vinnur eftir samkomulagi milli utanríkisráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar og í umboði íslenska ríkisins er sveitin á viðbragðslista Sameinuðu þjóðanna.**

# Þetta er bara snilld

„Unglingastarfið er mjög gefandi, maður lærir alveg helling og kynnist krökkum með sameiginleg áhugamál," segir Sölvi Logason, meðlimur í unglingadeildinni Kletti, sem starfar undir björgunarsveitinni Suðurnes en hann hefur verið virkur í deildinni á þriðja ár.

„Félagi minn dró mig á fund eftir kynningu í skólanum. Hann hætti reyndar fljótlega en þá var ég kominn með bakteríuna og er enn með hana. Það sem ég hef lært í þessu starfi mun nýtast mér alla ævi, hvort sem er á ferðalögum eða í hinu daglega lífi," segir Sölvi og nefnir meðal annars hvernig bregðast skuli við erfiðum aðstæðum í lífinu og þá ekki bara þegar slys eða óhöpp gerast .



**Sölvi Logason segir starf í unglingadeild búa sig vel undir lífið.**

„Útivistarskólinn á Gufuskálum er líka frábært fyrirbæri. Þar koma saman krakkar með áhuga á útivist og læra skyndihjálp, rötun og ferðamennsku svo fátt eitt sé nefnt. Mikið af náminu er verklegt, við förum til dæmis í klifur, sig, þyrluflug og siglum á sjónum. Þekkinguna lærum við svo að nýta okkur, meðal annars í löngum gönguferðum."

Nokkuð er um að meðlimir unglingadeilda björgunarsveita sæki Útivistarskólann en Sölvi segir að hann sé ekki síður fyrir aðra unglinga. „Allir sem hafa áhuga á útivist og vija læra meira ættu að mæta, þetta er bara snilld."

Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í unglingadeild geta haft samband við skrifstofuna hjá Slysavarnafélaginu Landsbjörg og fengið allar upplýsingar um hvar unglingadeildirnar eru staðsettar og hvenær fundirnir eru. Og svo er bara að mæta.

# Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin á heimsmælikvarða

**Íslendingar þykja státa af einni fremstu rústabjörgunarsveit í heiminum.**

Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar er ein fremsta rústabjörgunarsveitin í heiminum. Í september síðastliðnum var sveitin tekin út af Sameinuðu þjóðunum og fékk þar með gæðastimpil sem aðeins fjórtán sveitir í heiminum hafa fengið hingað til.

Það hefur alltaf verið ríkt í Íslendingum að vera tilbúnir að hjálpa fólki sem er í nauðum statt. Í hjartnær 100 ár hafa björgunarsveitir sinnt þessu hlutverki vel hér á landi og hafa menn horft til þess að geta nýtt þá þekkingu er safnast hefur til að koma öðrum til hjálpar erlendis.

Alþjóðabjörgunarsveit Slysavarnafélagsins Landsbjargar var stofnuð árið 1999. Hún vinnur eftir samkomulagi milli utanríkisráðuneytisins og Slysavarnafélagsins Landsbjargar og í umboði íslenska ríkisins er sveitin á viðbragðslista Sameinuðu þjóðanna.

Sveitin fór í sitt fyrsta útkall árið 1999 þegar hún fór til Tyrklands í kjölfar jarðskjálftanna sem urðu þar en þá létust meira en 18 þúsund manns. Árið 2003 fór sveitin til Alsír í kjölfar jarðskjálfta þar og í byrjun árs 2004 var farið til Marokkó. Auk þess fóru fjórir félagar úr ÍA í sjúkraflug til Taílands í byrjun árs 2005 eftir flóðin í Indónesíu. Sveitin var sett í viðbragðsstöðu eftir hryðjuverkaárásirnar í Bandaríkjunum og fellibylinn Katrínu og einnig þegar jarðskjálftar urðu í Pakistan 2006 og í Kína 2008.

● **NEYÐARSKÝLI** Saga neyðarskýla á Íslandi hófst ekki fyrr en á síðustu öld. Fyrsta skýlið var reist á Skeiðarársandi árið 1904, í kjölfar hörmulegs slyss árið áður þegar þýskur togari fórst.

Fyrsta neyðarskýli félagsins var reist á Ingólfshöfða 1912 en umtalsverð uppbygging á þessu sviði varð ekki fyrr en um 1940 er félagið fór að reisa skýli á söndum Skaftafellssýslna. Upp úr 1950 byrjaði félagið að reisa skýli uppi á hálendinu og við vegi landsins og eru skýlin nú í dag 67 talsins, öll í eigu björgunarsveita eða slysavarnadeilda sem sjá alfarið um þau.



**Farsælt samstarf**

Starfsemi íslenskra björgunarsveita er ómetanleg fyrir íslenskt samfélag. Öflugur tækjakostur er mikilvægur þáttur í starfi þeirra og tryggir skjót viðbrögð við vá.

Arctic Trucks hefur átt farsælt samstarf við margar björgunarsveitir varðandi smíði bifreiða sem sérhannaðar eru fyrir þær erfiðu aðstæður sem björgunarsveitir starfa við.

Arctic Trucks hefur nú tekið við umboði fyrir Yamaha á Íslandi. Yamaha tækin eru þekkt fyrir gæði og frábæra frammistöðu við erfiðar aðstæður. Arctic Trucks getur því nú veitt björgunarsveitum enn víðtækari þjónustu en áður.
Við hlökkum til að eiga áframhaldandi ánægjulegt samstarf við björgunarsveitir hvað varðar þessi mikilvægu tæki við leit og björgun.

ARCTIC TRUCKS
arctictrucks.is

Klettháls 3 - 110 Reykjavík - 540 4900



YAMAHA

## SJÓBJÖRGUN

Slysavarnafélagið Landsbjörg á og rekur fjórtán björgunarskip og 125 hraðskreiða björgunarbáta sem eru staðsettir hringinn í kringum landið. Sinna þau um 100 aðstoðarbeiðnum frá sæfarendum á ári hverju. Hér eru nokkur dæmi um slík útköll:

- Þær upplýsingar berast að átta manns af danska varðskipinu Triton sé saknað eftir að bátum þeirra hvolfdi fyrir utan brimgarðinn þegar þeir reyndu að aðstoða við strand Wilson Muga fyrir utan Sandgerði.
- Björgunarskipið Gunnbjörg frá Raufarhöfn var kallað út á rauðum forgangi þegar Hildur ÞH 38 sökk skyndilega tæpum níu sjómílum austur af Raufarhöfn. Um klukkustund síðar var áhöfninni bjargað um borð í Gunnbjörgu.
- Boð bárust um að Gísli KÓ 10 væri vélarvana um 30 sjómílur vestur af Reykjanesi. Björgunarskip fór frá Grindavík og dró bátinn til hafnar. Veður var afar vont á svæðinu.
- Björgunarbáturinn á Akranesi kallaður út vegna vélarvana báts utan við Akranes. Átta mínútum eftir útkall voru félagar björgunarfélagsins komnir og aðstoðuðu bátsverja.
- Tilkynnt um veikan sjómann um borð í skuttogara sem var við veiðar út af Reykjanesgrunni. Björgunarskip Grindavíkur sigldi til móts við togarann og flutti hinn slasaða til lands.
- Björgunarskipið Gunnar Friðriksson frá Ísafirði kallað út þegar bátur með tveimur mönnum strandar í fjörunni. Þeir voru sóttir með slöngubát, reyndust ómeiddir en nokkuð blautir. Taug var komið í bátinn og hann dreginn til Bolungarvíkur.
- Með öflugu neti björgunarbáta hringinn í kringum landið er hægt að bregðast hratt við og koma þeim til hjálpar sem lent hafa í erfiðum aðstæðum sem geta skapast úti á sjó. Markmið Slysavarnafélagsins Landsbjargar er að vera alltaf til taks með góðan búnað og vel þjálfaða einstaklinga til að geta sinnt þeim erfiðu aðstæðum sem geta komið upp á sjó og við strendur landsins.



**Hraðskreiðir björgunarbátar eru oft notaðir til að komast fljótt og örugglega að sæfarendum í vanda.** MYND/BRYNJAR ÁSMUNDSSON



**Frá úttektaræfingu Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar á Gufuskálum í september síðastliðnum.** MYND/INGÓLFUR HARALDSSON

# Þjálfunarbúðir í heimsklassa

Æfingar og þjálfun eru stór hluti af starfi björgunarsveitarmanna. Hluti námsins fer fram í skólastofum en annað þarf að kenna á vettvangi. Á Gufuskálum á Snæfellsnesi eru þjálfunarbúðir fyrir leit og björgun. Þar var áður rekin lóranstöð en miklar breytingar og lagfæringar hafa átt sér stað svo nú er þar mjög góð, alhliða þjálfunaraðstaða, kennslustofur og gistirými. Umhverfi Gufuskála er einnig hentugt til þjálfunar og frábær aðstaða til æfinga í rústabjörgun sem vakið hefur athygli víða. En það eru ekki bara björgunarsveitir sem nýta sér aðstöðuna, lögregla og slökkvilið eiga þar innkomu, kvenna- og unglingadeildir halda þar fundi og námskeið og Útivistarskóli unglinga er rekinn þar á sumrin. Jafnframt gefst félagsmönnum kostur á að leigja orlofsíbúðir þegar laust er.

● **FJÁRÖFLUN BJÖRGUNARSVEITA** Þrátt fyrir að meðlimir björgunarsveita séu allir sem einn sjálfboðaliðar er rekstur öflugra björgunarsveita afar kostnaðarsamur. Þjálfa þarf björgunarsveitarfólk, tæki og tól verða að vera tiltæk og í góðu lagi, húsnæði þarf undir búnað og olíu á tækin.

Félagseiningar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru fjárhagslega sjálfstæðar einingar og afla sér fjár með ýmsu móti en hæst ber þó sala flugelda fyrir áramót og sala Neyðarkalls í nóvember. Þar ná sveitirnar sér í þorra þess rekstrarfjár sem þær hafa úr að spila allt árið um kring.








Notendabúnaður í Tetrakerfinu líkist að mörgu leyti eldri gerðum GSM síma. Jón Helgi Guðmundsson, slökkviliðsmaður hjá SHS, talar í Tetratæki á Birnudalstindi.

MYND/ÚR EINKASAFNI

# Allt í senn talstöð og sími

**Uppbygging nýs fjarskiptakerfis á Íslandi samkvæmt Tetrastaðli er nú mjög langt komin og ráðgert að henni ljúki að mestu á næsta ári.**

Um áramótin 2006-2007 var hafist handa við að endurnýja og stækka Tetra fjarskiptakerfið á Íslandi. „Tetrakerfið er frá grunni hannað með þarfir viðbragðsaðila í huga, það er hópfjarskiptakerfi, búið alls konar eiginleikum sem eru sérstaklega stílaðir ætlaðir fyrir þá. Til að mynda er neyðarhnappur á öllum tækjum og ef ýtt er á hann fer neyðarkerfi í gang og sá sem ýtir á hnappinn getur talað handfrjálst við móðurstöð og staðsetninginn kemur líka inn á borð viðbragðsaðila,“ segir Þröstur Brynjólfsson þjónustufulltrúi Tetra. Hann bendir á að Evrópusambandið hafi valið þennan staðal sem eina fjarskiptastaðalinn fyrir viðbragðsaðila allt til ársins 2015.

Hann telur kosti Tetrakerfisins mikla. „Helsti kosturinn er að Tetrakerfið er nettengt. Þetta er fjarskiptanet sem nær um allt land svipað og GSM. Þannig getur maður austur á Langanesi talað við mann í Höfn í Hornafirði eða á Kili,“ segir hann og bætir við að kerfið sé aukinheldur algerlega lokað og því ekki möguleiki að hlera það.

Tetratækið er ekki aðeins talstöð heldur einnig sími, auk þess hefur það fleiri samskipamöguleika, til dæmis SDS, sem er svipað og SMS, einnig er í tækjunum GPS staðsetningarbúnaður þannig að hægt er að staðsetja og menn. Þegar einhver í nauð hefur hringt í 112 til dæmis úr GSM er auðvellt að staðsetja þá viðbragðsaðila sem eru næstir staðnum og virkja þá til aðstoðar.

Talstöðvarhátturinn hefur þó verið valinn sem meginháttur fyrir kerfið og eru ástæðurnar þær að slíkur háttur hefur mjög stuttan uppkallstíma og ekki síður að með talstöðvahættinum er hægt að ná til mikils fjölda notenda samtímis og einnig er auðvelt að tengja saman óskylda notendur í kerfinu. Í stað sérstakra rása eins og menn eiga að venjast í öðrum talstöðvakerfum eru í þessu kerfi notaðir svokallaðir talhópar.



Þakning á hálendinu þykir orðin nokkuð góð. Settir hafa verið upp sendar á og við helstu hálendisleiðir svo sem á Kili, Fjallabaki og á austurhálendinu. Myndin sýnir útbreiðslu Tetrakerfisins.

Tetrakerfið hefur verið sett upp í áföngum síðustu tvö til þrjú árin en þriðja áfanga, sendauppsetningu, er nú að mestu lokið. Eru 154 sendar komnir upp og aðeins á eftir að koma einum eða tveimur til viðbótar í gagnið. „Síðan höldum við áfram að holufylla með öðrum lausnum á svæðum þar sem samband er ekki nægjanlega gott segir,“ Þröstur. Hann tekur fram að uppsetningin hafi tekið alveg ótrúlega stuttan tíma, mun styttri en margir bjuggust við. Þá segir hann þakningu á hálendinu orðna nokkuð góða en settir hafi verið upp sendar á og við helstu hálendisleiðir svo sem á Kili, Sprengisandsleið, Fjallabaki og á austurhálendinu. Jafnhliða þessari uppbyggingu hafa símafyrirtækin sett upp senda sína þannig að nú er GSM samband, víðast hvar á þessum leiðum.

Notendur Tetrakerfisins eru orðnir fjölmargir, eða hátt í 5.000 og fer fjölgandi. Stærstu notendurnir eru lögregla, slökkvilið, Landsbjörg, og orkufyrirtækin svo einhverjir séu nefndir. Og hvernig er reynslan af þessu kerfi? „Hún er mjög góð og segja má að það hafi bjargað mannslífum,“ segir Þröstur. *-sg*

# Neyðarsending úr jökulsá

Dag einn í júlí ákvað björgunarsveitin Húnar, sem var á hálendisvakt björgunarsveitanna, að kanna hvort vegurinn um Vonarskarð væri fær en margir ferðalangar höfðu falast eftir þeim upplýsingum.

Þegar sveitin átti um 17 kílómetra eftir í Nýjadal barst neyðarkall frá Neyðarlínunni gegnum SPOT-gervihnattaneyðarsendi.

Staðsetning neyðarsendisins var í miðri ánni Sveðju sem rennur undan Köldukvíslarjökli. Þar sem ekkert var vitað um aðstæður og ástand fólks á vettvangi var ekið greitt á staðinn. Þegar björgunarsveitin kom að ánni Sveðju sást strax að búið var að tjalda á malareyri í ánni og voru þar tvær konur sem höfðu lent í miklum hrakningum þegar þær reyndu að komast yfir ána. Önnur þeirra hafði dottið í ánni og hruflað sig á höndum og fótum og farið á kaf með bakpokann spenntan á sig. Vinkona hennar náði til hennar og saman tókst þeim að komast upp á sandeyrina. Reyndu þær nokkrum sinnum að komast af eyrinni en það var vonlaust verk.

Aðeins liðu tveir tímar frá því að þær sendu neyðarboðin þar til björgunarsveitin var mætt. Konurnar sögðu að þær hefðu alveg eins búist við að þurfa að dvelja á eyrinni í sólarhring eða lengur vegna þess hve þessi staður er afskekktur.

Þetta er ekki eina atvikið þar sem þar sem Hálendisvakt björgunarsveita gerði það kleift að hægt var að aðstoða ferðalanga í slæmum aðstæðum bæði fljótt og vel. Í sex til sjö vikur á hverju sumri eru fjórar björgunarsveitir hafðar á hálendinu til að aðstoða og leiðbeina ferðafólki og bregðast við óhöppum. Eru þær eini viðbragðsaðilinn á þessu stóra landsvæði sem þúsundir ferðafólks heimsækir dag hvern yfir sumartímann.



Aðeins liðu tveir tímar frá því að konurnar sendu neyðarboðin þar til björgunarsveit var mætt.

Björgunarsveitin Húnar ók svo í útsýnisferð um Vonarskarð áður en hún kom konunum í skálann í Nýjadal þar sem grillað var handa þeim íslenskt lambalæri sem þær þáðu með þökkum eftir að hafa lifað á pakkamat í tvær vikur.



● **VÉLSLEÐAR** Slysavarnafélagið Landsbjörg gaf árið 2005 út bækling um akstur vélsleða. Fjallað er um reglur um vélsleðakstur, hættur sem steðja að sleðamönnum, hverjar eru helstu ástæður slysa á vélsleðum, hvernig er hægt að fyrirbyggja slys, umfjöllun um hlífðar- og öryggisbúnað og ferðareglur. Bæklingurinn er gefinn út í samvinnu við Landssamtök íslenskra vélsleðamanna.

Bæklinginn má nálgast á heimasíðu Slysavarnafélagsins Landsbjargar með því að smella á ferðamennsku og svo á vélsleðar.

Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 8-17.



Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið

LANDSSÖFNUN BJÖRGUNARSVEITANNA 2009



# Þetta er **Neyðarkall** til þín!

Dagana 5.-8. nóvember fer fram fjáröflunarátakið **Neyðarkall björgunarsveitanna**. Aukin verkefni björgunarsveitanna kalla á meira fé til starfseminnar og er þetta okkar leið til að bregðast við því. Almenningur er því hvattur til þess að stuðla að eigin öryggi með stuðningi í þessu átaki.

Líkt og áður er um að ræða sölu á litlum neyðarkalli sem nú er eftirlíking af björgunarmanni með hund. Við hvetjum almenning til þess að taka vel á móti okkar fólki en Neyðarkallinn verður seldur á 1.500 krónur um allt land þessa fjóra daga á meðan átakið stendur.

**Stöndum með björgunarsveitunum og kaupum Neyðarkallinn!**

LANDSSÖFNUNIN NEYÐARKALL BJÖRGUNARSVEITANNA

*Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:*

N1 SJÓVÁ Íslandsbanki

112 EINN EINN TVEIR

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Berst fyrir lífi þínu!



**Gísli Einarsson fréttamaður telur björgunarsveitarmenn merkilegt fyrirbrigði.** FRÉTTABLAÐIÐ/E.ÓL

# Við bjargandi

Íslenskir björgunarsveitarmenn eru eitthvert það merkilegasta fyrirbrigði sem ég hef kynnst. Þetta eru menn (af báðum kynjum, svo því sé haldið til haga) sem, hvort sem er af skyldurækni eða ástríðu, æða upp um fjöll og firnindi þegar vindhraðinn er alltof margir metrar á sekúndu. Þetta eru menn sem rjúka út í veður og vind þegar öll heilbrigði skynsemi segir manni að sitja inni í sófa með bjór í hönd og horfa á fótbolta. Þetta er með öðrum orðum hálfbilað fólk upp til hópa og er þá kannski full vægt til orða tekið.

Því er stundum haldið fram af hreinni illkvittni að þegar einhver týnist þá sé það yfirleitt björgunarsveitarmaður. Því er líka haldið fram af sömu hvötum að björgunarsveitarmenn séu upp til hópa ævintýramenn sem noti björgunarsveitarstarfið til að fá útrás fyrir sínar hvatir.

Vissulega er ekki ólíklegt að einhverjir gangi í björgunarsveitir vegna áhuga á fjallapríli og 44 tommu dekkjum. Það er líka bara allt í góðu lagi með það. Ég er nefnilega ekki viss um að það væri heppilegt að björgunarsveitir landsins væru einvörðungu mannaðar fólki sem hefði bara ástríðu fyrir lestri góðra bóka og hannyrðum en alls enga lyst á útivist. Í björgunarsveitir þarf sæmilega bilað fólk sem er tilbúið til að stökkva af stað fyrirvaralaust, hvort sem er frá vinnu, kvöldmat eða kelerí.

Ég þekki vissulega björgunarsveitarmenn sem ekki er við bjargandi ef út í það er farið en í öll þau skipti sem ég hef orðið vitni að björgunaraðgerðum (sem er býsna oft á síðustu árum) hafa allir þeir sem að þeim koma unnið af fagmennsku og fórnfýsi. Sjálfur hef ég sem betur fer ekki enn þurft á björgunarsveitum að halda (sjö, níu, þrettán). Engu að síður veitir það öryggistilfinningu (samanber Vespre-dömubindin með vængjunum) að vita af fílefldum körlum og konum í viðbragðsstöðu. Því er ég mun rólegri í mínum sófa með minn bjór í hendi að ég veit að til eru þeir sem eru nógu bilaðir til að æða af stað, út í glórulausa stórhríðina þegar neyðarkallið kemur.

*Gísli Einarsson*

# Betur má ef duga skal

Frá árinu 1996 hafa Slysavarnafélagið Landsbjörg tekið þátt í könnun á öryggisbúnaði leikskólabarna í bílum. Þessi könnun hefur verið innt af hendi af félagseiningum Slysavarnafélagsins Landsbjargar og starfsfólki þeirra aðila sem að könnuninni standa.

Fyrsta árið sem könnunin var gerð voru 28 prósent barna laus í bílum og árið eftir voru 32 prósent barna laus. Árið 2008 var þetta hlutfall komið niður í 3 prósent sem er frábær árangur.

Þrátt fyrir góðan árangur undanfarin ár er ekki hægt að segja að 97 prósent barnanna séu í réttum öryggisbúnaði þar sem 11 prósent þeirra voru eingöngu í bílbelti sem er ekki réttur öryggisbúnaður fyrir leikskólabörn. Aldrei er þó hægt að sætta sig við að ekki sé vel búið að öllum börnum og ávallt bætast nýir foreldrar við. Því verður sífellt að halda fræðslunni áfram.



**Kannanir sýna að sífellt fleiri huga að öryggisbúnaði barna í bílum.**







**Það var orðið dýrt að geta varla hreyft sig**

Bo Tavell 65 ára

# Nú er ég liðugur á ný!

Í mörg ár hefur Bo stundað áhugamál sín þrátt fyrir stirða og auma liði. Hann lét ekki þráláta verki og stirðleika stöðva sig. „Eftir að ég kynntist NutriLenk er lífið langtum léttara og bjartara," segir hinn sænski Bo Tavell, 65 ára. „Það er klárt mál að líf mitt er allt annað og betra eftir að ég byrjaði að nota NutriLenk."

Bo Tavell hefur mýmörg áhugamál og vill lifa lífinu til hins ýtrasta. Hann ekur vélhjóli og er virkur í torfæruakstri, sem er mjög erfitt vélhjólasport. Bo fer einnig á brimbretti, skíði og lagar húsið sitt svo eitthvað sé nefnt. Fyrir nokkrum árum fór hann að verkja í fingur og hné.

## Ég er þver og vildi ekki láta neitt stoppa mig

„Ég þverkallaðist við og lét ekkert stoppa mig í að lifa virku lífi og gerði það oft á hnefanum sem var erfitt! Hugurinn náði ekki alltaf að yfirstíga sársaukann og var ég farinn að framkvæma minna og minna."

## Hné og fingur

„Ég viðurkenni að geðslagið og liðirnir voru ekki upp á sitt besta og var ég orðinn hálf niðurdreginn þegar góður vinur benti mér á NutriLenk. Strax eftir tveggja vikna inntöku fann ég fyrir miklum létti og átti mun betra með að hreyfa mig og best var að endurheimta húmorinn á ný," segir Bo skellihlæjandi.

## 4.500 km á vélhjóli

„Fyrir nokkru var mér boðið í brúðkaup til Rúmeníu. Ég ákvað að fljúga til Rómar og keyra þaðan á vélhjóli í brúðkaupið sem var 2.250km leið! Sem gerir jú 4.500 km báðar leiðir. Áður en ég byrjaði að taka inn NutriLenk hefði ég aldrei nokkurn tímann getað farið út í svona ævintýri í því ástandi sem ég var. En eftir að ég kynntist NutriLenk þá var ekki mikið mál að leggja upp í þetta ævintýri sem gekk alveg fyrirtaks vel. Reynar fann ég fyrir smá þreytuverk í baki eftir að hafa setið svona lengi á hjólinu en það hefðu nú flestir gert!" bætir Bo kíminn við.

## Mæli gjarnan með NutriLenk

„Ég mæli eindregið með því að þeir sem hafa auma og slitna liði taki inn NutriLenk."

## Hvað getur NutriLenk gert fyrir þig?

Með árunum rýrnar brjóskvefurinn sem veldur því að liðirnir slitna. Þetta er náttúrulegt ferli. Mjög margir finna fyrir miklum óþægindum þegar beinin byrja að núast saman, sérstaklega í stóru liðamótum eins og í mjöðmum, hryggjar-og hnjáliðum. Þess vegna er allt tilvinnandi að styrkja liðbrjóskið á náttúrulegan hátt.



Heilbrigður liður — Liður með slitnum brjóskvef

**Náttúrulegt byggingarefni fyrir liðbrjóskið**

NutriLenk inniheldur náttúrulegt byggingarefni fyrir brjóskvefinn og er mjög góður valkostur fyrir þá sem þjást af minnkuðu liðbrjóski. Unnið úr sérvöldum fiskibeinum úr hafinu sem hefur sýnt fram á að vera fyrsta flokks byggingarefni til að styðja við brjóskvefinn og viðhalda honum.

**Vara ársins!**

NutriLenk hefur hjálpað fjölmörgu fólki.
NutriLenk var valið heilsuvara ársins 2004 í Noregi.
NutriLenk er 100% náttúruleg vara sem er mjög gagnleg þeim sem þjást af brjóskvefsrýrnun.
Prófið sjálf-upplifðu breytinguna!

**NutriLenk er fáanlegt í flestum apótekum, heilsubúðum, Fræinu Fjarðarkaupum og stærri Hagkaupsverslunum.**



## BÍLAR & FARATÆKI

**Bílamarkaðurinn**



Ertu að leita að bíl, þarftu að selja bíl? Bílamarkaðurinn, Smiðjuvegi 46, 200 Kópavogi sími 567-1800 www.bbv.is opið 10:00-18:30 laugardaga 11:00-16:00

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

**HÖFÐAHÖLLIN**
*fluttir í fjörðinn!*



HYUNDAI SANTA FE CRDI Árgerð 2007. Ekinn 71 þ.km. Verð kr. 4.370.000.



CITROEN BERLINGO SENDIBÍLL Árgerð 2004. Ekinn 46 þ.km Verð kr. 850.000.



KIA RIO Árgerð 2002. Ekinn 114 þ.km Verð kr. 340.000.



NISSAN ALMERA ACENTA. Árgerð 2004. Ekinn 89 þ.km Verð kr. 1.390.000.

**Höfðahöllin**
**Norðurhella 8, 221 Hafnafjörður**
**Sími: 567 4840**
**Vantar bíla á skrá og á staðinn.**
**www.hofdahollin.is**

**Bílalíf.is**
**Bílasala Matthíasar**




CITROEN C3 SX. Árgerð 2004, ekinn 48 þ.km, BENSÍN, Sjálfskiptur. Verð 1.380.000. Rnr.123423.Til sýnis og sölu hjá Bílalíf, Kletthálsi 2, S:562-1717. Sjá fleiri myndir á www.bilalif.is Vegna mikillar sölu undanfarið óskum við eftir bílum á staðinn og á söluskrá okkar. WWW.BÍLALÍF.IS

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18 laug. 12-16.**
**www.bilalif.is**

**STÓRA BÍLASALAN**



Toyota Land Cruiser 120LX 37" Diesel Árgerð 06/2005, ekinn 104þ.km, 37" breyttur, verð 5.500.000kr, rnr 150348. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar.



Nissan Double Cab 33" Diesel Árgerð 10/2005, ekinn aðeins 32þ.km!, toppeintak, verð 2.190.000kr, rnr 130327. Sjá nánar á www.stora.is. Vegna mikillar sölu vantar okkur allar gerðir bíla á skrá og á svæðið til okkar.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

**Motor sport**



**Haustútsala á vespum í stuttan tíma!**
50cc vespur, í tveimur litum. Áður 188 þús. Nú 169 þús.

**Mótorsport ehf**
**Síðumúla 34, 108 Reykjavík**
**Sími: 567 1040**
**Öll viðgerðarþjónusta á staðnum**
**www.motorogsport.is**

### Bílar til sölu



VW Polo '03 ek. 98 þús. Nýsk. Ný tímareim. Góður bíll. V. 690 þús. S. 690 6350.



Til sölu Golf 1600 árg.'04. Ek. 71 þ. 4 dyra. Álfelgur. Áhv. 800 þús, 34 þús pr mán. Verð 1490 þús. Uppl. í s. 822 5062.



MMC Pajero stuttur árg. 1998 dísel ek. 244.Þ. ný.sk fínasti bíll verð. 590 Þ. Góður stgr. afsláttur. uppl. í s. 692 8526.



Sjálfskiptur Toyota Corolla Árg. 98 nýsk. '10 ekin 131.Þ. Góður bíll. Verð 490 þús. uppl. í síma 893-5400.



**BMW 5 línan**
BMW 520i skráður 14.07.2004 ekinn 99 þús. Flottur velbúinn bíll, leður, topplúga, sjálfskiptur, fjarlægðarsk. o.m.fl. Upplýsingar í síma 893-3557



Ford EXCURSION 9 manna árg. 2002 ekin 214.Þ dísel 7,3 nýsk.10 mikið yfirfarin tilboð 1,990.Þ. var á 2,590 uppl. S. 847 6400.



Daiwoo Nubira árg. '99 1600, bsk. 5g. sk. '10. Ný tímareim. Bíll í góðu standi. Ásett verð 190þ. S. 863 6060 & 554 7225.

VW Golf til sölu. Árg. '98 Verð milli 250 og 200 þús. Þarfnast smá lagfæringa. Skoða öll skipti. Fyrstur hringir fyrstur fær. S. 695 9889.

### 0-250 þús.



**Tilboð 195 þús**
Peugeot 306 st. 5 gíra. Krókur. Góður vinnubíll árg. '98 ek. 160þ. Sk. '10. S. 891 9847.

Peugot Partner árg 97 og Hyundai Accent árg 95 þarfn báðir smáv viðg fyrir skoðun verð 120 þ hvor. S:861 7158.

### 250-499 þús.



Peugeot Boxer 2.5 TD 9 manna með krók. Verð 290.000 kr. Uppl. í s. 663 4898, Villi.



**!! Tilboðsverð 350 þús**
Opel Astra 1,6 árg. 2000, ek. 176 þús. skoðaður fyrir 2010, 5 dyra, bsk. spoiler, álfelgur, fínn bíll. Tilboð aðeins 350þús., allar uppl. í síma 659-9696.



Til sölu WV póló árg. 2000 beinsk. ek. 125 þús. vetrard nýskoðaður toppbíll verð 425 þús. uppl. 868 2352.

### Bílar óskast

Óska e. að kaupa gamla bíla til niðurrifs. Nán.uppl. í síma 661-2222.

Óska eftir að kaupa bíll á verðbilinu 20- 200 þús. Sími 615 1810.

Óska eftir ódýrum bíl, má þarfnast lagfæringa, ekki eldri enn '98. Skoða allt. Uppl. í s. 893 5400.

**Óska eftir bíl**
Óska eftir bíl fyrir allt að 300.000- stgr. má þarfnast lagfæringa ekki eldri en '98 árg. Skoða allt. Uppl. í síma 861 7600.

Óska eftir bíl á verðbilinu 60 - 100 þús, má þarfnast lagfæringar. S. 773 5788

Kaupi bíla sem þarfnast lagfæringar fyrir ca 20-100 þús. stgr. sími 896 6744.

### Jeppar

EBERSPACHER, vatns- og hitablásarar 12 & 24volt, diesel og bensín, Viðgerðar og varahlutaþjónusta. Stilling sími: 520 8000.

### Vörubílar



Isuzu '07 7br. bíll ek.72þ.1t lyfta, hlutabr. og leyfi á stöð geta fylgt. verð 3,4+vsk. Uppl. S. 895 9446.

Til sölu undirtönn árgerd 2004 og snjómokstursbúnadur framan af vörubil platti og stífur,dæla og fleira.Einnig gripkló a gröfu. Nagladekk á álfelgum a toyota rav 4 225/70/16. Upplysingar í 6907141

Forþjöppur, varahlutir, viðgerðarþjónusta. Eigum á lager / getum útvegað flesta varahluti fyrir vörubíla og vinnuvélar. Stilling sími: 520 8000.

### Kerrur

Til sölu ný kerra 152x305, burðargeta 1500kg. Verð 300þús. Uppl. í S 898 5445

Kerra til sölu. Stærð 3 lengd x 1 1/2 breidd x 1 1/2 hæð. Hugsanleg skipti á bíl. Uppl í s 692 4778.

### Bátar



Bátur til sölu: Þarfnast standsetningar, skráningarnúmer 9810, 2,67 bt., lengd 6,67 m., vél Volvo Penta 48 hö., vagn fylgir. Verðhugmynd 1.400.000 Uppl. í s. 892 5504.

### Varahlutir

**VAKA**

Kaupum og sækjum bilaða bíla. Hafðu samband í síma 5676700 (varahlutaverslun). Vakabílar.is

Varahlutir í VW Golf, Polo og Yaris, og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 554 1610 & 892 7852.

**Bílapartar ehf S. 587 7659.**
Eigum mikið úrval af varahlutum í flestar gerðir Toyota bifreiða. Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga frá kl. 9.00 - 18.00. Grænumýri 3 Mosfellsbæ www.bilapartar.is

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**Partabílar 770-6400**
Er að rífa Swift 05-09 Yaris '05 BMW 525 disel '02 Honda Civic '97 Renult Kango '99, Dodge Carvan '97 og Nissan Primera '99, Peugot 306 '98. Kaupum bíla í niðurrif.

Er að rífa Subaro Legacy '98 og Daihatsu Applause '99. Uppl. s. 896 6744.

**www.netpartar.is**
**Bílapartasala**
Notaðir varahlutir í nýlega bíla. Opið virka daga 9-18. S. 486 4499 & 486 4477.

**Þú finnur allar helstu bílapartasölur landsins á www.partasolur.is**

**Partahúsið - S. 555 6666**
VW Bora, Golf, Passat, Cati, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Toyota Avensis, Yaris. M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 615 0888. Skeiðarás 3, 210 Grb.

**VW, Skoda, Audi. S. 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

## ÞJÓNUSTA

### Jólaskemmtanir

**Jólasveinaþjónusta Skyrgáms**

Förum að koma til byggða, viltu að við komum við hjá þér? 20% til Hjálparst. Kirkjunnar. Bókaðu heimsókn á skyrgamur@skyrgamur.is

### Hreingerningar

**Teppahreinsun**
Tek af mér teppahreinsun fyrir húsfélög, fyrirtæki og einstaklinga. Upplýsingar í s. 892 9499

### Garðyrkja

**Gröfuþjónusta Auberts.**
**Allar stærðir af gröfum með fleyg og jarðvegsbor, hlöðum grjótkanta og útvegum holtagrjót og allt fyllingarefni, jöfnum lóðir, gröfum grunna. Einnig endurnnýjun á drenn og klóaklögnum.**
**Sími 892 1663.**




Jólaskreytingar, trjáklippingar og fellingar, laufa og lóðahreinsanir, stéttahreinsun, þökulagnir, jarðvegsvinna, smíðar og margt fleira. Garðar Best ehf s. 698 9334 www.garðarbest.is




**Trjáfellingar!**
Runnaklippingar, trjáklippingar, snyrting á trjágróðri. Alhliða umhirða garða. Eiríkur Sæland garðyrkjufræðingur. S. 848 1723.

**Er öspin til ama ?**
Fellum og fjarlægum tré. Vönduð vinnubrögð. Uppl. í s. 773 0317.

Smágröfuþjónusta, hellulagnir, drenlagnir og öll almenn lóðavinna. Vönduð og góð vinnubrögð. Erum með vörubíl með krana. SS Hellulagnir. 691 8907. Sjá nánar á www.sshellulagnir.is

### Þjónusta



**Láttu ekki veturinn koma þér á óvart!**

**Eru perurnar í lagi?**
Láttu sérfræðinga okkar skipta um perur fyrir veturinn. Eigum perur í nær allar gerðir bíla.

**Renndu við, þú færð góðar móttökur alla virka daga frá kl. 8 til 18.**

N1 HJÓLBARÐA- OG SMURÞJÓNUSTA SÍMI 440 1000

Meira í leiðinni

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**
**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535. Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www. leiguherbergi.is**

Til leigu nýleg 2-3 herb íbúð á jarðhæð í Suðurhólum Rvk. með sér inngang og góðri afgirtri verönd. Leiga 115 þús. Halla 8617381 e. kl 17

13 fm herbergi í 105 með húsgögnum. Sameginlegt salerni með sturtu. Aðgangur að þvottavél & þurrkara. 30þ. 820-8214.

12fm herb. Hlíðunum. Sérinng. Jarðh. Aðg. að baði og sturtu. ADSL. Húsgögn ef vill. 27þ. Laus. S. 8566816

60 fm., 2 herb. íbúð til leigu í Kóp. 85 þús. per. mán. + hússj. Uppl. í s. 821 4744.

### Leiguliðar ehf Fossaleyni 16
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 58.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð. Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440.

### Leigjendur, takið eftir!
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

### Stúdíóíbúð
Nýuppgerð 20 fm. stúdioíbúð, Dugguvogi. Þvottavél, þurrkari og internet fylgir. Verð 59 þ. S. 824 6692.

Falleg þriggja herbergja íbúð á efstu hæð í 101. Laus frá 13. nóvember til vors. Baðkar, sturta og svalir. Verð 120 þusund krónur. Sími: 895 3123

### Útsýni
3ja herb. íbúð til leigu á sv. 108. Laus strax. S. 822 8556 & 553 0690 á milli kl.15-20.

### Miðbær, miðbær
Til leigu stórt og rúmgott herb. á frábærum stað í bænum. Sam. eldhús og WC, afnot af þvottav. Aðeins reglus. einst. kemur til greina. S. 863 3328 & 846 0408.

## Húsnæði óskast

Ungur maður í námi og með vinnu óskar eftir íbúð, reglusemi og skilvísi greiðslum heitið. Greiðslug. 50-60þ. á mán. S. 691 6488.

Lítið einbýli í Kópavogi eða 3ja herb. íbúð óskast í langtímaleigu s. 864-3974 opu@simnet.is

Óska eftir 3-4 herb. íbúð til leigu í Grafarvogi. Get greitt 3 mán. fyrirfram. Ég er ábyrgur leigjandi :) S: 692 9394.

## Fasteignir

### BÚJÖRÐ ÓSKAST
Fjölskyldufólk óskar eftir bújörð í skiptum fyrir2ja hæða einbýlishús í Hafnarfirði ásamt bílskúr makaskipti. Uppl. í sima 695 3744.

## Atvinnuhúsnæði

Óska eftir ca. 60-100 fm húsnæði til leigu, undir létta járnsmíði. Má þarfnast lagfæringa. Uppl. í s. 869 6690.

## Geymsluhúsnæði

### Geymsluhúsnæðið Auðnum II, 190 Vogar.
Tjaldvagnar, fellihýsi, bílar, bátar, mótorhjól ofl. Uppl. í s. 864 3176.

### geymslur.com
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

### Sparaðu þér sporin
Sparaðu þér sporin Upphituð geymsla fyrir bíla, ferðavagna, mórorhjól og báta í pósnúmeri 105 Reykjavik. Uppl í síma 824-8425

### www.geymslaeitt.is
Sér geymslur frá 5 til 17 m2. Góð verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað.S: 564-6500

### www.buslodageymsla.is
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

### Geymsluhús.is
Mjög gott 3000m2 upphitað geymsluhús í Innri Njarðvík, hjólhýsi, fellihýsi, tjaldvagnar, bílar ofl. ATH! gott verð!! Uppl, í síma 770-5144

### Geymsluþjónusta
Geymi tjaldvagna, fellihýsi, mótorhjól. Staðsetning Breiðholt. S. 892 4424.

## Gisting

### GISTING Í KAUPMANNAHÖFN GÓÐ STAÐSETNING GOTT VERÐ!
Fullbúnar lúxus íbúðir í göngufæri frá miðbænum. Góður kostur fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Verð 950 dkr. nóttin fyrir 3ja herb. íbúð. Nánari uppl. í s. 891-8612, +45 27111038, www.stracta.com eða annalilja@stracta.com

2 manna herb. í miðbæ Rvk. 6500 kr nóttin. Gistiheimilið Egilsborg s. 896 4661

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfsmenn óskast í útivinnu,góð aðstaða á vinnustað. Uppl í síma 8970731

Óskum eftir faglærðum iðnaðarmönnum. Sendið ferilskrá á noregur@gmail.com

Kofi Tómasar Frænda óskar eftir aukafólki um helgar. Upplýsingar á staðnum, laugavegi 2

Vantar hraustan einstakling í útivinnu, aðallega labb. Tímabundið í Nóv-Jan. Uppl. í s. 821 0881.

### Öryggisfélagið
Öryggisfélagið óskar eftir starfsfólki á dag og næturvaktir í verslunum. Helstu störf eru öryggisgæsla, verslunarstörf, áfyllingar ofl. Skilyrði; góð þjónustulund og hreint sakarvottorð. Lágmarksaldur 20 ár. Öryggisfélagið ehf. Askalind 2 / 201 Kópavogur. Umsóknir á staðnum. www.115.is

### Vantar þig vinnu með skóla?
**Subway í Borgartúni auglýsir eftir duglegum og jákvæðum starfskrafti með mikla þjónustulund í hlutastarf um kvöld og helgar.**
**Hægt er að sækja um á staðnum eða á subway.is**
**Lágmarksaldur er 16 ár.**

## Atvinna óskast

43 ára gamall maður óskar eftir helgarvinnu. Reyklaus og reglus. S. 661 9255.

30 ára járnsmiður/bifvélavirki með mikla reynslu leitar 100% vinnu. Einnig góð kunnátta á AutoCAD/Inventor/CNC S:697-8677/cobra@islandia.is

# TILKYNNINGAR

## Tilkynningar

### Nytjamarkaður til styrktar ABC barnahjálp og kærleikans, Skútuvogi 11a
**Til sölu bæði nýtt og notað, t.d föt, húsgögn og fleira. Föt 50 kr - 1200.- Einnig gefins föt. Húsgögn frá 200-15þ.**
**Tökum á móti öllum hluti. Opið virka daga frá 12-18.**
**S. 520 5500.**

## Einkamál



### Konur í ævintýraleit ath!
Rauða Torgið Stefnumót kemur þér fljótt og örugglega í sambandi við karlmennina sem þú vilt kynnast. Þú auglýsir og spjallar frítt í s. 555-4321. Karlar heyra auglýsingar kvenna í s. 905-2000 og 535-9920.



Dömurnar á Rauða Torginu eru fjölbreyttur og síbreytilegur hópur yndislegra kvenna sem njóta þess að daðra við karlmenn í síma. Hver þeirra verður vinkona þín í kvöld? símar 908-6000 (símatorg) og 535-9999 (kreditkort).



Ég og kallinn minn leitum að pari til að leika við okkur. Erum bæði flott og fit, ég er 20 og hann 22. S: 6928981!



### Samkynhn. KK ath:
Nú er mikið af auglýsingum samkynhneigðra karlmanna á Rauða Torginu Stefnumót, sem leita bæði skemmri og lengri kynna. Þú auglýsir og vitjar skilaboða frítt í s. 535-9923 en heyrir auglýsingar annarra í s. 905-2000 og 535-9920.

Kona óskast sem vil hugsa um eldri mann sem býr á fallegum stað út á landi. Svör sendist Fréttablaðinu merkt „heiðarlegur" með símanúmeri.




## Þjónustuauglýsingar

**FJARÐARBÓLSTRUN ehf**



Sérsaumum einangrunarlok og yfirbreyðslur á allar tegundir potta.
Metum og gerum við.
Margra ára reynsla.
**Netfang:**
**leit.is/servefir/fjardarbolstrun**

**Bekkjarparty - Afmælis veislur**
**ÓKEYPIS SALUR! ÓDÝRAR FERMINGARVEISLUR!**



**Stúdíó 29**
Laugavegur 101
Sími 511 3032 &
861 2319

**BALKANIKA**
-kitchen-
Velkomin á eina Balkan veitingastaðinn í hjarta Reykjavíkur.
**Verð frá 790.- kr -1690.- kr**
Opið alla daga 11:00-23:00 & sunnudaga 17:00-23:00
Vitastígur 10, 101 RVK. S. 562 8484 **www.balkanika.is**



**CMT sagarblöð og fræsitennur**



**Ásborg** vélar verkfæri
Smiðjuvegi 11 S 5641212

**www.tomstundahusid.is**



**Nýkomin sending**
af lömpum með
stækkunargleri í úrvali.
Tómstundahúsið, Nethyl 2,
sími 587-0600



dancop
***Eftirlitsspeglar í verslanir***
***Verslunartækni***
***www.verslun.is***
*Sími: 5351300 Dragháls 4 110 RVK*

**Motor sport**
***ÞJÓFAVARNIRNAR KOMNAR AFTUR!***



nú einning með reykskynjara.
Þú velur 3 símanúmer sem
þjófavörnin hringir í ef brotist
er inn hjá þér. Eigum alla
aukahluti. Verð 23.900.-
**Mótorsport ehf Síðumúla 34,**
**108 Rvk. S. 567 1040**

**FAGAFL EHF**
**Alhliða trésmíðaþjónusta**
**Fasteigna – Fyrirtækjaþjónusta**
**Sími 894 1454 – fagafl@simnet.is**

***Pústþjónustan Ás***
**Nóatúni 2. Sími: 562-8966**
**Pústkerfi í flesta bíla, sérsmíði, viðgerðir.**
**Flott og góð þjónusta.**




**Bílaþjónustan Bilaði Billinn**
Vagnhöfða 7, kjallara - 110 Reykjavik
Sími 445 5562 - Gsm 615 2562
**Bjóðum upp á bón og smáviðgerðir.**
**Einnig aðstöðu fyrir þig til að gera við sjálfur.**
**OPIÐ FRÁ 10:00-22:00, ALLA DAGA**

***ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS ALLA FIMMTUDAGA.***
***HAFÐU SAMBAND VIÐ SÖLUMANN Í S. 512 5407***



# Bíladagar Fréttablaðsins!

**Þarftu að kaupa, selja eða skipta?** Sérstakir bíladagar verða frá og með næstu helgi alla laugardaga í smáauglýsingum Fréttablaðsins.

**Sértilboð á bílaauglýsingum – aðeins 3.490 kr, texti og mynd.**

Hafið samband við sölumann í s. 512 5050 eða sendið póst á smaar@frettabladid.is

FRÉTTABLAÐIÐ FRÍTT

Bíladagar – markaðstorg með bíla

## ¡ALLT TÍSKA

Leitið upplýsinga hjá sölufulltrúum;

Jóna María
512 5473

Hugi
512 5447

vísir.is
"...ég sá það á vísi"

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki



## Útboð

GARÐABÆR

# Útboð

**- Fimleikaáhöld í Fimleikahús að Ásgarði Garðabæ**

Garðabær óskar eftir tilboðum í ýmis konar keppnis- og æfingaáhöld til fimleikaiðkunar.

Sá búnaður sem Garðabær stefnir að kaupum á er m.a.; áhaldagólf, stór trampolín í gryfjur, tvíslár, aðhlaupsbrautir, FIG lendingardýnur, lendingardýnur í gryfjum, trampolín-gólf í gryfju, FIG jafnvægisslár, rimlagrindur, svifrár, hæðarstillanleg lendingardýna, almennar lendingardýnur hópfimleika og fjöldi annarra tækja og búnaðar.

Útboð þetta er auglýst á evrópska efnahagssvæðinu.

Útboðsgögn verða afhent áhugasömum endurgjaldslaust í gegnum heimasíðu Strendings ehf, verkfræðiþjónustu, veffang: www.strendingur.is.

Aðilar skulu skila gildum tilboðum og tilskyldum gögnum í samræmi við útboðsgögn eigi síðar en kl. 11.00 þann 10. desember 2009 á Bæjarskrifstofur Garðabæjar, Garðatorgi 7, 210 Garðabær.

**Garðabær, Tækni- og Umhverfissvið**

## Fasteignir




**Eignatorg Sími 510 3500**

Guðrún Hulda Ólafsdóttir hdl.
Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali

**Eignatorg kynnir:** Mikið endurnýjuð og vel skipulögð 90 fm, 3ja herbergja íbúð á þriðju hæð í góðu fjölbýli í Árbænum. Nánari lýsing: Komið er inn í forstofuhol með parketi á gólfi og forstofuskápum. Endurnýjað eldhús með nátturuflísum á gólfi, fallegri, hvítri innréttingu, borðkrók og glugga. Sér Svefnherbergisgangur með parketi á gólfi. Endurnýjað baðherbergi með flísum á gólfi, flísum á veggjum, baðkari, innréttingu, glugga og tengi fyrir þvottavél. Herbergi með plastparketi á gólfi. Hjónaherbergi með plastparketi á gólfi og eldri skápum. Stofa með parketi á gólfi, gluggum til vesturs og hurð út á vestursvalir. Í kjallara er sérgeymsla og sameiginlegt þvottahús. Verð 20,8

**Allar nánari upplýsingar gefur Björgvin Guðjónsson löggiltur fasteignasali í síma 615-1020 eða bjorgvin@eignatorg.is**






Sóleyjargata 17 | 101 Reykjavík | Fax 510 3501 | www.eignatorg.is

# VALHÖLL
**FASTEIGNASALA**

Síðumúla 27 - Sími 588 4477 - Fax 588 4479

### Síðumúli – Verslunarhúsnæði



Til leigu 280 fm verslunarhæð á góðum áberandi stað. Tilvalið fyrir hverskonar verslun, þjónustu, skrifstofur og fl. **Laust strax. Mjög hagstætt leiguverð.**

**Uppl. Í símum: 896-5221 og 896-5222.**

### Bæjarlind – Kópav. Til leigu 150 fm.



Til leigu 150 fm skrifstofu eða þjónustuhúsnæði á jarðhæð (beint inn) í góðu húsi á frábærum stað. Gott auglýsingagildi. Útgengt á svalir í vestur. **Laust strax. Mjög hagstætt leiguverð.**

**Uppl í símum: 896-5221 og 896-5222.**

**Ingólfur Gissurason lgf.**
**Valhöll fasteignasala • Síðumúla 27 • Sími:588-4477.**

## Atvinna

MENNTA- OG MENNINGARMÁLARÁÐUNEYTIÐ

### Embætti ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytis er laust til umsóknar

Laust er til umsóknar embætti ráðuneytisstjóra mennta- og menningarmálaráðuneytis. Skipað verður í embættið til fimm ára frá og með 1. desember 2009.

Um embættið gilda lög nr. 73/1969 um Stjórnarráð Íslands með síðari breytingum og lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins með síðari breytingum. Um laun og önnur starfskjör fer samkvæmt ákvörðun kjararáðs, sbr. lög nr. 47/2006, um kjararáð.

Nánari upplýsingar veitir Kristín Jónsdóttir skrifstofustjóri upplýsinga- og þjónustusviðs.

Umsóknir með upplýsingum um menntun og starfsferil berist mennta- og menningarmálaráðuneyti, Sölvhólsgötu 4, 150 Reykjavík. Umsóknarfrestur er til 18. nóvember 2009.

Mennta- og menningarmálaráðuneyti,
3. nóvember 2009.
menntamálaráðuneyti.is

## Fasteignir

EIGNAMIÐLUN Reykjavík



Sverrir Kristinsson lögg. fasteignasali

Frá 1957
Elsta starfandi fasteignasala landsins

Sími: 588 9090 • Síðumúla 21 • 108 Reykjavík • www.eignamidlun.is

# EIGNIR ÓSKAST

### Sérhæð eða hæð og ris óskast
**– góðar greiðslur í boði**

Traustur kaupandi óskar eftir 150-200 fm sérhæð eða hæð og risi. Þessir staðir koma vel til greina: Vesturbærinn, Hlíðar eða nágrenni Miklatúns. **Allar nánari uppl. veita Sverrir Kristinsson og Hilmar Þór Hafsteinsson.**

### Einbýlishús í Þingholtunum óskast
**– góðar greiðslur í boði**

Höfum kaupanda að 300-400 fm einbýlishúsi í Þingholtunum. terkar greiðslur í boði. **Allar nánari upplýsingar veitir Sverrir Kristinsson.**

## Vantar þig atvinnuhúsnæði?

- **Fiskislóð: 1000 m2 verslunar-, þjónustu, iðnaðar og/eða lagerhúsnæði. Lofthæð 8m. Laus 1. des.**
- **Skrifstofuhúsnæði við tjörnina 360m2**
- **Veitingahús í miðborginni með leyfi fyrir 150 manns**
- **Skrifstofuhúsnæði Sundagörðum fullbúið vandað skrifstofuhúsnæði 250-1500m2 - næg bílastæði - aðgangur að góðu mötuneyti fyrir starfsfólk**
- **Vöruhús við Sundahöfn með öllum búnaði ásamt stórum frystiklefa og fullbúnum skrifstofum 3800m2 - 10 m lofthæð. Möguleiki að leigja í heild eða hluta.**
- **Selfoss 2000m2 lagerhúsnæði - hagstæð leiga**

**Upplýsingar í s. 861 3889**

# Standa stólpar kynheilbrigðismála á brauðfótum?

**UMRÆÐAN**

Jóna Ingibjörg Jónsdóttir skrifar um kynheilbrigðismál



JÓNA INGIBJÖRG JÓNSDÓTTIR

Heildstæð stefnumótun í málefnum kynheilbrigðis hefur ekki verið mörkuð hér á landi. Vegna þessa eru enn meiri líkur á að við stöndum ekki vel að vígi til að takast á við afleiðingar kreppunnar hvað varðar kynheilbrigði. Í ljósi núverandi ástands er vert að líta til reynslu Svía af áhrifum efnahagskreppunnar þar í landi upp úr 1990 á kynfræðslu og kynheilbrigðisþjónustu. Á þeim tíma var dregið mjög úr framlögum til kynfræðslu í sænskum skólum. Áratug síðar voru Svíar að súpa seyðið af þessari aðgerð þegar ýmsum vandamálum sem tengjast kynlífi og frjósemisheilbrigði fór fjölgandi. Skortur á stefnumótun og heildarsýn í kynfræðslu, forvörnum og kynheilbrigðismálum bitnar óneitanlega á þeim sem síst skyldi, börnum og unglingum. Því væri það verðugt verkefni að kanna áhrif efnahagshrunsins 2008 hér á landi á kynheilbrigði, ekki síst meðal ungs fólks.

Árið 2000 lögðu Alþjóðaheilbrigðismálastofnunin (WHO) og Pan Am heilbrigðisstofnunin (PAHO) áherslu á nauðsyn þess að þjóðir heims legðu sitt af mörkum til að skapa kynferðislega heilbrigð samfélög. Slík samfélög grundvallast samkvæmt skýrslu þessara stofnana á átta máttarstólpum, en þeir eru pólitísk ábyrgð, skýr stefna, lög, rannsóknir, menntun og þjálfun þeirra sem veita fræðslu og þjónustu, góð kynfræðsla, menning og eftirlit. Saman mynda þessir máttarstólpar eða áhersluatriði grundvöllinn að kynferðislega heilbrigðu samfélagi.

Þróun kynfræðslu og uppbygging kynheilbrigðisþjónustu hér á landi ber þess nokkur merki að heildstæða stefnumótun skorti í báðum þessum málaflokkum. Tökum nokkur dæmi. Pólitísk ábyrgð og skýr stefna eru fyrstu máttarstólparnir. Kynheilbrigði eða kynheilsa er ótvírætt einn af málaflokkum lýðheilsu, en er þó hvergi að finna í núverandi skipuriti Lýðheilsustöðvar. Kynsjúkdómavarnir heyra undir sóttvarnasvið landlæknisembættisins, en þær eru aðeins einn þáttur af mörgum sem heyra til kynheilbrigðismála. Svo virðist sem hendur Lýðheilsustöðvar séu bundnar eigi hún að geta tekist á við málaflokkinn kynheilbrigði nema lagabreytingar eða ný reglugerð um varnir gegn kynsjúkdómum komi til. Heilsuvísar kynheilbrigðis um árangur kynfræðslu, kynlífsráðgjafar og forvarna hafa til dæmis ekki verið tilgreindir hér á landi. Kynheilbrigðismál er heldur ekki að finna sem sérstakan málaflokk í heilbrigðisáætlun stjórnvalda til ársins 2010. Þar eru sett fram markmið um að draga úr kynsjúkdómum, þungunum unglingsstúlkna og fóstureyðingum. Hins vegar fylgir henni engin ætlun um það hvernig framkvæma skuli áðurnefnd markmið. Þótt bæði heilbrigðisyfirvöld og Heilsugæslan í Reykjavík hafi sett fram markmið í því skyni að byggja upp kynheilbrigðisþjónustu fyrir unglinga hafa enn engar framkvæmdaáætlanir verið settar fram um það hvernig staðið skuli að málum. Lög eru þriðji máttarstólpinn. Árið 1975 voru sett lög til að efla kynfræðslu og ráðgjöf um kynlíf í landinu og gáfu þau góð fyrirheit. Rúmum þrjátíu árum síðar er ljóst að minna hefur orðið um efndir en til stóð, til dæmis hvað varðar heildstæða kynfræðslu. Hvergi er að finna opinbera heildarsýn eða stefnumörkun í málefnum kynfræðslu fyrir kennara, stjórnendur skóla eða annað fagfólk, en slíkar leiðbeiningar má finna víða erlendis. Fimmti máttarstólpinn er menntun og þjálfun þeirra sem veita kynfræðslu og ráðgjöf. Í framhaldsskólum er kynfræðsla og ráðgjöf í málefnum kynheilbrigðis af skornum skammti. Þar hefur skólahjúkrunarfræðingum og forvarnafulltrúum í þeim skólum, þar sem slíka er að finna, ekki verið gefinn kostur á að sækja reglulega námskeið eða fá markvissa þjálfun til að sinna fræðslu og forvörnum í sambandi við málaflokkinn kynheilbrigði. Til dæmis er áberandi hvað kynfræðsla virðist brotakennd þegar litið yfir markmið kynfræðslu í námskrám grunn- og framhaldsskóla. Af þessu má sjá að máttarstólpar kynheilbrigðismála á Íslandi standa á brauðfótum. Hið opinbera á þó ekki eingöngu að ábyrgjast fræðslu og forvarnir á sviði kynheilbrigðis. Samhliða opinberri stefnumótun í kynheilbrigðismálum er það kostur að margvísleg grasrótarsamtök starfi á þessum vettvangi og að gott samstarf sé á milli þeirra og opinberra aðila. Þetta atriði heyrir undir sjöunda máttarstólpann, menningu. Í því felst að samfélög og félagslegar hreyfingar geta meðal annars stuðlað að opinni umræðu um heilbrigði í kynlífi og lagt sitt af mörkum í að styrkja máttarstólpa kynheilbrigðis. Stjórn Kynfræðifélag Íslands (Kynís), að mínu frumkvæði sem þáverandi formanns, hefur til dæmis beitt sér fyrir því að sett yrði á laggirnar háskólanám í kynfræði.

*Höfundur er hjúkrunar- og kynfræðingur á sviði kynfræðslu og sérfræðingur í klínískri kynfræði (NACS). Hún rekur Kynstur ráðgjafarstofu, sjá www.kynstur.is.*

**SENDIÐ OKKUR LÍNU**

Fréttablaðið og Vísir hvetja lesendur til að senda línu og leggja orð í belg um málefni líðandi stundar. Greinar og bréf skulu vera stutt og gagnorð. Tekið er á móti efni á netfanginu greinar@frettabladid.is eða á vefsíðu Vísis, þar sem finna má nánari leiðbeiningar. Ritstjórn ákveður hvort efni birtist í Fréttablaðinu eða Vísi eða í báðum miðlunum að hluta eða í heild. Áskilinn er réttur til leiðréttinga og til að stytta efni.

visir.is
"...ég sá það á vísi"




LANCÔME GJAFADAGAR
Í LYFJU LÁGMÚLA, SETBERGI OG LAUGAVEGI
FIMMTUDAG OG FÖSTUDAG

**Kaupaukinn* þinn þegar þú kaupir 2 Lancôme vörur:**
~ Lancôme snyrtibudda
~ Primordiale krem 15 ml
~ Primordiale serum 10 ml
~ Lancôme maskari 2 ml
~ Color Fever varalitur
~ Svartur khol blýantur
~ Magnifique ilmur 5 ml

**Verðmæti kaupaukans kr. 13.000**
Einnig aðrar gerðir kaupauka

LYFJA
- Lifið heil
Lágmúla 5 – sími 533-2309
Laugavegi 16 – sími 552-4045
Setbergi – sími 555-2306

* Gildir meðan birgðir endast á kynningu. Gildir ekki með 2 Bocage eða 2 blýöntum. Einn kaupauki á viðskiptavin.



SAM SHEPARD ER 56 ÁRA Í DAG.



*„Lýðræði er mjög viðkvæmt fyrirbæri. Maður verður að hlúa að því. Um leið og við hættum að fara rétt með það og leyfum því að breytast í hræðsluáróður, er það ekki lengur lýðræði, er það? Það er þá eitthvað annað. Jafnvel mjög nálægt því að geta kallast einræði.“*

***Sam Shepard er bandarískt leikskáld og leikari.***

# tímamót

timamot@frettabladid.is

**ÞETTA GERÐIST:** 5 NÓVEMBER 1993

## *Beðið eftir geimverum*

Á þessum degi árið 1993 beið fjöldi fólks, um fimm hundruð manns, við Snæfellsjökul eftir geimverum sem lenda áttu þar klukkan 21.07 um kvöldið. Fólk sem sagðist vera í sambandi við geimverurnar sagði þær hafa boðað komu sína en ekki voru einungis Íslendingar sem biðu þeirra heldur komu erlendir gestir líka til landsins og fjölmiðlamenn. Geimverurnar létu ekki sjá sig en mikið var haft við og hélst fólk í hendur og umlaði í kór.

Margir þóttust finna sterka strauma frá jöklinum dagana á undan og Skúli Alexandersson, fyrrverandi alþingismaður, sem bjó þá á Hellissandi, sagði að fólk tæki komandi lendingu geimskipa alvarlega.

Daginn áður hafði fjöldi manns, þar af um 300 útlendingar hist á alþjóðlegri UFO-ráðstefnu hér á landi þar sem fjallað var um fljúgandi furðuhluti og önnur óútskýranleg fyrirbæri. Ráðstefnan var haldin á Hótel Sögu og talsmaður hennar var Bretinn Michael Dillon, lögregluforingi á eftirlaunum, sem sagðist oft og mörgum sinnum hafa orðið var við fljúgandi furðuhluti á starfsferli sínum.



SNÆFELLSJÖKULL

**MERKISATBURÐIR**

- **1914** Bretar ná Kýpur af Tyrkjum.
- **1960** Ásgrímssafn er opnað við Bergstaðastræti í Reykjavík.
- **1992** Alþingi fellir tillögu um þjóðaratkvæðagreiðslu vegna inngöngu Íslands í Evrópska efnahagssvæðið.
- **1994** Ronald Reagan, fyrrverandi forseti Bandaríkjanna, tilkynnir að hann þjáist af Alzheimer.
- **1996** Jökulhlaup í Grímsvötnum sem stendur í tvo daga.
- **2006** Saddam Hussein, fyrrverandi forseti Íraks, er dæmdur til dauða fyrir glæpi gegn mannkyni.
- **2007** Handritshöfundar í Hollywood efna til verkfalls.

AFMÆLI



**HELGA BRAGA JÓNSDÓTTIR** leikkona er 45 ára.



**ÞORGERÐUR INGÓLFSDÓTTIR** kórstjóri er 66 ára.



**BRYAN ADAMS,** kanadískur tónlistarmaður, er fimmtugur.



**ART GARFUNKEL,** bandarískur tónlistarmaður, er 68 ára.



†

*Ástkær bróðir okkar mágur og frændi,*

**Ragnar Símon Magnússon frá Söndum**

Einigrund 4, Akranesi,

verður jarðsettur frá Akraneskirkju, þriðjudaginn 10. nóvember kl. 14.00. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir.

**Ásta Magnúsdóttir Roberts**
**Aðalheiður Magnúsdótttir**
**Aldís Albertsdóttir**
**Guðmunda Stefánsdóttir**
**frændsystkin og fjölskyldur.**



†

*Ástkær sambýlismaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Óli Júlíus Björnsson**

frá Siglufirði,
til heimilis að Urðarbraut 2, Blönduósi,

verður jarðsunginn frá Siglufjarðarkirkju laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00.

**Sigríður G. Pálsdóttir**
**Sverrir S. Ólason** **Björg V. Zophoníasdóttir**
**Birna Óladóttir** **Arnar E. Ólafsson**
**Helga Óladóttir** **Óskar B. Elefsen**
**Júlía Óladóttir** **Reynir Karlsson**
**afa- og langafabörn.**



†

*Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Gunnar J. S. Flóvenz**

fyrrverandi framkvæmdastjóri Síldarútvegsnefndar, Kópavogsbraut 88,

verður jarðsunginn frá Dómkirkjunni í Reykjavík föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Sigrún Ólafsdóttir Flóvenz**
**Ólafur G. Flóvenz** **Sigurrós Jónasdóttir**
**Brynhildur G. Flóvenz** **Daníel Friðriksson**
**Margret G. Flóvenz** **Tryggvi Stefánsson**
**Gunnar Gunnarsson** **Bera Pálsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



**FÉLAGSHEIMLIÐ FÉLAGSLUNDUR** Sextíu ár eru liðin frá því að Félagslundur var tekinn í notkun. Boðið verður upp á „gamaldags“ veitingar um kvöldið í félagsheimilinu. MYND/ÚR EINKASAFNI

STÓRAFMÆLI TVEGGJA FÉLAGSHEIMILA Í FLÓAHREPPI: 50 OG 60 ÁRA GÖMUL

# Félagsheimilin ávallt vel nýtt af heimamönnum og gestum

Í Flóahreppi eru þrjú félagsheimili starfrækt og tvö þeirra eiga afmæli nú í ár; fimmtíu ár eru síðan félagsheimilið Þjórsárver var tekið í notkun og sextíu ár frá því að Félagslundur var tekinn í notkun. Nú á laugardaginn, 7. nóvember, verður sérstök afmælishátíð í báðum félagsheimilum.

„Dagskráin verður tvískipt en um daginn verða tónleikar í Þjórsárveri sem hefjast klukkan 14. Um kvöldið, klukkan 20.30, verður svo kaffisamsæti í Félagslundi,“ segir Anný Ingimarsdóttir í undirbúningsnefnd afmælisveislunnar.

„Um þrjátíu nemendur frá Tónlistarskóla Árnessýslu sem búsettir eru í Flóahreppi koma fram, allt frá forskólanemendum upp í þá sem lokið hafa efstu stigum. Um kvöldið munu kvenfélög Gaulverjabæjar- og Villingaholtshrepps svo bjóða upp á bakkelsi eins og það var hér fyrir 50-60 árum, ekta rjómakökur, kleinur og pönnukökur.“



**AFMÆLISVEISLA Í FLÓAHREPPI** Anný Ingimundsdóttirsegir starfsemi félagsheimilanna afar fjölbreytta í dag og margir sem komi þar við á hverju ári. MYND/ÚR EINKASAFNI

Um kvöldið munu þeir Jón M. Ívarsson og Hafsteinn Þorvaldsson flytja smá tölu um félagsheimilin þar sem Jón segir frá Félagslundi og byggingarsögunni og Hafsteinn, sem kom mikið að byggingu Þjórsársvers, segir frá sögu þess. Orðið verður einnig laust.

„Það eru eigendur félagsheimilanna sem standa að þessari dagskrá og vilja með þessu framtaki bjóða íbúum sveitarfélagsins að heilsa upp á félagsheimili sín og eiga góða stund saman. Eigendur félagsheimilanna eru ungmenna- og kvenfélög sem og Flóahreppur, sem varð til 2006 við sameiningu sveitarfélaganna. Ákveðið var að halda starfsemi allra félagsheimilanna við sameininguna og það er alltaf nóg um að vera í í þeim“, segir Anný og nefnir þar íþróttastarfsemi, ættarmót, veisluhöld og ýmislegt annað. Einnig sé tjaldstæðið við Þjórsárver mikið sótt og allar helgar yfir sumartímann fullbókaðar. Félagsheimilið er einnig notað fyrir mötuneyti Flóaskóla sem og íþróttakennslu.

juliam@frettabladid.is

# Áhugasamir um hverfið sitt

Samgöngumál, íþróttir og útivist voru íbúum Grafarvogs efst í huga þegar fundað var um framtíðarskipulag hverfisins í Foldaskóla nýverið.

Um fimmtíu íbúar mættu og tóku þátt í hugmyndasmiðju ungra arkitekta og í vinnuhópum.

Til umræðu í hugmyndasmiðjunni voru samgöngur, kjarninn í hverfinu, skólamál og íþrótta- og útivistarmál. Líflegar umræður sköpuðust og áhugi á lífsgæðum íbúanna leyndi sér ekki.

Samtímis var Myndlistaskólinn í Reykjavík með smiðju fyrir börnin í hverfinu þar sem þau gátu skapað listaverk og leikið sér.

Þetta var í þriðja skipti af tíu sem Skipulags- og byggingarsvið efnir til opins húss í hverfum borgarinnar í tengslum við endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur. Næst verður opið hús í Árbæjarskóla í dag frá 17 til 18.30.



**Í GRAFARVOGI** Íbúarnir tóku virkan þátt í hugmyndavinnunni.



**MARKAÐSMAÐUR ÁRSINS** Forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Hermanni Guðmundssyni, forstjóra N1, verðlaun ÍMARKS. Hann var valinn markaðsmaður ársins 2009. MYND/ÚR EINKASAFNI

# NOVA markaðsfyrirtæki ársins

Fjarskiptafyrirtækið NOVA varð hlutskarpast í vali á markaðsfyrirtæki ársins en markaðsverðlaun ÍMARK fyrir árið 2009 voru veitt í gær á Hilton Reykjavík Nordica hótelinu. Markaðsmaður ársins var Hermann Guðmundsson, forstjóri N1.

Forseti Íslands hr. Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti verðlaunin fyrir hönd ÍMARK.

Auk NOVA voru CCP, N1 og Vodafone tilnefnd til verðlaunanna. Þessi fyrirtæki þykja hafa sýnt frábæran árangur hvert á sínu sviði.

Ræðumaður dagsins var Edda Heiðrún Geirsdóttir, markaðsstjóri Össurar, sem var markaðsfyrirtæki ársins 2008. Hún fjallaði um árangur fyrirtækisins á liðnu ári.

Markaðsverðlaunin eru veitt fyrirtækjum sem hafa verið áberandi í markaðsmálum á líðandi ári og sannað þykir að sýnilegur árangur hafi náðst. Við ákvörðun um verðlaunahafa er tekið mið af fagmennsku við markaðsmálin og að fjárhagslegt öryggi sé til staðar. Verðlaunin hafa verið veitt frá árinu 1991 og hafa P. Samúelsson, Miðlun, Olís, Íslensk ferðaþjónusta, Íslenskar sjávarafurðir, Vaka Helgafell, Sláturfélag Suðurlands, Tal, SÍF, Húsasmiðjan, Bláa lónið, Ölgerð Egils Skallagrímssonar, Flugfélag Íslands, Actavis, Síminn, Icelandair, Landsbankinn og Össur verið valin Markaðsfyrirtæki ársins.

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma, langamma og systir,*

**Guðlaug Guðjónsdóttir**

áður til heimilis í Njörvasundi 14, Reykjavík,

er látin. Útförin fer fram frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 11.00.

**Þuríður V. Lárusdóttir** — **Ari Leifsson**
**Þórdís Lárusdóttir** — **Rúnar Lárusson**
**Erla Ósk Lárusdóttir**
**Jóhannes I. Lárusson** — **Guðrún Reynisdóttir**
**Sveinbjörn Lárusson** — **Arnfríður L. Guðnadóttir**
**Halla Jörundardóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og systkini.**

---



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Þórunn Guðjónsdóttir**

Borgarholti, Ásahreppi,

andaðist á Sjúkrastofnun Selfoss mánudaginn 2. nóvember. Útförin fer fram frá Kálfholtskirkju, Ásahreppi, laugardaginn 7. nóvember kl. 14.00.

**Sigríður Kristinsdóttir Dittli** — **Oskar Dittli**
**Jón R. Kristinsson** — **Kristrún R. Benediktsdóttir**
**Sigurður Árni Kristinsson**
**Guðjón Kristinsson** — **Elke Osterkamp**
**Vilbergur Kristinsson** — **Jóhanna A. Gunnarsdóttir**
**og fjölskyldur.**

---



*Okkar kæra frænka,*

**Bryndís Vilhjálmsdóttir**

fyrrv. bankastarfsmaður,

lést á líknardeild Landspítalans hinn 19. október sl. Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hinnar látnu. Starfsfólki líknardeildarinnar í Kópavogi eru færðar bestu þakkir fyrir kærleiksríka umönnun.

**Aðstandendur.**

---



*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Kristbjörg Anna Nikulásdóttir**

frá Núpi í Öxarfirði,

verður jarðsungin frá Þórshafnarkirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 14.00.

**Ásta Hermannsdóttir**
**Hugrún Hermannsdóttir**
**og aðrir aðstandendur.**

---



*Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jón Bogason**

frá Flatey á Breiðafirði,
Sæbólsbraut 32, Kópavogi,

sem lést á hjúkrunarheimilinu Vífilsstöðum þriðjudaginn 20. október sl. verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Herdís Jónsdóttir** — **Halldór Snorri Gunnarsson**
**Sigurborg Inga Jónsdóttir** — **Einar Hafsteinsson**
**Bogi Jónsson** — **Narumon Sawangjaitham**
**Sigurbjörg Jónsdóttir** — **Jón Líndal**
**Berglind Jónsdóttir** — **Ari Einarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær kona mín, móðir okkar, tengdamóðir og amma,*

**Halla Þórey Skúladóttir**

lést mánudaginn 2. nóvember. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Jón V. Guðjónsson**
**Jörundur Jóhannesson**
**Sveinfríður Jóhannesdóttir**
**Hákon Jóhannesson**
**Helga Jóhannesdóttir** — **Gunnlaugur B. Ólafsson**
**og barnabörn.**

---



*Ástkær sonur okkar, bróðir, mágur og frændi,*

**Örn Viðar Hákonarson**

Klettatúni 2, Akureyri,

lést á Sjúkrahúsi Akureyrar laugardaginn 31. október. Útför hans mun fara fram í kyrrþey.

**Fyrir hönd fjölskyldunnar,**
**Hákon Aðalsteinsson** — **Rannveig Ármannsdóttir**

---



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Jenný Haraldsdóttir**

Langagerði 60, Reykjavík,

andaðist á Landspítalanum þriðjudaginn 3. nóvember. Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 12. nóvember klukkan 13.00.

**Valborg Davíðsdóttir** — **Ragnar Breiðfjörð Ragnarsson**
**Kristrún Davíðsdóttir** — **Ásgeir Eiríksson**
**Jóhann Bjarnason**
**Jenný Davíðsdóttir** — **Ólafur Einarsson**
**Hildur Davíðsdóttir** — **Hreinn Hafliðason**
**Elsa María Davíðsdóttir** — **Þórhallur Matthíasson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



*Ástkær móðir okkar og amma,*

**Jóhanna Herdís Sveinbjörnsdóttir**

frá Vestmannaeyjum, Borgarholtsbraut 20, Kópavogi,

lést á Landspítalanum, Landakoti, sunnudaginn 25. október. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 15.00.

**Ríkharður H. Friðriksson**
**Jóhanna Vigdís Ríkharðsdóttir**
**Kristín Helga Ríkharðsdóttir**

---



*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, afi, sonur, bróðir, mágur og tengdasonur,*

**Jóhann Már Jóhannsson**

Heiðardal 1, Vogum,

lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja sunnudaginn 1. nóvember. Útförin fer fram frá Víðistaðakirkju miðvikudaginn 11. nóvember kl .14.00.

**Ragnhildur B. Svavarsdóttir**
**Íris Ósk Jóhannsdóttir** — **Kristján Guðbrandsson**
**Helga Dögg Jóhannsdóttir**
**Aron Freyr Kristjánsson**
**María Jóhannesdóttir** — **Jóhann Th. Þórðarson**
**Jóhanna Valdís Jóhannsdóttir** — **Ingi Karl Ingibergsson**
**Hermann Freyr Jóhannsson** — **Bryndís María Björnsdóttir**
**Anna Bergmann Guðmundsdóttir** — **Guðmundur Waage**

---



*Okkar ástkæra,*

**Lára Stefánsdóttir**

frá Hallgeirsstöðum, Lagarási 19, Egilsstöðum,

andaðist föstudaginn 30. október. Útförin fer fram frá Egilsstaðakirkju föstudaginn 6. nóvember kl. 14.00. Jarðsett verður í Sleðbrjótskirkjugarði.

**Stefanía Hrafnkelsdóttir**
**Elís Jökull Hrafnkelsson** — **Gerður Bjarnadóttir**
**Einar Orri Hrafnkelsson** — **Valgerður Valdimarsdóttir**
**Dvalinn Hrafnkelsson**
**Ásta Haralda Hrafnkelsdóttir** — **Guðjón Þórarinsson**
**Haraldur Hrafnkelsson** — **Guðrún Margrét Tryggvadóttir**
**Auðbjörg Halldís Hrafnkelsdóttir** — **Ásmundur Þórarinsson**
**Eiríkur Helgi Hrafnkelsson** — **Kristín Rögnvaldsdóttir**
**Þórarinn Valgeir Hrafnkelsson** — **Helga Jóhannsdóttir**
**Alda Hrafnkelsdóttir** — **Jónas Þór Jóhannsson**
**Benedikt Hrafnkelsson** — **Helga Jónsdóttir**
**Björgvin Ómar Hrafnkelsson** — **Ásta Þorláksdóttir**
**Hulda Hrafnkelsdóttir** — **Eiríkur Skjaldarsson**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**




# Á flótta undan flensunni

BAKÞANKAR Ragnheiðar Tryggvadóttur



Ég hrekk við og missi næstum brennheitt kaffið niður á mig þegar maðurinn við hliðina á mér hnerrar skyndilega. Þetta var kraftmikill hnerri og maðurinn hélt ekkert aftur af sér. Ég sé að fleirum en mér hefur brugðið, fullorðin kona á borði við gluggann horfir stóreyg á manninn þar sem hann þurrkar sér í vasaklútinn, muldrandi eitthvað um „bölvað kvefið“. Ég held niðri í mér andanum og þríf úlpuna af stólbakinu. Ég klára ekki einu sinni úr kaffibollanum heldur dríf mig út undir ferskt loft og dreg ekki aftur andann fyrr en ég er komin fyrir húshornið.

**HVAÐ** var ég að asnast þetta á kaffihús í miðjum heimsfaraldrinum? bölva ég sjálfri mér í huganum. Það síðasta sem ég las í blaðinu áður en maðurinn hnerraði, var einmitt að svínaflensan virtist leggjast sérstaklega hart á Íslendinga, nóg er nú samt! Ég tek stefnuna heim, það er ekkert vit í að vera á ferðinni meðal fólks núna. Ég ákveð að ganga þennan spöl frekar en taka strætó þótt rigningin dynji á malbikinu. Ég þori ekki að sitja lokuð inni í bíl með ókunnugu fólki, maður veit aldrei hvernig heilsufarsástandið er á hinum farþegunum.

**NEÐAR Í GÖTUNNI** vík ég mér fimlega undan erlendum túristum í litríkum regnslám sem reyna að spyrja mig til vegar. Hver veit nema þeir hafi borið með sér svínaflensuna frá heimalandinu. Eins tek ég stóran sveig fram hjá hópi skólabarna sem kemur askvaðandi á móti mér, það vita allir að börn eru gangandi gróðrarstía.

**ÉG ER FARIN AÐ ÓTTAST** svínaflensuna meira en nokkuð annað. Ég er sem hengd upp á þráð, sný mér undan ef á mig er yrt, hrekk til við minnsta hósta og skelli hiklaust á fólk ef það svo mikið sem ræskir sig í símann. Það er aldrei of varlega farið. Ég skrúbba á mér hendurnar upp úr spritti og fletti blöðunum margsinnis á hverjum degi í von um að rekast á fyrirsögnina „Nægt bóluefni komið til landsins, almenningur bólusettur í dag“.

**Á FÉSBÓKINNI** fylgist ég í örvæntingu með hvernig vinirnir falla einn af öðrum fyrir svínaflensunni og ég veit að hringurinn fer að þrengjast. Ég slepp varla mikið lengur, get hvergi falið mig. Og þó! Í flýti hendi ég niður í tösku og endasendist upp í afskekkta sveit norðan heiða. Nú þakka ég fyrir að ekki náðist að malbika hingað upp eftir í góðærinu, eins og stóð til.

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman











MESTA
ÚRVALIÐ
STÚTFULL BÚÐ AF NÝJUM TILBOÐUM
WINDOWS 7
MEÐ ÖLLUM NÝJUM FARTÖLVUM
9.990
UPPFÆRSLA
14.900
LENDIR Á MORGUN
4
BLAÐSÍÐUR
STÚTFULLAR AF SJÓÐHEITUM TILBOÐUM
500GB
500GB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR
9.990
1TB
1TB SAMSUNG SATA2 HARÐDISKUR 32MB
14.900
HVERGI BETRA VERÐ
SPILARI
MARGMIÐLUNARSPILARI
TENGIST USB FLAKKARA
720P UPSCALING
9.990
VERÐ VÖRN
Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl
OPNUNARTÍMAR
Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00
TÖLVUTEK
Borgartúni 31 • 105 Reykjavík • 563 6900 • www.tolvutek.is
acer ASUS hp lenovo msi packard bell SONY TOSHIBA

## ath. kl.

*Á tónleikum Jazzklúbbsins Múlans í kvöld i verður boðið upp á dagskrá með þeim Óskari Guðjónssyni saxófónleikara, Davíð Þór Jónssyni píanóleikara, Þorgrími Jónssyni kontrabassaleikara og Matthíasi Má Davíðssyni Hemstock trommuleikara. Á dagskrá þeirra verða innihaldsríkir Söngdansar Jóns Múla ásamt leynilögum annarra höfunda.*

# menning

menning@frettabladid.is

## Guðrún María á tónleikum í dag

Mætt er til landsins Guðrún María Finnbogadóttir sópran sem hefur dvalið lengi í Englandi við nám og störf. Hún heldur tónleika í Hafnarborg í hádeginu við undirleik Antoníu Hevesi. Guðrún María Finnbogadóttir sópran flytur þar tilfinningaríkar aríur meðal annars eftir Händel. Hefjast tónleikarnir kl. 12.15.

Guðrún María Finnbogadóttir stundaði nám við Söngskólann í Reykjavík og lauk þaðan prófi árið 1993. Sama ár sigraði hún í Tónvakakeppni Ríkisútvarpsins og kom af því tilefni fram með Sinfóníuhljómsveit Íslands í Háskólabíói. Fyrir Íslands hönd fór hún í keppni ungra norrænna tónlistarmanna og varð í þriðja sæti. Hún fór til Ítalíu í nám, þaðan til London þar sem hún var við nám bæði við Guildhall School of Music And Drama og Royal Academy. Hún hefur sungið á ýmsum tónleikum, meðal annars undir handleiðslu Osma Venska og Sir Colin Davis og í óperuuppfærslum í Evrópu, meðal annars á samningi hjá European Opera Centre.



**TÓNLIST** Guðrún María Finnbogadóttir sópran.

Hádegistónleikar hafa verið fastur liður í starfi Hafnarborgar frá árinu 2003. Þeim hefur verið mjög vel tekið og komast stundum færri að en vilja. Tónleikarnir standa yfir í um hálfa klukkustund og eru öllum opnir á meðan húsrúm leyfir. Antonía Hevesi píanóleikari hefur frá byrjun verið listrænn stjórnandi tónleikaraðarinnar en margir af fremstu söngvurum þjóðarinnar hafa komið fram með henni á hádegistónleikum en fram að jólum verða tónleikarnir helgaðir söngvurum sem hafa markað sér starfsvettvang á erlendri grund.

## > Ekki missa af

Föstudagskvöld á Græna hattinum er undirlagt af Hundi í óskilum kl. 21.30. Forsala er í Eymundsson. Á laugardagskvöld verður hagyrðingakvöld. Birgir Sveinbjörnsson reynir að hafa stjórn. Pétur Pétursson, Reynir Hjartarson, Árni Jónsson, Einar Kolbeinsson og Hjálmar Freysteinsson kveðast á. Um söngatriði sér Karlakór Eyjafjarðar en gamanið hefst kl. 21.

# Hrólfi hrósað

Pelleas og Mélisande með Hrólf Sæmundson í titilhlutverkinu slær í gegn hjá gagnrýnendum í þýskalandi. Uppsetning óperunnar í Aachen á Pelléas og Mélisande eftir Claude Debussy hefur heldur betur slegið í gegn hjá gagnrýnendum í þýskalandi, en það er Hrólfur Sæmundsson sem fer með annað titilhlutverkið, hlutverk Pelléasar.

Hrólfur hóf nýverið störf við óperuna í Aachen, og syngur þar í vetur, auk hlutverks Pelleasar, hlutverk Papagenós í Töfraflautunni, og Fords í Falstaff eftir Verdi. Að auki var honum nýverið boðið titilhlutverk óperunnar Évgení Onegin eftir Tsjaíkovskí sem sett verður upp á næsta ári.

Hér að neðan eru brot úr umfjöllunum fjölmiðla um sýninguna Pelléas og Mélisande, en hún var frumsýnd sunnudaginn 25. október og verður sýnd út leikárið.

Grenzland tímaritið segir: „Síðasti fundur elskendanna, áður en Golaud drepur bróður sinn, er raddlegur hápunktur sýningarinnar: Michaela Maria Mayer og Hrólfur Sæmundsson svífa milli fagurfræðilegs formleika og lýrískrar ákefðar. List söngvaranna og blæbrigðaríkur leikur hljómsveitarinnar heillaði áhorfendur.“

Gagnrýnandi WDR útvarpsstöðvarinnar segir í umsögn sinni: „Hljómsveitarstjórinn Marcus R. Bosch leiddi hljómsveitina gegnum þetta dularfulla og ótrúlega margræða verk á þann hátt að hafið er yfir allan efa að Sinfóníuhljómsveit Aachen var vandanum vaxin og meira til; það var sko ekki að ástæðulausu að fullur salur hyllti hljómsveit og stjórnanda hennar. Söngvararnir höfðu greinilega allir unnið heimavinnu sína, þar var fremstur í flokki ungur söngvari sem steig þar í fyrsta sinn á óperusviðið í Þýskalandi, Hrólfur Sæmundsson. Rödd hans hafði fagran dökkan blæ þrátt fyrir hæðina sem hlutverkið krefst, nokkuð sem hentaði þessu dulúðlega verki ákaflega vel. … Áhorfendur voru stórhrifnir, og fagnaðarlætin voru óvenju mikil, ekki síst með tilliti til þess að oftast hrífur þessi ópera aðeins sérfræðingana, en ég hef það á tilfinningunni að í Aachen verði þetta ópera fólksins.“ - pbb



**TÓNLIST** Hrólfur Sæmundsson lengst til hægri í hlutverki sínu í Achen. mynd Wil van Lersel.






# Gerningar fara á kvikmynd

Í dag kl. 17 verður sýning í Regnboganum á kvikmyndum, vídeóverkum eftir Gjörningaklúbbinn, Curver, Bjarna Massa og samstarfsmynd 16 íslenskra og pólskra listamanna í tengslum við Sequences-hátíðina. Sýndar verða myndirnar Vitaskuld, Auðvitað! eftir Gjörningaklúbbinn, vídeóverk frá gerningi þeirra 17. maí síðastliðinn er átti sér stað í Garðskagavita ásamt lúðrasveitinni Svaninum.

Verkin Four New York Minutes og Ode to An Ode eftir Curver, en annað verkið er einnar mínútu gerningur í New York og hitt er vídeóverk tileinkað verki Finnboga Péturssonar Ode, unnið í samstarfi við Rafskinnu tímarit.

Þá verður einnig sýnt verkið an Exquisite Corpse in Nikisialka, sem var tekin upp í Nikisialka í Póllandi þar sem 16 íslenskir og pólskir listamenn dvöldu og störfuðu sumarið 2008. Allir listamennirnir unnu að gerð myndarinnar í samstarfi við kvikmyndagerðarmanninn Þorgeir Guðmundsson, en verklag myndarinnar byggist á hugmyndinni um teiknileikinn exquisite corpse, þar sem margir aðilar teikna eina teikningu en vita ekki hvert myndefni þess sem á undan teiknaði er. Kvikmyndin er þannig byggð upp; Þorgeir lék aðalhlutverkið og sagði mismunandi leikstjórum síðasta ramma þess er á undan var. Hver listamanður eða leikstjóri fékk tvær mínútur.



**MYNDLIST** Gjörningaklúbburinn er kominn á ræmu með lúðrasveit og vita. MYND FRETTABLAÐIÐ

Að lokum verður sýnd 30 mínútna heimildarmynd um það þegar Sirkus bar var fluttur af Kling & Bang gallerí til London á Frieze-listamessuna haustið 2008. Þar gefur að líta brot af því sem þar fór fram og þeirri stemningu sem þar var.

Aðgangur er ókeypis og verða þessar myndir einungis sýndar á þessum tíma. Sýningarnar eru hluti af Sequences-listahátíðinni sem nú stendur yfir. - pbb

## NÝTT TÍMARIT

Hófst landnám Ísland tveimur öldum fyrr en ætlað hefur verið, það er árið 670? Þessari spurningu varpar Páll Theodórsson fram í haustheft Skírnis. Þar andmælir hann þeim sagnfræðingum og fornleifafræðingum sem vefengt hafa niðurstöður aldursgreininga með svonefndri kolefni-14 aðferð, og telur engin efni til þess að hafna þeim greiningum. Er óhætt að búast við fjörugri umræðu um grein Páls. Halla Gunnarsdóttir fjallar í athyglisverðri grein um kenningar um norrænt öryggissamstarf og byggir á ítarlegum viðtölum við málsmetandi aðila á öllum Norðurlöndum. Kemur meðal annars fram hjá henni að litlar sem engar líkur séu á að Svíar og Finnar taki þátt í loftrýmisgæslu að svo stöddu en hugmyndin var sett fram af Thorvald Stoltenberg, fyrrverandi utanríkis- og varnarmálaráðherra Noregs, og er ein þrettán tillagna um nánara samstarf Norðurlandanna í öryggis- og varnarmálum. Enn fremur er í Skírni fjallað um síðustu atburði hérlendis, bæði í grein Ólafs Páls Jónssonar um lýðræði og réttlæti á Íslandi í tengslum við haustið 2008, og í umsögn Benedikts Jóhannessonar um bækur sem birst hafa hérlendis um hrunið. Forvitnileg bókmenntaumfjöllun er í heftinu: Davíð Kristinsson skrifar um Ibsen, Brúðuheimilið og kvenfrelsiskenningar, Björn Þór Vilhjálmsson skrifar um Guðsgjafaþulu Laxness og Bergljót Soffía Kristjánsdóttir skrifar um bók Þorsteins Þorsteinssonar um Sigfús Daðason. Pétur Knútsson fjallar um tilviljun og orsakasamhengi í ljósi málsögunnar, Helgi Skúli Kjartansson er með skemmtilega viðbót um söguskilning íslenskra sósíalista og Kristján Árnason minnist Helga Hálfdanarsonar. Í ritröðinni „skáld um skáld“ fjallar Gerður Kristný um Svövu Jakobsdóttur og þau Steinar Bragi og Kristín Eiríksdóttir birta frumsamdar smásögur í Skírni að þessu sinni. Þá eru í heftinu átta ættjarðarástarsöngvar eftir Þorvald Gylfason, en birting frumsaminna laga er nýnæmi. Myndlistarmaður Skírnis er Ragnar Kjartansson og bregður Halldór Björn Runólfsson óvæntri birtu á umdeilda sýningu hans í Feneyjum á þessi ári. Hausthefti Skírnis er röskar 270 blaðsíður að stærð. Ritstjóri er Halldór Guðmundsson en útgefandi er Hið íslenska bókmenntafélag.







# Glæstar vonir og glataðar sálir

NÝ METSÖLUBÓK
EFTIR HÖFUND
*SKUGGA VINDSINS*




Hvaða rithöfund dreymir ekki um að verða vellríkur á einni bók? En þegar ungur blaðamaður í Barcelona fær tilboð sem hann getur ekki hafnað frá dularfullum frönskum útgefanda fer líf hans að taka á sig óvæntar og óhugnanlegar myndir. Hver ásælist sál hans af þessum logandi áhuga?




*Saga um yfirnáttúrlega atburði, hús í álögum, öngstræti og myrka króka og kima Barcelona hinnar fögru.*

MÁL OG MENNING
www.forlagid.is

„Töfrandi bók. Magnaður leynilögreglutryllir, yfirnáttúruleg hryllingssaga. Töfraraunsæ goðsaga og nístingssár ástarsaga."
*Daily Mail*

# Borgfirðingar sækja á

Stundum segja menn í ábyrgðarleysi að flest skáld landsins komi úr Borgarfjarðarhéraði: ekki skal deilt um það, en þessa dagana sitja þrír Borgfirðingar í efstu sætum metsölulista Pennans Eymundssonar.

Efst trónar Arnaldur Indriðason með nýja sögu sína af rannsóknarlögreglunni í Reykjavík en í kjölfar hans kemur Kristín Marja Baldursdóttir með nýja sögu. Í þriðja sæti er ævisaga Snorra Sturlusonar eftir Reykhyltinginn Óskar Guðmundsson, í fimmta sæti situr Böðvar Guðmundsson með nýja skáldsögu sína og í sjöunda sæti eru endurminningar Flosa Ólafssonar úr Kvosinni. Þessi þrír Borgfirðingar eru sem sagt vinsælir meðal þeirra sem teknir eru að kaupa bækur. Fjórða sætið skipar Ástandsbarn Camillu Läckberg, en það sjötta ornar Stefán Máni með spennusögu sína, Hyldýpið. **- pbb**



**BÖÐVAR GUÐMUNDSSON**



**ÓSKAR GUÐMUNDSSON**

Bókmenntir ★

**Óttar M. Norðfjörð**

Paradísarborgin

## Óspennandi allegoría

Síðustu tvær bækur Óttars M. Norðfjörð hafa verið spennusögur í ætt við formúlubókmenntir í anda Dan Brown. Hliðarupplýsingum um ólíka menningarheima var fléttað inn í eltingarleik með tilheyrandi spennu. Í Paradísarborginni kveður við nýjan tón. Sögusviðið er Reykjavík nútímans. Tveir bræður koma niður á myglusvepp við framkvæmdir í kjallara á húsi móður þeirra. Áður en veit af hefur sveppurinn breiðst út um borgina og étur sig inn í veggi hvers hússins á fætur öðru. Borgarbúar skiptast í tvö horn, sumir, með borgarstjórann í fararbroddi, taka sveppnum fagnandi, hann sé heilnæmur og á honum megi græða. Aðrir telja hann heilsuspillandi og flýja í tjaldbúðir í Öskjuhlíðinni.

Ljóst er að sveppurinn, sem étur sig austur eftir borginni þannig að húsin hrynja hvert á fætur öðru, er allegoría um spillingu og rotið samfélag. Hugmyndin er góðra gjalda verð, gallinn er að eftir fyrstu síður verður allegorían þreytandi og augljós. Hugmyndin hefði hentað vel í smásögu, ekki heila skáldsögu og eitthvað meira vantar til að gera söguna spennandi og hún verður fyrirsjáanleg. Þá er hugmyndin um að auðkenna persónur ekki með nöfnum furðuleg. Til lengdar verður þreytandi að lesa sífellt um „einhenta manninn“, „nágrannakonuna“, „líffræðinginn“ og „lífefnafræðinginn“.

**Kolbeinn Óttarsson Proppé**

**Niðurstaða:** Ágætis hugmynd en stendur ekki undir heilli skáldsögu. Sagan er fyrirsjáanleg.

# Ásdís og Eldfuglinn



**TÓNLIST** Ásdís Valdimarsdóttir víóluleikari. MYND SÍ

Ásdís Valdimarsdóttir víóluleikari tekst í kvöld á við einn helsta víólukonsert liðinnar aldar eftir William Walton á tónleikum Sinfóníuhljómsveitar Íslands. Ásdís er ein þeirra Íslendinga sem hafa náð hvað lengst í tónlist á alþjóðlegum vettvangi. Hún lærði við Juilliard-tónlistarskólann og var víóluleikari Chilingirian-kvartettsins um árabil, auk þess sem hún hefur komið fram með mörgum helstu tónlistarmönnum heims, meðal annars Claudio Abbado, Maxim Vengerov og Gidon Kremer, og hljóðritað fyrir Deutsche Grammophon og EMI.

Á tónleikunum verður líka leikin Corelli-fantasían eftir Tippett, sem aldrei hefur verið flutt á Íslandi fyrr. Það var árið 1953 sem Edinborgarhátíðin pantaði verkið í tilefni þess að 300 ár voru liðin frá fæðingu barokkmeistarans Corellis og útkoman er afar skemmtilegur bræðingur gamalla og nýrra tíma.

Eftir hlé verður Eldfuglinn eftir Ígor Stravinskíj fluttur. Stravinskíj var eitt merkasta og frægasta tónskáld 20. aldarinnar. Eldfuglinn var fyrsta stóra verkið sem hann samdi, en hann var þá 27 ára gamall. Upphaflega var verkið ballett og þegar Eldfuglinn var frumsýndur í París varð Stravinskíj heimsfrægur á einni nóttu. Síðan samdi hann marga balletta sem líka urðu frægir, meðal annars Vorblót sem þótti svo nútímalegt að uppþot urðu þegar það var flutt í fyrsta sinn. Frægð Stravinskíjs gerði það að verkum að allir vildu starfa með honum að því að skapa ný verk; málarinn Pablo Picasso hannaði sviðsmyndir og tískudrottningin Coco Chanel gerði búninga við balletta hans. Í seinni heimsstyrjöldinni fluttist Stravinskíj til Bandaríkjanna ásamt konu sinni og síðustu áratugina átti hann heima í Beverly Hills þar sem hann samdi nútímatónlist sína umkringdur kvikmyndastjörnum. Meðal annarra frægra verka eftir Stravinskíj eru Petrúska, Pulcinella og Sálmasinfónían. Að heyra Eldfuglinn á tónleikum er upplifun sem lætur engan ósnortinn.

Víólukonsertinn samdi Walton á árunum 1928–29. Sir Thomas Beecham, sá goðsagnakenndi stjórnandi, hafði beðið hann um slíkt verk handa breska víólusnillingnum Lionel Tertis, sem gerði öðrum mönnum meira til að koma lágfiðlunni í flokk einleikshljóðfæra á 20. öld. En þegar til kom var Tertis ósáttur við verkið – kannski af því hann var ekki hafður með í ráðum, hugsanlega fannst honum einnig lítið koma til þeirrar frægðar sem tónskáldið hafði notið undanfarin ár – og sendi það aftur til höfundarins um hæl. Walton tók þetta afar nærri sér enda framúrskarandi lágfiðluleikarar ekki á hverju strái. Í raun kom aðeins einn annar til greina, tónskáldið Paul Hindemith sem var átta árum eldri en Walton og lék meðal annars í strengjatríói með Szymon Goldberg og Emanuel Feuermann. Það var Hindemith sem lék einleiksrulluna við frumflutninginn í Lundúnum 3. október 1929 – fyrir rétt rúmum átta áratugum. Svo öllu sé haldið til haga sá Tertis að sér síðar, lærði konsertinn og flutti hann víða um heim með góðum árangri. Hann hefur einu sinni hljómað hér á landi, í flutningi Ingvars Jónassonar í febrúar 1980.

Vinafélag Sinfóníuhljómsveitar Íslands stendur fyrir kynningu á undan tónleikum hljómsveitarinnar annað kvöld. Kynningin fer fram í Safnaðarheimili Neskirkju og hefst kl. 18 með súpu og meðlæti. Árni Heimir Ingólfsson, tónlistarstjóri SÍ, kynnir síðan Eldfuglinn eftir Stravinskíj í tali og tónum og fjallar einnig lítillega um verk eftir Walton og Tippett sem einnig eru á efnisskránni.

**pbb@frettabladid.is**


# Borgarleikhúsið

568 8000 – borgarleikhus.is – midasala@borgarleikhus.is



## Fjölskyldan - ágúst í Osagesýslu (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 6.11. Kl. 19:00 4. kort U | Sun 22.11. Kl. 19:00 10. kort U | Fim 10.12. Kl. 19:00 Aukasýn. |
| Sun 8.11. Kl. 19:00 5. kort U | Mið 25.11. Kl. 19:00 Aukasýn. | Fös 11.12. Kl. 19:00 14. kort U |
| Fim 12.11. Kl. 19:00 6. kort U | Fim 26.11. Kl. 19:00 11. kort U | Sun 13.12. Kl. 19:00 Ö |
| Fös 13.11. Kl. 19:00 7. kort U | Fös 27.11. Kl. 19:00 12. kort U | Fös 18.12. Kl. 19:00 Aukasýn. |
| Sun 15.11. Kl. 19:00 8. kort U | Sun 29.11. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | Lau 19.12. Kl. 19:00 Ö |
| Mið 18.11. Kl. 19:00 Aukasýn. U | Lau 5.12. Kl. 19:00 13. kort U | Þri 29.12. Kl. 19:00 |
| Fös 20.11. Kl. 19:00 9. kort U | Sun 6.12. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | Mið 30.12. Kl. 19:00 Ö |

Sýningin er þrír þættir, hver 1 klst að lengd. Hlé eftir 1. og 2. þátt.



## Söngvaseiður (Stóra sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 5.11. Kl. 20:00 Aukasýn. U | Lau 21.11. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö | Lau 5.12. Kl. 14:00 |
| Lau 7.11. Kl. 14:00 U | Sun 22.11. Kl. 14:00 Aukasýn. U | Sun 13.12. Kl. 14:00 |
| Lau 14.11. Kl. 14:00 U | Lau 28.11. Kl. 14:00 Aukasýn. Ö | Sun 27.12. Kl. 14:00 Ö |
| Sun 15.11. Kl. 14:00 Aukasýn. U | Sun 29.11. Kl. 14:00 Aukasýn. Ö | Sun 27.12. Kl. 19:00 Ö |

Nýjar aukasýningar í sölu. Tryggðu þér miða strax.



## Harry og Heimir (Litla sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fim 5.11. Kl. 20:00 31. kort U | Fös 27.11. Kl. 19:00 41. kort U | Lau 19.12. Kl. 16:00 U |
| Lau 7.11. Kl. 19:00 32. kort U | Fös 27.11. Kl. 22:00 42. kort U | Sun 27.12. Kl. 22:00 U |
| Lau 7.11. Kl. 22:00 33. kort U | Þri 1.12. Kl. 20:00 43. kort U | Mán 28.12. Kl. 19:00 U |
| Sun 8.11. Kl. 20:30 34. kort U | Fös 4.12. Kl. 19:00 44. kort U | Fös 8.1. Kl. 19:00 U |
| Fös 13.11. Kl. 19:00 35. kort U | Fös 4.12. Kl. 22:00 45. kort U | Fös 8.1. Kl. 22:00 Ö |
| Fös 13.11. Kl. 22:00 36. kort U | Lau 12.12. Kl. 19:00 46. kort U | Fös 15.1. Kl.19:00 U |
| Lau 14.11. Kl. 19:00 37. kort U | Lau 12.12. Kl. 22:00 47. kort U | Lau 16.1. Kl. 19:00 U |
| Lau 14.11. Kl. 22:00 38. kort U | Sun 13.12. Kl. 20:00 48. kort U | Lau 16.1. Kl. 22:00 Ö |
| Sun 22.11. Kl. 20:30 39. kort U | Fös 18.12. Kl. 19:00 49. kort U | Sun 17.1. Kl. 20:00 Ö |
| Fim 26.11. Kl. 20:00 40. kort U | Fös 18.12. Kl. 22:00 50. kort U | Fim 21.1. Kl. 20:00 Ö |

Sala hafin á sýningar í janúar.



## Djúpið (Litla svið/Nýja svið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 6.11. Kl. 20:00 Aukasýn. Ö | Lau 14.11. Kl. 20:00 Aukasýn. | Mið 25.11. Kl. 19:00 Aukasýn. Ö |
| Lau 7.11. Kl. 20:00 Aukasýn. | Sun 15.11. Kl. 20:00 U | Mið 25.11. Kl. 21:00 Ö |
| Fös 13.11. Kl. 20:00 Aukasýn. Ö | Þri 24.11. Kl. 20:00 Aukasýn. U | |

Síðustu sýningar! Sýningartími: 1 klst, ekkert hlé.



## Bláa gullið (Litla svið)

| | |
|---|---|
| Lau 7.11. Kl. 14:00 | Lau 21.11. Kl. 15:00 |
| Sun 15.11. Kl. 14:00 | Lau 28.11. Kl. 15:00 |

Uppsetning Opið út í samstarfi við Borgarleikhúsið.



## Dauðasyndirnar (Litla sviðið)

| | | |
|---|---|---|
| Fös 6.11. Kl. 20:00 U | Lau 14.11. Kl. 15:00 U | Fim 3.12. Kl. 20:00 síðasta sýn. U |
| Sun 8.11. Kl. 14:00 Ö | Sun 22.11. Kl. 14:00 U | |
| Fim 12.11. Kl. 20:00 U | Mið 2.12. Kl. 20:00 U | |

Síðustu sýningar. 20% afsláttur til Vísa kreditkorthafa.



## Sannleikurinn (Stóra sviðið)

| | |
|---|---|
| Lau 21.11. Kl. 22:30 Aukasýn. | Lau 12.12. Kl. 19:00 Aukasýn. |
| Fös 4.12. Kl. 22:30 Aukasýn. | Lau 12.12. Kl. 22:00 Aukasýn. |

ATH! SÍÐUSTU SÝNINGAR



## Við borgum ekki (Stóra svið)

| | |
|---|---|
| Lau 7.11. Kl. 20:00 U | Lau 14.11. Kl. 22:00 |
| Lau 14.11. Kl. 19:00 Ö | Fim 19.11. Kl. 20:00 Ö |

Uppsetning Nýja Íslands.




Leiklist ★★★

**Sindri silfurfiskur**

Eftir Áslaugu Jónsdóttur

**Leikur:** Elva Ósk Ólafsdóttir. **Leikraddir:** Anna Kristín Arngrímsdóttir, Atli Rafn Sigurðarson, Baldur Trausti Hreinsson, Birgitta Baldursdóttir, Björn Thors, Edda Arnljótsdóttir, Friðrik Friðriksson, Kjartan Guðjónsson, Ólafur Egill Egilsson, Valur Freyr Einarsson, Vignir Rafn Valþórsson, Þórhallur Sigurðsson. **Brúðugerð:** Una Collins, Bjarni Stefánsson, Jón Benediktsson, Erna Gunnarsdóttir og Stefán Jörgen Ágústsson. **Brúðustjórnun:** Aude Maina Anna Busson, Karolina Boguslawa og Ragnheiður Harpa Leifsdóttir. **Hljóðmynd:** Kristinn Gauti Einarsson. **Leikstjóri:** Þórhallur Sigurðsson.

## Margir góðir fjörfiskar í Kúlunni

Á laugardaginn var enn ein frumsýningin á vegum Þjóðleikhússins, nánar tiltekið í Kúlunni þar sem spriklandi gullfiskar í búri láta til sín taka og í sér heyra. Lagleg lítil sýning sem yngstu áhorfendunum svo sannarlega líkaði við enda góð samtöl og skýr, millum ýmissa fiska í hafinu. Mátulega mikið af því hryllilega og ekkert óskiljanlegt. Frásögnin um litla silfurfiskinn sem ferðaðist um öll heimsins höf til þess að freista gæfunnar og verða gullfiskur minnir um margt á ýmsar aðrar sögur enda eru sögur líklega bestar þannig. Hann var minni máttar og vildi verða eitthvað annað en hann var og leið ekki vel fyrr en einhver gáfufiskurinn sagði honum að hann væri hreint frábær sem silfurfiskur, bæði fallegur og góður og þá varð hann glaður. Boðskapurinn sem sagt einfaldur og fallegur og upplýstar brúður á svörtum fleti, litglaðar persónur með blæbrigðaríkum röddum, voru góðar. Raddsetningin var vel heppnuð og sýnir að það er hægt að vanda sig í raddsetningum þó svo að ekki sé hefð fyrir því í teiknimyndabransanum. Hlutverk einnar albestu leikkonu Þjóðleikhússins, Elvu Óskar, í þessari sýningu var heldur rýrt enda úr litlu að moða í gervi Hafdísar í skrautfiskabúðinni.

Þetta er sýning sem óhætt er að mæla með og fara með yngstu (3-4 ára) áhorfendurna og leyfa þeim að sitja á litlum stólum fremst, bara að enginn stór og frekur fullorðinn setjist fyrir framan þau. Í sýningunni er leikin tónlist eftir Mozart, Chopin, Ravel, Haydn, Fauré, Bizet, Debussy, Bach og fleiri sem stíffellur að brúðuhreyfingunum sem voru einkar lifandi og dularfullar þar sem börnin gátu engan veginn reiknað út hvernig þessum undraverum var stjórnað. Margir góðir fjörfiskar í Kúlunni. **Elísabet Brekkan**

**Niðurstaða:** Lagleg lítil sýning fyrir yngstu börnin.

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**Fimmtudagur 5. nóvember 2009**

### → Tónleikar

**12.00** Antonía Hevesi píanóleikari og Guðrún María Finnbogadóttir sópran flytja aríur eftir meðal annars Händel á hádegistónleikum hjá Hafnarborg við Strandgötu í Hafnarfirði.

**20.00** Tónleikar til styrktar Aflinu, samtökum gegn kynferðis- og heimilisofbeldi, verða haldnir í Akureyrarkirkju. Fram koma Karlakór Akureyrar og Geysis, Friðrik Ómar, Óskar Pétursson, Inga Eydal, Hundur í óskilum og Heimir Ingimarsson.

**20.30** Edda Erlendsdóttir píanóleikari flytur verk eftir J. Haydn á tónleikum í tónlistarhúsinu Laugarborg í Eyjafjarðarsveit.

**21.00** Óskar Guðjónsson og félagar flytja lög eftir Jón Múla og fleiri á tónleikum sem fram fara í Jazzkjallaranum á Cafe Cultura við Hverfisgötu 18.

**22.00** Hoffman heldur útgáfutónleika á Sódóma Reykjavík við Tryggvagötu. Einnig koma fram á tónleikunum Súr og Júníus Meyvant.

### → Fundir

**17.00** Opinn fundur verður um varðveislu grásleppuskúranna og annarra minja í Grímsstaðavör. Fundurinn fer fram í Víkinni, Sjóminjasafni Reykjavíkur. Nánari upplýsingar á www.minjasafnreykjavikur.is.

### → Sjónlistahátíð



Sjónlistahátíðin Sequences 2009 stendur yfir til 7. nóv. Nánari upplýsingar og dagskrá á www.sequences.is.

**17.00** Kvikmyndasýning í Regnboganum. Sýnd verða verk eftir Gjörningaklúbbinn, Curver Thoroddsen, Bjarna massa ásamt verki eftir 16 íslenska og pólska listamenn.

**20.00** Egill Sæbjörnsson flytur gjörninginn „The Mind“ ásamt listakonunni Marciu Moraes, í Listasafni Reykjavíkur við Tryggvagötu.

### → Pub Quiz

**20.00** Fótbolta Pub Quiz verður haldið á Enska barnum við Austurstræti. Vegleg verðlaun og enginn aðgangseyrir. Nánari upplýsingar á www.sammarinn.com.




# HÚMOR, GLEÐI OG HARMUR

**Ævisaga séra Hjálmars Jónssonar** er full af gleði og húmor en hann hefur heldur ekki farið varhluta af myrkari hliðum tilverunnar, bæði í lífi og starfi. Hér segir hann frá æsku sinni í Tungunum og á Akureyri, prestskap í Húnavatnssýslu, Skagafirði og í Reykjavík og eftirminnilegum árum á Alþingi. Og að sjálfsögðu fylgir með landsfrægur kveðskapur hans!

VERÖLD

Bræðraborgarstíg 9

DYNAMO REYKJAVIK


HELGI BJÖRNS


MUMFORD & SONS

## > Í SPILARANUM

Mumford & Sons - Sigh no More
Biffy Clyro – Only Revolutions
Molina and Johnson - Molina and Johnson
Weezer - Raditude
Helgi Björns - Kampavín

# tónlist

tonlist@frettabladid.is

# Casablancas með jólalag

Julian Casablancas, söngvari The Strokes, ætlar á næstunni að gefa út sitt fyrsta jólalag. Lagið er hans útgáfa af I Wish It Was Christmas Today, sem heyrðist fyrst í bandaríska gamanþættinum Saturday Night Live. „Það var gaman að semja þetta lag. Allir virðast gera jólalög einhvern tímann á lífsleiðinni og þess vegna langaði mig að prófa þetta," sagði Casablancas, sem gaf út sína fyrstu sólóplötu fyrr í vikunni. „Núna get ég strikað þetta út af listanum mínum." Lagið kemur út til niðurhals og á sjö tommu smáskífu 21. desember.


**JULIAN CASABLANCAS** Söngvari The Strokes gefur út jólalag í desember.



## > Plata vikunnar

Þorvaldur Þór Þorvaldsson - Þorvaldur Þór Þorvaldsson

★★★

„Aðgengileg og vel spiluð blanda af djassi, poppi og rokki. Plata sem ætti að geta höfðað til margra."

- TJ



## TÓNNINN GEFINN
**Trausti Júlíusson**

# *Hvað hefurðu mikinn tíma?*

Það eru alltaf að koma fram nýjar vefsíður sem gera tónlistarmönnum kleift að koma tónlist sinni á framfæri. Hér á Íslandi er Gogoyoko nýjasta dæmið, en úti í hinum stóra heimi njóta vefirnir Bandcamp.com og Soundcloud.com vaxandi vinsælda. Báðir eru þeir töluvert notaðar af íslenskum tónlistarmönnum. Á Bandcamp setja tónlistarmenn inn plötur sem hægt er að hlusta á í heild sinni en svo ræður tónlistarmaðurinn hvort hann selur tónlistina og hvaða verð hann setur á hana. Algengt lágmarksgjald fyrir eitt lag er einn dollari, en tíu dollarar fyrir plötu. Á meðal Íslendinga á Bandcamp eru Ruxpin, Akranes-sveitin Worm Is Green (sem var að gefa út nýja plötu, Glow) og tónlistarkonan Unnur Arndísardóttir sem kallar sig Uni, en platan hennar Enchanted er fáanleg á Bandcamp.


**UNI** Tónlistarkonan Uni er með plötu á Bandcamp-vefnum sem eins og Soundcloud-vefurinn nýtur vaxandi vinsælda.

Á Soundcloud er ekki seld tónlist, en tónlistarmenn nota vefinn mikið til þess að kynna sig og setja inn nýtt efni. Þar finnast allar tegundir tónlistar, en vefurinn er samt sérstaklega vinsæll hjá raf- og danstónlistarmönnum, þar á meðal íslenskum. Þar má til dæmis hlusta á nýtt efni frá Biogen, Skurken, Hypno, Captain Fufanu, Asli og Ruxpin, en tónleikar þess síðarnefnda frá Réttum eru þar í heild sinni. Það er líka fullt af DJ-mixum, t.d. frá Thor, President Bongo, Jack Schidt og DJ Yamaho. Oft er eingöngu hægt að hlusta á tónlistina í þar til gerðum spilara, en stundum er líka hægt að hala henni niður. Tónlistarmaðurinn sjálfur stjórnar því.

Eins og sést á þessum tveimur vefsvæðum er ekkert lát á flottri tónlist á Netinu. Spurningin er bara hvað maður hefur mikinn tíma til að hlusta.


Yfirburðir Fréttablaðsins staðfestir!
Fréttablaðið er með 106% meiri lestur en Morgunblaðið.




Fréttablaðið er sem fyrr mest lesna dagblað landsins með glæsilegt forskot á samkeppnisaðila sinn eins og síðasta könnun Capacent Gallup ótvírætt sýnir.

Við erum auðvitað rífandi stolt af þessum góða árangri og bendum auglýsendum á að notfæra sér forskot okkar þegar þeir velja auglýsingamiðill.

Allt sem þú þarft...

Meðallestur á tölublað, höfuðborgarsvæðið, 18 – 49 ára. Könnun Capacent í maí 2009 – júlí 2009.



Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki


# Eins og traktor á þjóðvegi

**Fyrsta plata Feldberg, Don't Be a Stranger, er komin út. Feldberg er samstarfsverkefni söngkonunnar Rósu Birgittu Ísfeld, sem syngur að auki með hljómsveitinni Sometime, og Einars Tönsberg, sem hefur gert það gott sem einyrkinn Eberg. Allt byrjaði þetta með grípandi popplagi í auglýsingu.**


**ÞAÐ SKILJA ALLIR POPPTÓNLIST** Hljómsveitin Feldberg þreföld í roðinu.
MYND/TÓMAS MAGNÚSSON

„Það var vegna Kringluauglýsingar (lagið „Running Around") sem við hittumst fyrst. Upp úr því fórum við að hittast reglulega til að sjá svona hvað kæmi út úr því," segir Einar.

„Það var svo sem ekkert markmið í fyrstu en fljótlega varð ljóst að það yrði plata úr þessu," segir Rósa.

Vinnuhraðinn er mikill þegar verið er að búa til lög í auglýsingar – „Það þarf alltaf helst að klára á morgun," segir Einar – en bandið gat leyft sér yfirlegu við plötugerðina: „Lögin fengu að malla. Að gera þessa plötu var dálítið eins og að keyra traktor eftir þjóðvegi."

„Við vissum ekki alveg hvert þetta stefndi fyrr en tvö síðustu lögin urðu til. Þau eru lög númer eitt og tvö á plötunni. Þá límdist platan loksins saman og við urðum fullkomlega sátt," segir Rósa.

Einar segir það miklu erfiðara að búa til popptónlist en svokallaða „erfiða tónlist" – „Miklu erfiðara! Maður er berari. Allir geta gagnrýnt popptónlist réttilega því það skilja allir popp. Ef þú ert úti í einhverju horni með þína músík geturðu bara sagt að fólk skilji ekki tónlistina þína ef það fílar hana ekki. Annars ákváðum við nú bara að gera góð lög og pældum ekkert í því hvað við værum að gera."

„Vinur minn sagði mér að það væri svipaður fílingur í okkur og í The Cardigans, en samt ekki endilega svipaðar lagasmíðar. Ég hef annars verið að hlusta ógeðslega mikið á Dylan upp á síðkastið og líka á nýju Emilíönuplötuna," segir Rósa.

„Ég hef nú aldrei gefið út plötu nema einhver segi hana eins og Bítlana. Ætli maður sé ekki bara fastur í sínum gömlu áhrifavöldum," segir Einar.

Feldberg-dúettinn segir að ýmislegt sé „farið að rúlla" í útrásarbrasi hljómsveitarinnar en að auglýsingalega sé platan „mett" (tvö lög af henni eru notuð í auglýsingum). Allt er í gangi: „Það er komið flott band í kringum þetta og öllum finnst bara ógeðslega gaman," segir Rósa. Útgáfutónleikarnir verða í Þjóðleikhúskjallaranum upp úr miðjum nóvember.

**drgunni@frettabladid.is**



Feldberg-umslagið.


10cc-umslagið.

## „KÓVER-KÓVER"

Það fer ekki á milli í hvað Feldberg vitnar með plötuumslagi plötunnar. Það er sláandi líkt How Dare You? sem hljómsveitin 10cc sendi frá sér árið 1976. Umslagið er eitt af mörgum sem listhönnunarhópurinn Hipgnosis hannaði, en Birgir Ísleifur Gunnarsson – Biggi í Motion Boys – tók myndirnar á Feldberg-umslaginu. „Það er ekkert kóverlag á plötunni, en það er kóver-kóver!" gantast Einar. „Þetta er uppáhaldsumslagið mitt og er búið að vera það lengi. Þegar ég var krakki dundaði ég mér við að skoða það," segir Rósa. „Ég rakst svo á það aftur í plötuumslaga-bók nýlega og fannst það vera fullkomið fyrir okkur."

# Í fótspor Bítlanna og Zeppelin

Bandaríska hljómsveitin The Flaming Lips hefur löngum verið talin með þeim skrítnari í tónlistarbransanum. Sýrukenndur og tilraunakenndur poppbræðingurinn hefur oft á tíðum hitt í mark hjá gagnrýnendum, sérstaklega með plötunum The Soft Bulletin og Yoshimi Battles the Pink Robots, og hljómsveitin á sér dyggan aðdáendahóp innan indí-geirans.

Tólfta hljóðversplata The Flaming Lips, hin tvöfalda Embryonic, kom út fyrir skömmu og hefur fengið góða dóma hjá gagnrýnendum. Hún er sú fyrsta frá sveitinni í þrjú ár, síðan At War With the Mystics kom út við heldur misjafnar undirtektir.

Flest laganna á Embryonic urðu til þegar þeir félagar spiluðu af fingrum fram á þáverandi heimili trommarans Stevens Drozd. „Í byrjun voru þessi djammlög oft ekkert sérlega spennandi. En stundum komu upp augnablik sem voru stórskrítin og á þeim byggðum við þessa plötu," sagði söngvarinn Wayne Coyne. Hann bætir við að á plötunni sé vaðið úr einu í annað, líkt og á frægum tvöföldum plötum Bítlanna og Led Zeppelin. „Meðal uppáhaldsplatnanna eru Hvíta albúmið, Physical Graffiti og meira að segja lengri plöturnar frá The Clash. Ástæðan er að hluta til sú að þar er enginn einn stíll og einn heildarsvipur var ekki aðalmálið. Það var einhvern veginn allt látið flakka," sagði Coyne.


**WAYNE COYNE** Embryonic er fyrsta tvöfalda plata hljómsveitarinnar The Flaming Lips.

Á meðal þeirra sem aðstoða Coyne og félaga á nýju plötunni er hljómsveitin MGMT, sem spilar í laginu Worm Mountain, og Karen O, söngkona Yeah Yeah Yeahs, sem syngur í lögunum I Can Be a Frog og Watching the Planets. - fb

BÖRN ERU OG VERÐA ALLTAF BÖRN, VIÐ ÞURFUM AÐ LEYFA ÞEIM AÐ VERA BÖRN EINS LENGI OG HÆGT ER! VIÐ MEGUM EKKI ÆTLAST TIL AÐ ÞAU VAXI HRATT OG VERÐI SKYNSÖM, IÐIN OG FRAMÚRSKARANDI FYRR EN ÞAU HAFA NOTIÐ ÆSKUNNAR • ÞAÐ BESTA SEM ÞÚ EYÐIR Í BARNIÐ ÞITT ER TÍMI • ÞÚ GETUR LÆRT MARGT AF BÖRNUNUM, TIL DÆMIS HVERSU MIKLA ÞOLINMÆÐI ÞÚ HEFUR • BÖRN EIGA HVORKI FORTÍÐ NÉ FRAMTÍÐ, ÞAU LIFA Í NÚINU, SEM FÆST OKKAR GERA • BARN ER MANNESKJA SEM GETUR EKKI SKILIÐ AF HVERJU EINHVER MYNDI GEFA FRÁ SÉR LÍTINN KETTLING • BÖRNIN OKKAR ERU ÞAÐ DÝRMÆTASTA SEM VIÐ EIGUM



**> MIRREN Í NJÓSNATRYLLI**

Breska leikkonan **Helen Mirren** mun leika í njósnatryllinum Red sem er byggður á samnefndum teiknimyndasögum. Áður höfðu Morgan Freeman og Bruce Willis samþykkt að leika í myndinni, sem fer í tökur í janúar.



# bíó

bio@frettabladid.is

# Óhemjuvinsæll hryllingur

Hryllingsmyndin Paranormal Activity, sem verður frumsýnd hérlendis á morgun, hefur slegið rækilega í gegn í Bandaríkjunum og Kanada síðan hún var frumsýnd fyrir nokkrum vikum. Hún hefur þénað rúmlega 85 milljónir dala, eða um 10,6 milljarða króna, sem er ótrúlegur árangur miðað við að hún kostaði innan við tvær milljónir króna í framleiðslu og var aðeins tekin upp á einni viku.

Engin sjálfstætt framleidd mynd í sögunni hefur þénað jafnmikið miðað við framleiðslukostnað. Hefur hún þar með slegið út The Blair Witch Project sem rakaði inn tæpum 250 milljónum dala í miðasölunni víðs vegar um heiminn, eða rúmum þrjátíu milljörðum króna. Hún kostaði aftur á móti 7,5 milljónir króna í framleiðslu.



**PARANORMAL ACTIVITY** Hryllingsmyndin Paranormal Activity verður frumsýnd hérlendis á morgun.

Paranormal Activity var tekin upp á gömlu heimili leikstjórans og handritshöfundarins Oren Peli í San Diego í Kaliforníu. Peli, sem er fyrrverandi tölvuleikjahönnuður, eyddi heilu ári í að innrétta húsið sérstaklega fyrir tökurnar. Til að auka hræðsluáhrifin var notast við handhelda upptökuvél, rétt eins og gert var í The Blair Witch Project með góðum árangri.

Myndin er tekin upp í heimildarmyndastíl og fjallar um ungt par, Katie og Micah. Katie heldur því fram að yfirnáttúruleg vera hafi ásótt sig alla sína ævi, þar á meðal á heimili þeirra. Micah kaupir sér þá upptökuvél í von um að festa óskapnaðinn á filmu.

Viðtökurnar við myndinni hafa eins og áður sagði verið rosalegar og hafa margir gengið út af henni af hræðslu. Eins og gefur að skilja er framhaldsmynd nú þegar í undirbúningi.

## Tveir kynnar á Óskarnum

Steve Martin og Alec Baldwin verða kynnar á næstu Óskarsverðlaunahátíð. Síðast þegar kynnar voru fleiri en einn var árið 1987 en þá fóru Chevy Chase, Goldie Hawn og Paul Hogan með gamanmál. Vangaveltur eru uppi um að Tina Fey, sem leikur á móti Baldwin í sjónvarpsþáttunum 30 Rock, muni taka þátt í að semja grínefni fyrir hátíðina.

Steve Martin hefur áður verið kynnir við afhendingu Óskarsverðlauna, árin 2001 og 2003. Hann og Baldwin leika einmitt saman í gamanmyndinni It´s Complicated sem verður frumsýnd vestanhafs á jóladag. Myndin fær væntanlega álíka mikið umtal og Australia fékk í kringum síðustu Óskarshátíð þegar aðalleikari hennar, Hugh Jackman, var kynnir. Hann þótti standa sig vel og átti þátt í því að auka áhorfið á hátíðina.



**KYNNARNIR** Steve Martin verður kynnir á Óskarshátíðinni í þriðja sinn á næsta ári og Alec Baldwin í fyrsta sinn.

# LJÚFSÁR, ALÍSLENSK JÓLAMYND

**Kvikmyndin Desember eftir Hilmar Oddsson verður frumsýnd á morgun. Hún fjallar á ljúfsáran hátt um alvarlega hluti í íslensku samfélagi.**

**LEIKSTJÓRINN HILMAR:**

Kallakaffi (Sjónvarp-2005)
Kaldaljós (2004)
Sporlaust (1998)
Tár úr steini (1995)
Eins og skepnan deyr (1986)

Desember er ljúfsár gamanmynd sem gerist í Reykjavík á jólunum. Hún fjallar um popparann Jonna (Tómas Lemarquis) sem snýr heim til Íslands eftir að hafa flutt óvænt til Argentínu nokkrum árum áður. Hann dreymir um að ná gömlu hljómsveitinni sinni saman á ný, endurnýja kynnin við kærustuna sína (Lay Low) og hlakkar til að halda jól í faðmi fjölskyldunnar. Fljótlega uppgötvar hann að allt hefur breyst og heimurinn sem hann þekkti áður stendur á haus. „Einhver sagði að þetta væri „feelgood-mynd" og kannski er hún það. Það eru fáránlegar, broslegar uppákomur í henni og þú ferð vonandi út af henni með bros á vör," segir leikstjórinn Hilmar Oddsson. „Þetta er jólamynd, örugglega fyrsta íslenska jólamyndin og þótt hún sé ekki Love Actually þá fer hún í þann flokk. Hún var tekin um síðustu jól og þau voru sérstök fyrir margra hluta sakir. Það var enginn snjór og engar skreytingar en samt voru þetta jól."

Hugmyndin að Desember kom í miðju góðærinu og voru það Hilmar og handritshöfundurinn Páll Kristinn Pálsson sem veltu henni á milli sín. „Þetta var þegar allir voru í brjálaðri útrás og einhverjum flottræfilshætti. Á sama tíma var venjulegt fólk í Reykjavík sem gat ekki haldið jól vegna þess að fjárhagurinn var svo bágur. Hlutunum var svo misskipt," segir Hilmar. „Við ætluðum að gera mynd um alvarlega hluti á eins léttan hátt og hægt væri. Þannig byrjaði þetta en svo gerist það að það sem við vorum að fjalla um og átti að vera ábending með smá ádeilu var orðið að hlutskipti þorra almennings eftir að allt hrundi."

Hilmar og samstarfsfólk hans var í fjögur ár að ljúka við myndina og lítur hann á það sem kraftaverk að hún hafi náð að klárast þrátt fyrir erfiðar aðstæður. „Við erum að gera mynd í fullri stærð án þess að slaka á gæðakröfum. Þetta er töff og það hlýtur að segja eitthvað um ástand samfélagsins og kvikmyndagerðarmanna að það hafa aldrei fleiri myndir verið á leiðinni og meira en helmingur þeirra fær ekki krónu úr kvikmyndasjóði." Einnig er vert að minnast þess að myndin er sú fyrsta sem er alfarið unnin hér á landi þegar öll hljóð- og myndvinnsla er tekin með í reikninginn.



**HILMAR ODDSSON** Nýjasta mynd Hilmars nefnist Desember og fjallar á ljúfsáran hátt um alvarlega hluti í íslensku samfélagi. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Hilmar segist hafa tekið mikla áhættu með því að ráða Lovísu Elísabetu Sigrúnardóttur, Lay Low, í annað aðalhlutverkanna og sér ekki eftir því. „Hún skilar þessu eins og engill. Hún er með mjög mikinn myndþokka og geislar af hlýju og fegurð. Þegar hún skilar þessu eins fallega og hún gerir er maður bara stoltur og ánægður," segir hann og ber öðrum leikurum einnig vel söguna: „Tommi er yndislegur og ég er rosalega ánægður með alla leikarana og eiginlega allt. Þetta eru allt frábærar manneskjur og miklir fagmenn."

freyr@frettabladid.is


# Ást við fyrstu sýn

**Tristan og Íris Sól sjá strax eitthvað alveg sérstakt hvort við annað. En er hægt að trúa á ást við fyrstu sýn? Og er nokkuð að marka gamlar sögur um sorgleg og óumflýjanleg örlög?**

**Spennandi unglingasaga eftir Ragnheiði Gestsdóttur, höfund verðlaunabókanna *40 vikna* og *Sverðberans*.**







# Hefndarþorsti og körfuboltahetja

Spennumyndin Law Abiding Citizen og körfuboltamyndin More Than a Game verða frumsýndar á morgun.

Töffararnir Gerard Butler og Jamie Foxx fara með aðalhlutverkin í Law Abiding Citizen. Myndin fjallar um Clyde Shelton (Butler) sem verður fyrir hræðilegu áfalli þegar kona hans og dóttir eru myrtar á hrottafenginn hátt. Morðingjarnir eru ákærðir fyrir verknaðinn en sleppa við refsingu eftir að saksóknarinn Nick Rice (Foxx) semur við þá um lausn allra mála gegn því að veita honum upplýsingar um aðra glæpamenn.



**LAW ABIDING CITIZEN** Clyde Shelton gerir allt sem hann getur til að hefna fyrir morðin á dóttur sinni og eiginkonu.

Clyde leggst í mikið þunglyndi og í framhaldinu tekur við óslökkvandi hefndarþorsti. Ákveður hann að gera allt sem hann getur til að hefna fyrir bæði morðin og svik saksóknarans í sinn garð.

More Than a Game er heimildarmynd um upphafsár eins ástsælasta körfuboltamanns samtímans, LeBron James. Hann er yngsti einstaklingurinn til að prýða forsíðu Sports Illustrated og er af mörgum talinn arftaki sjálfs Michaels Jordan. Myndin segir frá uppvexti James í borginni Akron í Ohio og fjögurra félaga hans úr körfuboltaliði menntaskólans.



**LEBRON JAMES** Heimildarmynd um körfuboltasnillinginn verður frumsýnd á morgun.

# SJÓNVARPSTILBOÐ




## Panasonic

**Panasonic TXL42S10**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080p uppl., Vreal Pro3, 24p Playback, Viera Link, dínamískri 50.000:1 skerpu, Intelligent Scene Controller, stafr. háskerpu DVB-T mótt., tölvuleikja- og Eco Mode stilling, VGA (PC), 3 x HDMI, Composite, Component & S-Video, 2x Scart, Audio L/R, CI, Digital Audio tengi ofl.

**TILBOÐ 219.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990

---




## UNITED

**United 22DD91HD**
22" LCD BREIÐTJALD með innbyggðum DVD spilara, stafrænum móttakara (DVB-T), 1440x900 upplausn, Nicam Stereó, sjálfvirkri stöðvaleit, HDMI, Scart, S-Video & VGA (PC) tengjum. **Tekur 12v og 220v straum.**

**TILBOÐ 72.990**
FULLT VERÐ kr. 79.990




## JVC DynaPix

**JVC LT32DY8**
32" DynaPix LCD BREIÐTJALD með 1366x768 p. uppl., DynaPix, HD Ready, 1.200:1 skerpu, 8ms svartíma, Digital Comb Filter, innb. DVB-T mótt., 24w Nicam Stereó með 3D Cinema Sound, 2 Scart (með RGB), 2 HDMI, Component, CVBS, VGA, heyrnartólstengi, textavarpi ofl.

**TILBOÐ 129.990**
FULLT VERÐ kr. 159.990




## UNITED

**United LTV9742**
42" LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 p uppl., 3D Comb filter, FullPIX2 / FullPIX HD, 100.000:1 skerpa, PIP (mynd í mynd) og PAP, DVB-T stafr. móttakari, 2 x HDMI, VGA ofl.

**TILBOÐ 189.990**
FULLT VERÐ kr. 219.990




## TOSHIBA

**Toshiba 40LV685DN**
40" Full HD LCD breiðtjald með 1920x1080p upplausn, 100Hz, 24 FPS, uppskölun, 50.000:1 dýnamískri skerpu, Game Mode, baklýsingu DVB-T stafr. móttakara, USB 2.0, 4x HDMI, VGA ofl.

**VERÐ 229.990**
FRÁBÆRT VERÐ

---




## PHILIPS

**Philips 42PFL5604H**
42" Full HD 1080p LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI, RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 239.990**
FULLT VERÐ kr. 279.990




## Panasonic

**Panasonic TXP42S10**
42" Full HD 1080p Plasma BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta uppl., Vreal Pro3, 400Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, Viera Link, x.v Colour, 20.000:1 skerpu, 3D Colour Management, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T móttakara, SD/SDHC kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 249.990**
FULLT VERÐ kr. 299.990




## PHILIPS

**Philips 47PFL5604H**
47" Full HD 1080p 16:9 LCD BREIÐTJALD með 1920x1080 punkta upplausn, Pixel Plus HD, Dýnamískri 50000:1 skerpu, 5ms svartíma, stafrænum DVB-T móttakara, USB, VGA (PC) tölvutengi, 2x Scart, 3x HDMI & RCA, S-Video, S/PDIF, Audio L/R, Component, heyrnatólstengi ofl.

**TILBOÐ 329.990**
FULLT VERÐ kr. 379.990




## Panasonic

**Panasonic TXP46GA11**
46" Full HD 1080p NeoPlasma BREIÐTJALD með 1920 x1080p upplausn, Vreal Pro4, 600Hz Intelligent Frame Creation Pro, 24p Playback, x.v Colour, Infinite Black 2.000.000:1 dýnamískri skerpu, 3D Colour, 3D Comb Filter C.A.T.S, stafr. háskerpu DVB-T mótt., kortalesara, 20w Nicam Stereó V-Audio Surround, 2 x Scart, 3 HDMI, PC tengi ofl.

**TILBOÐ 349.990**
FULLT VERÐ kr. 449.990

---

Alltaf gæði og góð kaup! 1971 - 2009

# Sjónvarpsmiðstöðin

RAFTÆKJAVERSLUN • SÍÐUMÚLA 2 • SÍMI 568 9090 • www.sm.is

SanDisk MINNISKORT ALLAR GERÐIR

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT ► REYKJAVÍKURSVÆÐIÐ: Hagkaup, Smáralind. VESTURLAND: Hljómsýn, Akranesi. Hagkaup, Borgarnesi. Samkaup, Borgarnesi. Blómsturvellir, Hellissandi. Skipavík, Stykkishólmi. VESTFIRÐIR: Kaupfélag Steingrímsfjarðar, Drangsnesi. Samkaup, Ísafirði. NORÐURLAND: KF Steingrímsfjarðar, Hólmavík. KF V-Húnvetninga, Hvammstanga. Kráksr, Blönduósi. Skagfirðingabúð, Sauðárkróki. Hagkaup, Akureyri. Heimilistæki, Akureyri. Öryggi, Húsavík. AUSTURLAND: Samkaup, Egilsstöðum. Kauptún, Vopnafirði. Samkaup, Seyðisfirði. Sparkaup, Fáskrúðsfirði. Martölvan, Höfn Hornafirði. SUÐURLAND: Mosfell, Hellu. Fossraf, Selfossi. Geisli, Vestmannaeyjum. REYKJANES: Tækniráð, Grindavík. Hagkaup, Njarðvík.

## > HOLMES Í GAMANMYND

Leikkonan **Katie Holmes** hefur hlaupið í skarðið fyrir Liv Tyler í gamanmyndinni The Romantics sem er í undirbúningi. Hún mun einnig koma að framleiðslu myndarinnar. Hún fjallar um átta vini úr menntaskóla sem hittast á nýjan leik í brúðkaupi. Meðal annarra leikara eru Elijah Wood og Anna Paquin.



# fólk

folk@frettabladid

# Þögult diskó á Austurvelli

„Það var engin sérstök ástæða að baki þessu, mér fannst bara komið nóg af neikvæðum kreppufréttum og fannst kominn tími til að vera örlítið jákvæðari, manni líður vel þegar maður dansar og það losar um streitu. Íslendingar ættu að hugsa meira eins og Pollýanna á svona tímum,“ segir Hafdís Arnardóttir, sem skipuleggur þögult diskó á samskiptavefnum Fésbók.

Þögult diskó er orðið nokkuð þekkt fyrirbæri erlendis. Þá hittist fólk og dansar saman en tónlistin sem dansað er við kemur ekki úr hátölurum heldur úr heyrnartólum sem hver og einn ber. Hafdís, sem flutti nýverið heim frá London, segir að mikið sé um þögul diskó þar í borg. „Ég fór á svona viðburð í London. Þar er engin sérstök ástæða fyrir því að svona atburðir eru haldnir heldur þykir fólki þetta bara vera skemmtilegt. Það var mjög súrt að sjá alla dansa við mismunandi takt og heyra enga tónlist.“



**DANSAR TIL AÐ GLEYMA** Hafdís Arnardóttir boðar fólk á Austurvöll til að taka þátt í þöglum diskódansi. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hafdís segist ekki hafa búist við því að atburðurinn mundi vekja eins mikla athygli og raun ber vitni en um 400 manns hafa boðað þátttöku sína. „Ég veit ekki hvort allt þetta fólk muni svo mæta á laugardaginn. En þá dansa ég bara ein við mömmu og pabba, þau ætla bæði að mæta auk annarra fjölskyldumeðlima og nokkurra vina minna,“ segir Hafdís hlæjandi.

Dansinn fer fram á Austurvelli á laugardaginn og hefst klukkan 22.10 og stendur til 22.35. Hafdís tekur fram að fólk eigi að mæta með eigin tónlist til að dansa við. **- sm**

# Hudson náin móður sinni



JENNIFER HUDSON

**Jennifer Hudson segist enn vera mjög náin móður sinni, Darnell. Ár er liðið síðan hún var skotin til bana ásamt bróður Hudson, Julian, fyrir utan heimili þeirra í Chicago. Lík sjö ára frænda hennar fannst sömuleiðis í yfirgefnum bíl þremur dögum síðar. Hudson segir að móðir hennar sé verndarengillinn sinn og fylgi henni hvert sem hún fer. Hún segist finna mikið fyrir nærveru hennar á hverjum einasta degi. „Ég áttaði mig ekki á því að ég væri svona lík móður minni þar til núna. Hún var ótrúlega sterkur persónuleiki.“**

# Sonur Penns handtekinn í skólanum

Sextán ára gamall sonur leikarans Seans Penn, Hopper Jack Penn, var handtekinn í skóla sínum í síðustu viku. Lögreglan í Malibu neitaði að tjá sig um málið þar sem Hopper Jack er enn undir lögaldri. Þrátt fyrir þagmælsku lögreglunnar hafa þær fréttir borist að pilturinn hafi verið handtekinn fyrir að vera með fíkniefni í fórum sínum.

Sean Penn og fyrrverandi eiginkona hans, leikkonan Robin Wright Penn, skildu fyrir skömmu og vilja margir meina að hægt sé að rekja handtökuna til erfiðleika heima fyrir.



**SONURINN HANDTEKINN** Sean Penn var ekki barnanna bestur á sínum yngri árum og nú fetar sonur hans sömu leið.




**SNJÖLL HUGMYND** Svala Hjörleifsdóttir og Haraldur Unason Diego voru í hópi þeirra nemenda sem unnu að hugmyndinni. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

# ENDURUNNIN ÁST ÞÓTTI BERA AF

**Verkefnið Love Recycled var kosið besta verkefnið á námskeiði á vegum Háskólans í Reykjavík og Listaháskóla Íslands, en þar fengu nemendur að vinna úr hugmyndum að fjórtán fyrirtækjum og var þema námskeiðsins „góðverk“.**

„Hugmyndin að baki Love Recycled er að endurvinna skart. Það er fullt af fólki sem byrjar saman og hættir síðan saman einhverju seinna. Í millitíðinni skiptist það ef til vill á gjöfum eins og skarti sem það vill ekki nota eftir sambandsslitin. Hugmyndin er sem sagt sú að fólk komi með þetta skart og við endurvinnum það. Allur ágóði rennur svo til góðgerðarmála,“ segir Svala Hjörleifsdóttir, nemandi við Listaháskólann, sem vann verkefnið ásamt þeim Haraldi Unasyni Diego, Alexander Clemm, Caroline Inge Baumann, Guðbjörgu Tómasdóttur, Arnari Frey Guðmundssyni og Bergþóru Jónsdóttur.

Svala segir að kynningin hafi átt stóran þátt í að hópurinn hafi unnið verðlaun fyrir bestu hugmyndina. „Kynningin spilaði held ég mikið inn í það að við unnum þessi verðlaun. Við vorum mjög vel undirbúin og þar af leiðandi lítið stressuð. Svo spiluðum við myndband sem við höfðum gert og það var líka mjög vel unnið.“

Hún segir enn óráðið hvort viðskiptahugmyndin eigi eftir að verða að veruleika í framtíðinni en segist vonast til þess að svo verði. Haraldur Unason Diego samsinnir þessu og segir verkefnið geta hagnast mörgum í framtíðinni. „Við höfum þegar fengið hringi frá nokkrum einstaklingum og það sem er svo spennandi við þetta er að þeir sem koma að þessu hafa sýnt þessu svo mikinn áhuga. Tækniháskólinn hefur til dæmis efnt til hönnunarsamkeppni þar sem skartið er allt endurunnið. Allur peningurinn rynni til UNICEF og þau samtök yrðu okkar helsti þegi yrði verkefnið að raunveruleika. Því gætu margir hagnast á þessu.“

sara@frettabladid.is

### GRÍÐARLEGAR UPPHÆÐIR Í GIFTINGAHRINGUM

Samkvæmt tölum frá Hagstofu Íslands urðu alls 549 lögskilnaðir árið 2008, en sama ár voru 1.642 hjónavígslur framkvæmdar. Árið 2007 var fjöldi lögskilnaða talsvert hærri, en samkvæmt Hagstofu urðu alls 1.293 lögskilnaðir það árið. Hafi 549 lögskilnaðir orðið árið 2008 þýðir það að 1.098 hringa væri hægt að endurvinna á einhvern hátt, líkt og Love Recycled býður upp á. Ódýrustu giftingarhringarnir kosta um fjörutíu þúsund krónur hvor og því væri ágóðinn sem rynni til góðgerðastarfs í kringum 43.920.000 krónur á síðasta ári ef allir þeir einstaklingar gæfu Love Recycled hringa sína.






# Kaupir nýtt mótorhjól

Hjartaknúsarinn Brad Pitt hefur notað ferðalag sitt til Japans, þar sem hann kynnir myndina Inglorious Basterds, til að leita sér að nýju mótorhjóli. Uppáhaldsmótorhjólið hans eyðilagðist í síðasta mánuði og hefur hann því notað frítíma sinn í Japan til að finna nýtt. Pitt skemmdi gamla hjólið í Los Angeles þegar hann klessti á kyrrstæðan bíl. Sjálfur slapp hann með skrámur. „Það skaddaðist ekkert nema egóið mitt,“ sagði Pitt. „Ég var að reyna að stinga einhverja papparassa af en í staðinn höfðu þeir góða frétt upp úr krafsinu.“



**BRAD PITT** Brad Pitt er að leita sér að nýju mótorhjóli í Japan.

# Músefjun flækir sig

Hljómsveitin Múgsefjun kom firnasterkt inn í fyrra með frumburð sinn, plötuna Skiptar skoðanir. Nú er farið að heyrast nýtt lag með sveitinni, „Lesið í marmarann“, þar sem Spilverks-legur Múgsefjunartónn er sleginn með ógn „ástandslegum“ texta.

„Við erum að spá í að koma með plötu með vorinu,“ segir Brynjar Páll Björnsson, bassaleikari sveitarinnar. „Við erum bara í hálfgerðum dvala núna á meðan við semjum ný lög og tökum þau upp. Við tökum svo eitt og eitt gigg til að halda okkur við spilalega.“

Björn segir tónlist Múgsefjunar vera í sífelldri endurskoðun. „Næsta plata verður ekki eins poppuð og hin, þó nýja lagið gefi það kannski ekki í skyn. Við erum að færast meira inn á rokkbrautir og flækja okkur pínulítið meira en áður. Þetta er bara skemmtileg framþróun, held ég,“ segir hann.



**PLATA MEÐ VORINU** Múgsefjun á Airwaves í fyrra. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Íslensk list á alheimsvefnum

„Þetta er vefrit um íslenska list, allt frá tón- og myndlist til kvikmyndagerðar og arkitektúrs. Við höfum nú þegar gefið út þrjú blöð á heimasíðu okkar pdflistin.is, en þangað getur fólk sótt vefritin. Hvert rit er um þrjátíu til fjörutíu blaðsíður og hver listamaður fær í það minnsta eina opnu undir verk sín og stutta umfjöllun,“ segir Heimir Gústafsson, einn aðstandenda vefritsins PDFlistin. Ritið er gefið út mánaðarlega og fjallar um íslenska neðanjarðarlist auk þess sem stefnt er að því að halda listasýningar í kjölfar hverrar útgáfu.

„Ég held að þetta sé eina PDF-tímaritið sem gefið er út hér á enskri tungu. Þetta er góð auglýsing fyrir íslenska listamenn því það er hægt að nálgast vefritið um allan heim þannig það fær mjög víða dreifingu,“ segir Heimir, en hann og samstarfsfélagar hans stunda allir einhvers konar listnám og því er unnið að vefritinu í hjáverkum. „Við erum öll annað hvort í skóla eða vinnu og reynum að vinna að ritinu í frítíma okkar enn sem komið er.“



**LISTRÆNT VEFRIT** Heimir Gústafsson, Ásdís Gunnarsdóttir og Haraldur Ari Karlsson standa að útgáfu vefritsins PDFlistin sem fjallar um íslenska list. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Áhugasamir listamenn geta fengið umfjöllun í vefritinu með því að senda póst á pdflistin.mag@gmail.com.

- sm

# Eyðir millum í eigið öryggi

**Milljarðamæringurinn og harðjaxlinn 50 Cent lýsti nýlega yfir að hann eyddi rúmlega tveimur milljónum króna í öryggi sitt í hverri einustu viku.**

**„Heimili mitt er umkringt myndbandsupptökuvélum,“ sagði hann. „Ég þarf eftirlit. Ekki aðeins til að líta eftir mér, heldur einnig til að verja mig. Það er alltaf verið að kæra mig fyrir allan fjandann og ég þarf myndavélar til að fylgjast með hlutunum.“**

**50 Cent hefur lög að mæla, en hann hefur ósjaldan verið fyrir rétti síðustu ár. Þá hefur oft verið skotið á hann svo að yfirdrifin öryggisgæslan er skiljanleg.**



**MÚRAÐUR** 50 Cent er annt um öryggi sitt.



**TAKE THAT** Hljómsveitin Take That áður en Robbie Williams sagði skilið við hana.

# Robbie aftur í Take That

**Söngvarinn Robbie Williams hefur staðfest að hann ætli að starfa aftur með fyrrverandi félögum sínum í Take That. Robbie yfirgaf strákabandið árið 1995 og hóf eigin sólóferil sem hefur gengið vonum framar. Í spjallþætti Jonathan Ross á BBC sagðist Robbie vonast til að bralla eitthvað nýtt með Take That. „Við höfum hist og gert hitt og þetta. Ég get ekki sagt mikið meira,“ sagði söngvarinn. Þátturinn verður sýndur í heild sinni á morgun. Take That lagði upp laupana árið 1996 en kom aftur saman 2005 án Robbie Williams, við frábærar undirtektir.**




# Þægileg bakgrunnstónlist A+

„Ég kalla þetta grúvgrúppuna," segir plötusnúðurinn Atli Rúnar sem hefur stofnað hljómsveitina A+. „Þetta er mitt hugarfóstur. Það tekur oft á taugarnar að vera popp-Dj, að hjakkast í sömu partíblöðrunum allar helgar. Poppið hefur eiginlega aldrei verið minn vettvangur. Þessi tegund af tónlist er nær mínu hjarta, svona house, soul, fönk, grúv og diskó," segir Atli Rúnar.

Með honum í A+ eru þeir Steinar Sig, saxófónleikari, Jóhann Hjörleifsson, slagverksleikari og trommari Sálarinnar, og bassaleikarinn Davíð Sveins.

Atli vill ekki meina að ætlunin hafi verið að fylla upp í gat á markaðnum með stofnun hjómsveitarinnar, þó svo að giggin séu strax farin að rúlla inn. „Mig langaði bara til að gera eitthvað skemmtilegt. Ég hef mikla trú á þessu og ég hef mjög góða menn með mér."

Tónlistin sem A+ spilar er ætluð sem nokkurs konar bakgrunnstónlist og til að skapa þægilega stemningu án þess að söngur komi við sögu. „Þetta eru svona kokkteilboð og opnanir. Við tökum ekkert gargið frá miðnætti og fram eftir," útskýrir Atli.

A+ kemur fyrst fram opinberlega á Pósthúsinu í kvöld og spilar frá klukkan 22 til miðnættis. - fb



**ATLI RÚNAR** Plötusnúðurinn knái hefur stofnað hljómsveitina A+, sem spilar á Pósthúsinu í fyrsta sinn í kvöld. MYND/AUÐUNN

# Mel með bakþanka

Samband leikarans Mel Gibson við kærustu sína, hina rússnesku Oksönu, ku vera nokkuð stirt aðeins nokkrum dögum eftir að dóttir þeirra fæddist. „Mel áttaði sig á því að vegna Oksönu hefur hann lítið samband við börn sín. Auk þess er hún mjög upptekin af sjálfri sér, ferill hennar hefur forgang, ekki sambandið," sagði vinur leikarans um málið. Að sögn vinarins saknar Gibson fyrrverandi konu sinnar, Robyn, og sér mikið eftir því að hafa komið eins illa fram við hana og hann gerði.

Vinurinn segir jafnframt að Gibson hafi hætt við væntanlegt brúðkaup sitt og Oksönu og að tvísýnt sé hvort sambandið endist mikið lengur.



**MEÐ BAKÞANKA** Mel Gibson sér eftir fyrrverandi eiginkonu sinni og hefur hætt við brúðkaup sitt og nýju kærustunnar.



**SVARAR FYRIR SIG** Leikkonan Mischa Barton lenti í slagsmálum á öldurhúsi.

# Fékk drykk yfir sig

**Leikkonan unga Mischa Barton var orsök slagsmála sem brutust út á öldurhúsi nokkru í New York-borg. „Ég stóð við hliðina á náunga við barinn þegar Barton gekk framhjá okkur. Áður en ég veit af er náunginn búinn að hella úr glasi sínu yfir Barton, hún sneri sér við og spurði hvort það hefði verið hann sem hellti yfir hana. Náunginn sagðist hafa gert það eftir að hún steig á tána á honum," sagði sjónarvottur. Barton svaraði fyrir sig með því að skvetta úr sínum drykk framan í manninn og gekk svo á brott. Stuttu seinna kom vinur leikkonunnar til mannsins og bað hann um að eiga við sig orð fyrir utan barinn. „Þetta endaði með því að sá sem hvolfdi úr drykknum gekk haltrandi í burtu," sagði sjónarvotturinn.**

# DÁÐST AÐ MERKUM GÍTURUM

**Merkileg sýning á gíturum hófst í Tónlistarsafni Íslands, Hábraut 2 í Kópavogi, á þriðjudaginn. Margar kempur úr tónlistarbransanum lögðu leið sína í safnið til að berja fagrar fjalirnar augum.**

Á þessari þriðju sýningu Tónlistarsafnsins eru sýndir nokkrir helstu djass-, rokk- og blúsgítarar landsins sem og helstu tegundir magnara. Sögufræg hljóðfæri eru til sýnis, sem mörg hver voru notuð þegar þekktustu lög Íslandssögunnar voru spiluð inn á band. Þarna má líka sjá fyrsta íslenska rafmagnsgítarinn af tegundinni Strengir, sem Friðgeir Sigurbjörnsson smíðaði á Akureyri árið 1957. Á veggjum hangir fróðleikur um hljóðfærin og eigendasaga þeirra og skein áhuginn úr augum gesta þegar þeir skoðuðu gersemarnar. drgunni@frettabladid.is



**ÞRJÚ GÍTARSÉNÍ** Ólafur Gaukur bendir Birni Thoroddsen og Jóni Páli Bjarnasyni á eitthvað sniðugt. Kannski á forláta hvítan Les Paul Custom, sem hann notaði á Hótel Borg í kringum 1970 og er nú til sýnis í Kópavogi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM



Fermingargítar Rúnars Þórs af gerðinni Futurama.



Dóri Braga og Hreinn Valdimarsson ræða um svartan Fender Stratocaster.



Óttar Felix Hauksson og Gunnar Örn Sigurðsson við rafmagnsgítar sem sá síðarnefndi smíðaði.


HAFBERG
fiskbúð sælkerans
Opið mán - föst 11:30 - 14:30
Opnunartilboð
Súpa, fiskur og kaffi aðeins 990
gildir 5.nóv - 11.des.

Matseðill

| | |
|---|---|
| Fish and chips | 1330,- |
| Plokkfiskur með bernaissósu og rúgbrauði | 1190,- |
| Fiskborgari "HAFBERGS" með frönskum og salati | 1190,- |
| Fiskisúpa, troðfull af fiski, hvítlauksbrauð fylgir | 1390,- |
| Fiskibollur með lauksmjöri,remó og kartöflum | 1090,- |
| Rauðspretta á maltbrauði með rækjum,remólaði og lauk | 1390,- |
| Fiskigratin í karrýsósu | 1330,- |
| Reyktur og grafin lax | 1290,- |
| RÉTTUR DAGSINS, súpa,fiskur og kaffi | 1490,- |
| Súpa dagsins | 690,- |
| Súpa dagsins m/aðalrétti | 350,- |
| GOS | 250,- |
| KRISTALL, PILSNER, KAFFI | 280,- |

Gnoðarvogi 44 • S. 588 8686


Kvikmyndir ★★★★

**The Informant!**

Leikstjóri: Steven Soderbergh

**Aðalhlutverk:** Matt Damon

## Glórulaus uppljóstrari

Alríkislögreglan fær Mark Whitacre, rísandi stjörnu innan fyrirtækis sem framleiðir amínósýruna lýsín, til þess að aðstoða við að uppræta samráð innan lýsínsmarkaðarins. Þegar lögreglan fer að vinna nánar með Whitacre, kemst hún að því að hann er ekki allur þar sem hann er séður.

The Informant! er leikstýrt af Steven Soderbergh, sem hefur meðal annars gert Traffic og Ocean's-myndirnar. Soderbergh tekst ávallt að koma mér á óvart með fjölbreytilegum stíl sínum og er The Informant! engin undantekning þar á. Hér nálgast hann sannsögulegt viðfangsefni myndarinnar sem grátbroslegt gamandrama og tekst vel til. Handritið er áhugavert og ekki líður langt á milli bráðfyndinna samtala.

Matt Damon neglir hlutverk uppljóstrarans Whitacre með prýði. Þrátt fyrir að hann sé djúpt sokkinn í skrifstofupólitík, spillingu og tugi augljósra lögbrota getur maður ekki annað en fundið til með honum. Það skín í gegn að hann vill vel en er augljóslega með lausa skrúfu.

Nálgun Soderberghs á efninu og góður leikur Damons gerir Informant! að skemmtilegri og áhugaverðri kvikmynd. Ekki er annað hægt en að brosa yfir því að aðgerðir hins glórulausa Whitacres, í skjóli þess að bæta vinnustað sinn, hafi kostað hundruð fyrirtækja marga milljarða í sektir vegna verðsamráðs og breytt rekstri fyrirtækja um allan heim.

Vignir Jón Vignisson



**Niðurstaða:** Áhugaverð og fyndin mynd með góðum leikurum.

# CLARINS

## Clarins gjafakassarnir eru komnir í Hagkaup



### *Clarins lúxus-gjafataska*

Falleg snyrtitaska með vinsælustu vörunum frá Clarins. Beauty Flash Balm, einstakt fegrunarkrem sem eyðir öllum þreytu-merkjum samtundis og gerir húðina geislandi og mjúka. Hand and Nail Treatment, ómissandi handáburður sem mýkir hendur og styrkir neglur. Nýja fótakremið 30ml sem nærir - mýkir og endurnýjar. 15ml af Hydra Quench Cream 24 tíma rakakremi. 100 ml af Moisture Rich líkamskremi og 75 ml af Pure Melt hreinsigeli.

Verðgildi kr. 16.500.- **Verð kr. 8.899.-**



### *Clarins herra-gjafataska*

Allt fyrir herrann í einni tösku. Moisture Balm frábært rakakrem fyrir herra, létt og mjúkt sem fer strax inn í húðina svo hún verður mjúk viðkomu án þess að gera hörundið feitt. Hreinsisápa fyrir andlit sem hressir og hreinsar, ferðastærð af rakstursfroðu og sótthreinsandi vatni eftir rakstur.

Verðgildi kr. 12.000.- **Verð kr. 7.899.-**



### *Clarins maskara-gjafakassi*

Frábær gjafakassi með Wonder Volume maskara, sem þykkir og lengir augnhárin. Að gjöf fylgir 30 ml af augnfarðahreinsi og 3ml af Beauty Flash Eye Balm sem endurnærir, þéttir og lýsir augnsvæðið.

Verðgildi kr. 5.580.- **Verð kr. 3.999.-**



### *Clarins Rich Body Lotion-gjafakassi*

Frábær gjöf fyrir allar konur. Moisture Rich Body Lotion sem mýkir og nærir þurra húð. 30ml af Smoothing Body Scrub sem slípar og sléttir húðina og 30 ml af hinum vinsæla Hand and Nail Treatment, mýkjandi fyrir hendur og styrkjandi fyrir neglur.

Verðgildi kr. 7.000.- **Verð kr. 4.999.-**



### *Clarins HydraQuench-gjafakassi*

Eitt vinsælasta rakakremið frá Clarins HydraQuench í gjafaöskju. 24 tíma rakakrem sem nærir og veitir vörn gegn kulda. Að gjöf fylgir Serum sem á að nota undir rakakremið og gefur meiri raka og ljóma, einnig rakamaski sem er algjör rakabomba fyrir veturinn.

Verðgildi kr. 11.800.- **Verð kr. 6.899.-**



### *Clarins Multi Active-gjafakassi*

Gjöfin í ár fyrir nútímakonuna, sem vill halda í unglegt og geislandi útlit sem lengst með því að fyrirbyggja og vinna á fyrstu línum. Endurbætt Multi Active er áferðafallegt og undurmjúkt. Að gjöf fylgir með serum sem gefur ljóma og raka undir kremið einnig lúxus prufu Beauty Flash Balm fegrunarkrem undir farða sem einnig má nota sem maska.

Verðgildi kr.13.300.- **Verð kr. 8.699.-**

Kaupauki fylgir ef keyptar eru Clarins vörur fyrir kr. 4.900.- eða meira dagana 5.-11. nóvember.

50 ára HAGKAUP fyrir Íslendinga í 50 ár

# Of langt gengið

Ritgerð eftir leikkonuna Natalie Portman birtist nýverið í dagblaðinu Huffington Post. Í ritgerðinni fjallar hún um heimssýn grænmetisæta, en leikkonan er þekkt fyrir að neyta ekki kjöts. Portman þótti þó heldur harðorð í garð þeirra sem kjósa að borða kjöt þegar hún líkti því við nauðgun. „Það þarf skynsama hugsun til að geta talist manneskja og betri útskýringu en „Mér finnst þetta bragðgott og þess vegna borða ég kjöt“. Ég er andvíg skoðunum Michaels Pollan í bókinni The Omnivore‘s Dilemma, sem fjallar heldur um kurteisi en að standa með trú sinni og skoðunum. Væri þessi hugsunarháttur yfirfærður á annað dæmi mundi það hljóma fjarstæðukennt, til dæmis, Ég er andvíg nauðgun en ég ætla samt að fremja nauðgun til að geðjast gestgjöfum mínum.“ Þessi skrif leikkonunnar hafa farið fyrir brjóstið á mörgum og þykir mönnum hún hafa gengið of langt með samlíkingum sínum.



**GEKK OF LANGT** Leikkonan þótti ganga of langt með samlíkingum sínum.

# Ingó gefur út jólalag

„Lagið er algjörlega hefðbundið. Fyrsta hefðbundna lagið sem ég sem,“ segir Ingólfur Þórarinsson – betur þekktur sem Ingó Veðurguð.

Ingó sendir frá sér lagið Jólakrakkar fyrir jólin, en vefsíðan Monitor.is greindi frá þessu í vikunni. Hann segir allar jólaklisjurnar fá að njóta sín í laginu. „Allar jólaklisjurnar eru þarna í einum kór og allir hressir. Jólasnjór og ekkert vesen,“ segir Ingó, sem var staddur á Austfjörðum í miðri hringferð þegar Fréttablaðið náði á hann. „Það eru jólahljóðfæri, smá bjöllur og svo mætir jólasveinn og tekur bakraddir.“

Ingó segist vera jólabarn, en þrátt fyrir það var aldrei ætlunin að senda frá sér jólalag. „Ég ætlaði aldrei að gera jólalag. Svo bað Húsasmiðjan um stutt stef og ég sagði já og ákvað að klára lagið fyrst ég var mættur í stúdíóið,“ segir hann. „Nú er það tilbúið og það er alveg eins hægt að setja það í spilun fyrir jól.“

**- afb**



**JÓLABARN** Ingó sendir frá sér hefðbundið jólalag á næstunni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN








Tónlist ★★★

**Riceboy Sleeps**

Jónsi og Alex

## Afslappað og fallegt

Riceboy Sleeps er fyrsta plata Jónsa í Sigur Rós og kærasta hans Alex Somers. Þetta er hálfgerð ambient-tónlist þar sem áhersla er lögð á að skapa töfrandi andrúmsloft þar sem kórsöngur, fiðlur og píanó koma helst við sögu. Lögin svífa áfram og hljóma stundum eins og inngangur að þessum frægu, löngu Sigur Rósar-lögum án þess að fara nokkurn tímann á svakalegt flug, enda er ekkert þarna sem grípur mann heljartökum. Mest heyrist í Jónsa í hinu níu mínútna Indian Summer, sem er reyndar ansi fagurt. Platan er mínimalísk, vel gerð og falleg á köflum en ég efast um að Riceboy verði oft á fóninum í framtíðinni, nema þegar maður vill slaka vel á og leita á slóðir töfrandi draumaheima.

**Freyr Bjarnason**

**Niðurstaða:** Falleg og mínimalísk plata frá Jónsa og Alex.

# Kossaflens á almannafæri

**Tímaritið Star Magazine heldur því fram að Chris Martin, söngvari hljómsveitarinnar Coldplay, hafi haldið framhjá eiginkonu sinni með Kate Bosworth. Martin hefur verið giftur leikkonunni Gwyneth Paltrow frá árinu 2003 og eiga þau saman tvö börn.**

**Samkvæmt heimildarmönnum Star Magazine sást til Martins og Bosworth á U2-tónleikum í Las Vegas þar sem þau létu vel að hvort öðru og virtist engu máli skipta þótt fjöldi manns yrði vitni að kossaflensi þeirra. Talsmenn Bosworth og Martins hafa þvertekið fyrir að sögusagnirnar séu sannar, en Bosworth var nýlega sögð eiga í sambandi við sænska leikarann Alexander Skarsgård úr þáttunum True Blood.**



**FRAMHJÁHALD?** Chris Martin er sagður hafa kysst aðra konu en eiginkonu sína.

# Finnst strákar einfaldir

Leikkonan Kate Hudson er á forsíðu nýjasta heftis tímaritsins Elle UK. Í viðtali við blaðið segist Hudson líta á karlmenn sem drengi. „Þegar ég tala við stráka þá finnst mér sem þeir heyri bara sumt af því sem maður segir. Ef það væri lítil talblaðra yfir höfðinu á þeim gæti maður séð að þeir hugsuðu aðeins um íþróttir, kynlíf og mat,“ segir leikkonan sem sjálf á fimm ára gamlan son.

„Ég elska stráka, en ég held að þeir séu allir mjög einfaldir. Sumir vilja halda því fram að þeir séu flóknir persónuleikar, en í raun er ofur einfalt að átta sig á þeim.“ Hudson hefur átt í sambandi við hafnaboltaleikmanninn Alex Rodriguez síðustu mánuði, en hann átti einnig stutt ástarsamband með söngkonunni Madonnu fyrir ekki svo margt löngu.



**KANN Á KARLA** Kate Hudson segir karlmenn vera einfaldar sálir sem auðvelt sé að átta sig á.



**RIHANNA** Söngkonan ætlar að tala um árásina sem átti sér stað í febrúar.

# Tjáir sig loks um árásina

**Söngkonan Rihanna ætlar að tjá sig í fyrsta sinn um árás fyrrverandi kærasta síns, Chris Brown, á sig í febrúar. Diane Sawyer hjá sjónvarpsstöðinni ABC ætlar að ræða við söngkonuna og verður viðtalið sýnt í kvöld og á morgun. Í viðtalinu segir hin 21 árs Rihanna að Brown hafi verið fyrsta ástin sín og að fyrst þetta kom fyrir hana þá geti þetta komið fyrir hvern sem er. Einnig ræðir hún um uppvaxtarár sín á Barbados-eyjum, fjölskylduna sína og hvernig henni hefur liðið síðan árásin átti sér stað. Chris Brown var dæmdur í fimm ára skilorðsbundið fangelsi fyrir árásina og til sex mánaða samfélagsþjónustu.**

# Framleiðir kvikmynd

Katie Holmes mun bæði framleiða og leika í kvikmyndinni Romantics ásamt Önnu Paquin úr þáttunum True Blood. Upphaflega átti leikkonan Liv Tyler að fara með aðalhlutverkið í kvikmyndinni en eftir að hún hætti við var Holmes fengin í staðinn. Kvikmyndin fjallar um tvær háskólavinkonur sem hittast aftur síðar þegar önnur þeirra giftir sig. Tökur á myndinni fara fram í New York og hefjast í næstu viku.



**NÝTT HLUTVERK** Katie Holmes framleiðir og fer með aðalhlutverkið í nýrri kvikmynd.

# Missti vinnuna og opnaði líkamsræktarstöð

„Mér og samstarfskonu minni datt þetta í hug þegar við vorum að vinna saman því við höfðum báðar mikinn áhuga á líkamsrækt. Þegar kreppan skall á misstum við báðar vinnuna og í stað þess að sitja aðgerðarlausar heima ákváðum við að opna okkar eigin líkamsræktarstöð. Við opnuðum Studio Fitt saman í janúar en hin flutti út í sumar og nú er ég ein eftir ásamt tveimur þjálfurum,“ segir Elísabet Tanía Smáradóttir, viðskiptafræðingur og Fit Pilates kennari sem rekur líkamsræktarstöðina Studio Fitt við Seljaveg. Stöðin býður meðal annars upp á tíma í Fit Pilates, boot camp fyrir konur og jóga, svo fátt eitt sé nefnt.

Elísabet Tanía tók á leigu húsið á Seljavegi sem áður hýsti Sjúkraþjálfun Reykjavíkur og fékk aðstoð frá vinum og vandamönnum við endurbætur á húsnæðinu. „Við reyndum að gera þetta á eins ódýran máta og við mögulega gátum og fengum því aðstoð frá vinum og vandamönnum við að koma húsnæðinu í stand. Við þurftum að rífa niður nokkra veggi og byggja aðra, pússa gólfin og koma upp betri sturtuaðstöðu og í kjölfarið þykir manni enn vænna um staðinn.“ Hún kennir daglega í Studio Fitt en hefur fengið tvo aðra þjálfara til liðs við sig. „Ég kenni ekki morgun- eða kvöldtímana því ég á lítið barn sem þarf svolítið á mömmu sinni að halda.“

Aðspurð segist Elísabet Tanía hafa æft ýmsar íþróttir frá barnsaldri og segir hún íþróttaiðkun vera henni jafn nauðsynlega og súrefni. „Í gegnum árin hef ég lesið nánast allt sem viðkemur næringarfræði, líkamsrækt og heilsu. Þess utan hef ég tekið ýmis þjálfararéttindi, þannig að ég er án efa komin í draumastarfið,“ segir hún og hlær. - sm



**KOMIN Í DRAUMASTARFIÐ** Elísabet Tanía opnaði Studio Fitt eftir að hafa misst vinnuna í kjölfar kreppunnar. Hún segist nú vera komin í draumastarfið. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON






LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6, 8 og 10 | 16 |
| COUPLES RETREAT | kl. 8 og 10.15 | 12 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI: ELTIÐ APANN | kl. 6 - Ísl. tal | L |
| JÓHANNES | kl. 6, 8 og 10 | L |




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| THE INFORMANT | kl. 8 - 10:20 | VIP |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| GAMER | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| GAMER | kl. 6 | VIP |
| FAME | kl. 5:50 - 8 | L |
| ORPHAN | kl. 10:20 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8 SÍÐ SÝN | 12 |
| ALGJÖR SVEPPI | kl. 6 | L |
| FUNNY PEOPLE | kl. 10 SÍÐ SÝN | 12 |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| THE INFORMANT | kl. 8:10 - 10:30 | L |
| TOY STORY 1 M/ ísl. Tali | kl. 6:15(3D) | L |
| COUPLES RETREAT | kl. 8:10D - 10:30D | 12 |
| SKELLIBJALLA M/ ísl. Tali | kl. 6:15D | L |
| ORPHAN | kl. 10:30 | 16 |
| SURROGATES | kl. 8:30 SÍÐ SÝN | 12 |
| UPP M/ ísl. Tali | kl. 6:15 | L |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| COUPLES RETREAT | kl. 8 | 12 |
| ORPHAN | kl. 8 | 16 |

já -er svarið
NÚ GETUR ÞÚ FENGIÐ SÝNINGARTÍMA OG UPPLÝSINGAR UM MYNDIR Í BÍÓ HJÁ JÁ - 118

NÝTT Í BÍÓ!




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| THIS IS IT LÚXUS | kl. 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| FRIÐÞJÓFUR FORVITNI 2 | kl. 3.40 | L |
| JÓHANNES | kl. 4 - 6 - 8 - 10 | L |
| 9 | kl. 4 | 10 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.20 - 8 - 10.40 | 16 |

HÁSKÓLABÍÓ SÍMI 530 1919

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| ZOMBIELAND | kl. 10 | 16 |
| CAPITALISM | kl. 6 - 9 | 7 |
| JÓHANNES | kl. 6 - 8 | L |
| GUÐ BLESSI ÍSLAND SÍÐUSTU SÝNINGAR | kl. 5.45 | L |

facebook.com/smarabio AÐDÁENDUR GETA UNNIÐ BÍÓKORT ÚT ÁRIÐ, BOÐSMIÐA Á FORSÝNINGAR O.M.FL.

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | | |
|---|---|---|
| THIS IS IT | kl. 5.45 - 8 - 10.10 | L |
| JÓHANNES | kl. 8 - 10 | L |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 5.40 * | 16 |
| * Síðasta sýning | | |

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | | |
|---|---|---|
| PARANORMAL ACTIVITY | kl. 6 - 8 - 10 | 16 |
| WANTED AND DESIRED | kl. 5.45 | 12 |
| ZOMBIELAND | kl. 10.15 | 16 |
| BROKEN EMBRACES | kl. 6 - 9 | 12 |
| STÚLKAN SEM LÉK SÉR AÐ ELDINUM | kl. 6 - 9 | 16 |






**HRÓSAÐ** Einari Má er hrósað í hástert fyrir Hvítu bókina í dönskum fjölmiðlum. Politiken gefur henni fimm stjörnur. FRÉTTABLAÐIÐ/ARNÞÓR

# Reiður Einar Már í Danmörku

**Einar Már er kominn heim úr frægðarför um Danmörk þar sem danskir fjölmiðlar hafa tekið Hvítu bókinni hans opnum örmum.**

Danskir fjölmiðlar fara lofsamlegum orðum um Hvítu bók Einars Más Guðmundssonar sem kom út þar í landi fyrir skömmu. Bókin fjallar um íslenska efnahagshrunið. Dagblaðið Kristeligt Dagblad birtir flennistórt viðtal við íslenska rithöfundinn undir fyrirsögninni: „Einar er ikke bare skuffet – Einar er vred“, sem myndi útleggjast á hið ylhýra: „Einar er ekki bara vonsvikinn – Einar er reiður“. Í viðtalinu fer rithöfundurinn um víðan völl og segir meðal annars að fjöldi fólks hafi komið að máli við hann og sagt að hann gæti komið á prent hugsunum þeirra. „Ég varð þess vegna einhvers konar búktalari,“ segir Einar.

Reiði Einars er sögð skína í gegn á síðum bókarinnar en sjálfur vill rithöfundurinn ekkert kannast við þá tilfinningu í samtali við Fréttablaðið. „Ef þeim finnst ég vera reiður þá er það bara þeirra mat á því. Sjálfur upplifi ég þetta ekki svoleiðis, mér finnst þetta sett fram af mikilli yfirvegun þótt auðvitað séu miklar tilfinningar í spilunum.“ Einar fór í kjölfar útgáfu bókarinnar í nokkur viðtöl, var meðal annars myndaður fyrir framan verslunarmiðstöðina Magasin Du Nord af danskri sjónvarpsstöð af augljósum ástæðum. Hann hélt síðan í mikla upplestrarferð um Vestur-Jótland, heimsótti smábæi og þorp sem fæstir hafa heyrt um og upplifði þar á köflum minnkað ástand af íslenskum veruleika. „Mér var sagt að í sumum smábæjum þorðu bankamenn ekki út úr húsi. Þeir höfðu kannski ráðlagt fólki að leggja ævisparnað sinn í hlutabréfakaup sem síðar meir hrundu í verði.“

Gagnrýnendur danskra fjölmiðla eru allir á einu máli um gæði bókarinnar. Gagnrýnandi Politiken, Poul Pedersen, þykir Hvíta bókin alveg einstaklega vel skrifuð bók og gefur henni fimm stjörnur. Hann lætur þar ekki staðar numið heldur spyr sig hvar danskir rithöfundar séu. Því svo sannarlega ríki líka efnahagsleg krísa heima fyrir. „Eru danskir rithöfundar virkilega svona uppteknir af eigin list að þeir hafa gleymt samfélaginu sem þeir lifa í?“ spyr Pedersen og bætir við: „Hvar er eiginlega reiðin í Danmörku?“ **freyrgigja@frettabladid.is**

# Hjálmarnir í háloftunum

Tónlist ★★★★

**IV**

Hjálmar



Hjálmar hljóðrituðu þessa fjórðu breiðskífu sína að hluta til í hinum goðsagnakenndu Tuff Gong og Harry J. stúdíóum á Jamaíku, fæðingarstað reggítónlistarinnar, með aðstoð þarlendra mikilmenna. Áhrifin leyna sér ekki. Sveitin nær hér loks að samstilla alla nauðsynlega strengi og útkoman er ein allra besta plata ársins.

Strax í upphafslaginu, hinu ljúfsára Í draumi, er ljóst að bandið er í gríðarlegu formi. Á það ekki síst við um forsöngvarann, Þorstein Einarsson, sem fellur betur að undirspilinu en nokkru sinni fyrr með hófstilltri raddbeitingu, auk þess sem hann sýnir snilldartakta í gítarleik eins og oftast áður. Þá syngur Sigurður Guðmundsson orgelleikari tvö laganna með engu verri árangri, hið stórskemmtilega Það sýnir sig og Bob Marley-lagið Who the Cap Fit, sem umbreytist í Heyrist hverjum í ágætri snörun Braga Valdimars Skúlasonar (hörðustu áhugamenn hefðu líklega kosið að kafað hefði verið örlítið dýpra í reggí-kistuna í leit að heppilegu tökulagi, en verkefnið er leyst með prýði). Raunar grúva Hjálmarnir sem heild svo ruddalega vel á plötunni að ekki hefði komið að sök að gefa instrúmental-köflum meira vægi hér og þar.

Flestar lagasmíðarnar eru afbragðsgóðar og textarnir einfaldir og áhrifaríkir í senn. Hið kunnuglega Manstu hefur alla burði til að verða sígilt popplag, Hærra ég og þú er einn vingjarnlegasti kreppusöngur sem heyrst hefur og Lítill fugl er einfaldlega gullfallegt. Dansvæna stuðlagið Taktu þessa trommu brýtur upp stemninguna, á meðan Lýsi ljós þjónar sama tilgangi með dáleiðandi værð. Ska-grínn góði sem Hjálmar eiga til að detta í er fjarverandi, en hefði aukið enn á fjölbreytnina.

Flest er þó hér til fyrirmyndar. Reggíið er mun hreinræktaðra en áður hjá bandinu og hljóðblöndun eins og best verður á kosið með tónlist af þessu tagi. Umslagið (hannað af myndlistarmanninum Davíð Erni Halldórssyni) er með þeim flottari í seinni tíð og heimildarmynd um dvöl Hjálma á Jamaíku sem fylgir með í pakkanum er skemmtileg viðbót. Dúndurefni frá einni bestu hljómsveit landsins.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Alvöru reggí á bestu plötu Hjálma, sem er jafnframt ein besta plata ársins.




LAUGARÁS BÍÓ SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ SAMBÍÓIN BORGARBÍÓ
JÓHANNES
LADDI STEFÁN KARL HERDÍS ÞORVALDS STEFÁN HALLUR OG UNNUR BIRNA
26.000 MANNS
Besta myndin síðan Sódóma Reykjavík ★★★★3/4 - Atli Steinn, Bylgjan
Þetta er alvöru tær snilld ★★★★★ - A.K. - Útvarp Saga
...Sannkölluð "feelgood"-mynd, ekki veitir af ★★★1/2 - S.V. MBL

Hinn eini sanni

# RISA

## ÚTIVISTAR- SKÓ OG TÍSKU

# MARKAÐUR



er nú í B&L Húsinu Grjóthálsi

## Opnum í dag 5. nóv
## frá kl. 12 - 20

Útsöluvörur frá

STEINAR WAAGE
Kaupfélagið
skór.is
ecco
NIKE
adidas
PUMA
hummel
Reebok
BLEND
SKECHERS

### > Steinþór ekki til Haugasunds

Steinþór Freyr Gíslason er kominn aftur hingað til lands eftir að hann var til reynslu hjá norska félaginu FK Haugesund. Hann á ekki von á því að fá samning hjá félaginu. „Þeir eru fyrst og fremst að leita að hægri bakverði," sagði Steinþór, sem er miðvallarleikmaður. „Ég fékk þau skilaboð að ég væri góður í minni stöðu á miðjunni en að þeir ætluðu að skoða sig um áfram áður en ákvörðun væri tekin um framhaldið. Ég á því ekki von á að heyra í þeim aftur." Steinþór er nýbúinn að semja við Stjörnuna til tveggja ára. „Mér líður vel í Stjörnunni og ef ég fer ekki út held ég mínu striki þar."



sport
sport@frettabladid.is

**HEIMIR GUÐJÓNSSON:** SLÆMT AÐ MISSA DENNIS SIIM EN LEIKMANNAHÓPUR FH HEFUR SÝNT AÐ HANN ÞOLI ÝMISLEGT

# *Getum ekki verið að æsa okkur mikið í nóvember*

Íslandsmeistarar FH urðu fyrir miklu áfalli í gær þegar staðfest var að miðjumaðurinn fjölhæfi Dennis Siim væri hættur hjá félaginu. Siim yfirgefur félagið af fjölskylduástæðum en kærasta hans fékk góða vinnu í Danmörku og þangað fara þau ásamt dóttur sinni. Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, segir tíðindin vitanlega vera vonbrigði enda hefur Siim verið mikilvægur hlekkur í FH liðinu undanfarin ár.

„Þetta eru mikil vonbrigði enda er Siim einn besti erlendi leikmaður sem hefur spilað í íslensku deildinni og klárlega einn besti sendingamaður sem hefur verið hérna á Íslandi. Það er því óneitanlega slæmt að missa hann enda hefur hann verið lykilmaður hjá FH undanfarin ár. Maður skilur það samt auðvitað ef menn vilja breyta til vegna fjölskylduástæðna og við hljótum að leysa þetta," segir Heimir og kveðst vera sallarólegur yfir þessu öllu saman þrátt fyrir að tíðindin séu ekki góð.

Davíð Þór Viðarsson og Matthías Vilhjálmsson hafa báðir verið til skoðunar hjá liðum á Norðurlöndunum en þangað til eitthvað gerist í þeim málum er Heimir ekkert að stressa sig yfir því.



„Það er ekkert orðið ljóst í málum Matta og Davíðs ennþá en við tæklum það bara þegar þar að kemur. Við getum ekki farið að æsa okkur mikið hérna í Fimleikafélaginu í nóvember. Það er enn nægur tími til stefnu," segir Heimir, sem hefur þegar fengið Gunnleif Gunnleifsson og Gunnar Má Guðmundsson til félagsins. Heimir hefur aftur á móti verið óhræddur við að gefa yngri leikmönnum tækifæri og hann á ekki von á því að breyting verði þar á næsta sumar.

„Við erum með góðan leikmannahóp og það sýndi sig til að mynda síðasta sumar að þegar menn voru að detta í meiðsli voru alltaf nýir menn klárir í slaginn. Þó svo að það sé aldrei gott að missa menn í meiðsli voru jákvæðu punktarnir þeir að yngri leikmenn fengu tækifæri og stóðu sig vel. Þessir strákar eru reynslunni ríkari og sjá að þeir eiga möguleika á að spila ef þeir eru tilbúnir að leggja mikið á sig," segir Heimir.



**GUNNAR HEIÐAR** Telur ólíklegt að hann snúi aftur í ÍBV í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gunnar Heiðar Þorvaldsson:

## Vill vera í atvinnumennsku

**FÓTBOLTI** Eyjamenn ætla sér stóra hluti í Pepsi-deild karla næsta sumar og hafa viðurkennt að þeir hafi fylgst náið með gangi mála hjá Eyjapeyjanum Gunnari Heiðari Þorvaldssyni hjá Esbjerg. Gunnar hefur ekki átt sjö dagana sæla hjá danska félaginu og reynir nú að fá sig lausan þaðan til þess að leita á önnur mið en staðfesti í samtali við Eyjafréttir í gær að ólíklegt væri að hann myndi snúa aftur í ÍBV.

„Ég mun aldrei loka fyrir það að spila með ÍBV, en ég vil halda áfram í atvinnumennsku ef ég hef möguleika á því."

KR-ingar til Noregs:

## Brann vill skoða KR-inga

**FÓTBOLTI** KR-ingarnir Davíð Birgisson og Einar Bjarni Ómarsson munu í næstu viku halda til Noregs þar sem þeir munu æfa með norska úrvalsdeildarliðinu Brann í nokkra daga. Þetta staðfesti Rúnar Kristinsson, yfirmaður íþróttamála hjá KR, við Fréttablaðið.

„Við höfum átt í góðu samstarfi við íslensk félög og við viljum skoða hvernig leikmenn þetta eru," sagði Roald Bruun-Hanssen, kollegi Rúnars hjá Brann, við norska fjölmiðla. - esá

# Ég veit hvað ég er búinn að kaupa

**Logi Geirsson er einn þriggja íslenskra handboltamanna sem eru í þýskum fjölmiðlum sagðir hafa verið ginntir til að kaupa verðlausar fasteignir. Logi segist vita hvað hann hafi keypt og hefur ekki áhyggjur.**

**HANDBOLTI** Logi Geirsson, Einar Hólmgeirsson og Alexander Petersson voru í gær allir nafngreindir í þýska götublaðinu Bild og sagðir meðal þrjátíu leikmanna í þýsku úrvalsdeildinni í handbolta sem hefðu verið ginntir til að kaupa verðlausar fasteignir.

„Ég veit hvað ég er búinn að kaupa," segir Logi í samtali við Fréttablaðið um málið en hann segir málið blásið upp í þýskum fjölmiðlum, sér í lagi Bild.

Björn H. Scholz hjá fjárfestingarfyrirtækinu Benedict Capital hefur átt milligöngu um fjárfestingar allt að fimmtíu handboltakappa í þýsku úrvalsdeildinni. Það staðfestir Logi í samtali við Fréttablaðið en hann hefur verið í samstarfi við Scholz síðan 2006.

„Ég talaði við manninn í dag og hann þverneitaði að þetta væri í einhverjum ólestri. Hann sagði okkur að vera rólegir," segir Logi.

Málið kom fyrst upp í sumar þegar þýska úrvalsdeildarfélagið Flensburg lenti í fjárhagsvandræðum og bað leikmenn um að taka á sig launalækkun. Það gátu sumir leikmannanna ekki gert vegna skuldbindinga sinna.

„Þannig byrjaði þetta og fór að vinda upp á sig," segir Logi. „Svo hefur þetta verið blásið upp úr öllu valdi í fjölmiðlum þar sem ég og fleiri vorum nefndir til sögunnar. Mér finnst það furðulegt þar sem á þeim tíma sem ég hef verið í þessu hefur aldrei verið neitt vesen."

Hann segir að hann hafi séð þær íbúðir sem hann hafi keypt. Rekstur þeirra standi undir sér og ekkert óeðlilegt hafi komið fram.

„Svo er því haldið fram að við höfum bara keypt ryk," segir Logi. „Það sem er hins vegar að hluta til rétt er að það hefur verið skortur á því að okkur hafi borist öll gögn frá Scholz. En ég mun fá öll mín



**LOGI GEIRSSON** Hefur litlar áhyggjur af fréttaflutningi þýskra fjölmiðla um meint fasteignabrask. NORDIC PHOTOS/BONGARTS

gögn á morgun [í dag] og þá mun ég fara yfir þetta."

Hann hefur einnig gripið til annarra ráðstafana. „Ég er búinn að ráða menn í að yfirfara íbúðirnar og ganga úr skugga um að allt sé með felldu. Annars er lítið hægt að gera annað en að bíða og sjá hvað setur."

Þrátt fyrir þær fullyrðingar sem hafa birst í þýskum fjölmiðlum hefur Logi ekki áhyggjur af því að hann hafi verið ginntur.

„Ég vona í það minnsta að þessi peningur sem ég hef lagt í þetta sé ekki horfinn enda er um sparifé mitt til síðustu þriggja ára að ræða. En Scholz hefur átt í viðskiptum við fimmtíu leikmenn í deildinni sem allir eru með sína eigin lögfræðinga. Það væri einfaldlega fáránlegt ef hann væri búinn að plata þá alla," segir Logi.

„Ég skil svo ekki af hverju nafnið mitt er sérstaklega nefnt til sögunnar í Bild. Þar eru reyndar aðeins útlendingar nafngreindir," bætir hann við.

Fram kemur í þeim þýsku fjölmiðlum sem fjallað hafa um málið að leikmenn hafi í mörgum tilvikum fjármagnað kaup sín á fasteignum með lántöku til 20-30 ára. Verði niðurstaðan sú að um verðlitlar eða jafnvel verðlausar eða fasteignir sé um að ræða sé útlitið dökkt hjá viðeigandi einstaklingum.

eirikur@frettabladid.is

Útlit fyrir að KR þurfi að finna sér nýjan markvörð:

# Enn óvíst hvort Norðmaðurinn Andre Hansen kemur aftur

**FÓTBOLTI** Enn er óvíst hvort Andre Hansen kemur aftur til KR fyrir næsta tímabil. Hann var í láni hjá félaginu frá Lillestrøm á síðari hluta tímabilsins í sumar en er nú aftur haldinn til Noregs.

KR seldi Stefán Loga Magnússon til Lillestrøm nú í haust en hann var aðalmarkvörður síðarnefnda félagsins á síðara hluta tímabilsins.

„Það eru góðar líkur á því að þeir selji einn af sínum markvörðum og það kæmi því í hlut Andre að vera á bekknum fyrir Stefán Loga," segir Rúnar Kristinsson, yfirmaður íþróttamála hjá KR. Finninn Otto Fredrikson varði mark Lillestrøm þar til Stefán Logi kom í sumar en er líklega á förum frá félaginu. „Ég á von á því að vera í sambandi við þá hjá Lillestrøm á næstunni en þetta mun fyrst og fremst ráðast af því hvort þeir selji markvörðinn. Og það eru talsverðar líkur á því," sagði Rúnar.

Andre Hansen var valinn í lið ársins á lokahófi KSÍ þó svo að hann hefði aðeins spilað í átta leikjum með KR á tímabilinu.




**ANDRE HANSEN** Hér í leik með KR í undanúrslitum VISA-bikarkeppninnar í sumar. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Gunnleifur Gunnleifsson landsliðsmarkvörður var um tíma sterklega orðaður við KR en hann er nú genginn í raðir FH. - esá

Kristján Örn Sigurðsson að renna út á samningi:

# Eiga í viðræðum við nokkur félög

**FÓTBOLTI** Samningur Kristjáns Arnar Sigurðssonar við norska úrvalsdeildarfélagið Brann rennur út núna um áramótin en tímabilinu í deildinni lauk nú um helgina.

Umboðsmaður Kristjáns, Ólafur Garðarsson, sagði við norska fjölmiðla í gær að þeir ættu nú í viðræðum við fleiri félög og ekki væri útilokað að hann færi frá Brann. Hann vildi þó ekki segja hvort um norsk félög væri að ræða eða ekki.

Sjálfur vildi Kristján Örn lítið segja við Fréttablaðið en sagði þó að hann myndi ræða við forráðamenn Brann á næstunni. „Við höfum ekkert talað saman í sumar en munum gera það á næstu vikum. Annars get ég lítið sagt – ég vil halda öllum möguleikum opnum," sagði Kristján Örn.




**KRISTJÁN ÖRN** Hefur verið fastamaður í Brann sem og íslenska landsliðinu. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Hann hefur verið á mála hjá Brann síðan hann kom frá KR árið 2005. Hann á að baki 164 leiki með félaginu. - esá

## ÚRSLIT

### *Meistaradeild Evrópu:*

**E-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Lyon-Liverpool | 1-1 |

0-1 Ryan Babel (83.), 1-1 Lisandro (89.)

| | |
|---|---|
| Fiorentina-Debrecen | 5-2 |

1-0 Adrian Mutu (14), 1-1 Gergely Rudolf (38.), 2-1 Dario Dainelli (52.), 3-1 Riccardo Montolivo (59.), 4-1 Marco Marchionni (61.), 4-2 Adamo Coulibaly (70.), 5-2 Alberto Gilardino (74.)

**STAÐAN:** Lyon 10, Fiorentina 9, Liverpool 4, Debrecen 0.

**F-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Rubin Kazan-Barcelona | 0-0 |
| Dynamo Kiev-Inter | 1-2 |

1-0 Andriy Shevchenko (21.), 1-1 Diego Milito (86.), 1-2 Wesley Sneijder (89.).

**STAÐAN**: Inter 6, Barcelona 5, Rubin Kazan 5, Dynamo Kiev 4.

**G-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Sevilla-Stuttgart | 1-1 |

1-0 Jesus Navas (14.), 1-1 Zdravko Kuzmanovic (78.)

| | |
|---|---|
| Unirea Urziceni-Rangers | 1-1 |

0-1 Lee McCulloch (78.), 1-1 Marius Onofras (88.)

**STAÐAN:** Sevilla 10, Unirea 5, Stuttgart 3, Rangers 2.

**H-RIÐILL:**

| | |
|---|---|
| Arsenal-AZ Alkmaar | 4-1 |

1-0 Cesc Fabregas (25.), 2-0 Samir Nasri (43.), 3-0 Cesc Fabregas (52.), 4-0 Abou Diaby (72.), 4-1 Jeremain Lens (82.).

| | |
|---|---|
| Standard Liege-Olympiakos | 2-0 |

1-0 Mbokani Bezua (30.), 2-0 Milan Jovanovic (88.)

**STAÐAN:** Arsenal 10, Olympiakos 6, Standard Liege 4, AZ Alkmaar 2.

### *Enska úrvalsdeildin:*

| | |
|---|---|
| West Ham-Aston Villa | 2-1 |

1-0 Mark Noble, víti (45.), 1-1 Ashley Young (52.), 2-1 Zavon Hines (90.).

### *N1-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| HK-Stjarnan | 30-40 (13-22) |

### *IE-deild kvenna:*

| | |
|---|---|
| Haukar-Valur | 71-57 |

Stig Hauka: Heather Ezell 35, Ragna Brynjarsdóttir 10, Telma Björk Fjalarsdóttir 8, Heiðrún Hauksdóttir 5, Margrét Hálfdánardóttir 4, Kristín Reynisdóttir 4, Auður Ólafsdóttir 3,

Stig Vals: Sakera Young 14, Hrund Jóhannsdóttir 11, Berglind Ingvarsdóttir 8, Hanna Hálfdánardóttir 7, Þórunn Bjarnadóttir 6, Kristín Óladóttir 3,

| | |
|---|---|
| Grindavík-Hamar | 58-63 |

Stig Grindavíkur: Michele DeVault 15, Helga Hallgrímsdóttir 11, Petrúnella Skúladóttir 10, Jovana Stefánsdóttir 8, Íris Sverrisdóttir 6, Ingibjörg Jakobsdóttir 6, Berglind Magnúsdóttir 2.

stig Hamars: Koren Schram 19, Sigrún Ámundadóttir 14, Guðbjörg Sverrisdóttir 13, Hafrún Hálfdánardóttir 7, Íris Ásgeirsdóttir 5, Fanney Guðmundsdóttir 3, Sóley Guðgeirsdóttir 2.

| | |
|---|---|
| Njarðvík-Keflavík | 66-80 |

Stig Njarðvíkur: Shantrell Moss 22, Ína Einarsdóttir 12, Ólöf Helga Pálsdóttir 11, Helga Jónasdóttir 8, Harpa Hallgrímsdóttir 6, Sigurlaug Guðmundsdóttir 5, Heiða Valdimarsdóttir 2.

Stig Keflavíkur: Viola Beybeyah 26, Bryndís Guðmundsdóttir 20, Birna Valgarðsdóttir 13, Hrönn Þorgrímsdóttir 10, Marín Rós Karlsdóttir 6, Sigrún Albertsdóttir 3, Telma Ásgeirsdóttir 2.

# Lisandro nánast slökkti ljósin hjá Liverpool

**Líf Liverpool í Meistaradeildinni hangir á bláþræði eftir 1-1 jafntefli gegn Lyon. Örlög þeirra eru ekki lengur í þeirra höndum. Arsenal er nánast komið áfram í sextán liða úrslit og Inter stendur vel að vígi eftir ævintýralegan sigur í Kiev.**

**FÓTBOLTI** Lyon og Sevilla tryggðu sér farseðilinn í sextán liða úrslit Meistaradeildar Evrópu í gær og Arsenal er nánast búið að gera slíkt hið sama. Það verður ekki sagt um Liverpool sem gerði jafntefli gegn Lyon. Liverpool þarf núna að vinna sína leiki og treysta á að Fiorentina misstígi sig gegn Lyon.

Fernando Torres var í liðinu hjá Liverpool þó svo hann væri ekki heill heilsu en fjölda lykilmanna vantaði í lið gestanna, þar á meðal Steven Gerrard.

Fernando Torres fékk algjört dauðafæri á 12. mínútu þegar varnarmenn Lyon gleymdu honum. Sem betur fer fyrir heimamenn var skot Torres slakt og fór beint á markvörð Lyon, Lloris. Sá gerði mjög vel fjórum mínútum síðar þegar hann varði skot Dirk Kuyt yfir markið.

Andriy Voronin fékk kærkomið tækifæri í byrjunarliði Liverpool. Hann hefði getað stimplað sig inn á 28. mínútu þegar hann komst einn í gegnum vörn Lyon en hann lét verja frá sér. Gullið færi fór þar forgörðum og markalaust í leikhléi.



**SVEKKELSI** Fernando Torres lék nánast allan leikinn í gær þó svo hann væri ekki heill heilsu. Hann fékk úrvalsfæri í fyrri hálfleik í gær sem hann nýtti ekki. NORDICPHOTOS/AFP



**Í TOPPFORMI** Cesc Fabregas skoraði tvívegis fyrir Arsenal í gær þegar liðið tryggði sig inn í sextán liða úrslitin. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Liverpool kom ákveðið úr búningsklefanum og byrjaði að pressa heimamenn nokkuð fast. Illa gekk þó að opna vörnina hjá Lyon. Meiri kraft vantaði í sóknina hjá Liverpool.

Hasarinn jókst undir lokin og Liverpool slapp með skrekkinn tólf mínútum fyrir leikslok. Lisandro lék þá laglega á varnarmenn Liverpool, komst í úrvalsskotstöðu en skotið smeig fram hjá markinu.

Það reyndist heldur betur góð ákvörðun hjá Benitez að skipta Babel inn fyrir Voronin. Þegar sjö mínútur lifðu leiks fékk Babel boltann fyrir utan teiginn, hann ákvað að láta vaða og smellhitti boltann af slíkri snilld að hann söng uppi í markhorninu. Stórkostlegt mark.

Lyon gerði Liverpool skráveifu undir lok leiks liðanna á Anfield og endurtók leikinn í gær. Varnarmenn Liverpool voru í vandræðum með Lisandro og hann komst aftur í gegn mínútu fyrir leikslok og að þessu sinni fann hann leiðina í markið. Kjaftshögg fyrir Liverpool sem er í vondum málum.

henry@frettabladid.is



**KÁTUR** Mark Noble fagnar hér marki sínu úr vítaspyrnu. NORDICPHOTOS/AFP

Enska úrvalsdeildin:

## Hines tryggði þrjú stig

**FÓTBOLTI** Það var ekki bara spilað í Meistaradeildinni í gærkvöldi því einn leikur fór fram í enska boltanum. West Ham tók á móti Aston Villa en West Ham þurfti sárlega á sigri að halda.

Lítið markvert gerðist í fyrri hálfleik fyrr en West Ham fékk vítaspyrnu undir lok hálfleiksins. Ekki voru allir á eitt sáttir um réttmæti spyrnunnar. Mark Noble var ekki að velta slíku fyrir sér heldur setti boltann bara beint í markið.

Villa lagði ekki árar í bát og Ashley Young jafnaði leikinn um miðjan síðari hálfleik.

Það var svo mikil dramatík undir lokin þegar bæði lið freistuðu þess að landa sigri. West Ham tók aftur á móti öll stigin þegar Zavon Hines skoraði sigurmarkið og sá til þess að West Ham fékk gríðarlega mikilvæg stig.

Sigurinn lyfti West Ham úr fallsæti og alla leið í sextánda sæti deildarinnar. Aston Villa er aftur á móti í sjöunda sæti.

- hbg



**DEGEN** Trúði ekki eigin augum þegar hann fékk rautt um síðustu helgi. NORDICPHOTOS/GETTY IMAGES

Philipp Degen:

## Rauða spjaldið stendur óbreytt

**FÓTBOLTI** Aganefnd enska knattspyrnusambandsins komst að þeirri niðurstöðu í gær að rauða spjaldið sem Philipp Degen, leikmaður Liverpool, fékk í leik liðsins gegn Fulham um síðustu helgi skyldi standa. Liverpool áfrýjaði dómnum og vildi fá honum breytt í áminningu.

Degen mun nú missa af leikjum Liverpool gegn Birmingham, Manchester City og Everton.

Jamie Carragher fékk einnig beint rautt í leiknum og áfrýjaði félagið einnig þeim dómi. Beiðið er nú niðurstöðu þess máls.

Aganefndin leiðrétti einnig tvær áminningar sem voru gefnar röngum mönnum þar sem farið var mannavillt í báðum tilvikum. Rafael Da Silva, leikmaður Manchester United, fær nú gula spjaldið skráð á sig sem tvíburabróðir hans, Fabio, fékk í leik liðsins gegn Barnsley. Þá er gula spjaldið sem Stephen Warnock fékk í leik Aston Villa gegn Everton nú skráð á Stiliyan Petrov, félaga hans hjá Villa.

- esá





NIKE
AFSLÁTTARDAGAR
20% afsláttur
til mánudags
PART OF
JUST
DO IT
DON'T YOU
UNDER-
STAND?
NIKE
ÚTILÍF
HOLTAGÖRÐUM • GLÆSIBÆ • KRINGLUNNI • SMÁRALIND • SÍMI 545 1500

## > Joseph Fiennes

„Það tekur mörg ár að koma sér á framfæri sem leikari og þegar maður loksins kemst í stórt hlutverk þá láta allir eins og maður hafi orðið að stjörnu yfir nótt.“

***Fiennes fer með eitt aðalhlutverkanna í þættinum Framtíðarleiftur sem Sjónvarpið sýnir í kvöld kl. 22.25.***



# dagskrá

VIÐ TÆKIÐ FREYR BJARNASON HORFÐI Á TVO NÝJA SJÓNVARPSÞÆTTI

## Heillandi tímaflakk og leit að draumi

Bandaríska þáttaröðin Framtíðarleiftur, eða Flash Forward, hóf göngu sína í Sjónvarpinu í síðustu viku. Þessi fyrsti þáttur lofaði góðu fyrir framhaldið, enda alltaf gaman að góðum vísindaskáldskap þar sem tímaflakk kemur við sögu. Dularfullur atburður veldur því að fólk um allan heim dettur út í tvær mínútur og sautján sekúndur og sér um leið í svip hvernig líf þess verður eftir hálft ár. Forvitnilegt verður að fylgjast með þróun mála í næstu þáttum og vonandi endar þetta ekki í tómri þvælu sem engan endi virðist ætla að taka eins og gerðist með Lost.

Á Stöð 2 var sömuleiðis frumsýndur nýr þáttur, Glee. Eins og oft vill verða með bandarískt skemmtiefni snýst hann um að elta drauminn sinn og láta ekkert stöðva sig á leiðinni að markmiðinu. Þrátt fyrir að vera ágætlega gerður er þátturinn einum of fyrirsjáanlegur. Nánast öruggt er að söngleikjakennarinn mun skilja við konuna sína og byrja með rauðhærðu kennslukonunni, parið í söngleiknum á eftir að byrja saman og loks mun söngleikurinn bera sigur úr býtum í árlegri söngvakeppni. Að sama skapi eiga vondu fótboltastrákarnir pottþétt eftir að fá makleg málagjöld. Engu síður er vel hægt að horfa á Glee, enda vel leikin og hin sæmilegasta afþreying. Ekki ristir hún samt djúpt.



**FRAMTÍÐARLEIFTUR** Þessir nýju bandarísku þættir hófu göngu sína í síðustu viku. Annar þátturinn verður á dagskrá í kvöld.

## FIMMTUDAGUR



▶ **19.55 Everton – Benfica, beint** STÖÐ 2 SPORT



▶ **20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** SJÓNVARPIÐ



▶ **20.25 30 Rock** SKJÁREINN



▶ **21.25 Eleventh Hour** STÖÐ 2



▶ **22.15 Gossip Girl** STÖÐ 2 EXTRA

### SJÓNVARPIÐ

**14.20 Persónur og leikendur** (e)
**15.15 Viðtalið** (e)
**15.45 Kiljan** (e)
**16.35 Leiðarljós**
**17.15 Táknmálsfréttir**
**17.25 Flautan og litirnir** (5:8) (e)
**17.45 Skoppa og Skrítla út um hvippinn og hvappinn** (4:12) (e)
**18.00 Stundin okkar** (e)
**18.30 Hvaða Samantha?** (14:15) (e)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
▶**20.10 Eldað með Jóhönnu Vigdísi** Matreiðsluþáttaröð í umsjón Jóhönnu Vigdísar Hjaltadóttur.
**20.40 Bræður og systur** (Brothers and Sisters III) (60:63) Bandarísk þáttaröð. Aðalhlutverk: Dave Annable, Calista Flockhart, Balthazar Getty, Rachel Griffiths, Rob Lowe og Sally Field.
**21.25 Nýsköpun - Íslensk vísindi** (6:12) Þáttaröð um vísindi í umsjón Ara Trausta Guðmundssonar.
**22.00 Tíufréttir**
**22.15 Veðurfréttir**
**22.25 Framtíðarleiftur** (Flash Forward) (2:13) Bandarísk þáttaröð. Aðalhlutverk: Joseph Fiennes, John Cho, Jack Davenport, Courtney B. Vance og Sonya Walger.
**23.15 Himinblámi** (Himmelblå) (e)
**00.00 Kastljós** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

### STÖÐ 2 BÍÓ

**08.10 Flicka**
**10.00 Manchester United: The Movie**
**12.00 Coming to America**
**14.00 Flicka**
**16.00 Manchester United: The Movie**
**18.00 Coming to America**
**20.00 The Prestige** Dramatísk mynd með Christian Bale, Hugh Jackman, Michael Caine og Scarlett Johansson í aðalhlutverkum.
**22.10 Crank**
**00.00 No Way Out**
**02.00 Cake: A Wedding Story**
**04.00 Crank**
**06.00 Leatherheads**

### STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2** Svampur Sveinsson, Lalli, Elías og Ævintýri Juniper Lee.
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.20 Sjálfstætt fólk**
**11.00 Atvinnumennirnir okkar**
**11.45 Supernanny** (5:20)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 La Fea Más Bella** (61:300)
**13.45 La Fea Más Bella** (62:300)
**14.30 Eldsnöggt með Jóa Fel** (1:10)
**15.00 Ally McBeal** (5:23)
**15.45 Barnatími Stöðvar 2** Háheimar, Bratz, Ævintýri Juniper Lee og Elías.
**17.08 Bold and the Beautiful**
**17.33 Nágrannar**
**17.58 Friends**
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 The Simpsons** (8:22)
**19.45 Two and a Half Men** (15:24) Gamanmyndaflokkur um bræðurna Charlie og Alan Harper.
**20.10 Eldsnöggt með Jóa Fel** (6:10) Tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel.
**20.40 NCIS** (13:19) Spennuþáttaröð um sérsveit lögreglumanna sem starfa í Washington og rannsaka glæpi tengda hernum eða hermönnum á einn eða annan hátt.
▶**21.25 Eleventh Hour** (16:18) Eðlisfræðingurinn Jacob Hood aðstoðar FBI við rannsókn sakamála sem krefjast vísindalegrar úrlausnar eða þegar þau eru jafnvel talin vera af yfirnáttúrulegum toga.
**22.10 The Untouchables** Stórmynd í leikstjórn Brians De Palma. Al Capone græðir á tá og fingri á ólöglegri áfengissölu. Lögregluforinginn Eliot Ness og liðsmenn hans leita allra leiða til að koma honum á bak við lás og slá.
**00.05 Fangavaktin** (6:8)
**00.40 The 4400** (12:13)
**01.25 Beerfest**
**03.15 It's All Gone Pete Tong**
**04.45 NCIS** (13:19)
**05.30 Fréttir og Ísland í dag**

### SPORT besta sætið

**07.00 Meistaramörk** Allir leikir kvöldsins í Meistaradeild Evrópu skoðaðir.
**07.40 Meistaramörk**
**08.20 Meistaramörk**
**09.00 Meistaramörk**
**15.45 Meistaradeildin** Endursýndur leikur úr Meistaradeild Evrópu í knattspyrnu.
**17.25 Meistaramörk**
**18.05 Viking Classic** Sýnt frá hápunktunum á PGA mótaröðinni í golfi.
**19.00 Inside the PGA Tour 2009** Skyggnst á bak við tjöldin í PGA-mótaröðinni og árið skoðað í bak og fyrir.
**19.25 24/7 Pacquiao - Cotto** Hitað upp fyrir bardaga Pacquiao og Cotto en í þessum þáttum er fylgst með undirbúningi þeirra bardagann.
▶**19.55 Everton - Benfica** Bein útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.
**22.00 Bestu leikirnir: KR - ÍBV 29.08.99**
**22.30 World Series of Poker 2009** Allir bestu og snjöllustu pókerspilarar heims mættu til leiks.
**23.20 Poker After Dark**
**00.05 Everton - Benfica** Útsending frá leik í Evrópudeildinni í knattspyrnu.

### SPORT 2 enski boltinn

**07.00 West Ham - Aston Villa** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**17.20 Bolton - Chelsea** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.
**19.00 Goals of the season** Öll glæsilegustu mörk hverrar leiktíðar Úrvalsdeildarinnar frá upphafi til dagsins í dag.
**19.55 Premier League World** Flottur þáttur þar sem enska úrvalsdeildin er skoðuð frá ýmsum óvæntum og skemmtilegum hliðum.
**20.30 PL Classic Matches** Crystal Palace - Blackburn, 1992.
**21.00 PL Classic Matches** Liverpool - Newcastle, 1996.
**21.30 Coca Cola mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum í Coca-Cola deildinni. Öll flottustu mörkin og tilþrifin á einum stað.
**22.00 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.
**22.55 Sunderland - West Ham** Útsending frá leik í ensku úrvalsdeildinni.

### SKJÁREINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.10 Nýtt útlit** (5:10) (e)
**08.00 Dynasty** (e)
**08.50 Innlit/ Útlit** (2:10) (e)
**09.20 Pepsi MAX tónlist**
**12.00 Nýtt útlit** (5:10) (e)
**12.50 Innlit/ Útlit** (2:10) (e)
**13.20 Pepsi MAX tónlist**
**16.55 Yes Dear** (8:15) (e)
**17.20 Dynasty**
**18.10 Lífsaugað** (7:10) (e)
**18.50 Fréttir**
**19.05 King of Queens** (16:25) (e)
**19.30 Game Tíví** (8:14)
**20.00 The Office** (3:28) Holly heldur námskeið í vinnusiðferði fyrir skrifstofuliðið en allt fer úr böndunum þegar Michael fær starfsfólkið til að tala opinskátt um ósiðferðislega framkomu sína í vinnunni.
▶**20.25 30 Rock** (5:22) Grínistinn Steve Martin leikur gestahlutverk að þessu sinni. Jack og Liz fara í matarboð til sérviturs milljónamærings sem kolfellur fyrir Liz.
**20.55 House** (3:24) Að þessu sinni rannsaka House og samstarfsfólk hans veikindi listamálara sem málar undarlegar myndir. House fær líka einkaspæjara til að njósna um samstarfsfólkið.
**21.50 Fréttir** (e)
**22.05 CSI: Miami** (3:25) Dóttir sálfræðings er myrt og trúnaðarskjölum sálfræðingsins er stolið.
**22.55 The Jay Leno Show**
**23.45 Nurse Jackie** (3:12) (e)
**00.15 United States of Tara** (3:12) (e)
**00.50 Pepsi MAX tónlist**

### ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Yngvi Örn Kristinsson hagfræðingur og Ingvi Hrafn ræða vaxtaþróun á Íslandi.
**21.00 Í kallfæri** Jón Kristinn Snæhólm heldur áfram með sitt tveggja manna tal við Gunnar Dal.
**21.30 Birkir Jón** Þingmaður Framsóknarflokksins, Birkir Jón Jónsson, skoðar pólitískt landslag dagsins í dag.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

### OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.


Gakktu skrefinu lengra...
... með Paco Gil
Við vorum að fá nýja sendingu af Paco Gil skóm og stígvélum.
Æðisleg verð!

verð 34.100 kr.

verð 36.100 kr.

verð 36.100 kr.
sævar karl. reykjavík
bankastræti 7 101 reykjavík sími 551 3470
ANTON&BERGUR

## Í KVÖLD

**STÖÐ 2 KL. 20.10**

### Eldsnöggt með Jóa Fel



Í sjötta þætti tekur Jói Fel fyrir tvo af vinsælustu fiskréttum landsmanna, plokkfisk og fisk í raspi. Jói heimsækir Úlfar á Þremur frökkum og hann sýnir okkur hvernig hann býr til plokkfisk, en síðan fer Jói Fel heim og býr til sinn eigin ásamt góðum fisk í raspi. Einnig bakar Jói gómsætt braut með. Þetta er tíunda þáttaröðin með sjónvarpskokknum og bakarameistaranum Jóa Fel. Matreiðslan er þjóðlegri en áður, hollur, hagkvæmur og heimilislegur matur af hjartans lyst.

## ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ

**Game Tíví**

**Skjár einn kl. 19.30**

Í þætti kvöldsins keppa þeir félagar Sverrir Bergmann og Ólafur Þór í Fifa 10 og mun sá sem tapar þurfa að mæta í sjósund í kvenmannsfötum. Leikirnir Brutal Legend og Ratchet & Clank: Future a Crack in Time verða gagnrýndir og sýnd verða sýnishorn úr Bioshock 2, Just Cause 2, Assassin's Creed 2, Dragon Age Origins.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst
**06.50** Bæn
**07.03** Vítt og breitt
**07.30** Fréttayfirlit
**08.00** Morgunfréttir
**08.11** Morgunstund með KK
**08.30** Fréttayfirlit
**09.05** Okkar á milli
**09.45** Morgunleikfimi
**10.13** Litla flugan
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.00** Fréttayfirlit
**12.02** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.50** Dánarfregnir og auglýsingar
**13.00** Andrarímur
**14.03** Á tónsviðinu
**15.03** Útvarpssagan: Á eigin vegum
**15.25** Raddir barna
**16.00** Síðdegisfréttir
**16.10** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.16** Spegillinn
**18.53** Dánarfregnir
**19.00** Úr gullkistunni
**19.27** Sinfóníutónleikar
**22.12** Orð kvöldsins
**22.15** Útvarpsleikhúsið: Einfarar - Stúdentsafmælið
**22.34** Útvarpsleikhúsið: Árni og Karl
**23.25** Bláar nótur í bland
**00.07** Næturtónar

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| **FM 88,5** | XA-Radíó | **FM 96,3** | FM Suðurland | **FM 90,1** | Rás 2 |
| **FM 90,9** | Gullbylgjan | **FM 96,7** | Létt Bylgjan | **FM 102,2** | Útvarp Latibær |
| **FM 91,9** | Kaninn | **FM 97,7** | X-ið | **FM 102,9** | Lindin |
| **FM 93,5** | Rás 1 | **FM 98,9** | Bylgjan | **FM 105,5** | Útvarp Boðun |
| **FM 95,7** | FM957 | **FM 99,4** | Útvarp Saga | | |

## 2 EXTRA

**16.30 Doctors** (4:25)
**17.00 Doctors** (5:25)
**17.30 The O.C. 2** (19:24) Orange-sýsla í Kaliforníu virðist vera friðsæl paradís þar sem lífið leikur við bæjarbúa. Þegar við kynnumst þeim betur koma hins vegar leyndarmálin í ljós.
**18.15 Seinfeld** (13:24)
**18.45 Doctors** (4:25)
**19.15 Doctors** (5:25)
**19.45 The O.C. 2** (19:24)
**20.30 Seinfeld** (13:24)
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.50 You Are What You Eat** (8:18) Doktor Gillian McKeith er sérfræðingur á sviði mataræðis og aðstoðar fólk sem er komið í ógöngur.
▶**22.15 Gossip Girl** (5:22) Þriðja þáttaröðin um líf ungra og fordekraðra krakka sem búa á Manhattan í New York. Þótt dramatíkin sé ótæpileg þá snúast áhyggjur þessa unga fólks fyrst og síðast um hver baktali hvern, hver sé með hverjum og hvernig eigi að vera klæddur í næsta glæsipartí.
**23.00 Ástríður** (12:12) Ætlar Davíð í alvöru að láta verða af því að flytja til Danmerkur? Skilur hann ástina eftir eða munu þau á endanum ná saman?
**23.25 Grey's Anatomy** (2:23) Sjötta sería þessa vinsæla dramaþáttar sem gerist á skurðstofu Grace-spítalans í Seattle.
**00.10 True Blood** (7:12)
**00.55 Auddi og Sveppi**
**01.25 Sjáðu**
**01.55 Fréttir Stöðvar 2**
**02.55 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## BBC entertainment

**12.00** My Hero **12.30** Gavin And Stacey **13.00** Absolutely Fabulous **13.30** My Family **14.00** My Hero **14.30** Never Better **15.00** The Weakest Link **15.45** My Family **16.15** My Hero **16.45** How Do You Solve A Problem Like Maria? **17.45** EastEnders **18.15** The Weakest Link **19.00** After You've Gone **19.30** Extras **20.00** Never Better **20.30** The Catherine Tate Show **21.00** Dalziel and Pascoe **21.50** After You've Gone **22.20** Extras **22.50** The Catherine Tate Show **23.20** Absolutely Fabulous **23.50** EastEnders

## DR 1

**12.00** Aftenshowet med Vejret **12.40** Hammerslag **13.10** Landsbyhospitalet **14.00** DR Update - nyheder og vejr **14.10** Boogie Mix **14.50** S P eller K **15.00** Boogie Update **15.30** Lloyd i Rummet **15.55** Den lyserode panter **16.00** Tagkammerater **16.15** Pinky Dinky Doo **16.30** Fandango **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **18.00** Aftenshowet med Vejret **18.30** Rabatten **19.00** Forsvundne danskere **19.30** 6200 Aabenraa **20.00** TV Avisen **20.25** Jersild Live **20.50** SportNyt **21.00** En ny start **22.30** OBS **22.35** Forbrydelsen II **23.35** Seinfeld

## NRK 1

**12.00** NRK nyheter **12.05** Par i hjerter **12.55** Offentlige hemmeligheter **13.00** NRK nyheter **13.05** Naboer **13.30** Doktor Åsa **14.00** NRK nyheter **14.05** Jessica Fletcher **15.00** NRK nyheter **15.10** Dynastiet **16.00** NRK nyheter **16.10** Oddasat - nyheter på samisk **16.25** Tid for tegn **16.40** Mánáid-tv - Samisk barne-tv **16.55** Nyheter på tegnspråk **17.00** Men Kasper da! **17.05** Fritt fram **17.35** Suppeopera **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Schrödingers katt **18.55** Tilbake til 60-tallet **19.25** Redaksjon EN **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Forbrytelsen 2 **21.30** Den norske humor **22.00** Kveldsnytt **22.15** Urix **22.45** Livet i Fagervik **23.30** Skavlan

## SVT 1

**12.05** Andra Avenyn **13.15** Fråga doktorn **14.00** Krönika Melodifestivalen 2009 **15.00** Rapport **15.05** Gomorron Sverige **16.00** Hannah Montana **16.25** Robins **16.55** Sportnytt **17.00** Rapport med A-ekonomi **17.10** Regionala nyheter **17.15** Go'kväll **18.00** Kulturnyheterna **18.15** Regionala nyheter **18.30** Rapport med A-ekonomi **19.00** Niklas mat **19.30** Tre Kronor live. Karjala Cup **21.00** Debatt **21.45** Kulturnyheterna **22.00** Uppdrag Granskning **23.00** Skavlan




## MORGUNMATURINN



*„Ég fæ mér nú bara Cheerios og mjólk, en um helgar förum við oft í bakarí og kaupum rúnstykki og fáum okkur skyrbúst með. Eða spælum egg og beikon.“*

Kristín Hrefna Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins.

# Farðaði stórstjörnurnar í Forbrydelsen

Áslaug Dröfn Sigurðardóttir, hárgreiðslu- og förðunarfræðingur, sá um förðun á helstu stórstjörnum sakamálaþáttarins Forbrydelsen II (Glæpnum) sem nú slær öll áhorfsmet í dönsku sjónvarpi. Þetta er önnur þáttaröðin um lögreglukonuna Söruh Lund en fyrri þáttaröðin naut mikilla vinsælda hér á landi á sínum tíma. „Þetta vildi þannig til að maðurinn minn, Steffen Wiederman Larsen, er að vinna við þættina. Og þegar ein af þremur förðunarstelpunum forfallaðist vegna veikinda mundi einhver eftir því að Steffen væri giftur förðunarfræðingi,“ segir Áslaug, sem fékk því heldur óvænt atvinnutilboð á föstudegi í sumar þegar tökurnar fóru fram. „Mér var bara sagt að koma út á mánudegi og ekki getur maður sagt nei við svona tilboði.“

Meðal þeirra sem settust í stólinn hjá Áslaugu voru aðalleikarnir tveir, þau Sofie Gråbøl og Mikael Birkkjær. Auk þeirra voru þeir Nicolas Bro og Søren Pilmark meðal gesta hennar. Báðir tveir léku stór hlutverk í kvikmynd Dags Kára, Voksne mennesker. Áslaug var í förðunarteyminu í þremur þáttum og segir þetta hafa verið alveg ótrúlega skemmtilegt. „Ég var reyndar ekki orðin nógu sleip í dönskunni og ruglaði einu sinni saman orðunum terrorister og túristi með nokkuð skondnum afleiðingum.“

En ákveðin togstreita er nú komin upp á heimili þeirra hjóna því eiginmaðurinn veit hver morðinginn er. „Ég hef reynt að pína það upp úr honum en hann brosir bara og segir mér að fylgjast með. Ég hef samt mínar kenningar og þótt ég hóti honum öllu illu er hann þögull sem gröfin.“ - fgg



**Á MÁLA HJÁ FORBRYDELSEN** Hjónin Áslaug Dröfn og Steffen Wiederman komu bæði að gerð annarrar seríunnar um Söruh Lund í Forbrydelsen. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON



**LÁRÉTT** 2. lampi, **6.** óreiða, **8.** meiðsli, **9.** ránfugl, **11.** núna, **12.** nær öll, **14.** spergill, **16.** tvíhljóði, **17.** stefna, **18.** suss, **20.** rykkorn, **21.** faðmlag. **LÓÐRÉTT** 1. gryfja, **3.** kringum, **4.** tónverki, **5.** hyggja, **7.** ráðning, **10.** tangi, **13.** fyrirboði, **15.** flóki, **16.** í viðbót, **19.** gyltu.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** lukt, **6.** rú, **8.** mar, **9.** örn, **11.** nú, **12.** flest, **14.** aspas, **16.** au, **17.** átt, **18.** uss, **20.** ar, **21.** knús. **LÓÐRÉTT: 1.** gröf, **3.** um, **4.** kantata, **5.** trú, **7.** úrlausn, **10.** nes, **13.** spá, **15.** strý, **16.** auk, **19.** sú.

## VEISTU SVARIÐ

Svör við spurningum á síðu 8.

1. Árni Johnsen.
2. Langholtsskóla.
3. Gísli Örn Garðarsson.

Þú kemst fljótt að! ...en þú getur líka pantað tíma
Rakarastofan Klapparstíg
S: 551 3010

KRISTÍN GÍGJA SIGURÐARDÓTTIR: KYNLÍFSTILRAUN KANANS VIRKAÐI

# Kynlífið gerði kraftaverk

„Tilraunin gerði stórt kraftaverk – ég mæli eindregið með þessu,“ segir Kristín Gígja Sigurðardóttir.

Kristín Gígja og Eiríkur Birkir Ragnarsson, kærasti hennar, tóku þátt í kynlífstilraun útvarpsstöðvarinnar Kanans sem hófst fyrir tæpum mánuði. Tilraunin gekk út á að tvö pör stunduðu kynlíf einu sinni á dag í heilan mánuð og deildu svo reynslunni á nafnlausu bloggi á vefsíðu Kanans.

„Fyrst var þetta algjör kvöð. Þetta var eiginlega partur af prógramminu hjá mér þó að hann hafi verið spenntur allan tímann,“ segir Kristín. „Eftir fyrstu vikuna fórum við að sjá breytingu á því hvernig við tölum saman og hvernig líf okkar í kringum heimilið og krakkana breyttist til batnaðar. Ég fór að vera ánægð með þetta og byrjaði að sýna frumkvæði, sem gerðist mjög sjaldan áður.“

Kristín og Eiríkur lýstu tilrauninni oft á afar berorðan hátt á blogginu. Eiríkur var til dæmis mjög ánægður með baðferð þegar farið var að síga á seinni hluta tilraunarinnar: „Ég ætla að tala um miðnæturstundina okkar Kristínar, sem var í baðkarinu hérna heima. Gott spjall á undan, sem er einstakur forleikur, og svo var látið allt vaða. Þetta var nýtt, spennandi og framandi,“ sagði hann.

Tilrauninni lýkur á morgun, en Kristín býst þó ekki við að hún og Eiríkur hætti að stunda kynlíf daglega – enda misstu þau ekki úr dag meðan á tilrauninni stóð, þrátt fyrir að vera bæði mjög upptekin. „Ég var einu sinni sofandi þegar hann kom seint heim og hann vakti mig bara,“ segir hún og hlær. „Þetta er ekki kvöð, okkur finnst þetta skemmtilegt og það er alltaf eitthvað nýtt hjá okkur. Á tímapunkti hættum við að spá í að stunda kynlíf vegna þess að við vorum í tilraun. Núna er það orðið spennandi. Við erum farin að tala meira saman á kvöldin áður en tilraunin er framkvæmd og forleikurinn okkar er djúpt og skemmtilegt spjall. Það er svo margt sem spilar inn í. Tilraunin er búin að bjarga miklu í okkar sambandi.“

atlifannar@frettabladid.is



**VEL HEPPNUÐ TILRAUN** Kristín Gígja og Eiríkur Birkir stunduðu kynlíf á hverjum degi í mánuð og sambandið batnaði til muna. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

## FRÉTTIR AF FÓLKI



Greint var frá því á þessum stað að **Baltasar Kormákur** hygðist frumsýna kvikmynd sína Inhale á American Film Market sem hófst í gærkvöldi. Þetta ku ekki vera rétt. Baltasar fer nú reglulega frá Skagafirðinum og til Hollywood til að fínpússa myndina aðeins. Inhale verður því að öllum líkindum ekki sýnd fyrr en eftir áramót.



Meira af kvikmyndum. Nú er kominn frumsýningardagur á kvikmynd **Sigurjóns Sighvatssonar**, Brothers. Hún verður frumsýnd hinn 4. desember næstkomandi en aðalleikararnir eru þau Natalie Portman, Jake Gyllenhaal og Toby Maguire. Ljóst er að myndin á eftir að vekja mikla athygli enda er stríðið í Afganistan í forgrunni en það hefur komið aftur upp á yfirborðið eftir að allri orkunni var eytt í Írak. Aðalleikari myndarinnar, Toby Maguire, lýsti því síðan yfir í viðtali við Los Angeles Times að hann hefði fundið lífskraftinn aftur við það að leika í myndinni.

Fyrirtöku í skuldamáli viðburðafyrirtækisins Élan Production á hendur **Jóni Ásgeiri Jóhannessyni** og **Ingibjörgu Pálmadóttur** var frestað í gær. Öll skjöl voru þó komin til landsins og ekkert því til fyrirstöðu að taka málið fyrir. Þeir blaðamenn sem biðu fyrir utan sal 103 fóru því í fýluferð enda voru engar skýringar gefnar á því af hverju engin væri mættur.- fgg



LÖGFRÆÐIAÐSTOÐ ORATORS
- félag laganema við Háskóla Íslands
Endurgjaldslaus lögfræðiaðstoð fimmtudaga milli 19:30 – 22:00 í síma 551-1012.

Hringdu í síma
512 50 60
ef blaðið berst ekki




# Anna Mjöll með skilnaðarblús

Anna Mjöll Ólafsdóttir býr og starfar í Los Angeles. Hún heldur fyrstu stóru sólótónleikana sína í borginni í kvöld, á hinni gagnmerku djassbúllu The Baked Potato. „Eigandinn er búinn að biðja mig lengi um að koma einhverju saman og troða upp hjá sér og það passar vel að gera það núna þegar nýja sólóplatan mín er að koma út,“ segir Anna Mjöll.

Sólóplatan heitir Shadow of Your Smile og kemur út í lok nóvember. „Ég syng djassstandarda í nútímalegum útgáfum, enda er ég með svo hipp gaura með mér. Það er búið að auglýsa þessa tónleika mikið og Íslendingafélagið ætlar að minnsta kosti að fjölmenna. Það situr á fremsta bekk og heldur í höndina á mér.“

Anna blæs á það að vera orðin amerísk þrátt fyrir amerískan hreim. „Við vorum einmitt að tala um þetta í Íslendingafélaginu. Þótt maður hafi búið úti í 100 ár talar maður alltaf um að „fara heim“ þegar maður fer til Íslands. Þetta er rannsóknarefni. Ég kem oft heim til að hlaða batteríin. Ég kem um jólin og syng þá örugglega eitthvað.“

Anna Mjöll skildi við eiginmann sinn fyrir tveimur mánuðum. „Það er bara ein regla: Að fólk mæti með tissjú-box! Og ég ætla að nota þau öll sjálf,“ segir söngkonan, meira í gríni en alvöru. Og þó. „Það passar náttúrlega mjög vel að syngja þessa músík núna. Ég ætla að taka skilnaðarblúsinn út á áhorfendum.“

Anna einbeitir sér nú að sólóferlinum, en að auki fær hún verkefni. Hún samdi þrjú lög fyrir grínmyndina For Your Consideration – „Það er þó ekkert merkilegt. Merkilegast finnst mér að fá að syngja djass. Það er það sem stendur hjarta mínu næst.“ - drg

**TAKIÐ VASAKLÚTANA MEÐ!** Anna Mjöll Ólafsdóttir treður upp á Bökuðu kartöflunni í kvöld.



# GULA HÚSIÐ
FAXAFENI 8



**Dömubolir,** grátt, svart og hvítt XS - L



**Kjólar,** rautt og fjólublátt



**Prjónakragar,** grátt, svart



**Kjólar,** grátt og svart



**Síðar og stuttar, dömuhettupeysur,**
grátt og svart XS - L



**Prjónakjólar,** 4 litir,
svart, grátt, fjólublátt og túrkis



**Síðar skyrtur,** margir litir



**Síðar hettupeysur úr teygjuefni**
grátt og svart



**Velúr hettupeysur**
svart, túrkis, fjólublátt, grátt



**Dömuúlpur,** hlýjar og góðar XS - XXL



**Úrval af flottum kjólum**



**Herraúlpur,** Hlýjar og góðar



**Mikið úrval af fallegum herrapeysum**



**Jakkaföt, skyrta og bindi,** ST: 46 - 64



**Stakir jakkar,** margir litir



**Síðar rúllukragapeysur,** margir litir



**Hlýrabolir síðir og stuttir**
grátt, hvítt og svart



**Mikið úrval af leggings**




**OPIÐ 10-18 · SUNNUDAGA 12-17**

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VISIR.IS

**Ritstjórn:** 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **PRENTUN:** Ísafoldarprentsmiðja

9 771670 387005

Póst húsið

**DREIFING:** dreifing@posthusid.is
**EF BLAÐIÐ BERST EKKI:** 512 5060



Svansmerkt prentverk
UMHVERFISMERKI SVANURINN
GUÐJÓN Ó
VISTVÆN PRENTSMIÐJA
Sími 511 1234 • www.gudjono.is


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Halla komst áfram

Söng- og leikkonan **Halla Vilhjálmsdóttir** sendi lagið How í vefkeppni Melodifestivalen, sem er undankeppni Eurovision í Svíþjóð, eins og Fréttablaðið greindi frá á dögunum. Lagið er nú komið í tíu laga úrslit og næsta daga fellur eitt lag úr keppni á dag þangað til eitt stendur uppi sem sigurvegari. Sigurlagið verður svo á meðal laga í Melodifestivalen og sigurvegarinn í þeirri keppni fer í lokakeppni Eurovision. Árangur Höllu er frábær, en íslenskir fjölmiðlar virðast þó hafa misskilið vefkeppnina. Umræður á Rás 2 í gær og frétt á Pressan.is bentu til þess að Halla væri komin í tíu laga úrslit sem er ekki rétt.



### Vinsælir vinir

Vinalög, plata Jógvans Hansen og **Friðriks Ómars**, hefur slegið í gegn og er mest selda plata landsins um þessar mundir. Ekki er minni spenna fyrir plötunni meðal frænda okkar í Færeyjum, en þar er platan uppseld. Þrátt fyrir að þar búi aðeins um 50.000 manns hefur platan selst litlu minna en á okkar risavaxna 300.000 manna skeri – og er þá ekki miðað við höfðatölu.



### Málefnaleg endurvinnsla

Í skipulagsráði Reykjavíkurborgar hefur verið rætt um fjarveru fulltrúa og formanns Framsóknar. **Sigmundur Davíð Gunnlaugsson** hefur átt svo bágt með að mæta á fundi að hann hefur í raun fengið um 53 þúsund krónur í laun fyrir hvert sinn. Formaðurinn skýrir þetta með því að hann hafi í nógu að snúast í pólitíkinni. Árið 2008 sagði Sigmundur hins vegar að honum dytti ekki í hug að taka við sæti í skipulagsráði sem pólitískt skipaður fulltrúi, heldur ætti valið að vera faglegt. Árið 2009 hefur pólitíkin yfirhöndina.

- afb, kóþ

## Mest lesið VÍSIR.IS

1. Íslenskt flugfélag flýgur með flóttamenn til Íraks
2. Festi hendi í hakkavél
3. Dæmdur nauðgari laus vegna dráttar á upplýsingum
4. McDonalds vill ekki koma aftur
5. Sigmundur Davíð fékk 53 þúsund fyrir hvern fund


NÝTTU TÆKIFÆRIÐ!
LOKADAGAR
ÞVOTTADAGA




**AEG þvottavél**
1200 snúningar · Taumagn: 6 kg · Þvottahæfni: A
Orkuflokkur: A+ · Notendahandbók á íslensku
**ÍSLENSKT STJÓRNBORÐ**
Listaverð: 144.900,-
**TILBOÐSVERÐ: Kr. 109.900,-**
ORMSSON
SÍMI 530 2800

Jakkaföt
BOSS HUGO BOSS | SAND | strellson | CANALI | HUGO HUGO BOSS | PAL ZILERI | FINUCCI collezione | Van Gils
og kjólar
BOSS HUGO BOSS | SAND | HUGO HUGO BOSS
20%
afsláttur
af öllum jakkafötum og kjólum
í verslunum okkar

herra GARÐURINN
-klæðir þig vel
KRINGLAN - SMÁRALIND
568 9234 544 2410

B&S
KONUR
B&S | Kringlunni 553 4141

HUGO BOSS
KRINGLUNNI 533 4242